Hafnarfjörður

Grunnskólar Hafnarfjarðar

Starfsáætlun

Starfsáætlun

Hvaleyrarskóla



Skólaárið 2026 - 2027

Nóvember 2026

Starfsáætlun Hvaleyrarskóla.

Útgefin 2026.

Starfsáætlun er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla, bæði í heild sinni og ýmsir þættir sérstaklega eftir því sem við á.

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Kristinn Guðlaugsson skólastjóri Hvaleyrarskóla.

Útgefandi: Hvaleyrarskóli
Akurholti 1
220 Hafnarfjörður

netfang: hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is
veffang: http://www.hvaleyrarskoli.is

FORMÁLI

Starfsáætlun hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við lög um grunnskóla frá 2008 og ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, frá árinu 2011. Það form að starfsáætlun sem hér birtist er að auki samhæft fyrir Hafnarfjörð. Í því felst að starfsáætlun grunnskóla Hafnarfjarðar hefur sömu uppbyggingu í öllum grunnskólum hvað efnisyfirlit, form (umbrot) og snið (efnisþættir) varðar en inntakið sjálft er ákvörðun hvers skóla. Þó eru í starfsáætlun hvers skóla þættir sem eru sameiginlegir fyrir alla grunnskóla bæjarins út frá jafnræði sem gildir um grunnskólagöngu allra barna í bænum. Tilgangur þess er bæði að auka fagmennsku í útgáfu starfsáætlunar sem er til að styðja námið í skólanum, t.d. að sjá auðveldlega hvort það vanti efni í þær. Þrátt fyrir sameiginlegt form og efnisyfirlit er meginatriði starfsáætlunar að kynna skipulag og áætlanir sem styðja við nám og kennslu nemenda í samræmi við þá ábyrgð sem skólinn hefur samkvæmt opinberu reglugerðuverki. Starfsáætlun byggir samt á talsverðri hefð svo hver skóli hefur hingað til haft talsvert sjálfræði um uppbyggingu eigin starfsáætlunar. Með slíku sameiginlegu formi er þó ekki verið að skerða sjálfræði skóla að því leyti sem þeir hafa þar um samkvæmt lögum. Að því leyti getur inntak í starfsáætlun verið ólíkt að hluta innan sama sveitarfélags án þess að slíkt brjóti á jafnræði nemenda til náms.

Starfsáætluninni er skipt í fjóra meginhluta. I. hluti kynnir skipulag og stjórnkerfi skóla. II. hluti kynnir ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið sem foreldrum og nemendum er nauðsynlegt að vita. III. hluti kynnir stoðkerfi skólans með áherslu á sérhæfða þjónustu grunnskólanna, þ.e. skólaþjónustuna. IV. hluti greinir svo loks frá áætlunum í skólastarfinu. Utan starfsáætlunar eru þá ýmsir verkferlar sem vísað er í framhaldi áætlana og er þá að finna á heimasíðum/vefjum skólanna eftir atvikum.

Samhliða starfsáætlun er gefin út skólanámskrá skóla sem þarf að lesast samhliða starfsáætluninni til að hún skiljist til fullnustu og fái fullt samhengi. Munur skólanámskrár og starfsáætlunar er ákvarðaður í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (2011, bls. 64-65). Í Hafnarfirði var sú ákvörðun tekin að hafa uppbyggingu skólanámskrár og starfsáætlunar örlítið frábrugðið því sem kynnt er í aðalnámskrá í því að færa efnisþætti á milli plagganna sem var talið að hentaði betur að hafa saman. Í öllum tilvikum er þó aðalnámskrá grunnskóla sem setur viðmiðin um uppbyggingu skólanámskráa og starfsáætlana.

Þessi formáli starfsáætlunar er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla í Hafnarfirði sem starfræktir eru af bæjar-yfirvöldum.

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI 4
EFNISYFIRLIT 5
A. HLUTVERK STARFSÁÆTLUNAR 11
B. FRÆÐSLUMÁL – FRÆÐSLURÁÐ OG FRÆÐSLUÞJÓNUSTA 12
C. SKÓLASTEFNA SVEITARFÉLAGS 13
I. hluti: Stjórnun og skipulag skóla 14
1. Stefna skóla 14
2. Stjórnkerfi og skipurit Hvaleyrarskóla 16
Skólastjórnendur: 16
3. Skrifstofuhald og opnunartími 17
Heimasíða skólans 17
Skóladagatal 17
Mentor 17
Starfsmannastefna 17
4. Starfsáætlun nemenda (skóladagatal) og fastir liðir í skólastarfinu 19
Kynningarfundir fyrir foreldra - haustfundir 22
Foreldrasamráð 22
5. Skólabragur og skólareglur 23
5.1 Skólabragur og málaferill erfiðra nemendamála 23
5.2. Skólabragur og stefna gegn ofbeldi 24
5.3. Skólareglur og agabrot í SMT-skólafærni 27
SMT skólafærni 29
SMT aðferðin 29
Agaferill SMT 30
5.4. Skólasóknarreglur og brottrekstur 30
5.6. Frímínútur, hlé og ástundun náms 35
5.7. Bekkjarreglur og umsjónarmenn 36
5.8. Skráning agabrota og stjórnsýsla agamála 36
5.9. Forföll kennara og forfallakennsla 36
5.10. Opnun og lok skóla, skólaumgengni 37

5.11. Viðbrögð við vímuefnaneyslu og alvarlegum skólareglubrotum ... 37
5.12. Fjarvistir, leyfi og veikindi ... 38
6. Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélaginsins ... 39
6.1. Ábyrgð og skyldur starfsfólks ... 39
6.2. Ábyrgð og skyldur nemenda ... 39
6.3. Ábyrgð og skyldur foreldra nemenda ... 39
7. Skólaráð Hvaleyrarskóla ... 40
7.1. Kynning og starfsreglur ... 41
7.2. Verkefnaskrá (starfsáætlun) ... 41
8. Foreldrafélag Hvaleyrarskóla ... 42
8.1. Kynning, lög og starfsreglur ... 42
8.2. Verkefnaskrá (starfsáætlun) ... 46
8.3. Verkefni foreldrafélags (foreldrarölt, bekkjarstarf o.fl.) ... 46
9. Nemendafélag Hvaleyrarskóla ... 48
9.1. Kynning og starfsreglur ... 48
9.2. Verkefnaskrá (starfsáætlun) ... 49
9.3. Verkefni nemendafélags (félagslífið) ... 50
10. Upplýsingar um skólastarfið og tilkynningar: ... 50
10.1. Skólastarfskynningar (6 ára nemendur o.fl.) ... 51
10.2. Skólavefur ... 51
10.3. Fréttablað ... 51
10.4. Tölvupóst- og SMS-sendingar ... 51
10.5 Aðrar samskiptaleiðir (s.s. viðtöl við kennara o.fl.) ... 51
11. Samstarf við önnur skólastig, stofnanir og grenndarumhverfið ... 52
11.1. Leikskólasamstarf ... 52
11.2. Framhaldsskólasamstarf ... 53
11.3. Bæjarsamstarf (Byggðasafnið, Bókasafn Hafnarfj., TH o.fl.) ... 53
11.4. Grenndarsamstarf (m.a. íþrótta-, æskulýðs- og trúfélög) ... 53
12. Skólasérstaða ... 54
12.1. Skólahefðir (samvera, skólasöngur, föst verkefni eins og dagur ísl. tungu o.fl.) ... 54
12.2. Skólaþróun ... 56
12.3. Samstarfsverkefni ... 57

12.3.1. Innanbæjarsamstarf 58
13. Mat á skólastarfi 59
13.1. Kynning 59
13.2. Innra mat skóla 59
13.3. Ytra mat sveitarfélags 61
13.4. Ytra mat mennta- og barnamálaráðuneytis 61
14. Skyldunám, skólanámskráin og námsverkefnin (almennt) 63
14.1. Eigin verkfæri í námi og ábyrgð 63
14.2. Kennsluáætlanir, námsáætlanir og heimanám 63
14.3. Prófareglur og námsmat 63
14.4. Réttur til upplýsingaöflunar, m.a. skoðunar á prófum og námsmatsgögnum 64
14.5. Að flýta eða seinka skólagöngu 64
14.5.1 Verklagsreglur í grunnskólum Hafnarfjarðar 65
14.6. Undanþága frá skyldunámi 66
14.7. Valgreinafyrirkomulag og framhaldsskólaáfangar 67
14.8. Nám í sænsku og norsku í stað dönsku 67
II. hluti: Hagnýtar upplýsingar 68
20. Fatnaður (skólafatnaður, klæðnaður í skóla, óskilamunir o.fl.) 69
20.1. Fatnaður 69
20.2. Óskilamunir 69
20.3. Útivistartími 69
20.4. Svefn 69
21. Fastir þættir í skólastarfinu 70
22. Frístundastarfsemi 70
22.1. Félagsstarf á yngsta stigi: Frístundaheimili 70
22.1.2 Frístundaakstur 71
22.2. Félagsstarf á miðstigi og unglingastigi: Félagsmiðstöðvar 71
22.3. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva í Hafnarfirði 71
23. Innritun í skóla, móttaka nýrra nemenda, skólaúrsögn og brottrekstur 73
23.1 Innritun í grunnskóla 73
23.2 Móttaka nýrra nemenda 73
23.3 Skólaúrsögn 73

23.4. Brottrekstur úr skóla ... 73
24. Umhverfismál í skólastarfinu ... 75
24.1. Umhverfisvaktin ... 75
24.1.2. Hreinsun skólalóðarinnar ... 75
24.1.3. Flokkun ... 75
25. Ferðir í skólastarfi og kostnaður ... 76
25.1. Skólaakstur (skólaíþróttir) ... 76
25.2. Vettvangsferðir ... 76
25.3. Skólabúðir og nemendakostnaður ... 76
25.4. Skólaferðalög og nemendakostnaður ... 76
25.5. Valgreinar utan skóla og nemendakostnaður ... 76
26. Skólahúsnæði, öryggismál og skemmdir ... 77
26.1. Almennar umgengnisreglur ... 77
26.2. Reglur um íþróttahús og sundlaug ... 77
26.3. Öryggismál, skemmdir og ábyrgð ... 77
27. Skólasafn og útlán náms- og kennslugagna ... 77
28. Skólamáltíðir, nesti og matarmenning í skóla ... 78
29. Kvartanir til skólayfirvalda og kærur ... 78
30. Trúarbragðafrelsi og trúmál í skólastarfinu ... 80
31. Tryggingar í skólastarfi ... 81
32. Tölvu- og samskiptatækni í skóla ... 82
32.1. Reglur um tölvunotkun í skóla ... 83
32.2. Reglur um snjalltækja-/farsímanotkun í skóla ... 83
33. Umferðamál í og frá skóla (ganga, hjól og önnur farartæki) ... 84
33.1. Göngu- og hjólaleiðir barna í skólann ... 84
33.2. Akstur með aðföng og önnur umferð á skólalóðinni ... 84
33.3. Göngustígar og gangstéttar ... 84
33.4. Hjól og línuskautar ... 84
34. Útleiga (skápar, aðstaða, tæki og ábyrgð o.fl.) ... 85
35. Öryggismál í skóla, skólalóð og fasteignaumsjón ... 86
III. hluti: Stoðþjónusta ... 87
60. Hlutverk skólaþjónustu sveitarfélags fyrir grunnskólanemendur ... 88
60.1. Verkefni skólaþjónustunnar ... 88

60.2. Fagþjónustan innan skólaþjónustunnar ... 89
60.2.2. Náms- og starfsráðgjöf ... 91
60.2.3. Málefni innflytjenda og túlkaþjónusta ... 93
60.2.4. Skólabragur, hegðunarvandi, SMT-skólafærni og PMTO-foreldrafærni ... 94
60.2.5. Sálfræðiþjónusta ... 95
60.2.6. Sérkennsla og sérúrræði ... 96
60.2.7. Talmeinaþjónusta ... 102
60.2.8. Bjarg – deild fyrir nemendur er óskað hafa alþjóðlegrar verndar ... 103
60.3. Forvarnir ... 104
60.3.1. Starfsviðmið skólaþjónustu um forvarnir ... 105
60.3.2. Forvarnir sem fyrirbygging, viðbrögð, úrlausn og mat ... 106
60.3.3. Forvarnaverkefni grunnskólanna ... 106
60.3.4. Samstarf heimilis og skóla um forvarnir og forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar ... 108
61. Félagsþjónusta ... 112
61.1. Barnavernd sveitarfélags – félagsþjónusta ... 112
61.2. Barna- og fjölskyldustofa og sérstök barnaverndarúrræði ríkisvalds ... 113
62. Heilbrigðisþjónusta ... 115
62.1. Skólaheilsugæsla ... 115
62.1.1. Hlutverk og verkefni skólaheilsugæslu ... 116
62.1.2. Skipulag og þjónusta heilsugæslunnar við nemendur ... 116
62.2. Önnur heilbrigðisþjónusta við grunnskólanemendur ... 117
IV. hluti: Áætlanir ... 118
80. Forvarnaáætlun ... 120
81. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun ... 125
82. Náms- og kennsluáætlanir ... 127
82.1 Áherslur Hvaleyrarskóla í gerð kennsluáætlana 2026–2027 ... 127
83. Mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun ... 129
1. Umbótaverkefni sem tengjast námi og kennslu ... 151
2. Umbótaverkefni sem tengjast starfsfólki og teymisvinnu ... 155
3. Umbótaverkefni sem tengjast líðan, heilsu og réttindum barna ... 156
4. Umbótaverkefni sem tengjast stjórnun, skipulagi og innra mati ... 158
3c. Verkefni styrkt af Menntasjóði Hafnarfjarðar 2026–2027 ... 159

3d. Framkvæmdaáætlun 2026–2027 160
3e. Áherslur um umbætur til þriggja ára 162
Viðauki 164
84. Móttökuáætlun 165
86. Tilfærsluáætlun 178
Lokaorð 180

A. HLUTVERK STARFSÁÆTLUNAR

Starfsáætlun fyrir grunnskóla er skylda að gefin sé út árlega af hverjum grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 63-65). Starfsáætlun er því samheiti fyrir almenna upplýsingagjöf til foreldra um skólastarfið sem innifelur í sér margvíslega upplýsingagjöf um skólastarfið, s.s. allar aðrar áætlanir sem gert er ráð fyrir að skólar hafi en sjálfa skólanámskrána (sem er þá áætlunin um námið).

Hlutverk starfsáætlunar er að veita upplýsingar sem styðja við að það nám og kennsla sem stefnt er að í skóla geti átt sér stað. Hlutverk starfsáætlunar er því að miðla hagnýtum upplýsingum um framkvæmd skólastarfsins á hverjum tíma, sérstaklega til foreldra nemenda. Efnisþætti starfsáætlunar er í flestum tilvikum einnig að finna á vef skólans þótt þar séu upplýsingar uppfærðar jafnóðum/oftar en þessi starfsáætlun sem er uppfærð árlega.

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal starfsáætlun hvers skóla fara árlega í staðfestingarferli í skólanefnd hvers sveitarfélags sem fer með málefni grunnskóla, í Hafnarfirði fræðsluráði bæjarins. Áður en það ferli gerist skal starfsáætlun vera til umfjöllunar í skólaráði skólans og skila staðfestingu á umfjöllun sinni áður en til staðfestingar fræðsluráðs kemur. Jafnframt er starfsáætlunin hluti innra og ytra mats á skólastarfi í samræmi við lög.

Það meginsjónarmið er í gangi að starfsáætlun hvers skóla gefi fullnægjandi yfirsýn yfir skipulag og starfshætti í skólastarfi sem eru viðhöfð í kringum námsferlið þar sem skólanámskráin kynnir sjálft námsinntakið.

B. FRÆÐSLUMÁL – FRÆÐSLURÁÐ OG FRÆÐSLUÞJÓNUSTA

Sveitarfélög fara með málefni grunnskóla samkvæmt lögum. Hvert sveitarfélag hefur þar sérstaka samþykkt fyrir sveitarfélagið sem skýrir þá frekar hvernig skipulag bæjarins heldur utan um málefni þess eins og skólamál. Samþykkt fyrir stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar (nú frá árinu 2013) tilgreinir fræðsluráð sem skólanefnd sveitarfélagsins yfir grunnskólunum (greinar 59-64). Þar er sérstaklega nefnt að kærur sem tengjast skólastarfi einstakra skóla, í samræmi við lög um grunnskóla frá 2008, skuli beina til fræðsluráðs áður en þeim sé vísað til ráðherra líkt og lögin gera einnig ráð fyrir.

Samkvæmt grunnskólalögum er það eitt verkefna sveitarfélags að tryggja að öll börn í sveitarfélagi (byggir á lögheimilisskráningu) skuli njóta grunnskólagöngu frá 6-16 ára aldri og skapa viðeigandi aðstöðu til skólahaldsins eins og það snýr að húsnæði, búnaði og annarri aðstöðu í gegnum fjármuni til reksturs grunnskóla.

Samkvæmt skipuriti fyrir stjórnkerfi Hafnarfjarðarbæjar er mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar stjórnsýsluhluti fræðslumála bæjarins sem undir fræðsluráð heyra. Sviðsstjóri fyrir fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar er Fanney Dóróthe, fræðslustjóri. Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar nær því yfir alla starfsemi sem tengist skólamálum sveitarfélagsins sem skiptir í ýmsar stofnanir, þar með talda grunnskólana. Utan um starfsemi mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar heldur skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar sem annast yfirumsýslu fræðslumála sveitarfélagsins. Á vef bæjarins er síðan að finna almennar upplýsingar um grunnskóla bæjarins og þjónustu við þá óháð einstaka skólum.

Á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er haldið fer fram umsýsla rekstrar- og fagmála fyrir grunnskólana saman. Hún er þannig næsti tengiliður foreldra í stjórnsýslunni þegar grunnskólunum sjálfum sleppir. Jafnframt heldur Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar utan um ýmis verkefni/viðburði sem snúa að grunnskólunum sameiginlega og stýrir þar samvinnu allra grunnskóla bæjarins eftir því sem við á hverju sinni. Sömuleiðis annast Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar ýmsa útgáfu fyrir grunnskólastarfið og má finna nánar um á vef bæjarins. Þá fer stjórnun á skipulagi fyrir sérfræðiþjónustu við grunnskólana fram undir stjórn Skólaskrifstofunnar.

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar

Linnetsstíg 3

220 Hafnarfjörður

Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is

Opnunartími er frá kl. 8-16 alla virka daga.

C. SKÓLASTEFNA SVEITARFÉLAGS

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 63 og víðar) skal hvert sveitarfélag gefa út skólastefnu og vísar í lög um grunnskóla frá 2008 (t.d. 37. grein). Skólastefna er eins konar yfirlýsing sveitarfélags um megináherslur í skólastarfi sveitarfélags og skal hún taka mið af aðstæðum á hverjum stað. Gert er ráð fyrir að hún sé unnin í sem mestu samráði við hagsmunaaðila sem að skólastarfinu koma. Enn fremur er þó gert ráð fyrir að þrátt fyrir skólastefnu sveitarfélags að hver skóli hafi svigrúm til að þróa skólastarfið á eigin forsendum og hafi sjálfstæðan ákvörðunarrétt þar á grunni regluverksins og þjónustusamninga eftir atvikum. Skólastefnur sveitarfélaga skulu endurskoðaðar eftir þörfum.

Skólastefna Hafnarfjarðar kom fyrst út árið 2005 og kom út í endurskoðaðri áætlun árið 2009.

Undirbúningur við mótun menntastefnu Hafnarfjarðar hófst síðan í janúar 2019. Stefnan var unnin í víðtæku samráði á tímabilinu 2019-2024. Leiðarljós menntastefnu eru í grunninn fjögur. Það eru sköpun, fjölbreytileiki, vellíðan og samvinna og búið er að marka áherslur fyrir hvert og eitt leiðarljós sem eiga beina skírskotun í bæði Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Menntastefnuna má nálgast á vef bæjarins.

I. hluti: Stjórnun og skipulag skóla

1. Stefna skóla

Einkunnarorð Hvaleyrarskóla eru kurteisi, ábyrgð og samvinna. Einkunnarorðin vísa okkur veginn í daglegum samskiptum. Hlutverk grunnskólans er skilgreint í lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í 2. gr. segir: „Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.“ Í Hvaleyrarskóla er lögð áhersla á að undirbúa nemendur undir framtíðina á lýðræðislegan hátt. Við viljum gefa þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni. Við viljum líka að þeir tileinki sér vinnubrögð sem styðja við áframhaldandi menntun og þroska, svo að þeir geti nýtt þau tækifæri sem lífið býður.

Hlutverk Hvaleyrarskóla er að veita grunnskólabörnum í hverfinu kennslu við hæfi hvers og eins og búa þau undir framtíðina. Skólinn leggur jafnframt áherslu á þroskavænlegt umhverfi þar sem ríkir áhugi og metnaður meðal starfsfólks og nemenda.

Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu, að sýna frumkvæði og beita gagnrýnni hugsun. Teymiskennsla er hluti af skólastarfinu og henni fylgja fjölbreyttir kennsluhættir. Upplýsinga- og tæknimennt er nýtt markvisst sem verkfæri í námi. Skólinn leitast við að nýta nýja tækni í kennslu á hverjum tíma. Markmiðið er að efla námsvitund, víðsýni og sjálfstæði nemenda.

Frá upphafi hefur Hvaleyrarskóli lagt ríka áherslu á markvissa málörvun. Nemendum er kennd framkoma og framsögn, hvort sem er í ræðupúlti eða í heimakrók. Jafnframt er lögð áhersla á að þeir læri að hlusta á aðra. Málörvunin fléttast inn í önnur námssvið og styður við tjáningu og miðlun, sem er einn af lykilhæfniþáttum aðalnámskrár.

Mikill metnaður er lagður í list- og verkgreinar sem kenndar eru í smiðjum og sérstök áhersla er á sviðslistir. Nemendur koma reglulega saman á sal. Þar fá þeir tækifæri til að koma fram, syngja, leika á hljóðfæri og dansa. Þeir æfa framsögn og taka þátt í Litlu og Stóru upplestrarkeppninni. Einnig sýna þeir skemmtiatriði fyrir samnemendur og foreldra.

Í skólanum er lögð áhersla á vellíðan, gleði og leik. Einnig er lögð áhersla á tengsl við náttúru, menningu og atvinnulíf í nærumhverfi skólans. Forsenda góðs árangurs er að nemendum líði vel og að samstarf heimila og skóla sé farsælt þar sem sömu gildi og væntingar ríkja á báðum stöðum.

Meginmarkmið

- Að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavekjandi nám fyrir alla nemendur þar sem áhersla er lögð á öflun þekkingar, skilning og færni.
- Að veita eins góða þjónustu og kostur er og forgangsraða í þágu nemenda.
- Að stefna ávallt að hámarks árangri og hafa fagmennsku í fyrirrúmi.
- Að stuðla að jákvæðri samvinnu og góðu upplýsingastreymi.
- Að stuðla að sífelldri þróun og umbótum í skólastarfi.

Skólamerki

Skólamerkið sýnir þrjár hendur, kennara, barna og foreldra (KBF) sem mynda þétt handtak til merkis um öflugt, traust og jákvætt samstarf heimilis og skóla.

Árið 2006 skrifuðu stjórnendur Hvaleyrarskóla undir árangursstjórnunarsamning við stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar. Í framhaldi af því var stofnaður stýrihópur um þessa vinnu í skólanum. Stefnukort skólans og mælikvarðar litu dagsins ljós og hafa verið endurskoðaðir reglulega síðan. Hér fyrir neðan er stefnukort Hvaleyrarskóla.



2. Stjórnkerfi og skipurit Hvaleyrarskóla



Skólastjóri er æðsti stjórnandi skólans og faglegur leiðtogi.

Skólastjórnendur:

- Skólastjóri: Kristinn Guðlaugsson
- Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri elstu deildar: Vala Stefánsdóttir
- Deildarstjóri yngri- og miðdeildar: Steinar Ó. Stephensen
- Deildarstjóri stoðþjónustu: Berglind Ósk Kristjánsdóttir
- UT kennsluráðgjafi: Þórunn Á. Harðardóttir
- Deildarstjóri tómstundamiðstöðvar: Margrét Heiða Magnúsdóttir
- Aðstoðardeildarstjóri tómstundamiðstöðvar: Svandís Roshni Guðmundsdóttir
- Deildarstjóri Bjargs (nemendur sem óskað hafa alþjóðlegrar verndar): Friðþjófur Karlsson

3. Skrifstofuhald og opnunartími

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:45 á morgnana til kl. 15:00 síðdegis. Á föstudögum lokar skrifstofan kl. 14:00. Skrifstofustjóri skólans er Þórunn Harðardóttir og ritari er Hrönn Gísladóttir.

Símanúmer skólans er 565-0200.

Skrifstofa skólans tekur m.a. á móti forfallaskráningum en einnig er bent á mentor.is til að tilkynna veikindi og sækja um styttri leyfi. Skráning í og úr mataráskrift fer fram hjá i-mat.is

Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans er að finna ýmsar upplýsingar er lúta að skólastarfinu. Þar er m.a. að finna skólanámskrá, netföng starfsmanna, fundargerðir foreldrafélagsins, myndir úr skólalífinu, ýmis eyðublöð, mat á skólastarfi og margt fleira.

Heimasíðuna er að finna á slóðinni http://www.hvaleyrarskoli.is

Netfang skólans er hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is

Skóladagatal

Skóladagatal skólans eru á heimasíðu skólans. Skóladagatalið er fyrir 1.- 10. bekk þar sem fram koma allar upplýsingar fyrir skólaárið s.s. starfstími skólans, skipulagsdagar, helstu atburðir skólaársins og skertir skóladagar. Viðburðadagatal skólans er einnig á heimasíðunni með öllum helstu viðburðum sem eru á skólaárinu, má þar nefna ferðir nemenda, þemadaga, vinaviku, námsviðtöl, fjölgreindaleika og fleira.

Mentor

Skólinn notar upplýsinga- og námskerfið Mentor. Megintilgangur kerfisins er að auðvelda vinnu kennara og skólastjórnenda, að auka möguleika foreldra á að fylgjast með skólagöngu barna sinna og auka þátttöku þeirra í skólastarfinu.

Allir nemendur skólans eru þar skráðir og foreldrar/forráðamenn fá í hendur lykilorð sem veitir þeim aðgang að kerfinu. Öll samskipti milli heimila og skólans, svo sem bréf frá skólanum og heimavinnuáætlanir, fara í gegnum Mentor. Upplýsingar um námsmat og ástundun nemenda er þar einnig að finna. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast með framvindu náms barna sinna á mentor.is og einnig nemendur sem hafa annað lykilorð en foreldrar/forráðamenn.

Starfsmannastefna

Lykillinn að velgengni skólastarfsins er mannauður skólans. Mikilvægt er að við skólann starfi fjölbreyttur hópur starfsmanna sem býr yfir ólíkri reynslu og þekkingu.

Markmið starfsmannastefnu Hvaleyrarskóla er að í skólanum starfi hæfir, vel menntað og áhugasamt starfsfólk sem hefur frumkvæði, veitir góða þjónustu og getur brugðist við þörfum skjólstæðinga sinna. Við hvetjum starfsfólk skólans til að axla ábyrgð, læra nýja hluti, koma með nýjar hugmyndir og reynum að virkja styrkleika hvers og eins. Mikilvægt er að hver og einn leggi sitt af mörkum til að móta jákvæðan og góðan starfsanda og skapa sterka liðsheild. Stjórnendur og starfsfólk skólans bera sameiginlega ábyrgð á því að sú

þjónusta sem veitt er sé sem best á hverjum tíma og tryggt sé að langtímamarkmiðum sé náð. Helstu áhersluatriði starfsmannastefnu skólans eru:

- að ráða við skólann vel menntað og hæft starfsfólk
- að starfið í skólanum grundvallist af fagmennsku og gagnkvæmri virðingu
- að tryggja starfsfólki góð starfsskilyrði og kost á starfsþróun til að eflast í starfi.
- að hver og einn fái verkefni við hæfi og nýti þannig hæfileika sína sem best
- að starfsmenn séu virkjaðir til að móta og þróa starfsemina
- að starfsmenn séu vel upplýstir um hlutverk þeirra og ábyrgð
- að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki innan skólans
- að fyrirbyggja deilur og auðvelda lausnir þeirra
- að stjórnun skólans sé markviss og ákveðin
- að hlúa vel að nýju starfsfólki m.a. með starfsmannaviðtali að hausti
- að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.

4. Starfsáætlun nemenda (skóladagatal) og fastir liðir í skólastarfinu



Helstu viðfangsefni skólaársins 2026-2027 eru kynnt í töflunni hér að neðan.

mánuður	Viðfangsefni
ágúst	▪ Skólasetning og haustfundir með foreldrum ▪ Skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk
september	▪ Matsferill – lesfimi. 1. – 10. bekkur ▪ Skólapúlsinn – úrtak nemenda ▪ Leiksýningin *Krakkarnir í hverfinu* fyrir nemendur í 2. bekk ▪ Dagur læsis 8. september ▪ Ólympíuhlaupið 8. september ▪ Svakalega lestrarkeppnin hefst í 1. -7. bekk ▪ Íþróttadagur 9. bekkjar 22. september ▪ Íþróttadagur 10. bekkjar 23. september ▪ Dagur íslenskrar náttúru 16. september ▪ Vinaleikar 24. – 25. september ▪ Evrópski tungumáladagurinn 26. september
október	▪ Forvarnardagurinn 1. október – 9. bekkur ▪ Úlfljótsvatn, 9. bekkur 4. – 9. október

- Lesskimun *Lesferils* 1. bekkur
- Logos-skimun, okt. – nóv. nemendur í 6. bekk
- Framburðarskimun, okt – nóv. nemendur í 1. bekk
- Smásagnasamkeppni hefst
- Námsviðtöl 13. október
- Skipulagsdagur 23. október
- Vetrarfrí er 26. - 27. október
- Hrekkjavaka 31. október

nóvember

- Logos skimun, okt – nóv. nemendur í 6. bekk
- Framburðarskimun, okt – nóv. nemendur í 1. bekk
- Skólapúlsinn – úrtak nemenda
- Starfsþróunarfundir kennara í teymum
- Innlit í kennslustundir
- Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember
- *Verum ástfangin af lífinu* (Þ.Þ.) fyrir nemendur í 10. bekk 11. nóvember
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember
- Skipulagsdagur er 18. nóvember
- Dagur mannréttinda barna 20. nóvember
- *Litla-* og *Stóra upplestrarkeppnin* hefjast
- Skólaþing

desember

- Skólinn skreyttur
- Jólaföndur foreldrafélagsins
- Innlit í kennslustundir
- Jólaball Versins
- Jólaskemmtanir 18. Desember

janúar 2027

- Skipulagsdagur er 4. jan.
- Fyrsti kennsludagur er 5. jan.
- Matsferill – lesfimi. Allir nemendur prófaðir í 1. – 10. bekk
- Logos skimun, jan – feb. nemendur í 3. bekk
- Skólapúlsinn – úrtak nemenda

febrúar

- Námsviðtöl 3. feb.
- Logos skimun, jan. – feb. nemendur í 3. bekk
- Matsferill - Lesskilningspróf fyrir 4-10. bekk feb - mars
- Innlit í kennslustundir
- Starfsmannasamtöl
- Grunnskólahátíð bæjarins
- Íslenska æskulýðsrannsóknin 4. – 10. bekkur
- Vetrarfrí 18. - 19. feb. og skipulagsdagur er 22. feb
- Vika 6 – árleg vika kynheilbrigðis í öllum grunnskólum og frístundamiðstöðvum

mars	▪ Stöðu- og framvinduþróf í 4. – 10. Bekk ▪ Skólapúlsinn – úrtak nemenda ▪ Innlit í kennslustundir ▪ Starfsmannasamtöl ▪ Starfsfræðsla hjá 10. bekk ▪ Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar ▪ Ungt fólk 2027 lögð fyrir nem í 5. – 10. b ▪ Spil og föndur 19. mars ▪ Páskafrí 22. – 29. mars Kennsla hefst á ný 30. mars
apríl	▪ Lestrarsprettur, allir árgangar ▪ Logos skimun, apríl – maí nemendur í 8. bekk ▪ Innlit í kennslustundir ▪ Þemadagar 13. – 16. apríl ▪ Frí á sumardaginn fyrsta 22. apr. ▪ Skipulagsdagur 23. apríl ▪ Lokahátíðir Litlu upplestrarkeppninnar í skólanum. ▪ 3. bekkingar taka þátt í Björtum dögum (síðasta vetrardag). ▪ Skólabúðir að Reykjum, 31. mar. - 3. apríl – 7. bekkur
maí	▪ Frí á verkalýðsdaginn 1. maí ▪ Frí annan í hvítasunnu 17. maí ▪ Matsferill - lesfimi: 1. – 10. bekkur allir nemendur prófaðir ▪ Logos skimun, apríl – maí nemendur í 8. bekk ▪ Skólapúlsinn – úrtak nemenda ▪ Innlit í kennslustundir ▪ Frí á uppstigningardag 6. maí ▪ Námsmatsdagar
júní	▪ Lokaskil á námsmati nemenda ▪ Vorferðir ▪ Íþróttadagar ▪ Skólaslit eru 10. júní ▪ Skipulags- og frágangsdagar 11.og 14. júní

Nokkrir þættir hafa fest sig í sessi á skólaárinu. Á haustönn er vinavika þar sem nemendur vinna verkefni tengt vináttu. Þá eru myndaðir vinabekkir sem hittast reglulega yfir skólaárið. Vinaviku lýkur með vinaleikum. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember og markar sá dagur upphaf Stóru upplestrarkeppninnar hjá 7. bekk og Litlu upplestrarkeppninnar hjá 4. bekk. Í upphafi desember er skólinn settur í jólabúning og eiga nemendur þar stóran þátt. Helgileikur er fluttur af nemendum í 5. bekk og jólaskemmtanir eru haldnar síðustu skóladagana í desember. Skólinn hefur verið að vinna að námsefni og byggja upp aðstöðu fyrir útikennslu og höfum við komið okkur upp eldstæði, grilli og ýmsu öðru til þess háttar kennslu.

Á vorönn eru þemadagar þar sem nemendur vinna saman að fyrirfram ákveðnu þema. Allir árgangar skólans gera sér dagamun í lok skólaársins og fara í vorferðir. Þrír árgangar fara í lengri dagsferðir með rútu en aðrir í

styttri ferðir ýmis hjólandi, gangandi eða með strætó. Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðir að Reykjum og 9. bekkingar að Úlfljótsvatni. 10. bekkur fer í útskriftarferð í maí. Þar að auki er allt skólaárið farið í námstengdar vettvangsferðir á höfuðborgarsvæðinu.

Skólinn hefur til umráða gróðurreit við gamla Kaldárselsveg og er stefnt að því að nemendur í 7. bekk fari að vori í gróðurreit skólans og hlúi að gróðrinum eða gróðursetji nýjar plöntur.

Samverur eru hjá nemendum í 1. - 7. bekk þar sem bekkirnir skiptast á að halda skemmtun fyrir skólafélaga sína og bjóða foreldrum að koma og horfa á.

Kynningarfundir fyrir foreldra - haustfundir

Að hausti eru haldnir náms- og kynningarfundir fyrir foreldra/forráðamenn valdra árganga. Að kynningar- og fræðslufundi og skólafærninámskeiði fyrir foreldra fyrstu bekkinga koma skólastjórnendur, umsjónar-kennarar, námsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu ásamt hjúkrunarfræðingi.

Haustfundir með foreldrum nemenda í 2. – 10. bekk er í höndum umsjónarkennara og stjórnenda.

Foreldrasamráð

Samstarf heimila og skóla er virkt alla daga skólaársins á ýmsan máta en tvisvar á ári er sérstakur dagur ætlaður í Foreldrasamráð (sjá skóladagatal). Þá mæta foreldrar/forráðamenn með sínu barni til viðtals við umsjónarkennara. Hægt er að óska eftir viðtali við aðra kennara sem kenna barninu.

Foreldrar/forráðamenn nemenda í 1. bekk koma þar að auki til viðtals við umsjónarkennara ásamt barni fyrsta skóladaginn.

Haldnir eru nemendafundir/teymisfundir með þeim foreldrum/forráðamönnum þeirra nemenda sem talið er að fundirnir styðji við að nám barnsins verði farsælla. Á þessum fundum nemenda í elstu deildinni eru nemendur með á fundunum þannig að þeir eflist í að hafa áhrif á stöðu sína í náminu.

5. Skólabragur og skólareglur

Skólareglur skólans eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins, svo og ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Skólastjóri er endanlega ábyrgur fyrir gerð skólareglnanna. Almennt taka skólareglur á almennri umgengni í skóla, samskiptum, háttsemi, skólasókn, ástundun náms, hollustu og heilbrigðum lífsvenjum út frá ábyrgð, réttindum og skyldum. Um gerð skólareglna og málefni þeim tengd eru almenn viðmið fræðsluyfirvalda höfð til hliðsjónar.

5.1 Skólabragur og málaferill erfiðra nemendamála

Ef upp koma erfið nemendamál byrjar umsjónarkennari að vinna í málinu. Umsjónarkennari getur leitað aðstoðar hjá deildarstjóra ef málið er þannig að það leysist ekki þegar umsjónarkennari hefur rætt við foreldra og nemanda eða nemendur. Eftirfarandi ferill er til að lýsa ferlinu sem fer af stað í málinu þegar það er komið á borð deildarstjóra.

Farsæld barna í Hvaleyrarskóla



Stig 1

- Umsjónarkennari fer yfir úrræðalista fyrir stig 1.
- Umsjónarkennari leitar til deildarstjóra/tengiliðar farsældar eftir aðstoð.
- Málið er greint og ákvörðun tekin um næstu skref.
- Ef málið leysist ekki þá er hægt að leita til lausnateymis SMT eða eineltisteymis eftir eðli málsins. Fylla þarf út viðeigandi eyðublöð.
- Ef málið leysist ekki er græna eyðublaðið fyllt út og
- málinu vísað til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð setur með grænu eyðublaðinu einstök erindi í viðeigandi ferli í samræmi við starfsreglur nemendaverndarráðs og lausnateymis farsældar.

Stig 2

Lausnarteymi farsældar er þverfaglegur stuðningur við mál sem hefur verið vísað frá nemendaverndarráði með grænu eyðublaðinu. Þar fer fram:

- Sameiginleg lausnaleit
- Athugun málsins
- Greining lausna
- Þverfagleg úrræði virkjuð

Stig 3

Þverfaglegur og sérhæfður stuðningur:

- Barnavernd
- Sérhæfð úrræði virkjuð

5.2. Skólabragur og stefna gegn ofbeldi

Stefnuyfirlýsing

Í Hvaleyrarskóla er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Í samræmi við þessa sýn lýsir starfsfólk, nemendaráð og foreldrafélag Hvaleyrarskóla því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi sem og að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Hvaleyrarskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Í Hvaleyrarskóla er litið á það sem samstarfsverkefni heimila og skóla að stuðla að velferð nemenda þar sem einelti á aldrei rétt á sér.

Skilgreining

Einelti er endurtekið áreiti sem beinist að einni manneskju í lengri eða skemmri tíma. Í einelti felst misbeiting á valdi, sá kraftmeiri ræðst á þann kraftminni. Einelti á sér stað milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps.

Einelti getur birst í ýmsum myndum, en algengast er að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt. Undanfarið hefur það einnig færst í vöxt að nemendur verði fyrir svokölluðu rafrænu einelti.

Dæmi um einelti

Í líkamlegu einelti felst hvers konar líkamlegt áreiti svo sem barsmíðar, slagsmál, hártoganir og spörk.

Andlegt einelti á sér stað við stríðni, höfnun, svipbrigði, skilaboð o.fl. (skilja út undan, tala illa um, ógna, hæða o.s.frv.).

Rafrænt einelti er skilgreint eins og annað einelti. Rafrænt einelti er notað yfir þá tegund eineltis þegar internetið og/eða GSM-símar eru notaðir til að koma niðrandi og oft á tíðum meiðandi upplýsingum um einstakling á framfæri. Einelti af þessum toga hefur færst verulega í vöxt undanfarin misseri enda gerir það geranda kleift að leyna betur athæfi sínu. Á heimasíðu SAFT eru gagnlegar upplýsingar um rafrænt einelti.

Vísbendingar um að um einelti geti verið að ræða:

Hugsanlega getur verið um einelti að ræða ef nemandinn:

- er hræddur við að ganga einn í skólann eða heim
- fer aðra leið í skólann en hann er vanur
- vill ekki fara í skólann
- kvartar undan vanlíðan á morgnana, t.d. höfuðverk og magaverk
- byrjar að skrópa í skólanum
- hættir að sinna náminu, einkunnir lækka
- fer að koma heim með rifin föt og skemmdar námsbækur
- er sífellt að ,,týna" eigum sínum
- missir sjálfstraust, byrjar jafnvel að stama
- fitnar eða grennist ótæpilega
- leikur sér ekki við önnur börn, forðast þau jafnvel
- neitar að segja frá því hvað amar að
- kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki útskýrt
- verður árásargjarn og erfiður viðureignar.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Samskipta- og viðhorfskannanir – hægt er að gera kannanir með ýmsum hætti. Tilgangurinn er að afla upplýsinga um umfang eineltis svo hægt sé að bregðast við í tæka tíð. Könnun er lögð fyrir allan skólann einu sinni á ári en auk þess má leggja sérstakar kannanir fyrir einstaka hópa þegar þess þarf.

- **Lífsleikni** – í hverjum árgangi eru unnið að bættum samskiptum m.a. í gegnum lífsleikni. Þar eru gildi skólans, kurteisi – ábyrgð - samvinna, höfð að leiðarljósi.
- **Hópefli innan bekkjar** – bekkjarkennarinn nýtir ýmsa leiki, samtöl og hópavinnu til að efla samkennd og vináttu.
- **Fræðsla og umræða** – Stöðugt þarf að fræða nemendur, forráðamenn og starfsfólk um einelti og hvað hægt er að gera til að sporna gegn því og bregðast við þegar það kemur upp. Bekkjarkennarinn þarf að hafa umræður í bekknum reglulega auk þess sem mikilvægt er að taka málefnið upp á foreldrafundum. Gott er að minnst sé á einelti í bekkjarreglum (dæmi: Við leggjum ekki aðra í einelti, eða: Við viljum vera með þeim sem oft eru einir.).
- **Virkt eftirlit** – Gott eftirlit verður að vera í frímínútum, íþróttahúsum, ferðalögum, matsal, kennslustofum og hvar sem nemendur koma saman.

Eineltisteymi

Eineltisteymi Hvaleyrarskóla kemur saman á tveggja vikna fresti eða oftar eftir þörfum.

- Teymið skipa þau Emilía Björg Kofoed-Hansen náms- og starfsráðgjafi, Margrét Karlsdóttir Olweusfulltrúi, Margrét Heiða Magnúsdóttir deildarstjóri tómstundamiðstöðvar, Vala Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri og Steinar Ó. Stephensen deildarstjóri.

Hlutverk eineltisteymis

Hlutverk eineltisteymis er fyrst og fremst að vera leiðbeinandi aðili við lausn eineltismála. Eineltisteymið miðlar þekkingu og heldur utan um upplýsingar. Eineltisteymi vinnur auk þess ýmiss konar forvarnarstarf gegn einelti. Fulltrúar teymisins eru kennurum til fulltingis í alvarlegum eineltisviðtölum ef óskað er eftir því. Sé eineltismál svo alvarlegt að kennari telur fullreynt að hann geti leyst það sjálfur getur hann vísað málinu til teymisins sem grípur þá til frekari aðgerða. Teymið getur svo vísað málum til nemendaverndarráðs ef það telur þess þörf.

Einelti - ferill

Ef grunur vaknar um einelti skal eftirfarandi ferli fylgt:



5.3. Skólareglur og agabrot í SMT-skólafærni

Hvaleyrarskóli er SMT skóli. Í því felst að við leggjum áherslu á að styrkja jákvæða hegðun nemenda, efla og bæta samskipti innan skólans.

Markmið SMT-skólafærni, sem er hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS, er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

Hrós er notað sem jákvæð og árangursrík hvatning. Hvatning í formi hróss eykur mjög sjálfstraust barna og er árangursríkust ef hrósið er nákvæmt og ef það er gefið fyrir nýja og betri hegðun eða færni. Hvalamiði er gefinn þegar starfsmaður verður vitni að æskilegri hegðun nemanda, eins og að fara eftir reglum eða þegar hann sýnir framför. Einnig er hægt að gefa hópum Hvalamiða. Nemandi skilar Hvalamiða til umsjónarkennara eftir að hann hefur farið með hann heim og sýnt foreldrum. Starfsfólk skólans leggur sig fram við að segja við nemendur fyrir hvaða hegðun hvalurinn er gefinn. Bekkurinn fær umbun þegar fyrirfram ákveðnum fjölda Hvalamiða er náð.

Í skólanum er starfandi SMT-teymi. Í því eiga sæti fulltrúar kennara, starfsmanna og stjórnenda. SMT-teymið fundar reglulega og heldur m.a. utan um endurmenntun starfsfólks og innleiðingu nýrra verkfæra. Hvaleyrarskóli varð sjálfstæður SMT-skóli skólaárið 2007-2008. Hér fyrir neðan má finna SMT-reglutöflu skólans og agaferil.

SMT – Yfirlit yfir reglur

Svæði	Kurteisi	Ábyrgð	Samvinna
Öll svæði	• Bjóðum góðan dag í upphafi dags • Notum falleg orð í samskiptum • Notum innirödd • Verum stundvís	• Förum eftir fyrirmælum • Leiðum hjá okkur óæskilega hegðun • Höfum hendur og fætur hjá okkur • Sýnum ábyrgð við notkun síma og annarra snjalltækja • Skiljum óleyfilega hluti eftir heima.	• Göngum snyrtilega um • Verum jákvæð og kurteis
Gangar	• Hendum rusli í ruslafötur	• Göngum rólega hægra megin	• Sýnum tillitssemi
Anddyri	• Gefum öðrum pláss í anddyrinu	• Röðum skóm snyrtilega í réttar hillur	• Förum vel með eigur okkar og annarra • Verum jákvæð og hjálpsöm
Salur/Mötuneyti	• Þökkum fyrir matinn • Verum húfulaus í matsalnum	• Förum í sætið með matinn • Göngum snyrtilega frá eftir matinn	• Sköpum rólegt umhverfi
Kennslustofur	• Virðum bekkjarreglur	• Höfum húfur í ermi / vettlinga í vasa • Göngum vel um eigur okkar og annarra	• Réttum upp hönd • Bjóðum öðrum hjálp • Þiggjum hjálp annarra
Búningsklefar (íþróttir – sund)	• Gefum öðrum pláss í klefanum	• Höfum meðferðis viðeigandi íþróttafatnað • Hengjum fötin snyrtilega á snaga • Verum tilbúin á tilsettum tíma	• Förum í röð
Bókasafn	• Tölum lágum rómi	• Göngum vel um eigur safnsins	• Göngum hljóðlega um
Salur/Samvera	• Sitjum hljóð og hlustum á flutning annarra • Tökum þátt í dagskránni þegar við á	• Göngum til og frá sal í röð	• Sitjum fallega með okkar bekk
Rútur/Skólabíll	• Göngum vel um skólabíl/ rútur	• Spennum öryggisbeltin • Gætum eigna okkar	• Göngum rólega í röð inn og út úr skólabílnum
Vettvangsferðir	• Förum eftir reglum hvers staðar fyrir sig	• Berum ábyrgð á eigin hegðun • Gætum eigna okkar	• Höldum hópinn
Skólalóð	• Virðum leiki annarra	• Klæðum okkur eftir veðri • Verum inni á skólalóðinni	• Leikum saman

SMT skólafærni

SMT skólafærni er hafnfirsk útgáfa af agakerfi sem unnið er út frá bandarísku aðferðinni „postive behavior support/PBS“. SMT er hliðstæða við aðferðir PMTO foreldrafærni sem stendur fyrir ,,parent management training“ og byggir á sömu hugmyndafræði. Aðferðin var fyrst hugsuð sem kerfi sem væri styðjandi við foreldra barna með hegðunarerfiðleika. Báðar aðferðirnar byggja á því að vinna með ákveðna grunnþætti, styrkja jákvæða hegðun barnsins og draga úr neikvæðri hegðun. Í skólasamfélaginu er markmiðið að fyrirbyggja, draga úr og stöðva hegðunarfrávik og um leið skapa jákvætt andrúmsloft. Í SMT skólafærni eru viðbrögð starfsfólks samræmd með áherslu á að veita jákvæðri hegðun athygli og nálgast nemendur með jákvæðum hætti. Skólareglur sem gilda á hverju svæði skólans eru skilgreindar og orðaðar á jákvæðan hátt með það í huga að þær séu leiðbeinandi um rétta hegðun í stað þess að tiltaka það sem er bannað.

Innleiðing verkefnisins hófst skólaárið 2002 – 2003. SMT verkefnið var á ábyrgð sálfræðinga á Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar, þjónustueiningu PMTO/SMT, sem hélt utan um það og stýrði innleiðingunni í skólanum. Í dag er starfandi PMTO/SMT þjónustueining á skrifstofu Mennta- og lýðheilsusviði og hún skipuð starfsmönnum sem hlotið hafa menntun sem meðferðarfulltrúar PMTO aðferðarinnar.

SMT aðferðin

Rannsóknir hafa leitt í ljós að í hverjum skóla má gera ráð fyrir þrennskonar nemendum. Tvisvar á ári eru nemendur flokkaðir niður í þriggja þrepa forvarnarlíkan „venjulega“ nemendur (85 – 90%), nemendur sem sýna fyrstu merki andfélagslegrar hegðunar (7 – 10%) og nemendur sem þegar sýna töluverða andfélagslega hegðun (3 – 5%) og eru í mikilli áhættu vegna enn frekari vandamála í framtíðinni. Upplýsingar eru teknar saman eftir hvert skipti og mat lagt á hver þróunin hefur orðið frá því að síðast var skráð. Markmiðið með SMT er að sem flestir séu í neðsta lagi forvarnarlíkansins og fyrirbyggja að nemendur færist upp það. Unnið er með nemendum á ákveðinn hátt eftir því hvar í þríhyrningnum þeir raðast með það að markmiði að sem flestir séu í neðsta þrepi hans. Skólareglur eru kenndar og æfðar og áhersla lögð á jákvæða bekkjarstjórnun og lausnarleit. Lausnarteymi skólans vinnur náið með kennurum þeirra sem tilheyra efsta lagi þríhyrningsins ásamt þeim sérfræðingum sem skólinn hefur á sínum snærum.

Í SMT skólafærni eru hegðunarfrávik skráð í Mentor og tvisvar á ári skoðar SMT teymi skólans stöðu/fjölda skráninga. Ef kerfið virkar rétt á skráningum að fækka. Árlega er lagt mat á árangur innleiðingar og stöðu skólanna með SET lista (e. school wide evaluatation tool) en það er eitt helsta matstæki SMT skólafærni. Viðtöl eru tekin við nemendur, starfsmenn og stjórnendur og viðbragðs- og starfsáætlun SMT skólafærni skoðuð af utanaðkomandi aðila undir stjórn þjónustueiningar SMT á Mennta- og lýðheilsusviði. Skóli sem kemur illa út úr ákveðnum þáttum listans er gert að bæta úr þeim með aðstoð þeirra.



Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Hafnarfjarðar http://www.hafnarfjordur.is/

Agaferill SMT



5.4. Skólasóknarreglur og brottrekstur

Stundvísi og góð skólasókn er lykill að góðum námsárangri. Stundvísi og góð skólasókn eru lykill að góðum námsárangri, vellíðan og tengslum nemenda við skólann. Öll börn á aldrinum 6–16 ára eru skólaskyld samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Forsjáraðilar bera ábyrgð á skólasókn barna sinna.

Hvaleyrarskóli fylgir reglum um ástundun nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar, sem gilda frá hausti 2022 þangað til annað verður ákveðið. Reglurnar gilda í öllum grunnskólum bæjarins og fylgja nemanda ef hann flyst milli skóla í Hafnarfirði á skólaárinu. Þær eru birtar í heild á Astundun-i-grunnskolum-Hfj.pdf. Í Hvaleyrarskóla eru verkfæri SMT-skólafærni notuð á öllum stigum ferlisins.

Meginefni reglnanna er:

1. Virðing fyrir skólasókn. Allt skólasamfélagið, forsjáraðilar, nemendur og starfsfólk, ber virðingu fyrir skólasókn alla 180 skóladaga ársins.
2. Engin sérþjónusta vegna leyfa. Starfsfólki ber ekki skylda til að þjónusta nemendur sérstaklega vegna leyfa, t.d. með heimavinnu á meðan fjölskylda er í fríi. Þegar nemandi glímir við skólaforðun vinna heimili og skóli hins vegar saman samkvæmt ferlinu hér á eftir.
3. Árleg skólasóknareinkunn. Nemendur fá skólasóknareinkunn (A–D) í lok skólaárs.
4. Samhæfð viðbrögð skóla og barnaverndar. Miklar fjarvistir, umfram 10% kennslutímans eða 18 skóladaga á ári, geta hamlað námsárangri.

Hugtök og skráning

- **Seinkoma:** nemandi mætir eftir að kennsla hefst. Gefur 1 fjarvistarstig.
- **Fjarvist:** nemandi mætir ekki, eða mætir meira en 20 mínútum eftir að kennslustund hefst, án leyfis eða veikindatilkynningar. Gefur 2 fjarvistarstig.
- **Brottvísun úr tíma:** gefur 3 fjarvistarstig og nemanda er vísað til skólastjórnanda. Sé nemanda vísað heim út daginn bætast við 2 stig, en ekki stig fyrir aðrar kennslustundir sem hann missir af.
- **Fjarvistardagur:** sex kennslustundir, eða 12 fjarvistarstig. Stök leyfi og veikindi sem samtals ná sex kennslustundum teljast einn dagur.
- **Veikindi:** forsjáraðilar tilkynna veikindi daglega í Mentor eða með símtali til skrifstofu.
- **Leyfi:** leyfi í tvo daga eða skemur skrá forsjáraðilar í Mentor eða tilkynna skrifstofu. Leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að tilkynna á samræmdu leyfistilkynningarformi grunnskóla Hafnarfjarðar Tilkynning um leyfi | Hvaleyrarskóli. Forsjáraðilar bera ábyrgð á leyfum og á því að nemandi vinni upp það sem hann missir af.

Skólasóknareinkunn

Skólasóknareinkunn er gefin öllum árgöngum á kvarðanum A, B+, B, C+, C og D. Hún byggir á fjarvistum, seinkomum og brottvísunum úr tíma, en ekki á leyfum og veikindum. Allir nemendur byrja árið í A. Með óaðfinnanlegri mætingu í heila viku getur nemandi unnið til baka fjögur fjarvistarstig, þó aðeins ef hann er kominn í C+ eða lægra og ekki hærra en í B.

Ferli um fjarvistir, seinkomur og brottvísanir

Fjarvistarstig	Einkunn	Stig	Viðbrögð
0–6	A	–	Hrós og hvatning fyrir góða mætingu.
7–12	B+	–	Hrós og hvatning.
13–30	B	Forstig	Umsjónarkennari ræðir við nemanda og skráir í Mentor. Staða ástundunar er send forsjáraðilum. Umsjónarkennari fyllir út skólasóknarform (A-hluta) með nemanda og sendir deildarstjóra þegar stigin fara yfir 20. Eftir 30 stig fá forsjáraðilar póst um að málið fari á viðbragðsstig.
31–50	C+	Viðbragðsstig	Einstaklingsáætlun, t.d. skólakort og markvisst eftirlit. Deildarstjóri leggur málið fyrir lausnateymi og boðar forsjáraðila, nemanda og umsjónarkennara til fundar um aðgerðaáætlun. Eftir 50 stig fer málið til nemendaverndarráðs.
51–70	C	Hættustig	Deildarstjóri boðar til fundar og gerður er mætingarsamningur. Nemendaverndarráð vísar málinu til brúarteymis og fjölskyldu- og

			skólaþjónustu Brúarinnar eftir atvikum. Eftir 70 stig tilkynnir skólinn barnavernd og lætur forsjáraðila vita.
71+	D	Barnaverndarstig	Barnavernd heldur tilkynningarfund innan 7 daga, kannar málið og gerir meðferðaráætlun í samvinnu við forsjáraðila og skóla. Skólinn heldur fyrri úrræðum áfram.

Ferli um leyfi og veikindi

Fjarvistardagar	Stig	Viðbrögð
0–9	–	Hrós fyrir góða mætingu.
10–14	Forstig	Umsjónarkennari hringir í forsjáraðila. Metið er hvort skýranlegar orsakir, t.d. langvinn veikindi eða slys, eigi að halda nemanda utan ferlisins; skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri staðfestir það. Forsjáraðilar fá póst um næstu skref.
15–18	Viðbragðsstig	Deildarstjóri boðar forsjáraðila, nemanda og umsjónarkennara til fundar og gerður er mætingarsamningur. Eftirfylgnifundur ef skólasókn batnar ekki. Eftir 18 daga fer málið til nemendaverndarráðs.
19–29	Hættustig	Nemendaverndarráð vísar málinu til brúarteymis og Brúarinnar eftir atvikum. Eftir 29 daga tilkynnir skólinn barnavernd og lætur forsjáraðila vita.
30+	Barnaverndarstig	Sama ferli og á barnaverndarstigi hér að ofan.

Fari bæði ferlin af stað ræður það för sem fyrr fer í gang. Ef nemandi sækir ekki skóla þrátt fyrir aðkomu barnaverndar er hann áfram skráður í skólann og skólinn heldur samstarfinu áfram. Skólinn tilkynnir mennta- og lýðheilsusviði árlega fjölda nemenda sem ekki tekst að halda virkum í skólastarfi.

Samræmd landsviðmið í mótun

Mennta- og barnamálaráðuneytið vinnur að samræmdum landsviðmiðum um skráningu skólasóknar og viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn, í samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal Hafnarfjarðarbæ. Viðmiðin eru leiðbeinandi og skólaárið 2026–2027 er lærdómsár; að því loknu verða þau endurskoðuð. Þar til Hafnarfjarðarbær ákveður annað gilda reglurnar hér að ofan.

Viðmiðin munu meðal annars:

- tryggja að sömu viðmið og sömu skráningarkóðar gildi í öllum grunnskólum landsins, svo nemendur njóti jafnræðis óháð búsetu;
- gera skýrari greinarmun á heimilli og óheimilli fjarveru, svo veikindi og leyfi blandist ekki saman við skólaforðun;

- tengja viðbrögðin þjónustustigum laga um farsæld barna, með aðkomu tengiliðar farsældar snemma í ferlinu;
- leggja meiri áherslu á snemmtæka íhlutun, svo hægt sé að grípa inn í áður en vandi festist;
- einfalda umsóknir um leyfi og undanþágur, sem fyrirhugað er að verði samræmdar á Ísland.is með skriflegu og rökstuddu svari.

Upplýsingar um viðmiðin eru á vef Stjórnarráðsins.

Brot á skólareglum

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er lausna á máli hans, enda verði foreldrum og fræðsluyfirvöldum tilkynnt tafarlaust um ákvörðunina og foreldrum áður gefinn kostur á að neyta andmælaréttar.

Ef nemandi veldur truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum úr tíma og fer hann þá til stjórnanda. Kennari gerir þær ráðstafanir sem hann telur þörf á, t.d. að ræða við foreldra eða umsjónarkennara. Ef málið leysist ekki hjá umsjónarkennara fer það til deildarstjóra. Ef það leysist ekki þar er því vísað til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra og þaðan til mennta- og lýðheilsusviðs. Kennara er ekki heimilt að senda nemanda heim án vitundar stjórnenda.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Starfsfólk bregst við á samræmdan hátt, með áherslu á að veita jákvæðri hegðun athygli og nálgast nemendur á jákvæðan hátt. Aðgerðir og skráningar vegna hegðunarbrota eru einnig samræmdar

og færðar inn í Mentor. Þar er skráð hvað gerðist, hvar, hvenær og hver viðurlögin eru, og hafa foreldrar aðgang að þeim upplýsingum.

Verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011, er farið eftir verklaginu hér á eftir.

Brottvísun úr skóla er stjórnvaldsákvörðun og ber því að fara eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við alla málsmeðferð.

Brottvísun er kæranleg til fræðsluráðs Hafnarfjarðar og síðan til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Samkvæmt samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skal kæru fyrst beint til fræðsluráðs áður en hægt er að kæra ákvörðunina til ráðuneytisins (sjá einnig kafla 15.5.1).

Verklag skólastjóra

Skólastjóri sendir foreldrum nemandans bréf samdægurs með tilkynningu um fyrirhugaða brottvísun úr skólanum. Ávallt skal leita samstarfs við foreldra um lausn málsins, og við nemandann sjálfan þegar það á við.

Inntak bréfsins: fyrirhuguð brottvísun

Tilkynning um fyrirhugaða brottvísun meðan fundin er lausn á máli nemanda, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1040/2011. Í bréfinu koma fram málsatvik, tilvitnun í þær skólareglur og viðurlög sem eiga við, hve lengi brottvísunin á að vara ef hún er tímabundin og upplýsingar um andmælarétt foreldra (skrifleg eða munnleg andmæli og frestur til andmæla).

Skólastjóri boðar foreldra á fund næsta skóladag svo þeir geti neytt andmælaréttar síns í samræmi við stjórnsýslulög. Bent er á að brottvísunin, komi til hennar, er kæranleg til fræðsluráðs Hafnarfjarðar og síðan til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Fyrstu viðbrögð við broti geta falist í því að senda nemanda heim það sem eftir lifir þess dags sem meint brot á sér stað, og telst það ekki stjórnvaldsákvörðun. Láta þarf foreldra vita áður en nemandi er sendur heim.

Nemandinn getur verið heima, að höfðu samráði við foreldra, eða í öðru skólaúrræði þar til andmælin hafa verið tekin fyrir.

Skólastjóri heldur fund með foreldrum næsta skóladag þar sem farið er yfir málsatvik og foreldrum gefst tækifæri til að koma með andmæli við fyrirhugaðri ákvörðun. Komi foreldrar með andmæli á fundinum ber skólastjóra að taka þau til skoðunar og meta málið að nýju að loknum fundi. Andmæli eru ýmist lögð fram skriflega eða munnlega og ber að skrá þau. Foreldrar staðfesta með undirritun sinni að rétt sé eftir haft.

Ef ekkert kemur fram í andmælum foreldra sem að mati skólastjóra hefur áhrif á fyrirhugaða ákvörðun sendir skólastjóri foreldrum bréf þar sem ákvörðun um brottvísun (tímabundna eða ótímabundna) er tilkynnt.

Inntak bréfsins: ákvörðun um brottvísun

Að tekin hafi verið ákvörðun um að vísa nemandanum úr skóla meðan fundin er lausn á máli hans, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1040/2011. Vísað er til fyrra bréfs um fyrirhugaða brottvísun og fram kemur að skólastjóri hafi farið yfir andmæli foreldra, ástæða brottvísunarinnar og hve lengi hún á að standa ef hún er tímabundin, þó að hámarki eina kennsluviku.

Sé nemanda vikið ótímabundið úr skóla skv. 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 1040/2011 skal skólastjóri strax tilkynna skólanefnd, í Hafnarfirði fræðsluráði, þá ákvörðun. Skólanefnd er skylt innan þriggja vikna að tryggja nemanda sem vikið hefur verið úr skóla viðeigandi kennsluúrræði, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 15. gr. reglugerðar nr. 1040/2011.

Bent skal á að brottvísunin er kæranleg til fræðsluráðs Hafnarfjarðar og síðan til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólastjóri skal sjá til þess að atvik sem skipta máli við úrlausn mála séu skráð og varðveitt í skólanum, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1040/2011.

Foreldrar eiga, sem aðilar máls, aðgang að öllum gögnum þess nema þau innihaldi upplýsingar um aðra nemendur. Í þeim tilvikum þarf skólastjóri að meta hagsmuni hvors aðila af því að aðgangur sé veittur.

5.5. Nám og kennsla

Allir nemendur hafa umsjónarkennara, umsjónarkennarar eru lykilmanneskjur í skólastarfinu. Þeir þekkja nemendur einna best og eru í samskiptum við foreldra/forráðamenn nemenda.

Hlutverk kennara og umsjónarkennara

Meginhlutverk kennara samkvæmt aðalnámskrá gunnskóla frá 2011 er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á fjölbreyttan hátt og stuðla að því að í skólastofunni ríki góður vinnufriður og starfsandi. Skapa á nemendum fjölbreyttar námsaðstæður sem lagaðar eru að þörfum einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar.

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu hlutverki skv. 2. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sem fjallar um rétt nemenda:

> *"Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila".*

Umsjónarkennari er helsti tengiliður skólans við forráðamenn nemenda. Við hvetjum foreldra til að halda uppi góðum samskiptum við umsjónarkennara, því það er líklegast til að leggja traustan grunn að skólagöngu barnsins. Umsjónarkennarar getur einnig vísað nemendum sínum til fagfólks innan skólans, s.s. hjúkrunarfræðings eða námsráðgjafa.

Námið

Að hausti er það í verkahring kennara að yfirfara skólanámskrá sem tilheyrir því fagi sem þeir kenna, með tilliti til aðalnámskrár og þeirra markmiða og í samræmi við það sem sett er fram í starfsáætlun skólans. Það er því í þeirra höndum í samvinnu að fylgjast með nýju námsefni og að kynna sér kennsluaðferðir sem gagnast þeim til að ná þeim markmiðum sem grunnskólalög og aðalnámskrá setja. Í 1. – 4. bekk kenna umsjónarkennarar í flestum tilfellum flestar greinar í sínum bekk. Á miðstigi er aðeins aukin faggreinakennsla t.d. í tungumálum og upplýsinga og tæknimennt. List- og verkgreinar eru lotur kenndar í svokölluðum smiðjum í 1. – 9. bekk. Faggreinakennsla er á unglingastigi. Í 8. 9. og 10. bekk er kennt í hefðbundnu bekkjarkerfi þar sem árgöngum er skipt niður í mismunandi hópa í teymiskennslu. Nemendur geta stundað fjarnám í framhaldsskólum og fengið námið metið, en slíkt mat er í höndum viðkomandi framhaldsskóla.

Í Hvaleyrarskóla leggjum við áherslu á leiðsagnarnám. Í lok janúar taka kennarar saman stöðu nemandans í náminu og er það sýnilegt í Mentor. Með stöðumatinu í janúar eru kennarar að leiðbeina nemandanum fram á við í náminu, koma til skila hver námsleg staða er og koma á framfæri hvað þarf að bæta til þess að staðan verði betri í lok skólaárs. Umsjónarkennari fer yfir stöðumatið með nemandanum og foreldrum/forráðamönnum í námsviðtölum í byrjun febrúar. Að vori hvers skólaárs fá nemendur lokamat skólaársins.

5.6. Frímínútur, hlé og ástundun náms

Skipulag frímínútna og hádegishlés er með eftirfarandi hætti:

Á morgnana eru frímínútur í Hvaleyrarskóla kl. 9:40 – 10:00 fyrir alla nemendur skólans.

Í hádegishléi eru frímínútur þrískiptar. Nemendur hafa 20 mínútur til þess að snæða og 20 mínútur í frímínútur. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að allir nemendur í 1.-7. bekk fari út í frímínútur. Ef nemandi hefur verið veikur eða getur ekki að öðrum orsökum farið út hefur hann leyfi til að vera inni og jafna sig eftir veikindi að hámarki tvo daga. Nauðsynlegt er að skrifleg beiðni komi frá foreldrum vegna þessa.

Nemendur í 8. – 10. bekk hafa leyfi til þess að vera inni í frímínútum og nýta sér aðstöðu í matsal, á bókasafni og á göngum skólans. Á skólalóð skulu nemendur sýna aðgæslu og tillitssemi við félaga sína. Nemendur í 1.-10. bekk mega ekki fara út af skólalóð á skólatíma nema með sérstöku leyfi umsjónarkennara eða starfsmanns skólans.

5.7. Bekkjarreglur og umsjónarmenn

Nemendur, í samvinnu við umsjónakennara semja bekkjareglur fyrir bekkinn og tilskipa umsjónamann sem hefur umsjón með stofu bekkjarins og er kennara sínum til aðstoðar. Bekkjarreglur skulu vera vel sýnilegar í kennslustofunni.

5.8. Skráning agabrota og stjórnsýsla agamála

Í SMT-skólafærni eru hegðunarfrávik skráð sem dagbókarfærsla í Mentor. Ávallt skal fylgja agaferli SMT (sjá Agaferil SMT í kafla 5.3) og gefa nemendum kost á að leiðrétta hegðun sína. Ef nemandi fær á sig skráningu vegna agabrots skráir starfsmaður sem kemur að málinu upplýsingar á þar til gerðan miða (skráningarmiða) og skilar á skrifstofu skólans. Miðinn er síðan skráður í dagbók nemandans.

Unnið er eftir 10. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011, um viðbrögð við brotum á skólareglum, en þar segir:

„Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu unnin á sama hátt og skólareglurnar og kynnt nemendum og foreldrum þeirra. Viðbrögð skulu vera markviss og til þess fallin að stuðla að jákvæðum skólabrag, bættri hegðun nemenda, aukinni ábyrgð og áhuga á menntun og miða að því að styrkja sjálfsmynd nemenda. Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Gæta skal jafnræðis og samræmis í viðbrögðum og taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Óheimilt er að nota skráningarkerfi á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktar leiði sjálfvirkt til agaviðbragða.“

Skráningar í Mentor og fjarvistarstig leiða ekki sjálfkrafa til agaviðbragða í Hvaleyrarskóla. Fjöldi stoppmiða í agaferli SMT er viðmið um hvenær rétt er að umsjónarkennari ræði við nemanda (að jafnaði um fimm miðar) og hvenær deildarstjóri boðar nemanda og forsjáraðila til fundar (að jafnaði um tíu miðar). Umsjónarkennari og deildarstjóri meta í hverju tilviki hvort og hvernig brugðist er við, í samræmi við eðli brotsins og aðstæður nemandans, og velja vægasta úrræðið sem dugar. Fjarvistarstig eru notuð til að fylgjast með skólasókn samkvæmt kafla 5.4.

5.9. Forföll kennara og forfallakennsla

Tilfallandi forföll

- Þegar kennari tilkynnir forföll að morgni dags þá er haft samband við forfallakennara. Við erum með forfallakennara á skrá hjá okkur sem við getum kallað út í kennslu.
- Ef ekki tekst að manna kennslu með forfallakennurum þá er leitað til kennara við skólann sem hafa gefið kost á sér í forfallakennslu þegar þeir eru með eyðu í stundatöflu.
- Ef mikið er um forföll og ekki hefur tekist að fullmanna kennslu eftir þeim leiðum sem að ofan greinir þá er leitað til samkennara og á það aðallega við í 1.-7. bekk, um að taka álag og kenna báðum hópunum. Þetta úrræði er ekki notað nema í algerri neyð.
- Stundum kemur það fyrir að kennarar eru frá vinnu vegna veikinda um nokkurn tíma (vikur) og þá er fyrst leitast við að leysa það innan húss, t.d. með því að setja sama forfallakennarann inn í kennarateymið. Fylgst er með stöðunni og ef að ljóst er að viðkomandi kennari verður frá um langan tíma er auglýst eftir kennara.

Forgangur:

Ef mikið er um forföll þá er byrjað á því að manna stöður hjá yngstu nemendunum og síðan áfram upp eftir aldri.

List- og verkgreinar

Erfitt getur verið að manna kennslu í list-, verk- og valgreinum unglinga og getur þá komið til þess að fella verður niður kennslu í þessum greinum. Í 1. – 7. bekk taka umsjónarkennarar/forfallakennarar þessa tíma og fer það eftir aðstæðum hvort kennari gengur inn í viðkomandi kennsluskipulag eða nýtir tímann í önnur viðfangsefni.

Langtíma forföll:

Þegar ljóst er að kennari verður fjarverandi vegna langvarandi veikinda er auglýst eftir kennara.

5.10. Opnun og lok skóla, skólaumgengni

Hvaleyrarskóli opnar kl 7:45 á morgnana. Börnum er hleypt inn í skólastofur kl 08:00 og hefst kennsla kl 08:20. Skólinn lokar kl 16:00. Skrifstofa Hvaleyrarskóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 15:00 og á föstudaginn frá 7:45 til 14:00. Holtasel er frístundaheimili fyrir nemendur í 1. - 4. bekk Hvaleyrarskóla.

Þar gefst foreldrum kostur á að lengja viðveru barna sinna eftir að skólastarfi lýkur eftir þörfum hvers og eins, gegn greiðslu. Opnunartími er virka daga frá kl. 13:00-16:30.

5.11. Viðbrögð við vímuefnaneyslu og alvarlegum skólareglubrotum

Meginsjónarmið í grunnskólum Hafnarfjarðar er að nemendur séu vímuefnalausir í skóla. Komi upp rökstuddur grunur um að nemandi sé undir áhrifum vímuefna fer í gang ferli samkvæmt verklagsreglum grunnskóla Hafnarfjarðar um viðbrögð við vímuefnaneyslu, sem getur leitt til brottvísunar eftir atvikum.

Komi upp vandi vegna hegðunar eða ástundunar nemanda er hann leystur í samvinnu við nemanda og foreldra. Umsjónarkennari hefur forgöngu um lausn á vanda vegna stoppmiða, ástundunar og agabrota. Ef ekki tekst að leysa vandann er málinu vísað til deildarstjóra, skólastjórnenda eða nemendaverndarráðs.

Brjóti nemandi af sér skal umsjónarkennari, deildarstjóri, aðstoðarskólastjóri eða skólastjóri ræða við nemandann um hegðun hans svo að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess. Foreldrum skal ætíð gerð grein fyrir agabrotum barna sinna. Ef ekki reynist unnt að leysa vandann innan skólans er leitað annarra leiða í samvinnu við mennta- og lýðheilsusvið og fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar.

Virði nemandi ekki skólareglur þrátt fyrir undangengnar aðvaranir og áminningar má grípa til eftirfarandi úrræða, sbr. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011:

- að taka nemanda úr kennslustund og láta hann fást við önnur viðfangsefni undir eftirliti starfsfólks skólans það sem eftir lifir skóladags;
- að vísa nemanda úr kennslustundum í ákveðinni námsgrein í annað úrræði innan skólans undir eftirliti starfsfólks skólans;
- að óska eftir því að foreldrar sæki nemandann;
- að meina nemanda þátttöku í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans vegna agabrota í því starfi.

Virði nemandi enn ekki skólareglur og eru ítrekuð brot hans alvarleg má, sbr. 4. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar:

- vísa honum úr skóla um stundarsakir, að hámarki eina kennsluviku, á meðan leitað er lausnar. Brottvísun er stjórnvaldsákvörðun og foreldrar geta komið á framfæri athugasemdum og andmælum skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993;
- vísa honum ótímabundið úr skóla ef allt um þrýtur og brot eru mjög alvarleg, t.d. ef nemandi veldur öðrum skaða eða eignatjóni. Það skal ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar. Skólastjóri tilkynnir skólanefnd, í Hafnarfirði fræðsluráði, ákvörðunina og skólanefnd tryggir nemandanum annað skólaúrræði innan þriggja vikna.

Málsmeðferð við brottvísun er lýst í kafla 5.4, undir „Verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla“.

5.12. Fjarvistir, leyfi og veikindi

Meginreglan er að nemendur sæki skóla alla daga sem skólastarf fer fram. Fjarvera er aðeins heimil vegna veikinda eða þegar skólinn hefur veitt leyfi.

Veikindi. Forsjáraðilar tilkynna veikindi í Mentor eða til skrifstofu skólans.

Leyfi. Forsjáraðilar sækja um leyfi fyrir nemanda. Leyfi í tvo daga eða skemur er skráð í Mentor eða tilkynnt skrifstofu. Vari leyfi í þrjá daga eða lengur skal fylla út samræmt leyfistilkynningarform grunnskóla Hafnarfjarðar Tilkynning um leyfi | Hvaleyrarskóli. Skólastjóri getur veitt nemanda tímabundna undanþágu frá skólasókn telji hann til þess gildar ástæður (15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008). Meðan á leyfi stendur bera forsjáraðilar ábyrgð á að nemandinn vinni upp það sem hann missir úr námi. Skólinn mælist til þess að ekki sé sótt um leyfi nema brýna nauðsyn beri til og að fjölskylduferðir séu skipulagðar utan starfstíma skólans.

Mikil fjarvera. Leyfi og veikindi eru skráð og fylgst er með þeim. Verði fjarvera mikil fer í gang ferli sem lýst er í kafla 5.4.

Sjúkrakennsla. Nemandi sem er lengi frá vegna veikinda getur þurft sjúkrakennslu. Sótt er um hana á Mínum síðum á vef Hafnarfjarðar.

6. Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélaginsins

Meginregla í skólastarfi er að allir sem skólastarfi tengjast, starfsfólk, nemendur og foreldrar þeirra taki ábyrgð á sjálfum sér í samræmi við réttindi sín og skyldur á hverjum tíma. Réttindin og skyldurnar hvíla bæði í almennum lögum sem gilda en einnig sérstaklega um skólastarf grunnskólanna. Þar skipta lög um grunnskóla mestu, aðalnámskráin og einnig sérstök reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagins í grunnskólum.

6.1. Ábyrgð og skyldur starfsfólks

Starfsfólk skóla ber ábyrgð á því að sinna starfi sínu á eftirfarandi hátt:

> Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni. (Reglugerð nr. 1040/2011, 3. gr.)

Þannig skal framkoma starfsfólks miða að jákvæðum samskiptum og samvinnu við nemendur. Jafnframt hafa þeir ríka trúnaðarskyldu gagnvart nemendum en hún takmarkast við tilkynningaskyldu samkvæmt barnalögum. Lög um starfsfólk sveitarfélaga kveða einnig á þagnarskyldu þeirra í sveitarstjórnarlögum (nr. 138/2011). Jafnframt ber starfsfólki skóla að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun barna þeirra í skólastarfinu. Við úrvinnslu agamála sem snúa að starfsfólki skóla er unnið eftir viðeigandi lögum, reglugerðum og öðrum nauðsynlegum reglum hverju sinni.

6.2. Ábyrgð og skyldur nemenda

Skólastarf grunnskóla miðar að því að veita nemendum viðeigandi menntun í samræmi við getu þeirra og þroska, sem m.a. byggir á réttindum sem skilgreind eru í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og öðrum lögum, reglugerðum og alþjóðlegum sáttmálum. Skyldur nemenda eru að sækja skóla nema veikindi eða önnur forföll hamli. Nemendum ber að fylgja skólareglum og þeir bera ábyrgð á eigin námi, framkomu og samskiptum í skóla. Sömuleiðis hafa nemendur rétt til að láta skoðanir sínar í ljós og skal gefinn kostur á að tjá sig um hegðun sína brjóti þeir skólareglur. Við úrvinnslu agamála sem snúa að nemendum er unnið út frá skólareglum á grunni laga, reglugerða og reglna þar sem nemendur taki ábygð í samræmi við aldur sinn og þroska og hinna fullorðnu að veita eftirfylgni.

6.3. Ábyrgð og skyldur foreldra nemenda

Foreldrar grunnskólanemenda bera ábyrgð á innritun þeirra í grunnskóla og að þau sæki skóla eins og starfstími skóla kveður á um. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu stuðla að því að þeir sinni námi sínu og bregðist við þegar barn þeirra brýtur skólareglur og eðlileg samskipti við skólasystkin og starfsfólk skóla. Þurfi nemendur stuðning í námi og með hegðun í skóla ber foreldrum skylda að vinna með skólayfirvöldum, starfsfólki skóla og skólaþjónustu auk annars fagfólks eftir atvikum, sem miði að því að barn sinni námi sínu og hegði sér í samræmi við skólareglur. Sömuleiðis er mikilvægt að foreldrar séu virkir í foreldrastarfi í skóla og styðji við nám barna sinna. Þá hafa foreldrar möguleika að leita til skólaþjónustu sveitarfélags (sjá III. hluta starfsáætlunar) og annarra aðila sem þeir telja henta sér til ráðgjafar á eigin vegum.

7. Skólaráð Hvaleyrarskóla

Skólaráð við grunnskóla er kveðið á í lögum um grunnskóla (2008, 8. gr.) og um það gildir einnig sérstök reglugerð. Reglugerðin kynnir frekar starfshætti fyrir skólaráðið REGLUGERÐ nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.

Í Hafnarfirði starfar skólaráð við hvern grunnskóla en ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í skólaráðinu. Í Hafnarfirði eru það sérstök tilmæli til skólastjóra grunnskóla að skipað sé í skólaráð að vori (apríl) fyrir komandi skólaár og það skólaráð hittist og búi til starfsáætlun fyrir komandi skólaár ekki síðar en í júní. Það er til þess að starfsáætlun skólaráðsins komist í starfsáætlun skóla. Starfstími skólaráðsins er þó eingöngu skólaárið.

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð:

a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar
c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið
d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
e. fjallar um skólareglur og umgengnishætti í skólanum
f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað
g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Skólaráð Hvaleyrarskóla 2026-2027 er skipað eftirfarandi aðilum:

- Kristinn Guðlaugsson skólastjóri
- Vala Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, ritar fundargerð
- Fulltrúi kennara – Wendy Richards
- Fulltrúi kennara – Arnar Sigurjónsson
- Fulltrúi starfsmanna – Albert Vignir Magnússon
- Fulltrúi foreldra – Lisa Marie Mahmic
- Fulltrúi foreldra – Guðvarður Ólafsson
- Fulltrúi grenndarsamfélags – Magnús Gunnarsson
- Fulltrúar nemenda – Andrea Laxdal (10. b) og Jón Gísli Eggertsson (9. b)

7.1. Kynning og starfsreglur

Skólaráð skólans hittist svo oft sem þurfa þykir en miðað er við einn fund á mánuði að lágmarki. Skólaráðið velur sér verkefni til umræðu önnur en þau sem eru lögbundin (yfirferð skólanámskrár, starfsáætlunar og skóladagatals og þátttaka í innra mati skóla.

7.2. Verkefnaskrá (starfsáætlun)

Eftirfarandi tafla er almenn starfsáætlun fyrir skólaráð skóla til að vinna eftir.

mánuður	Viðfangsefni
september	▪ Skólaráðsfundur ▪ Verkefnaskrá skólaráðs yfir skólaárið
október	▪ Skólaráðsfundur ▪ Umfjöllun um skólanámskrá og starfsáætlun skóla
nóvember	▪ Skólaráðsfundur
desember	▪ Skólaráðsfundur
janúar 2027	▪ Skólaráðsfundur
febrúar	▪ Skólaráðsfundur
mars	▪ Skólaráðsfundur ▪ Umfjöllun um skóladagatal skóla.
apríl	▪ Skólaráðsfundur
maí	▪ Skólaráðsfundur ▪ Gerð starfsáætlunar fyrir næsta skólaár ▪ Umfjöllun um niðurstöður Skólapúls og önnur matsgögn

Skólastjóri boðar fundi og sendir undirbúningsgögn eftir því sem þurfa þykir.

8. Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Foreldrafélag hefur verið starfandi í Hvaleyrarskóla frá árinu 2003. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti. Þar er kosin stjórn félagsins ásamt því að fulltrúar eru kosnir til setu í skólaráði. Á kynningarfundum að hausti eru bekkjartenglar skipaðir fyrir hvern bekk. Bekkjartenglar halda utan um bekkjarskemmtanir í hverjum árgangi. Stjórn foreldrafélagsins stendur fyrir jólaföndri, fræðslufyrirlestrum og vorhátíð. Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélagsins eins oft og þurfa þykir.

Hlutverk

Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið

- Vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
- Efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
- Styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
- Standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska þeirra.

Stjórn skólaárið 2026-2027

Formaður er Lisa Maríudóttir Mahmic – lisa.mahmic@gmail.com

Meðstjórnendur:

- Guðvarður Ólafsson, varaformaður
- Margrét Fides Hauksdóttir, gjaldkeri
- Dagný Rós Stefánsdóttir, ritari
- Fanney Þóra Magnúsdóttir, meðstjórnandi
- Guðrún Eydís Jónsdóttir, meðstjórnandi
- Gunnþórunn Elísa Eyjólfsdóttir

8.1. Kynning, lög og starfsreglur

Lög foreldrafélagsins

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Hvaleyrarskóla, heimili þess er að Akurholti 1, Hafnarfirði, kennitala félagsins er 521203-4390.

2. grein

Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í Hvaleyrarskóla.

3. grein

Markmið félagsins eru:

- að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum

- að hvetja til virkrar þátttöku forelda í skólastarfinu og efla tengsl heimila og skóla
- að efla og tryggja gott samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks skólans
- að efla velferð nemenda með því að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- að hafa góð tengsl við skólastjórnendur, skólaráð, Foreldraráð Hafnarfjarðar og samtökin Heimili og skóli
- að standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

4. grein

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

- stuðla að auknu samstarfi foreldra og nemenda
- gefa út fréttabréf foreldra og hafa upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu
- starfa eftir þeim ákvæðum laga og reglugerða sem Alþingi og menntamálaráðuneytið setja um grunnskóla
- koma með tillögur að endurbótum og þróunarstarfi í samvinnu við skólayfirvöld
- kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans til dæmis með starfi í skólaráði og nefndum
- halda umræðu- og fræðslufundi um uppeldis- og skólamál
- fjalla um og koma með tillögur um aðstöðu barna í skólahverfinu
- styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda
- taka þátt í samstarfi foreldrafélaga og samtökum foreldra
- skipa bekkjarfulltrúa í hverja bekkjardeild og styðja við starf þeirra
- taka virkan þátt í nefndum og ráðum bæði innan skólans og utan varðandi afmörkuð viðfangsefni.

5. grein

(bekkjarfulltrúar)

Starf félagsins byggist á skipulögðu samstarfi foreldra og forráðamanna nemenda í hverjum bekk. Bekkjarfulltrúar skulu sjá um starf í þágu síns bekkjar í samráði við umsjónarkennara og deildarstjóra.

Í hverjum bekk skulu vera fjórir bekkjarfulltrúar sem kosnir eru í byrjun skólaárs og eigi síðar en á námsefniskynningarfundi skólans. Vilji bekkjarfulltrúar koma á framfæri einhverjum málum er varðar skólann í heild eða hluta hans, skal þeim komið á framfæri við stjórn foreldrafélagsins, sem annast öll slík mál. Störf bekkjarfulltrúa skulu nánar tilgreind í erindisbréfi til þeirra.

6. grein

(deildarformenn)

Stjórn foreldrafélagsins skipar deildarformann eða deildarformann úr röðum bekkjarfulltrúa. Best er að hafa deildarformann í hverri deild, þ.e. yngri deild, miðdeild og unglingadeild. Sé ekki nægu fólki að skipta eru deildarformenn færri en þó í það minnsta einn. Störf deildarformanna skulu nánar skilgreind í erindisbréfi til þeirra og verkefnaskiptingu stjórnar og ráða félagsins.

7. grein

(fulltrúaráð)

Innan félagsins skal starfa fulltrúaráð skipað öllum bekkjarfulltrúum allra bekkjadeilda, deildarformönnum, fulltrúum foreldra úr skólaráði ásamt stjórn félagsins. Stjórn foreldrafélagsins skal boða til fulltrúaráðsfunda a.m.k. tvisvar á skólaárinu og skal sá fyrsti vera snemma að hausti. Störf fulltrúaráðs skulu nánar skilgreind í verkefnaskiptingu stjórnar og ráða félagsins.

8. grein

(skólaráð samkv. 8. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008)

Á aðalfundi félagsins skal kjósa fulltrúa í skólaráð Hvaleyrarskóla. Skal a.m.k. einn fulltrúi foreldra í skólaráði vera úr röðum stjórnarmanna foreldrafélagsins. Fulltrúar í skólaráð eru kosnir til tveggja ára í senn, einn á hverjum aðalfundi.

9. grein

(starfsnefndir)

Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að skipa nefndir er starfa að afmörkuðum verkefnum. Stjórnin semur verkáætlun í samráði við þær. Stjórnarmeðlimir skipta með sé eftirliti með störfum nefnda og deilda fulltrúaráðsins.

10. grein

(stjórn)

Stjórnina skipa 7 forráðamenn nemenda, þar af 2 varamenn og 1 formaður sem kosnir eru á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Formaður er kosinn sérstaklega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum (varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi). Æskilegt er að meðlimir stjórnarinnar láti ekki af störfum allir í einu.

11. grein.

Stjórnarfundir skulu haldnir minnst fimm sinnum á hverju skólaári, þar af tveir fyrir áramót.

Stjórn félagsins skal gefa út starfsáætlun í byrjun skólaárs, þar sem tímasettir eru fundir stjórnar, fulltrúaráðs og almennir félagsfundir, svo og önnur verkefni félagsins.

12. grein.

(aðalfundur)

Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert og skal hann boðaður með viku fyrirvara.

Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Skipan fundarstjóra.
2. Skipan fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar síðasta starfsár.
4. Skoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.
5. Kosningar
    a. formaður félagsins
    b. 4 stjórnarmenn

c. 2 varamenn í það minnsta
d. 2 skoðunarmenn til að yfirfara reikninga
e. 2 fulltrúar í skólaráð, (kosið til tveggja ára, einn fulltrúi kosinn árlega)

6. Lagabreytingar (ef fram hafa komið).
7. Árgjald félagsins ákveðið.
8. Önnur mál.

13. grein.

Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst. Árgjald til félagsins skal ákveðið á aðalfundi þess ár hvert. Aðeins skal innheimta eitt félagsgjald á hvert heimili. Bekkjarfulltrúum, deildarformönnum, skólaráði eða nefndum á vegum foreldrafélagsins er óheimilt að skuldbinda félagið fjárhagslega eða koma fram fyrir hönd félagsins án samþykkis stjórnar þess.

14. grein.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar í aðalfundarboði og skulu þær lagðar fram skriflega eða á skjá á aðalfundi. Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta atkvæða á aðalfundi.

Starfsreglur og verksvið

Stjórn foreldrafélagsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á kennarastofu skólans. Formaður hefur lykil að skólanum og boðar til fundanna með tölvupósti. Í fundarboði er sett fram dagskrá fundarins. Ritari félagsins ritar fundargerðir sem hann sendir fundarmönnum á tölvutæku formi fljótlega eftir fund. Fundargerðin er send til skólastjóra og skólaráðs og sett á heimasíðu foreldrafélagsins ef engar athugasemdir berast innan fimm daga frá því að hún er send út. Ýmis gögn félagsins eru í vörslu stjórnarformanns og eru geymd í skáp foreldrafélagsins í skólanum.

Verksvið stjórnar foreldrafélagsins:

Formaður:

- hefur umsjón með tengslum við skólastjórnendur
- hefur umsjón með tengslum við fulltrúa foreldra í skólaráði eða felur það í hendur stjórnarmanni
- hefur umsjón með tengslum við bekkjarfulltrúa og ber ábyrgð á skipulagningu og boðun
- fulltrúaráðsfunda
- hefur umsjón með tengslum við nemendaráð
- hefur umsjón með tengslum við aðila utan skólans
- er fulltrúi foreldrafélagsins í svæðisráði foreldra eða felur það öðrum stjórarmanni
- boðar stjórnarfundi með dagskrá og stýrir þeim
- hefur yfirsýn yfir starfsemi félagsins og heldur utan um gögn sem fylgja starfinu
- sér til þess að starfsáætlun sé fylgt eftir
- vinnur að ársskýrslu ásamt ritara og gerir grein fyrir henni á aðalfundi foreldrafélagsins
- vinnur að öðrum aðkallandi verkefnum.

Varaformaður:

- er staðgengill formanns
- hefur yfirumsjón með tengslum við nefndir sem starfa á vegum foreldrafélagsins
- sér um tengsl við forstöðumann félagsmiðstöðvar og tómstundastarfs
- hefur yfirumsjón með foreldrarölti
- vinnur að aðkallandi verkefnum.

Ritari

- ritar fundargerðir á fundum félagsins, sendir til stjórnar skólastjóra og skólaráðs og setur samþykktar fundargerðir á vef foreldrafélagsins
- ritar fundargerðir á fulltrúaráðsfundum, sendir til bekkjarfulltrúa, skólaráðs og skólastjóra og setur á vef
- ber ábyrgð á vef foreldrafélagsins sem er vistaður á heimasíðu skólans
- á sæti í vefráði skólans (vefráð er ritsjórn fyrir vef skólans)
- á sæti í ritnefnd sameiginlegs fréttabréfs skólans og foreldrafélagsins
- miðlar upplýsingum til foreldra, nemenda, kennara og samfélagins í samstarfi við stjórn. Skrifar fréttir og tilkynningar inn á vef félagsins, í fréttabréf skólans og bæjarins
- uppfærir handbók. Tilkynnir breytingar á stjórn til skólans, svæðisráðs, skólaskrifstofu og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra
- vinnur að ársskýrslu ásamt formanni.

Gjaldkeri:

- sér um fjárreiður félagsins
- heldur utan um innheimtu félagsgjalda
- á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- vinnur að aðkallandi verkefnum.

Meðstjórnandi:

- á sæti í einni eða fleiri nefndum sem starfa á vegum foreldrafélagsins og sér um að koma upplýsingum um starfsemi nefnda til stjórnar
- er tengiliður stjórnar við deildarstjóra á efsta stigi – kemur meðal annars að skipulagi skólaferðalaga og útskrift nemenda í 10. bekk
- er tengiliður foreldrafélags vegna samstarfs við nemendaráð og við félagsmálakennara (handleiðara skólans fyrir nemendaráð) og fulltrúa nemenda í skólaráði
- vinnur að aðkallandi verkefnum t.d. skólaakstri þar sem það á við.

8.2. Verkefnaskrá (starfsáætlun)

Fundað í hverjum mánuði. Meðal fundaefnis foreldrarölt, bekkjarfulltrúar, fræðsla, hausthátíð, aðalfundur, jólaföndur, vorhátíð).

8.3. Verkefni foreldrafélags (foreldrarölt, bekkjarstarf o.fl.)

Á undanförnum árum hafa foreldrar og forráðamenn í samstarfi við foreldrafélög skólanna, félags-miðstöðvarnar og lögregluna farið í skipulagt foreldrarölt á kvöldin um helgar. Um er að ræða

sjálfboðaliðastarf foreldra þar sem leitast er við að ná fram samstöðu þeirra á meðal um að virða reglur um útivist barna og koma í veg fyrir hópamyndun unglinga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

Framkvæmd

Foreldraröltið er skipulagt innan hvers foreldrafélags og eru allir foreldrar hvattir til þátttöku. Safnað er nöfnum og símanúmerum þeirra foreldra sem hafa áhuga á að vera með og útbúinn er listi þar sem fólki er raðað niður á helgarnar. Komið er upplýsingum til tengiliða í félagsmiðstöðum og lögreglu um það hverjir eru með foreldrarölt og hvernig því verður háttað.

Þeir foreldrar sem fara á röltið hittast oftast í skólanum, félagsmiðstöðinni eða á lögreglustöðinni á föstudagskvöldi þar sem gjarnan er farið yfir atburði síðustu helga með því að skoða dagbækur sem margir foreldraröltshópar halda. Síðan er gengið um hverfið og komið við á þeim stöðum þar sem unglingar safnast saman svo sem við sjoppur, leiktækjasali, verslunarmiðstöðvar og skóla. Áhersla er lögð á að foreldrar reyni að hafa áhrif á hegðun unglinganna með nærveru sinni en hafi sem minnst bein afskipti af þeim nema nauðsyn beri til.

Hvers vegna að fara á foreldrarölt?

Einn megin kosturinn við foreldraröltið er sá að reynslan hefur sýnt að nálægð fullorðinna hefur yfirleitt þau áhrif að unglingahópurinn leysist upp og ólíklegt er að landa- eða vímuefnasölumenn geri vart við sig þegar foreldrar vakta svæðið. Það getur einnig verið lærdómsríkt og gaman að fara á foreldrarölt, kynnast öðrum foreldrum, heyra viðhorf þeirra og jafnvel komast að því að flestir foreldrar fá að heyra rökin "allir mega það".

Með því að fara á foreldrarölt geta foreldrar áttað sig betur á því hvað fer fram í hverfinu á kvöldin um helgar og hvar hætturnar leynast. Þannig sjá þeir oft staði eins og sjoppur og verslanir í nýju ljósi er þeir uppgötva þau skúmaskot sem geta leynst þar og unglingarnir nota til að neyta áfengis og annarra vímuefna í friði. Þá geta foreldrar fylgst með því hvort sjoppur eru að selja sígarettur til barna undir aldri, hvort börn undir aldri komist inn í spilasali, bari eða skemmtistaði í hverfinu og hvort þeim sé veitt áfengi á þessum stöðum.

Markmið foreldraröltsins er margþætt:

- að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglinga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglinga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið
- að draga úr áfengis- og fíkniefnaneyslu unglinga
- að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu
- að kanna hvað fer fram í hverfinu á kvöldin
- að ná sambandi við þá unglinga sem eru úti við
- að vera til staðar ef unglingar eru illa á sig komnir og þarfnast aðstoðar
- að koma á tengslum milli foreldra í hverfinu sem eiga börn á unglingsaldri
- að sýna unglingum góða fyrirmynd.

9. Nemendafélag Hvaleyrarskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá júní 2008 skal starfa nemendafélag við grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Við Hvaleyrarskóla er starfandi nemendafélag. Starfsemi þess er í samstarfi við tómstundamiðstöð Hvaleyrarskóla, Verið, sem starfandi er í skólanum.

9.1. Kynning og starfsreglur

Félagið heitir Nemendafélag Hvaleyrarskóla, hefur aðsetur í Hvaleyrarskóla og starfar **samkvæmt** lögum grunnskóla. Allir nemendur í Hvaleyrarskóla eru félagar í nemendafélaginu en einungis nemendur í 8.-10. bekk mega sitja í embættum og hafa kosningarétt.
Lög nemendafélagsins:

- Ný stjórn er kosin í upphafi hvers skólaárs með lýðræðislegum kosningum.
- Nemendur úr 10. bekk eru kosnir í embætti formanns og varaformanns. Aðrir nemendur skipta með sér öðrum embættum nemendafélagsins.
- Stjórn félagsins fundar einu sinni í viku og ber að tilkynna forföll til starfsmanns félagsmiðstöðvar eða ritara skólans.
- Ef kosið er um mál innan félagsins nægir einfaldur meirihluti.
- Nemendur sem sitja í nemendaráði skulu leitast eftir því að vera til fyrirmyndar og þeir nemendur sem neyta vímuefna s.s. áfengis, vímuefna og tóbaks geta ekki verið í nemendaráði.
- Brjóti kjörinn fulltrúi af sér hvað varðar reglur nemendafélagsins eða alvarlegt brot hvað varðar skólareglur skal honum umsvifalaust vikið úr nemendaráði. Brottrekstur úr nemendaráði getur verið tímabundinn ef brotið er þess eðlis.

Lög þessi eru endurskoðuð í byrjun hvers skólaárs á aðalfundi nemendafélagsins af starfsmönnum félagsmiðstöðvar og stjórn Nemendafélags Hvaleyrarskóla.

Stjórn Nemendafélags Hvaleyrarskóla 2026-2027

Nafn	Staða
Andrea Laxdal	Formaður
Bjartey Mjöll Ingvaldsdóttir	
Lena Guðrún Birkisdóttir	
Jón Gísli Eggertsson	
Þórunn Tinna Hlynsdóttir	
Daði Snær Ragnarsson	
Emma Sóley Sigurðardóttir	
Kristófer Leó Mireles	
Óskar Delroy Axelsson	Varaformaður

Victoria Nabakowska Bhandari

9.2. Verkefnaskrá (starfsáætlun)

Mánuður	Viðfangsefni
Ágúst 2026	▪ Fundur
September	▪ Fundur ▪ Starfsdagar Samfés (starfsfólk) ▪ Nemendaráðsfræðsla ▪ Hinsegin landsmót Samfés ▪ Haustball/nýnemaball
Október	▪ Fundur ▪ Hafnarfjarðardraumurinn ▪ Landsmót Samfés ▪ Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan
Nóvember	▪ Fundur ▪ 220-ball ▪ Rímnaflæði ▪ Danskeppni Hafnarfjarðar
Desember	▪ Fundur ▪ HafnarfjarðarLAN ▪ Skákmót Hafnarfjarðar ▪ Jólaball/-skemmtun
Janúar 2027	▪ Fundur ▪ HafnarfjarðarStíll ▪ Samfés-con (starfsfólk) ▪ 7.bekkjarball ▪ 10.bekkjarball
Febrúar	▪ Fundur ▪ Grunnskólahátíð ▪ Veistu svarið (Fyrsta umferð)
Mars	▪ Fundur ▪ Danskeppni Samfés ▪ Stíll Samfés ▪ Söngkeppni Hafnarfjarðar

Apríl	▪ Fundur ▪ Aðalfundur Samfés (starfsfólk) ▪ Árshátíð Versins ▪ Undarúrslit og úrslit Veistu svarið
Maí	▪ Fundur ▪ SamFest
Júní	▪ Lokahátíð Hafnarfjarðar ▪ Fundur

9.3. Verkefni nemendafélags (félagslífið)

Hlutverk nemendafélags er að:

- skipuleggja félagsstarf í skólanum í samvinnu við starfsfólk félagsmiðstöðvar og skólastjórnar.
- gæta hagsmuna nemenda í skólanum og virkja sem flesta nemendur til starfa og þátttöku í félagslífi.
- vera góðar fyrirmyndir fyrir nemendur skólans.

10. Upplýsingar um skólastarfið og tilkynningar:

Í Hvaleyrarskóla er lögð áhersla á að nemendur hljóti góða alhliða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Meginmarkmið skólastarfs í Hvaleyrarskóla er að efla alhliða þroska barna og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega til þess að þau geti notið bernskunnar og skólagöngunnar í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Leitast er við að veita öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun þeirra til frekari menntunar og þroska. Til þess að svo megi verða þarf samstarf heimila og skóla að vera öflugt og upplýsingastreymi og aðgengi að starfsmönnum gott, enda er hlutverk skóla m.a. að taka þátt í uppeldi barna, þó ábyrgðin hvíli fyrst og fremst á foreldrum.

Kennsla er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn. Í kennsluskipulagi er lögð áhersla á skipulag sem byggir á hópavinnu, þemanámi, einstaklingsvinnu, þrautalausnum, gagnrýnni hugsun og færni nemenda til að afla sér þekkingar og nýta sér nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni í því skyni. Kennarar vinna saman í teymum í kennslustundum og við skipulagningu og undirbúning kennslunnar. Skólastefna Hafnarfjarðar er lögð til grundvallar öllu starfi í skólanum.

Í skólanum er SMT - skólafærni (school management training) þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Einkunnarorð Hvaleyrarskóla eru kurteisi, ábyrgð og samvinna. Einkunnarorðin vísa okkur veginn í daglegum samskiptum.

10.1. Skólastarfskynningar (6 ára nemendur o.fl.)

Foreldrar fá sendan með tölvupósti sérstakan bækling frá sveitarfélaginu um upphaf náms í grunnskóla sem gerður var af Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Markmiðið með bæklingnum er að efla tengsl heimilis og skóla og veita foreldrum mikilvægar upplýsingar við upphaf grunnskólanámsins.

Að hausti er foreldrum boðið upp á foreldrafærninámskeið þar sem boðið er upp á margskonar fyrirlestra og fræðslu. Þar eru kennarar með kynningu á starfi vetrarins og foreldrafélagið er kynnt. Eftir námskeiðið fá foreldrar ýmsa bæklinga með sér heim sem tengjast skólabyrjun t.d. frá Heimili og skóla og skólaþjónustu skólans.

10.2. Skólavefur

Heimasíða Hvaleyrarskóla er upplýsingamiðill fyrir skólann. Á síðunni er að finna upplýsingar um starfið í skólanum, myndir, eyðublöð o.fl. Slóðin er http://www.hvaleyrarskoli.is Einnig heldur skólinn úti facebooksíðu á slóðinni https://www.facebook.com/hvaleyri/ þar sem gefnar eru almennar upplýsingar um skólastarfið, aðallega um viðburði í skólanum.

10.3. Fréttablað

Fréttablað Hvaleyrarskóla heitir Hvalrekinn, það kemur út reglulega á skólaárinu. Blaðið er gefið út rafrænt og sent í tölvupósti til foreldra allra nemenda skólans. Eldri skólablöð er hægt að nálgast á heimasíðu skólans. Það endurspeglar lífið í skólanum bæði í leik og starfi þar er sagt er frá ýmsum verkefnum nemenda, leikjum og vettvangsferðum. Einnig er komið inn á faglega þætti líkt og lestur, heilsueflandi skóla, SMT og margt fleira.

10.4. Tölvupóst- og SMS-sendingar

Tölvupóst- og SMS-sendingar fara fram í gegnum Mentor. Þar geta bæði nemendur og foreldra fengið sendan tölvupóst til sín auk SMS sendinga. Tölvupóstar eru sendir til foreldra vegna ýmissa tilkynninga s.s. vegna óveðurs. Helst eru notaðar SMS-sendingar til foreldra frá skólanum ef tímar falla niður í upphafi skóladags hjá elstu nemendum skólans.

10.5 Aðrar samskiptaleiðir (s.s. viðtöl við kennara o.fl.)

Hægt er að óska eftir viðtali við kennara með því að senda tölvupóst til kennara eða leggja inn skilaboð hjá ritara um ósk um viðtal. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að nýta sér þetta.

11. Samstarf við önnur skólastig, stofnanir og grenndarumhverfið

Hér er kynnt það samstarf sem Hvaleyrarskóli á við umhverfi sitt í víðum skilningi, innan bæjarins sem utan.

11.1. Leikskólasamstarf

Samstarf leik- og grunnskóla í Hafnarfirði er margvíslegt en sérstaklega í tengslum við það er samstarf þegar börn ljúka leikskólagöngu og hefja nám í grunnskóla. Um það samstarf gildir ákveðið verklag og er skylda starfsfólks leikskóla að miðla bæði nauðsynlegum og mikilvægum upplýsingum um barn til starfsfólks grunnskóla óháð því hvaða upplýsingum foreldrar vilji að fara á milli skólastiganna. Meginefni verklagsreglnanna er að koma á virku samráði milli starfsfólks leik- og grunnskóla, bæði almennt séð og um einstök börn, sem miðar að því að efla nám barnanna á báðum skólastigum.

Eftirfarandi eru verklagsreglur (staðfestar af fræðslustjóra í Hafnarfirði 1. febr. 2017) um framkvæmd á upplýsingamiðlun milli leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar vegna barna sem eru að hefja nám í grunnskóla á því ári sem þau verða 6 ára. Slík upplýsingamiðlun er lagaskylda.°

Verklagsreglur um framkvæmd:

Verklagsreglur um framkvæmd á upplýsingamiðlun milli leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar vegna barna sem eru að hefja nám í grunnskóla (sbr. reglugerð nr. 896/2009). Markmiðið er að skólagangan takist sem best og sérhvert barn fái nám við hæfi í grunnskóla.

a. Starfsfólk leikskóla skila upplýsingum um börn með sérþarfir sem teljast nauðsynlegar til undirbúnings grunnskólagöngu barns. Upplýsingunum er skilað á sérstöku formi sem er útbúið á skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu, nefnd skólaskilaform (sjá Lækinn). Einnig skilar hver leikskóli niðurstöðum Hljóm-2 fyrir öll fimm ára börn skólans. Upplýsingum um hvaða börnum verður skilað er komið skriflega til sérkennslufulltrúa leikskóla fyrir 15. mars ár hvert.
b. Fyrir 10. apríl eru haldnir sérstakir skilafundir leik- og grunnskóla um einstök börn. Á þessa fundi mæta stjórnendur úr grunnskólum og viðkomandi sérkennslustjóri og/eða sérkennari/deildarstjóri í leikskóla auk sérkennslufulltrúa/sérkennsluráðgjafa leik- og grunnskóla. Á þessum fundum fá fulltrúar grunnskólanna skólaskilseyðublöð, skýrslur um niðurstöður mats og önnur gögn vegna skólabyrjenda næsta haust. Ef það er talið æskilegt að ákveðin börn ættu eða ættu ekki að vera saman í námshópi í grunnskóla er mikilvægt að miðla þeim upplýsingum til starfsfólks grunnskóla. Þannig á að vera tryggt að starfsfólk grunnskóla hafi nægar upplýsingar fyrir skipulagningu vetrarstarfsins í 1. bekk. Sérkennslufulltrúar leik- og grunnskóla skipuleggja fundina. Þessir fundir fara fram á Skrifstofu fræðsluog frístundaþjónustu.
c. Þar sem það á við eru sérstakir teymisfundir vegna barna með sérþarfir (þ.m.t. börn sem fara í sérúrræði) ekki síðar en í maí. Þar miðla fulltrúar leikskóla ásamt foreldrum nauðsynlegum upplýsingum til fulltrúa grunnskólans, eins og við á hverju sinni og skipuleggja væntanlegt úrræði barns í grunnskóla. Teymisfundir halda áfram í grunnskóla eins og þörf er talin á og mælt er með því að fulltrúi leikskóla sé boðaður á teymisfund í grunnskóla að hausti.
d. Á haustönn verði haldnir faglegir samstarfsfundir kennara fimm ára barna í leikskóla hvers grunnskólahverfis og kennara 1. bekkja í grunnskólanum. Þessir fundir verði skipulagðir af starfsfólki skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu í samstarfi við skólana. Aðaláhersla verði lögð á samfellu í námi

á milli skólastiga. Markmiðið er að efla faglegt samstarf milli leik- og grunnskóla í hverju skólahverfi fyrir sig.

e. Í 37. og 38. viku (ca 7.-18. sept.) verði haldnir skilafundir leik- og grunnskóla um einstök börn. Á þessum fundum verði umsjónarkennari/-ar og/eða deildarstjóri í grunnskóla og viðkomandi deildarstjóri í leikskóla og/eða sérkennari/sérkennslustjóri auk sérkennslufulltrúa/sérkennsluráðgjafa leik- og grunnskóla. Sérkennslufulltrúi grunnskóla skipuleggur fundina. Þessir fundir fari fram í grunnskólunum.

> Á þessum tímapunkti er umsjónarkennari í 1. bekk búinn að kynnast nemendum og sjá þá í leik og starfi í skólanum. Hann er því betur í stakk búinn til samræðna um nemendur. Umsjónarkennari getur auk þess átt samtal við deildarstjóra í leikskóla um önnur börn sem ekki þótti ástæða til að skila sérstaklega.

Þessar verklagsreglur eru útfærsla á lögum og reglugerðum sem um skólastarf þessa skólastiga gildir, t.d.

- Reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla.
- Reglugerð 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

Verklagsreglurnar eru þó sömuleiðis leið leik- og grunnskóla bæjarins til að vinna að auknu samstarfi og vinna að sem mestri samfellu í námi einstakra nemenda.

11.2. Framhaldsskólasamstarf

Samstarf við framhaldsskóla er margvíslegt. Það fer að mestu fram undir lok grunnskólanámsins eins og það snýr að foreldrum elstu nemenda. Þannig fá nemendur fræðslu og upplýsingar um möguleika á framhalds-námi að loknu grunnskólanámi. Þá er sérstakt samstarf við framhaldsskólana í Hafnarfirði um námsframboð fyrir nemendur sem geta tekið framhaldsskólaáfanga í ákveðnum námsgreinum áður en þeir ljúka grunnskóla. Það samstarf fer fram eftir ákveðnu vinnuferli er kallast Bæjarbrú sem skólinn veitir upplýsingar um (sjá nánar kafla 14.7). Þá fer fram annað samstarf við framhaldsskóla vegna nemenda með sérþarfir þegar líður að lok grunnskóla. Í því felst að undirbúa þátttöku fatlaðra nemenda fyrir nám í framhaldsskóla (sjá nánar tilfærsluáætlun í IV. hluta).

11.3. Bæjarsamstarf (Byggðasafnið, Bókasafn Hafnarfj., TH o.fl.)

Hvaleyrarskóli er í samstarfi við ýmsar stofnanir innan bæjarins s.s. bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafnið og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Bæjarsamstarf skólans er þó misjafnt eftir árum. Það er í höndum hvers og eins kennara að skipuleggja vettvangsferðir með sínum bekkjum og því mismunandi eftir árgögnum hve samstarfið er mikið hverju sinni.

11.4. Grenndarsamstarf (m.a. íþrótta-, æskulýðs- og trúfélög)

Skólinn er í grenndarsamstarfi við Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug en þangað sækja börn á öllum stigum skólans sund. Einnig er samstarf við Haukaheimilið á Ásvöllum en þangað sækja nemendur skólans íþróttatímana sína. Skólinn á einnig í góðu samstarfi við Golfklúbbinn Keili.

Um samstarf við trúfélög og lífsskoðunarfélög gilda sérstakar reglur í grunnskólum Hafnarfjarðar. Sjá nánar kafla 30.

12. Skólasérstaða

Við í Hvaleyrarskóla höfum markað okkur sérstöðu á ýmsum sviðum. Markviss málörvun er eitt af sérkennum skólans. Í markvissri málörvun læra nemendur framkomu og framsögn, að mynda sér skoðanir, rökstyðja þær og geta tjáð sig fyrir framan hóp af fólki.

Við erum SMT skóli sem þýðir að áhersla er lögð á að nálgast nemendur á jákvæðan hátt, gefa góðri hegðun meiri gaum en slæmri hegðun og skapa þannig jákvæðan skólabrag.

12.1. Skólahefðir (samvera, skólasöngur, föst verkefni eins og dagur ísl. tungu o.fl.)

Markviss málörvun

Markviss málörvun hefur verið kennd í Hvaleyrarskóla frá upphafi skólans. Markviss málörvun er kennd í öllum árgöngum.

Meginmarkmið með markvissri málörvun er að nemendur eignist sinn samastað í tungunni með því að læra markvisst talað mál og hlustun.

Undirmarkmið

Að nemendur:

- nái góðu valdi á töluðu máli, framsögn og samræðulist
- geti gert skipulega grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum
- geti auðveldlega tekið virkan þátt í félagslegum samskiptum
- kunni að hlusta og skoða með athygli á gagnrýninn hátt.

Leiðir

Að nemendur læri að:

- segja skipulega frá
- mynda sér skoðanir, tjá þær og rökstyðja
- koma fram með eigin tilgátur
- tjá tilfinningar sínar í orðum
- taka virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi og virða þær reglur sem gilda í umræðum og samræðum
- nota ræðupúlt.

Áhersla er lögð á framsögn og skýran framburð. Nemendur eru prófaðir í töluðu máli (s.s. framsögn, frásögn, umræðum og hlustun) og fá einkunn fyrir.

Samverur á sal

Eitt af því sem styður kennslu í Markvissri málörvun í Hvaleyrarskóla eru samverur nemenda. Þær eru haldnar einu sinni í viku hjá hverri deild. Í yngstu og miðdeild sér hver bekkur um samveru einu sinni á hvorri önn. Samveran hefst á því að kveikt er á þremur kertum sem hvert um sig tákna eitt af yfirheitunum okkar. Umsjónarkennarar sjá um skipulag samverunnar í samstarfi við samverustjóra, en nemendur sjá sjálfir um að kynna atriðin. Foreldrum er boðið á samveru sinna barna og er óhætt að segja að þær hafi verið afar vel sóttar.

Vinavika

Vinavika er í september. Þá viku eru haldnir fjölgreindaleikar eða vinaleikar þar sem nemendum frá 1. – 10. bekk er blandað saman í hópa sem vinna saman að ýmsum vekefnum sem reyna á hinar ýmsu greindir.

Dans

Nemendur í 1. til 6. bekk fá sviðslistarkennslu einu sinni í viku. Sviðslistarkennslan hefur m.a. skilað sér í skemmtilegum atriðum á samverum nemenda.

Viðfangsefni eru í samræmi við aldursstig en meðal þess sem nemendur læra eru ýmsir leik- og tjáningardansar, diskó-dansar, línudansar, tískudansar og samkvæmisdansar.

Þemadagar

Undanfarin ár hefur sú hefð verið að komast á að hafa þemadaga síðustu vikuna fyrir Dimbilviku. Að hausti er skipuð þemanefn/teymi sem kemur með hugmyndir að þeirri vinnu sem unnin er þessa viku.

Skólasöngur

Í tilefni af 30 ára afmæli skólans samdi Guðrún Árný Karlsdóttir tónmenntakennari skólasöng Hvaleyrarskóla hún ásamt Páli Sigurði Sigurðssyni sömdu texta við skólasönginn. Hér má sjá og heyra skólasönginn.

Útikennsla

Í Hvaleyrarskóla eru kennarar hvattir til að fara út fyrir kennslustofuna með kennslu sína og nýta nærumhverfi skólans til kennslu. Á sameiginlegu svæði Hvaleyrarskóla og leikskólans Álfasteins hefur Hvaleyrarskóli með aðstoð foreldrafélagsins komið upp aðstöðu fyrir útikennslu en þar er eldstæði en til eru viðeigandi áhöld til að geta verið með útikennslu í heimilisfræði og náttúrufræði á þessu svæði.

Jólaskemmtanir

Nemendur í 5. bekk sjá um að æfa og sýna helgileikinn fyrir yngri nemendur og foreldra.

Jólaföndur Foreldrafélagsins

Foreldrafélag skólans stendur alltaf fyrir jólaföndri fyrir nemendur og fjölskyldur einn seinnipart eða sunnudagsmorgun í desember þar sem komið er saman og undanfarin ár hefur verið málað á piparkökur.

Samvinna við leikskóla hverfisins

Nokkrar hefðir hafa skapast með leikskólum hverfisins. Nemendur í 4.bekk hafa farið í leikskólana í kringum dags íslenskrar tungu og lesið fyrir leikskólabörn. Nemendur leikskólanna koma 1-2 sinnum yfir skólaárið og fara í heimsókn á bókasafnið. Í desember kom koma skólahópar leikskólanna þriggja (Vesturkosts, Álfasteins og Smáralundar) í skólann og syngja saman jólalög með nemendum 1. bekkja.

Félaglífið

Tómstundamiðstöð Hvaleyrarskóla, Verið, kemur að mörgum viðburðum sen snýr að félagslífi unglinganna okkar. Fiestan er haldin í nóvember ár hvert og er haldin í samvinnu við félagsmiðstöðina í Lækjarskóla. Grunnskólahátíðin er sameiginlegt ball allra grunnskólanna í bænum og er samvinnuverkefni allra félagsmiðstövanna íbænum og er að jafnaði haldin um miðjan febrúar. Þá kemur Verið m.a. að; nýnemaballi, árshátíð nemenda, hæfileikakekppni nemenda í miðdeild og fleiri viðburðum.

Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka ár hvert þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í mas/apríl með því að valdir eru þrír bestu upplesarar í hverju byggðarlagi, eða í umdæmi hverrar skólaskrifstofu.

Litla upplestrarkeppnin

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem byggist á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin. Lögð er áhersla á að bæta árangur í lestri, virðingu og vandvirkni. Litlu upplestrarkeppninni lýkur með upplestrarhátíð í skólanum þar sem foreldrum er boðið til að hlusta á upplestur barna sinna.

Skólabúðir

Nemendur í 7. bekk fara ár hvert í skólabúðir í Reykjaskóla í Hrútafirði. Þá fara nemendur í 9. bekk í vikudvöl við Úlfljótsvatn.

Íþrótta- og útivistardagar

Í byrjun júní er haldin íþróttadagur í hverri deild þar sem farið er í fjölbreytta leiki. Í byrjun júní fara nemendur einnig í ýmsar útivistarferðir sem eru misjafnar eftir árgöngum.

Bjartir dagar

Bjartir dagar er bæjarlistahátíð í Hafnarfirði en nemendur í 3. bekk taka á hverju ári þátt í setningu hennar á Thorsplani á síðasta vetrardegi.

12.2. Skólaþróun

Að vinna gott starf betur

Markmiðið er að efla skólamenningu Hvaleyrarskóla og byggja upp öflugt lærdómssamfélag þar sem fjölbreyttum kennsluháttum er beitt til að tryggja árangursríkt nám allra nemenda. Lögð er áhersla á að virkja nemendur til þátttöku og efla ábyrgð þeirra á eigin námi. Öflug jafningjafræðsla, teymiskennsla og náið samstarf eru eðlilegur og sjálfsagður þáttur í daglegu skólastarfi.

Heilsueflandi grunnskóli

Hvaleyrarskóli er nú formlega þátttakandi í verkefni sem ber heitið Heilsueflandi grunnskóli á vegum Embættis landlæknis. Hvaleyrarskóli var fyrsti grunnskólinn í Hafnarfirði sem tekur þátt í þessu verkefni. Eitt helsta markmið heilsueflandi grunnskóla er að vinna markvisst að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda, starfsfólks og samfélagsins. Í heilsueflandi grunnskóla er sérstök áhersla lögð á eftirfarandi átta þætti skólastarfsins: Nemendur, mataræði/tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing/öryggi, lífsstíll og starfsfólk. Byggt verður ofan á þann grunn sem þegar er til staðar í skólanum en markmið, stefna og starf skólans fellur að mörgu leyti vel að markmiðum og áherslum heilsueflandi skóla.

Byrjendalæsi

Markmið byrjendalæsis er að þróa vinnubrögð í lestrarkennslu í yngstu deild sem auka lestrarfærni nemenda. Jafnframt verður lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Vinnubrögð taka mið af kenningum um samvirkar aðferðir. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild og jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins. Nemendur læra að lesa út frá merkingarbærum

textum þar sem jöfnum höndum verður lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna og textavinnu, samband stafs og hljóðs, sundurgreinandi og samtengjandi aðferðir.

Skák

Skák er kennd í fjórum árgöngum í Hvaleyrarskóla. Nemendur byrja í þriðja bekk og klára í sjötta bekk. Hver nemandi fær sex vikna námskeið, tvisvar á skólaárinu, tvær kennslustundir á viku. Í þriðja bekk er byrjað á grunnatriðum, allir kunni manngangginn, þekki stig skákmannanna o.s.fr. Í árgöngunum þar á eftir, er bætt ofan á grunninn þannig að í sjötta bekk hafi nemendur tileinkað sér öll helstu atriði skákarinnar. Rannsóknir sýna að skákiðkun styður við annað nám, þjálfar rökhugsun, skapandi hugsun og einbeitningu svo eitthvað sé nefnt. Til að fylgja kennslunni eftir eru haldin árgangaskipt skákmót innan skólans. Þá hefur Hvaleyrarskóli sent lið í flest þau skólamót sem í boði eru, utan skólans, fyrir grunnskólakrakka. Hvaleyraskóli hefur náð ágætis árangri í skákmótum. Það er líka góð reynsla fyrir krakka að taka þátt í skákmóti og skilur eftir góðar minningar um veru þeirra í skólanum.

Endurskoðun aðalnámskrár

Að þróa námsmat í Hvaleyrarskóla með hliðsjón af aðalnámskrá. Í almennum hluta aðalnámskrár frá 2011 segir: „Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda.“

Markmið verkefnisins var að rýna í og meta hversu vel matsaðferðir sem viðhafðar voru í skólanum samræmast ofangreindum markmiðum aðalnámskrár. Áhersla verði lögð á leiðsagnarmat í skólanum okkar í anda námskrárinnar og að námsmatsaðferðir verði fjölbreyttari þar sem inn komi í meira mæli sjálfsmat nemenda og jafningjamat. Einnig að framsetning námsmats taki breytingum frá því sem var með það að markmiði að vera meira lýsandi fyrir nemendur og foreldra þeirra.

Ipad í 5.-10. bekk

Nemendur í 5. – 10. bekk Hvaleyrarskóla hafa spjaldtöflur til umráða. Nemendur í 8. – 10. bekk fara með spjöldin heim þar sem þau eru tæki til náms. Nemendur sjá til þess að koma með tækin fullhlaðin í kennslu að morgni og verða að fara að reglum varðandi notkun þess.

12.3. Samstarfsverkefni

Haustið 2026 hófst innleiðing á nýjum lestrarkennsluaðferðum (K- og G-pals) í 1. og 2. bekk í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar. Verkefnið tengist yfirstandandi uppfærslu á læsisstefnu Hafnarfjarðar. PALS lestrarkennsluaðferðin er gagnreynd og var hún upphaflega hugsuð út frá þörfum fjölbreytts nemendahóps, þ.m.t. fjöltyngdra nemenda. Með Pals námsefninu er leitast við að mæta mismunandi stöðu nemenda og þörfum þeirra hvað varðar læsi. Markmiðið með PALS er að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af nemendum í stafaþekkingu og lestri/lesskilningi með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). PALS lestraraðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í pörum og aðstoða nemendur hvor annan við að bæta lesturinn.

Byrjendalæsis aðferðin er notuð í 3. og 4. bekk. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Aðferðiner þróuð á grunni samvirkrar nálgunar þar sem litið er svo á að hlustun, mál, lestur og ritun séu samofnar aðgerðir sem skuli vera samtvinnaðar í læsisnáminu. Gengið er

út frá að nemandinn sé virkur í námi sínu og læri best ef námið er heildstætt og hafi merkingu fyrir hann. Gæðatextar eru þungamiðja Byrjendalæsis og öll tæknileg vinna í læsisnáminu sprettur upp úr þeim efniviði sem gæðatextinn felur í sér. Kennarinn les fyrir börnin og ræðir m.a. innihald textans og orðaforðann. Nemendur fá að kynnast bókstaflegum lestri, hvernig lesið er milli línanna og hvernig tengingar eru myndaðar út fyrir línurnar. Ritun er gert hátt undir höfði í Byrjendalæsi og nemendur kynnast ritun samhliða lestrinum. Í byrjun er áherslan á tjáninguna fremur en formið. Nemendur tjá sig fyrst í gegnum teikningu. Þeir fara síðan að bæta orðum og orðasamböndum við myndlist sína og að lokum skrifa þeir heilar málsgreinar eða efnisgreinar. Mikil áhersla er lögð á sýnikennslu og stuðning til að nemendur læri vinnubrögð sem eru líkleg til að hjálpa þeim að verða greinandi og sjálfstæðir lesarar.

Gengið er út frá því að námsþörfum allra nemenda sé mætt í almennri kennslu með ögrandi viðfangsefnum við hæfi hvers og eins. Kennarar safna upplýsingum um gengi nemenda í daglegu starfi og skipuleggja ný viðfangsefni þar sem nemendur fá ítarlega leiðsögn og tækifæri til æfinga.

12.3.1. Innanbæjarsamstarf

Stóra upplestrarkeppnin er framsagnarlestrarverkefni sem nemendur í 7. bekkjum taka þátt í. Hún hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert og lýkur með lokahátíð í Hafnarborg í mars þar sem fulltrúar skólans keppa við jafnaldra sína í Hafnarfirði eftir útsláttarkeppni í skólanum sem allir nemendur árgangsins taka þátt í. Stóra upplestrarkeppnin hefur verið starfrækt í Hafnarfirði frá árinu 1996 þar sem hún hófst á Íslandi en núna taka nánast allir 7. bekkir á landinu þátt í keppninni árlega.

Litla upplestrarkeppnin er framsagnarlestrarverkefni sem nemendur í 4. bekkjum taka þátt í. Hún hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert og lýkur með lokahátíð í Hafnarborg í apríl með bekkjunum þar sem gestum er boðið að vera með. Litla upplestrarkeppnin hefur verið starfrækt í Hafnarfirði frá árinu 2010.

Bjartir dagar eru menningarhátíð bæjarins. Grunnskólarnir taka þátt í hátíðinni og hefur það verið venja í mörg ár að 3. bekkingar hafa opnað hátíðina með söng á Thorsplani.

Þá hefur í allmörg ár verði haldin íþróttakeppni milli grunnskóla bæjarins sem íþróttakennarar grunnskólanna standa að og skipuleggja. Það eru nemendur í 9. bekkingar grunnskólanna sem keppa í nokkrum íþróttagreinum hverju sinni og ekki þeim sömu milli ára. Þær eru haldnar ýmist á Ásvöllum eða í Kaplakrika og hafa verið haldnar í byrjun maí síðustu ár.

13. Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er fagverkefni í grunnskólakerfinu á Íslandi í því að efla skóla, auka gæði skólastarfsins og vinna að umbótum. Mat á skólastarfi er skilgreint í lögum hverju sinni.

13.1. Kynning

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er rætt um tvenns konar mat á skólastarfi, þ.e. innra mat skóla og ytra mat sem skiptist bæði á sveitarfélög og ríkisvaldið. Í lögunum segir:

> *35. gr.* ***Markmið****.*
>
> *Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:*
>
> *a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,*
>
> *b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,*
>
> *c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
>
> *d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Á grunni þessa lagaboðs fer fram margvíslegt mat á skólastarfi sem er kynnt hér áfram.

13.2. Innra mat skóla

Innra mat er það mat sem fer fram innan skólans sjálfs. Það er á ábyrgð skólastjóra og unnið með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og skólaráðs eftir því sem við á. Um innra mat gilda lög um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009. Í 36. gr. laganna segir:

„Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“

Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar á innra mat að vera kerfisbundið og samofið öðru skólastarfi. Skólinn birtir á vef sínum upplýsingar um hvernig innra mat fer fram, helstu niðurstöður þess og umbótaáætlun, og hvernig matið tengist skólanámskrá, starfsáætlun og skólastefnu sveitarfélagsins.

Innra mat í Hvaleyrarskóla byggir á mörgum gagnalindum: Meðal annars Skólapúlsinum, Matsferli, vinnustaðagreiningum, Íslensku æskulýðsrannsókninni og daglegri teymisvinnu um nám nemenda, skólaþróunarverkefnum og umbótaverkefnum. Matið snýst um árangur, fagleg vinnubrögð og samskipti í skólastarfinu.

Ferli innra mats

Hvað	Hver	Hvenær
Matsáætlun fyrir skólaárið: hvað er metið, hvernig og hvenær	Umbótateymi	September
Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk	Skólapúlsinn, í umsjón skólans	Nemendur sept.–maí, foreldrar (annað hvert ár), starfsfólk (annað hvert ár).
Niðurstöður kannana og mælinga greindar	Umbótateymi	Maí–júní
Niðurstöður kynntar starfsfólki, skólaráði og foreldrum	Skólastjóri og umbótateymi	Starfsmannafundur og skólaráðsfundur í júní; foreldrar á vef / í fréttabréfi
Umbótaáætlun gerð og henni fylgt eftir	Umbótateymi og deildarstjórar	Ágúst–september; eftirfylgni yfir veturinn
Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun birt á vef skólans	Skólastjóri	September (hlekkur)

Matsteymi

Skólaráð Hvaleyrarskóla gegnir hlutverki matsteymis. Í skólaráði eiga sæti fulltrúar starfsfólks, foreldra, nemenda og grenndarsamfélags, og þannig eiga allir hagsmunahópar aðild að innra mati skólans. Skólaráð fjallar um niðurstöður innra mats og umbótaáætlun á fundi sínum í júní og er það liður í verkefnaskrá skólaráðs (kafli 7.2).

Umbótateymi

Umbótateymi Hvaleyrarskóla leiðir innra mat skólans. Skólaárið 2026–2027 er það skipað eftirfarandi aðilum

- Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri
- Vala Björk Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri
- Steinar Ó. Stephensen, deildarstjóri yngstu- og miðdeildar
- Berglind Ósk Kristjánsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
- Margrét Heiða Magnúsdóttir, deildarstjóri tómstundamiðstöðvar
- Friðþjófur Helgi Karlsson, deildarstjóri Bjargs og verkefnastjóri ÍSAT

Skólastjóri er ábyrgðaraðili teymisins og tengiliður við skólaráð. Hann boðar fundi, gerir dagskrá og ritar fundargerðir. Deildarstjórar fylgja eftir umbótavinnu innan sinnar deildar. Teymið gerir sér starfsáætlun fyrir skólaárið og skiptir með sér verkum. Hlutverk umbótateymis er að:

- gera árlega matsáætlun: hvað er metið, hvernig og hvenær;
- greina niðurstöður kannana og mælinga (Skólapúls, Matsferill, vinnustaðagreining, Íslenska æskulýðsrannsóknin o.fl.) og kynna þær starfsfólki, skólaráði og foreldrum;

- gera umbótaáætlun með markmiðum, ábyrgðaraðilum og tímasetningum og fylgja henni eftir;
- skrifa árlega skýrslu um innra mat og birta hana á vef skólans, sbr. 36. gr. laga um grunnskóla og 3. gr. reglugerðar nr. 658/2009;
- fylgja eftir umbótaáætlun í kjölfar ytra mats þegar við á;
- halda utan um árlega endurskoðun starfsáætlunar.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem Hafnarfjarðarbær leggur öllum grunnskólum bæjarins til. Hann mælir viðhorf og líðan nemenda, foreldra og starfsfólks, og niðurstöðurnar eru samanburðarhæfar á landsvísu. Nemendur í 6.–10. bekk svara könnun í úrtökum fjórum sinnum yfir skólaárið, frá september til maí, foreldrar svara í febrúar annað hvert ár og starfsfólk í mars annað hvert ár.

Mats- og umbótaáætlun skólans er í kafla 83 og skýrsla um innra mat er birt á vef skólans.

13.3. Ytra mat sveitarfélags

Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri almennra grunnskóla, þar á meðal á mati og eftirliti með skólastarfi (5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008). Gagnvart sjálfstætt reknum grunnskólum í sveitarfélaginu sinnir sveitarfélagið eftirliti á grundvelli þjónustusamnings (43. gr. a). Um ytra mat sveitarfélaga segir í 37. gr. laganna:

> *37. gr.* ***Ytra mat sveitarfélaga****.*
>
> *Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.*
>
> *Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.*

Í Hafnarfirði fer mennta- og lýðheilsusvið með þetta hlutverk og fræðsluráð gegnir hlutverki skólanefndar skv. 6. gr. laganna. Sviðið fylgir því eftir að hver grunnskóli sinni innra mati, leggur skólunum til matstækið Skólapúlsinn og vinnur úr niðurstöðum eftir því sem við á. Það fylgir einnig eftir áætlanagerð og umbótaverkefnum skólanna. Óháð einstökum matsúttektum ber sviðinu jafnframt að vinna að því að skólastarf í sveitarfélaginu sé á hverjum tíma í samræmi við lög og reglugerðir. Fræðsluráð staðfestir starfsáætlun skólans ár hvert.

Ytra mat ríkisins á grunnskólum er á hendi mennta- og barnamálaráðuneytis (38. gr.). Nánar er kveðið á um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga í reglugerð nr. 658/2009.

13.4. Ytra mat mennta- og barnamálaráðuneytis

Ríkið annast einnig ytra mat á grunnskólum, sbr. 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Ráðuneytið greinir og miðlar upplýsingum um skólahald, gerir áætlun um kannanir og úttektir og skipuleggur þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum á borð við PISA. Frá 1. apríl 2024, þegar Miðstöð menntunar og skólaþjónustu tók við af Menntamálastofnun, hefur ytra mat á grunnskólum verið á hendi mennta- og barnamálaráðuneytisins, sem annast einnig eftirfylgni þess.

Í ytra mati byggja matsaðilar á gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum og viðtölum við nemendur, starfsfólk og foreldra. Matið miðast við viðmið sem byggja meðal annars á lögum, reglugerðum

og aðalnámskrá grunnskóla, og lögð er áhersla á að efla innra mat skólans. Niðurstöður eru sendar skólanum og sveitarstjórn. Ef þörf er á umbótum senda skólinn og sveitarfélagið ráðuneytinu umbótaáætlun og ráðuneytið fylgir henni eftir. Skýrsla um ytra mat er kynnt skólaráði og birt á vef skólans. Hver grunnskóli má búast við úttekt á nokkurra ára fresti, eftir því fjármagni sem ríkið veitir til verkefnisins.

Nánari upplýsingar um ytra mat á leik-, grunn- og framhaldsskólum eru á vef Stjórnarráðsins.

Ytra mat á Hvaleyrarskóla

Ytra mat var síðast gert á Hvaleyrarskóla haustið 2019. Matið unnu matsmenn á vegum þáverandi Menntamálastofnunar fyrir þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Metnir voru fjórir þættir: stjórnun, nám og kennsla, innra mat og teymisvinna.

Matið á fyrst og fremst að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur þess er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur, og að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.

Skýrslan um ytra matið og umbótaáætlun skólans sem unnin var í kjölfar þess eru birtar á vef skólans:
UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS ------- Ytra mat Hvaleyrarskóli 2019

14. Skyldunám, skólanámskráin og námsverkefnin (almennt)

Nám í grunnskóla er skyldunám barna á aldrinum 6-16 ára. Námið í skólanum fer fram á grunni námskrár sem skóli setur og nefnd er skólanámskrá. Skólanámskráin er gefin út sérstaklega og færir starfsáætluninni (þessu plaggi) sitt samhengi. Skólanámskráin geymir áætlanir um inntak í náminu sem á sér stað í skólanum en starfsáætlunin kynnir skipulagið í kringum námið. Í þessum kafla starfsáætlunar eru skýrð ýmis atrið sem snúa að náminu sjálfu umfram annað. Meginreglan er að nemandi sæki skóla og sæki nemandi ekki skóla er slíkt tilkynnt til barnaverndar Hafnarfjarðar. Gangi skólaganga illa í einhverjum tilvikum getur verið að barn fái tímabundna sjúkrakennslu og er slíkt gert í samráði við skólaþjónustu sveitarfélagsins út frá viðmiðum hennar. Sömuleiðis getur skólinn metið nám utan skóla sem ígildi náms í skóla, þá sérstaklega tengt valgreinum og er háð ákvæðum í aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013, bls. 80-81). Nánar um undanþágur í námi má finna hér aftar.

Missi nemandi af námi í skóla tímabundið, t.d. vegna veikinda, leyfa eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna, er það á ábyrgð foreldra að nemandi sinni námi sínu á þeim tíma. Um langvarandi veikindi gilda sérstaklega reglur um sjúkrakennslu og skal sækja um slíkt til skólastjóra.

14.1. Eigin verkfæri í námi og ábyrgð

Nám og kennsla í grunnskólum skal vera nemendum að kostnaðarlausu. Skólinn færir nemendum námsgögn og skal nemandi bera ábyrð á þeim, í samræmi við þroska. Nemandi sem týnir námsgögnum sem skólinn lánar honum getur þó þurft að greiða fyrir. Skólinn kynnir í skólanámskrá, þ.e. námskrár hvers bekkjar, hvaða verkfæri hann þarf sjálfur að leggja fram í náminu. Sömuleiðis getur nemandi verið með eigin verkfæri sem þó er ekki krafa um, telji hann það henta sér og geti nýst í skóla, t.d. snjalltæki. Öll notkun slíkra er á eigin ábyrgð og lýtur almennum skólareglum um notkun þeirra.

14.2. Kennsluáætlanir, námsáætlanir og heimanám

Skólanámskrá skólans kynnir megináherslur í náminu í hverjum bekk yfir skólaárið. Innan þess er námið skipulagt í afmörkuð námstímabil.

Kennarar skipuleggja hvert námstímabil í kennsluáætlun. Þar eru námsmarkmið sett út frá hæfniviðmiðum og námsmat ákveðið áður en kennslan sjálf er skipulögð.

Á grunni kennsluáætlunar er unnin námsáætlun fyrir nemendur og foreldra. Í henni kemur fram námstímabilið, helstu viðfangsefni, verkefni og heimanám, námsgögn og fyrirkomulag námsmats, þar á meðal skiladagar. Námsáætlanir eru mismunandi eftir bekkjum og námsgreinum og fá nemendur og foreldrar þær jafnóðum í Mentor. Nánar er fjallað um náms- og kennsluáætlanir í kafla 85.

14.3. Prófareglur og námsmat

Námsmat er mat á námi nemanda og til þess eru notaðar fjölbreyttar aðferðir, s.s. próf, mat á verkefnum og ritgerðum og þátttökumat. Í Hvaleyrarskóla er lögð áhersla á leiðsagnarmat yfir allt skólaárið, með reglulegri endurgjöf um hvar nemandi stendur, hvað hann kann og hvað hann getur gert betur. Staðan er tekin saman í stöðumati í janúar og lokamat er gefið að vori. Nánar er sagt frá leiðsagnarmati, stöðumati og námsviðtölum í kafla 5.5.

Matsferill

Matsferill er samræmt námsmatskerfi Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu sem gefur heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda. Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, eins og þeim var breytt í júní 2025, er skólum skylt að leggja stöðu- og framvinduþróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk. Prófin eru lögð fyrir í mars og standa einnig öðrum árgöngum frá 4. til 10. bekkjar til boða. Í Hvaleyrarskóla taka nemendur í öllum árgöngum prófin.

Lesfimipróf eru einnig hluti af Matsferli og eru lögð fyrir í september, janúar og maí í öllum árgöngum. Forsjáraðilar sjá niðurstöður barna sinna á Mínum síðum á Ísland.is; niðurstöður prófanna í mars birtast í maí. Kennarar fara yfir niðurstöðurnar með nemendum og foreldrum.

Skólaárið 2026-2027 munu nemendur í 10. bekk fá birta lokaeinkunn að vori í tölustöfum samkvæmt nýrri reglugerð um námsmat.

14.4. Réttur til upplýsingaöflunar, m.a. skoðunar á prófum og námsmatsgögnum

Sérstök reglugerð er í gildi sem kveður á um upplýsingamiðlun milli heimila og skóla.

- Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. (Ath! ef reglugerð er breytt er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga)

Í reglugerðinni er lögð áhersla á að foreldrar fái fullnægjandi vitneskju um nám barns í skóla og sömuleiðis um að starfsfólk skóla fái fullnægjandi upplýsingar frá heimilum um einstök börn til að geta rækt hlutverk sitt og veitt viðeigandi stuðning. Við upplýsingasöfnun skal gæta persónuverndar, um allar upplýsingar gildir þagnarskylda starfsfólks skóla (sem einnig er kveðið á um í sveitarstjórnarlögum) og að varðveita þær eftir reglum sem um trúnaðargögn gilda. Reglugerðin fjallar þá nánar um einstakar leiðir og ferla í þessu sambandi.

Athugið að foreldrar/nemendur eiga rétt á að fá að sjá verkefnaúrlausnir sínar og rökstuðning fyrir námsmati sínu. Niðurstöður námsmats eru ekki kæranlegar en gera fyrir vikið miklar kröfur um fagmennsku og samviskusemi í skólastarfinu.

14.5. Að flýta eða seinka skólagöngu

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er það meginregla að börn byrji í námi sex ára og séu í grunnskóla í tíu ár. Þó er heimilt að víkja frá þessu bæði hvað varðar upp og lok námsins.

Barn getur þannig bæði byrjað fimm eða sjö ára í grunnskóla að veittu samþykki grunnskólastjóra. Í Hafnarfirði þurfa óskir foreldra um flýtingu að vera lagðar fram hálfu ári áður en grunnskólanám á að hefjast. Slík ósk fer til umsagnar sérfræðiþjónustu á Skólaskrifstofunni. Þar er lagt mat á hæfni barns til að hefja nám fyrr en aldur kveður á um og kynna skólastjóra viðkomandi grunnskóla ekki síðar en í apríl á því ári sem barn skal hefja námið (í ágúst). Mat skólaþjónustu vegna flýtingar byggir á sérstökum viðmiðum sem taka mið af því hvort ætla megi að barn hafi þroska til að hefja grunnskólanám fyrr en jafnaldrar. Svipað ferli fer í gang óski foreldri eftir að seinka barni í grunnskólanám um eitt ár og greint er hér ofar um flýtinguna nema hvað engin sérstök viðmið er lögð til grundvallar seinkun. Á grunni mats skólaþjónustu tekur skólastjóri afstöðu til beiðnar.

Varðandi það að ljúka námi í grunnskóla á styttri tíma en tíu árum skal skólastjóri meta hvort nemandi hafi getu til að ljúka náminu fyrr. Það getur bæði gilt um einstakar námssvið-/greinar og grunnskólann í heild. Við mat á því hvort hvort nemandi hafi lokið námi í einstaka námsgreinum eða skóla í heild sinni skal taka mið af þeirri hæfni sem krafist er við lok grunnskóla. Hafi nemandi lokið einstaka námsgreinum á minna en tíu árum gildir sérstakt fyrirkomulag um nám í ákveðnum framhaldsskólaáföngum meðan nemandi er í grunnskóla í Hafnarfirði. Nánari reglur um styttingu og flýtingar í námi má fá hjá skólanum.

14.5.1 Verklagsreglur í grunnskólum Hafnarfjarðar

Um seinkun eða flýtingu grunnskólagöngu barns við upphaf grunnskólanáms er kveðið á í 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um skólaskyldu þar sem segir:

> „Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar/forsjáraðilar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn skólaþjónustu. (2. mgr.)“

Í 32. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 2. mgr., um lok grunnskóla segir:

> „Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár. Í aðalnámskrá grunnskóla skal nánar kveðið á um útfærslu þessarar greinar. Ákvörðun skólastjóra í þessu efni lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga. Foreldri getur kært synjun um útskrift úr grunnskóla samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr.“

Í 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um kæruheimildir segir:

> „Ákvarðanir um rétt og skyldu einstakra nemenda sem teknar eru í grunnskólum á grundvelli 4. mgr. 5. gr., 4. mgr. 14. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 23. gr., 4. mgr. 26. gr., 4. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr., 2. mgr. 33. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 46. gr. eru kæranlegar til ráðherra. Um meðferð kærumála er farið að ákvæðum stjórnsýslulaga. Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins að áður en hægt er að kæra ákvörðun skv. 1. mgr. skuli fyrst beina kæru til skólanefndar eða annars tiltekins aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sé heimild þessari beitt skal sveitarstjórn ákveða hvort þessi kæruréttur eigi við um hluta ákvarðana skv. 1. mgr. eða um þær allar og þá skal jafnframt tekin afstaða til þess í samþykkt hvort slíkar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sjálfstætt rekinna grunnskóla í sveitarfélagi, sbr. 43. gr., skuli kæranlegar með sama hætti. Um málsmeðferð á kærustigi innan sveitarfélags er farið að ákvæðum stjórnsýslulaga.“

Af ofangreindu má ráða að seinkun og flýting við upphaf grunnskólanáms er ekki kæranleg en útskrift úr grunnskóla á minna en 10 skólaárum er það (því 2. mgr. 15. gr. laga um grunnskóla er ekki kæranleg samkvæmt 1. mgr. í 47. gr. laganna en 32. gr. kveður á um kæruheimildin sbr. tilvísanir í lögin hér ofar). Reglurnar hér áfram taka mið af því.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011, bls. 77 segir:

> „Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt bæði leik- og grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun. Skólastjóri grunnskóla getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára. Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Hér er átt við að bráðgerir nemendur geti útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um. Er það lagt í hendur skólans með aðstoð skólaþjónustu sveitarfélaga og að frumkvæði foreldra eða fengnu samþykki þeirra að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram. Nemendur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum. Þrátt fyrir heimild um að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber

> grunnskólum að bjóða bráðgerum nemendum upp á að dýpka þekkingu sína í námssviðum grunnskólans eða á fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga þeirra.“

Í samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar frá 13. ágúst 2013 segir í 64. grein, 3. mgr.:

> „Með vísan til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal beina kæru, vegna ákvarðana skv. 1. mgr. 47. gr. grunnskólalaga og 1. mgr. 30. gr. leikskólalaga, til fræðsluráðs áður en unnt er að kæra slíka ákvörðun til ráðherra.“

Sökum þess að sérstök ákvæði eru í Hafnarfirði um að kæruheimild skuli fyrst fara í gegnum stjórnsýslu sveitarfélagsins áður en kæra fer til ráðuneytis taka sumar reglurnar hér mið af því.

MEGINREGLA UM SEINKUN OG FLÝTINGAR:

Það er meginregla í stjórnsýslu leik- og grunnskólakerfisins í Hafnarfirði að barn sæki grunnskóla á lögbundnum aldri, þ.e. frá 6-16 ára aldurs. Eigi að seinka eða flýta grunnskólagöngu barns við upphaf eða lok hennar þurfa gild efnisleg sjónarmið að koma til. Þess vegna þarf hver umsókn, sem alltaf er á ábyrgð aðstandenda nemenda, um flýtingu/seinkun að fá viðeigandi umfjöllun í stjórnsýslu skólakerfisins innan tilsettra tímamarka. Sömuleiðis þarf að taka tillit til sjónarmiða foreldra gagnvart slíkum óskum þegar niðurstöður sérfræðinga gefa ekki ótvírætt til kynna hvort flýting/seinkun eigi rétt á sér þar sem foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barns síns og grunnskólagangan er mikilvægur hluti þess. Fyrir seinkanir og flýtingar eru gerðir fjórir mismunandi verkferlar eftir eðli máls og eru kynntir sérstaklega.

Reglur þessar voru staðfestar í fræðsluráði Hafnarfjarðar 23. september 2015.

14.6. Undanþága frá skyldunámi

Skólastjóra er heimilt að veita undanþágur frá skyldunámi í grunnskóla og eru sérstakar leiðbeiningar um slíkt í 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla (Undanþágur frá aðalnámskrá). Þegar skólinn tekur afstöðu til beiðna foreldra um undanþágur í skyldunámi skal hafa eftirfarandi í huga:

a. Undanþágur eiga sérstaklega við ef nám er (i) of flókið fyrir nemanda (t.d. að læra dönsku ef hann er með annað móðurmál en íslensku), (ii) nemandinn er vel hæfur á öðru sviði (t.d. í tónlist eða íþróttum), (iii) námið brýtur gegn lífs- eða trúarskoðunum nemanda eða (iv) fötlun kemur í veg fyrir þátttöku. Slíkar undanþágur gilda um einstakar námsgreinar í grunnskóla.

b. Umsókn um undanþágu skal vera skrifleg, á eyðublaði um undanþágu frá námi í grunnskólum Hafnarfjarðar, sem fæst [á skrifstofu skólans / hlekkur].

c. Sérstakar reglur gilda um undanþágu í skólaíþróttum (sjá aðalnámskrá grunnskóla).

d. Skólastjóri skal gæta jafnræðis við veitingu undanþágna og getur óskað eftir frekari upplýsingum áður en umsókn er afgreidd. Umsókn skal svarað skriflega og fer um afgreiðsluna eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

e. Synji skólastjóri umsókn um undanþágu geta foreldrar kært ákvörðunina, fyrst til fræðsluráðs Hafnarfjarðar og síðan til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

14.7. Valgreinafyrirkomulag og framhaldsskólaáfangar

Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008 og aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013) hafa nemendur í 8.-10. bekk möguleika að taka hluta námsins sem val, þ.e. velja sér eigin námsgreinar sem ýmist geta verið kenndar af grunnskóla eða ekki. Hver skóli kynnir nemendur fjölda valtíma sem stendur þeim til boða. Eftirfarandi gildir um valtímana:

a. Ef nemandi velur að taka valtíma utan skóla þarf hann, með samþykki foreldra, sækja um það sérstaklega og gera um það samning við skólann. Slíkt val getur verið í öðrum skólum (t.d. tónlistarskóla), íþróttanám hjá íþróttafélagið, þátttaka í tómstundastarfi og jafnvel fleira.
b. Í Hafnarfirði eru skipulagðar sérstakar valgreinar þvert á grunnskóla og teljast þær því valgrein innan skóla en ekki utan þar sem kennslukostnaður er greiddur af skólanum.
c. Árangur í valgreinum skal berast til skóla og birtast á vitnisburðarblöðum nemenda.
d. Um valáfanga í framhaldsskóla gilda sérstakar reglur og eru þær kynntar hér neðar.
e. Kostnaður af valtímum utan grunnskóla er grunnskólanum óviðkomandi, þ.e. nemandi getur þurft að greiða fyrir námið og grunnskólinn ber ekki ábyrgð á því námi.

Varðandi nám í framhaldskólum eru þetta hafnfirskar reglur um slíka framkvæmd sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá að gerist milli grunnskóla og framhaldskóla á hverjum stað. Í Hafnarfirði er sérstakur samningur milli bæjarins og Flensborgarskóla og Tækniskólans í Hafnarfirði. Tvenns konar fyrirkomulag er í gangi:

a. Sem almennir framhaldsskólaáfangar: Hafi nemandi sýnt hæfni til að stunda nám í framhaldsskóla í námsgreinum sem hann hefur lokið í grunnskóla skal honum standa slíkt til boða án kennslukostnaðar. Þetta gildir um kennslu í ensku og stærðfræði í Flensborg. Nemandi þarf þó að greiða innritunargjald í framhaldsskólann en á móti sleppir hann þátttöku í sömu námsgrein í grunnskóla en sinnir viðveruskyldu þá í stundaskrá grunnskólans. Nemandi getur tekið tvo námsáfanga í framhaldsskóla í hverri námsgrein sem hann tekur, einn á haustönn og einn á vorönn. Umræddir námsáfangar eru sérstaklega skipulagðir fyrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði. Þeir og lúta lágmarksfjöldatakmörkunum og eru samblanda staðnáms og fjarnáms (Flensborg).
b. Sem miðlægir valáfangar: Hafnarfjarðarbær býður upp á valgrein í Tækniskólanum í samstarfi við skólann og er ætlað 10. bekkingum í grunnskólum sem geta tekið umrætt nám sem valgrein.

14.8. Nám í sænsku og norsku í stað dönsku

Nemendur í grunnskólum læra dönsku frá 7. bekk en einstaka skólum er þó heimilt að byrja þá kennslu fyrr. Nemendur sem hafa búið í Svíþjóð eða Noregi áður en dönskukennsla hefst í grunnskólanum eiga rétt á að læra norsku eða sænsku í stað dönskunnar hafi þeir til þess nægjanlega hæfni frá 7. bekk (jafnvel þótt dönskunámið byrji fyrr í skólanum). Í Hafnarfirði þurfa foreldrar að sækja til einstakra grunnskóla um þetta nám þegar nemandi er í 6. bekk (eða síðar ef það við þegar nemandi kemur nýr í grunnskóla eftir það). Hafnarfjarðarbær hefur gert samning við Tungumálaverið í Laugarnesskóla (rekið af Reykjavíkurborg með stuðningi nokkurra aðila) um sænsku- og norskukennslu hafnfirskra nemenda. Það nám er í dag staðnám fyrir nemendur í 7.-8. bekk þar sem kennslustaðir geta verið utan Hafnarfjarðar og breytilegir eftir árum, síðdegis eftir að hefðbundinni kennslu lýkur í grunnskóla og breytilegt eftir árum. Námið í 9.-10. bekk er fjarnám. Foreldrar sækja um sænsku- eða norskukennslu í stað dönskukennslu til skólans.

II. hluti: Hagnýtar upplýsingar

20. Fatnaður (skólafatnaður, klæðnaður í skóla, óskilamunir o.fl.)

20.1. Fatnaður

Nemendur skulu vera hreinir og snyrtilega klæddir auk þess að vera klæddir eftir veðri. Merkja skal yfirhafnir og skófatnað. Verðmæti skulu ekki skilin eftir í vösum.

20.2. Óskilamunir

Í skólanum er mikið af óskilamunum, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur af yngri jafnt sem eldri nemendum. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim geta foreldrar komið og fengið að skoða óskilamuni. Mikilvægt er að merkja allar flíkur nemenda, skófatnað jafnt sem annað. Skólinn getur ekki geymt allan þann óskilafatnað sem safnast upp á skólaárinu milli ára. Einu sinni á ári, í lok skólaárs, er því farið með allt það sem safnast upp í Rauða Krossinn. Það skal tekið fram að farið er yfir hverja flík áður en hún er send úr húsi og leitað að merkingum sem gefa vísbendingar um eiganda.

20.3. Útivistartími

Frá 1. september til 1. maí mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 20 en 13 – 16 ára mega vera úti til kl. 22. Miðað er við fæðingarár. Fyrir utan þessa tíma verða börn að vera í fylgd með fullorðnum. Bregða má þó út af þessum reglum þegar börn 13 – 16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðs-samkomu.

20.4. Svefn

Mikilvægt er að nemendur fái nægan svefn og hvíld. Séu þau ekki útsofin og hvíld geta þau ekki notið kennslunnar né sinnt því starfi sem fer fram í skólanum. Hæfilegur svefntími er talinn:

Fyrir 5–8 ára börn 10-12 klst. á sólarhring.

Fyrir 9–12 ára börn 10–11 klst. á sólarhring.

Fyrir 13–15 ára börn 9–11 klst. á sólarhring.

21. Fastir þættir í skólastarfinu

Sjá kafla 12.1 skólahefðir

22. Frístundastarfsemi

Félagsstarfsemi grunnskóla starfar undir formerkjum tómstundamiðstöðvar sem skiptist í félagsmiðstöð og frístundaheimili. Í hverri tómstundamiðstöð starfar deildarstjóri sem heldur utan um daglegan rekstur og ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd starfsins undir verkstjórn skólastjóra. Innan hverrar tómstunda-miðstöðvar er starfrækt frístundarheimili og félagsmiðstöð ásamt ýmiskonar tómstundatilboðum yfir sumartímann í samstarfi við Vinnuskóla Hafnarfjarðar.

Í Hvaleyrarskóla starfar tómstundamiðstöð sem er annars vegar frístundaheimilið Holtasel (1. – 4.be.) og hinsvegar félagsmiðstöðin Verið (5. – 10.be). Bæði frístundaheimilið og félagsmiðstöðin eru stór liður í forvarnarstarfi Hvaleyrarskóla þar sem þar er haldið uppi spennandi starfi fyrir börn og unglinga.

22.1. Félagsstarf á yngsta stigi: Frístundaheimili

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára eftir að hefðbundnum skóladegi líkur til kl. 16:30 alla virka daga, óháð getu, þroska eða fötlun en sérstök áhersla er lögð á að koma til móts við alla hópa.

Þegar frí er í skólanum á virkum dögum er opið í frístundaheimilum frá klukkan 8:00 um morguninn og til 16:30 að undanskildu vetrarfríi og tveimur skipulagsdögum á ári en þá er lokað á frístundaheimilum. Þessa daga er auglýst sérstaklega eftir skráningu þeirra barna sem eiga að mæta.

Í frístundaheimilinu kynnast börnin hinum ýmsu tómstundum. Leitast er við að hafa starfið sem fjölbreyttast svo að allir finni eitthvað við sitt hæfi m.a. með útiveru, fjölbreyttum leikföngum, spilum, föndurefni og kubbum.

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við foreldra og tökum vel á móti athugasemdum og ábendingum. Skráning í frístundaheimili fer fram á www.vala.is. Barn getur hafið dvöl í frístundaheimilinu þegar umsókn hefur verið staðfest við foreldra og tilkynnt hvenær barnið megi mæta.

- *Frístundaheimilið Tröllaheimar í Áslandsskóla.*
- *Frístundaheimilið Álfakot í Engidalsskóla*
- *Frístundaheimilið Hraunsel í Hraunvallaskóla.*
- *Frístundaheimilið Holtasel í Hvaleyrarskóla.*
- *Frístundaheimilið Lækjarsel í Lækjarskóla.*
- *Frístundaheimilið Krakkaberg í Setbergsskóla.*
- *Frístundaheimilið Skarðssel í Skarðshlíðarskóla.*
- *Frístundaheimilið Hraunkot í Víðistaðaskóla.*
- *Frístundaheimilið Selið í Öldutúnsskóla.*

Frístundaheimilið Holtasel er opið alla virka daga frá kl. 13:00 til 16:30. Lokað er á rauðum dögum, í vetrarfríi, skipulagsdögum í byrjun skólaárs, í janúar og fyrir sumarfrístund. Opið er á öðrum skipulagsdögum, á námsviðtalsdögum og virka daga í páska- og jólafríi. Foreldrar fá alltaf sendar upplýsingar um skráningu í lengda viðveru þessa daga. Í Holtaseli er boðið upp á fjölbreytta dagskrá sem inniheldur meðal annars útiveru, vísindasmiðjur, bökunarsmiðjur, föndur og ýmislegt fleira.

22.1.2 Frístundaakstur

Hafnarfjarðarbær í samvinnu við íþróttafélögin í Hafnarfirði býður börnum í 1. - 4.bekk upp á akstur á æfingar sem hefjast virka daga kl 15 og 16.

Ekið er frá öllum frístundaheimilum í Hafnarfirði og er alltaf einn starfsmaður frístundaheimilisins með í bílnum til að tryggja öryggi. Ekið er á æfingar alla virka daga þegar frístundaheimilin eru opin en þó ekki í jóla-, páska- og vetrarfríum. Enginn akstur verður á starfsdögum 18. nóvember 2026 og 22. febrúar 2027 þar sem allir grunnskólar eru lokaðir þá daga.

Ekið er á fjölmarga staði til dæmis Listdansskólann, Tónlistarskólann, Björkina, FH, Hauka, SH, BH, Skátana og fleira.

Hópbílar sjá um aksturinn og er hann foreldrum að kostnaðarlausu óháð því hvort barnið er í vistun í frístundaheimilinu eða ekki.

Skráning fer fram inná www.vala.is.

22.2. Félagsstarf á miðstigi og unglingastigi: Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk starfa við alla grunnskóla í Hafnarfirði og eru að jafnaði opnar þrjú kvöld í viku. Aðaláherslan er á fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir unglinga í 8.-10. bekk en boðið er upp á starf fyrir 5.-7.bekk 2-3 daga í viku.

Félagsmiðstöðvarnar skulu vera vakandi yfir þörfum samfélagsins og fræða, fjalla um og hafa jákvæð áhrif á unglingana með hin ýmsu málefni sem tengjast þeirra daglega lífi. Starfið einkennist af gagnkvæmri virðingu, jákvæðum samskiptum og unglingalýðræði. Nánari upplýsingar á hafnarfjordur.is.

- *Félagsmiðstöðin Ásinn í Áslandsskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Mosinn í Hraunvallaskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Verið í Hvaleyrarskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Vitinn í Lækjarskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Setrið í Setbergsskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Skarðið í Skarðshlíðarskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Hraunið í Víðistaðaskóla.*
- *Félagsmiðstöðin Aldan í Öldutúnsskóla.*

Verið er aðili í Samfés (samtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi). Á vefsíðu Samfés, www.samfes.is, segir að „hlutverk félagsmiðstöðva sé að stuðla að jákvæðum þroska unglinga og gera þau sjálfstæðari, bæði í verki og félagslegum samskiptum og gera þau hæfari til að takast á við lífið“. Þar segir einnig að þar fari fram „viðurkennt tómstundastarf, forvarnir, fræðsla, örvun félagsþroska og jákvæðra samskipta“. Til að uppfylla þetta hlutverk hefur Verið unnið að viðburðum innan skólans í samvinnu við Samfés á borð við Stíl hönnunarkeppni, Söngkeppni Samfés og Samfest. Á almennum opnunartímum mæta allt frá fimm til fimmtíu krakkar og tekur hópur starfsfólks á móti þeim og er þeim fyrirmyndir og félagar sem þeir geta treyst og leitað til.

22.3. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva í Hafnarfirði

Félagsmiðstöðvarnar í Hafnarfirði standa fyrir sameiginlegum viðburðum, ýmist innan bæjarins en einnig í samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar á landsvísu. Hér er getið reglulegra, fastra viðburða.

- **Grunnskólahátíð**
  Grunnskólahátíðin í Hafnarfirði er árlegur viðburður ávallt haldinn í febrúar og er samvinnuverkefni skóla og félagsmiðstöðva. Um kvöldið er ball í íþróttahúsinu við Strandgötu fyrir alla unglinga í 8.,9. og 10. bekk. Yfir 1000 unglingar hafa verið að mæta á hátíðina.

- **Spurningakeppnin *„Veistu svarið?“***
  Spurningakeppnin er árviss viðburður og haldinn að vori. Í keppninni hafa lið frá öllum unglingadeildum grunnskólanna í Hafnarfirði tekið þátt, auk NÚ. Félagsmiðstöðvarnar í Hafnarfirði sjá um framkvæmd spurningakeppninnar en farnar eru mismunandi leiðir í skólunum við að finna keppendur. Skólar og félagsmiðstöðvar hafa leyst það saman en sumir skólar leggja til liðstjóra fyrir keppendur sína og í sumum skólum er Veistu svarið valgrein.

- **HafnarfjarðarStíll**
  HafnarfjarðarStíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva í Hafnarfirði þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Hver félagsmiðstöð má senda 1-2 lið í Stíl hjá Samfés.

- **Söngkeppnin**
  Söngkeppnin er árlegur viðburður. Haldin er keppni í hverri félagsmiðstöð og fara tvö lið úr hverri félagsmiðstöð áfram í Hafnarfjarðarsöngkeppnina. Efstu tvö sætin fara svo í söngkeppnina hjá Samfés.

- **Danskeppnin**
  Keppnin er opin ungmennum á aldrinum 10-18 ára og er skipt í tvo aldursflokka: 10-12 ára og 13-18 ára. Keppt er bæði í einstaklings- og hópakeppni og mega vera 2-7 keppendur í hópakeppninni. Dansatriðin þurfa að vera frumsamin og tímamörk eru á hverju atriði. Félagsmiðstöðvarnar í Hafnarfirði halda keppni árlega og fara siguratriðin áfram í danskeppni Samfés.

- **220/221 böll**
  Árlegur viðburður sem er haldinn í nóvember. Skólarnir skipa sér í tvo hópa eftir póstnúmerum og böllin eru haldin á mismunandi stöðum milli ára. Sömu listamenn koma fram á báðum böllunum auk þess sem skólaplötusnúðar fá einnig að spreyta sig.
  220 - Hvaleyrarskóli, Öldutúnsskóli, Víðistaðaskóli og Lækjarskóli
  221 - Áslandsskóli, Hraunvallaskóli, Skarðshlíðarskóli og Setbergsskóli.
  Það er misjafnt milli ára hvort NÚ mæti á 220 eða 221.

- **Haustböll**
  Nýr árlegur viðburður sem er haldinn í september. Skólarnir skipta sér í tvo hópa og haldin eru tvö böll í mismunandi skólum milli ára. Ballið er gjaldfrjálst og eingöngu skólaplötusnúðar sjá um tónlistina, ekki eru fengin utanaðkomandi tónlistaratriði.
  Hvaleyrarskóli, Skarðshlíðarskóli, Áslandsskóli og Hraunvallaskóli.
  Setbergsskóli, Lækjarskóli, Víðistaðaskóli og Öldutúnsskóli.

23. Innritun í skóla, móttaka nýrra nemenda, skólaúrsögn og brottrekstur

Hér er getið helstu atriða er snúa að innritun í skóla, móttöku nýrra nemenda, skólaúrsögn og brottrekstur úr skóla.

23.1 Innritun í grunnskóla

Foreldrar bera ábyrgð á innritun barna sinna í grunnskóla á því almanaksári sem þau verða sex ára. Innritun í grunnskóla Hafnarfjarðar fer fram á Mínum síðum á vef bæjarins. Foreldrar fá upplýsingar um innritun í byrjun árs og umsóknarfrestur er til 1. febrúar. Börn eiga forgang að skólavist í sínum hverfisskóla í samræmi við lögheimilisskráningu hjá Þjóðskrá Íslands.

Vilji foreldrar sækja um annan grunnskóla en hverfisskóla, innan Hafnarfjarðar eða utan, er sótt um það sömuleiðis á Mínum síðum. Skólavist utan hverfisskóla er háð samþykki skólastjóra viðtökuskólans. Ef skólinn er utan Hafnarfjarðar þarf einnig samþykki skólayfirvalda í Hafnarfirði, þar sem Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir skólavistina.

Um skólavist gilda Reglur um skólahverfi, umsóknir og innritun í grunnskóla Hafnarfjarðar (verklagsreglur um skólavist í grunnskólum Hafnarfjarðar), sem fræðsluráð samþykkti 3. júní 2024 og bæjarstjórn staðfesti 19. júní 2024. Nýjasta útgáfa þeirra er frá janúar 2026.

23.2 Móttaka nýrra nemenda

Skólinn tekur á móti nýjum nemendum samkvæmt móttökuáætlun skólans, sbr. 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Móttökuáætlunin er í kafla 84 og hefur sérstaka liði fyrir:

- nemendur sem hefja grunnskólagöngu sex ára;
- nemendur sem skipta um skóla eftir að grunnskólaganga er hafin;
- nemendur sem hefja nám á Íslandi eftir búsetu erlendis eða hafa annað móðurmál en íslensku;
- nemendur með sérþarfir, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Frekari upplýsingar eru á vef skólans eftir atvikum.

23.3 Skólaúrsögn

Ef barn fær aðgang í nýjum skóla, t.d. vegna lögheimilisflutnings, skal tilkynna úrsögn úr skólanum. Það skal gert með tilkynningu til skóla, t.d. með tölvupósti. Úrsögn úr skóla er ekki tilkynnt fyrr en nemandi hefur fengið inngöngu í annan skóla og skóla það koma fram í úrsögninni. Mikilvægt er að skólayfirvöld í Hafnarfirði viti um veru allra barna á grunnskólaaldri sem eiga lögheimili í bænum.

23.4. Brottrekstur úr skóla

Nemendum ber að hlíta skólareglum í samræmi við góðan skólabrag. Skólum ber að gera allt til að styðja við nemendur svo þeir geti fylgt skólareglum. Dugi slíkt ekki hafa skólastjórnendur heimildir til að vísa nemendum úr skóla. Allar brottvísanir úr skóla fylgja ákvæðum stjórnsýslulaga, hvort sem þær eru tímabundnar eða ótímabundnar. Óheimilt er að vísa nemanda úr skóla nema einn dag án þess að ákvæði stjórnsýslulaga virkist.

Tímabundnar brottvísanir úr skóla geta varað í allt að viku. Í því felst að gert er ráð fyrir að nemandi geti aftur hafið skólagöngu í sama skóla en með frekari skilyrðum, þ.e. ef sams konar brot á skólareglum verði endurtekin geti nemandi átt yfir höfði sér ótímabundna brottvísun úr skólanum og þurfi nýjan skóla.

Ótímabundin brottvísun úr skóla felur í sér að nemandi fær ekki að stunda áfram nám við skólann og þarf að fara í annan skóla. Málefni nemanda koma þá til kasta skólaþjónustu við grunnskóla á Menntasviði Hafnarfjarðar sem vinnur að því að finna nýtt skólaúrræði fyrir nemanda í samráði við foreldra og jafnvel aðra aðila eftir atvikum eins og félagsþjónustu sveitarfélagsins. Miðað er við það að nemandi sé ekki lengur en viku utan skóla en einnig getur komið til sjúkrakennsla meðan fundið er nýtt skólaúrræði.

24. Umhverfismál í skólastarfinu

Undanfarin ár hefur sérstaklega verið hugað að rusli í Hvaleyarskóla með það í huga að endurnýta og endurnota eins og kostur er. Í skólanum hefur verið starfrækt umhverfisteymi sem leitt hefur þessa vinnu með það að markmiði að allt starfsfólk hugi að umhverfinu, vandi alla umgengni og fari vel með eigur sínar og annarra. Flokkunarkassar hafa verið útbúnir fyrir pappír inn á kennslu- og vinnusvæðum og söfnunartunnur fyrir pappír á þremur stöðin innan skólans. Markvist er unnið að því að minnka úrgang með því að notast við fjölnota umbúðir. Markmiðið er að Hvaleyrarskóli verði umhverfis- og vistvænn skóli með skýra umhverfisstefnu.

24.1. Umhverfisvaktin

Umhverfisvaktin er verkefni sem nemendur í 10. bekk taka þátt í á hverju ári. Verkefnið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og felst í að hreinsa ákveðinn hluta af hverfinu okkar. Þau fá að launum fjárhæð sem fer í ferðasjóð þeirra og er nýttur vegna norræns samstarfs.

24.1.2. Hreinsun skólalóðarinnar

Allir nemendur taka þátt í að halda skólalóðinni og nærumhverfi snyrtilegu með því að tína rusl og annað sem til fellur og á ekki að vera á skólalóðinni okkar. Þannig fer hver bekkur einu sinni á skólaárinu út á skólalóð með ruslapoka og sýnir samfélagslega ábyrgð í verki. Útbúið er skipulag fyrir skólaárið þar sem ákveðinn bekkur á ákveðna viku á skólaárinu. Þar að auki er einn hreinsunardagur að vori þar sem skólalóðin og næsta nágrenni er hreinsað sérstaklega.

24.1.3. Flokkun

Í skólanum er stuðst við eftirfarandi flokkunarkerfi:



Lagt er upp með að flokka eftirfarandi:

- Almennt sorp
- Pappír
- Plast
- Lífrænt

Úrvinnsla:

- Almennt sorp tæmt daglega og pappír og plast eftir þörfum af Dögum.
- Pappír til endurnýtingar er safnað saman af kennurum í sér kassa (t.d. utan af ljósritunarpappír)
- Skola þarf plast áður en því er hent og passa að ekki séu matarafgangar í plastumbúðum.
- Lífrænu sorpi frá kaffistofu er skilað af starfsmönnum skólans út í lífrænan gám í ruslagerði við eldhús.
- Plastpokar eru í öllum tunnum út af hreinlætisástæðum.
- Almennt sorp og plast er látið í í sömu tunnuna í ruslagerði en plastið er skilið í burtu af endurvinnsluaðila.
- Allur pappir fer í sér pappatunnu í ruslagerði og er endurunninn.
- Lífrænt sorp fer i moltugerð.

25. Ferðir í skólastarfi og kostnaður

25.1. Skólaakstur (skólaíþróttir)

Þegar kennsla einstakra námsgreina er utan göngufæris, t.d. í íþróttahús eða sundlaugar, er akstur á vegum skólans til að stunda viðkomandi námsgrein.

Í skólaakstri til og frá kennslustöðum gilda skólareglur. Skólaakstursbílar uppfylla ströngustu öryggiskröfur en það er alltaf nemenda að bera ábyrgð á því að fylga öryggisreglum í akstri, s.s. að spenna öryggisbelti.

25.2. Vettvangsferðir

Meginregla í öllum vettvangsferðum á vegum skóla er að skólar greiða ferða- og kennslukostnað slíkra ferða, en nemendur uppihald eftir því sem við á, þ.e. í styttri ferðum á skilyrði um uppihald ekki við.

25.3. Skólabúðir og nemendakostnaður

Nemendum í grunnskólum Hafnarfjarðar gefst möguleiki á að sækja skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði (7. bekkur) og Úlfljótsvatn (9. bekkur). Um kostnað við þátttöku í skólabúðum gilda ákveðnar reglur, þ.e. skóli greiðir ferðakostnað og kennslukostnað en nemendur uppihald (gisting og fæði).

25.4. Skólaferðalög og nemendakostnaður

Meginregla í öllum skólaferðalögum er að skólar greiða ferða- og kennslukostnað slíkra ferða en nemendur uppihald. Sú undantekning er þó að sé skólaferðalag ákvörðun nemenda-/foreldrafélags er allur kostnaður greiddur af nemenda, þ.e. ekki bara uppihald heldur einnig ferðakostnaður.

25.5. Valgreinar utan skóla og nemendakostnaður

Meginregla er að þegar nemendur velja sér valgreinar á eigin vegum í 8.-10. bekk grunnskóla sem ekki eru haldnar í skólanum þarf hann sjálfur að annast ferðir til og frá heimili á þann stað sem valgrein er kennd. Skólinn greiðir bókakostnað.

26. Skólahúsnæði, öryggismál og skemmdir

26.1. Almennar umgengnisreglur

Nemendur skulu temja sér góða umgengni og bera virðingu fyrir eignum skólans og annarra. Ganga skal frá yfirhöfnum og skóm við komu í skólann. Valdi nemandi vísvitandi skemmdum á tækjum, húsbúnaði eða öðru í skólanum skulu forráðamenn hans bæta tjónið. Kennslubækur eru hluti af munum skólans.

26.2. Reglur um íþróttahús og sundlaug

Kennsla í íþróttum fer fram í íþróttahúsi Hauka á Ásvöllum. Sundkennslan fer fram í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug. Íþróttakennslan hefst með útikennslu fyrstu tvær vikur skólaársins og henni lýkur með útikennslu síðustu tvær vikur skólaársins. Geti nemandi ekki tekið þátt í íþróttum eða sundi skal senda miða að heiman frá foreldrum/forráðarmönnum sem útskýrir forföll þeirra.

Íþróttafatnaður: Í útileikfimi er áríðandi að nemendur komi í fötum sem þægilegt er að hreyfa sig í. Æskilegur fatnaður þegar kennsla hefst inni eru stuttbuxur, íþróttabuxur, leggings/hjólabuxur og stuttermabolur. Nemendur í 1.- 2. bekk eru berfættir en mega vera í stjörnusokkum. Nemendur í 3. - 10. bekk eru í íþróttaskóm. Ef íþróttafatnaður gleymist heima verða börnin að horfa á í íþróttatímanum. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum og er því æskilegt að nemendur frá 3. bekk fari í sturtu eftir hvern tíma.

Sundfatnaður: Mælst er til að stúlkur mæti í sundbol (ekki bikiníi) og strákar í sundskýlum (ekki stuttbuxum). Þessar reglur eru settar svo fatnaðurinn hamli ekki þátttöku í tímum. Fyrir og eftir sundtíma fara nemendur í sturtu. Mælt er með því að nemendur sem eru með sítt hár bindi það upp fyrir íþrótta- og sundtíma.

26.3. Öryggismál, skemmdir og ábyrgð

Valdi nemandi vísvitandi skemmdum á tækjum, húsbúnaði eða öðru í skólanum skulu forráðamenn hans bæta tjónið. Kennslubækur eru hluti af munum skólans.

27. Skólasafn og útlán náms- og kennslugagna

Bókasafn Hvaleyrarskóla er opið mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 8.00–15:00 og þriðjudaga og fimmtudaga frá 8:00-14:00. Safnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð skólans. Öll gögn safnsins eru skráð í Gegni sem er sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir allt landið. Markmið skólasafnsins er m.a. að örva lestraráhuga nemenda og að veita nemendum og starfsfólki greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum og er nemendum kennt í samstarfi við kennara að nota safn og safnkost þannig að þeir þekki þá möguleika sem bókasafnið býður upp bæði m.t.t. yndislesturs og upplýsingaöflunar og vinnslu.

Starfsmaður safnsins er Sif Heiða Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur.

28. Skólamáltíðir, nesti og matarmenning í skóla

Stefna Hvaleyrarskóla er að bjóða ávallt upp á hollan og góðan heimilismat. Í-mat (Matarstund) sér um hádegismat í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar samkvæmt samningi við bæinn og er hann nemendum að kostnaðarlausu. Í matsalnum er salatbar með fersku grænmeti og ávöxtum.

Mataráskrift

Hægt er að skrá barn gjaldfrjálst í heitan mat í hádeginu. Í byrjun skólaárs þarf að skrá barn í mataráskrift á vef Matarstundar, matarstund.is. Áskriftin framlengist sjálfkrafa um einn mánuð í senn nema henni sé sagt upp eða breytt. Matseðill vikunnar birtist á vef skólans og á vef Matarstundar.

Ofnæmi og sérfæði

Ef nemandi er með ofnæmi eða óþol fyrir einhverjum matvælum, eða þarf sérfæði af öðrum ástæðum, er mikilvægt að upplýsa skólann og þau sem sjá um matinn um það. Mikilvægt er að skrá ofnæmi nemenda á mínum síðum hjá Matarstund.

Nesti

Nemendur sem kjósa að vera ekki í mataráskrift geta komið með hollt nesti að heiman og borðað það í matsalnum þar sem er aðgangur að örbylgjuofni og samlokugrilli.

Morgunverður

Hafragrautur er í boði fyrir nemendur og starfsfólk um 20 mínútum áður en fyrsta kennslustund hefst, ásamt lýsi. Ekki þarf að skrá sig og mæting er frjáls.

Ávaxta- og grænmetishressing

Fyrir morgunfrímínútur geta nemendur fengið ávaxta- og grænmetishressingu í áskrift, sem foreldrar greiða fyrir. Skráning og greiðsla fer fram á Matarstund - Foreldrar

29. Kvartanir til skólayfirvalda og kærur

Grunnskólastarfið miðar að því að mæta þörfum nemenda fyrir menntun, félagsskap og persónulegan þroska. Starfsfólk skólans leggur sig fram um mæta öllum nemendum á jafnréttisgrundvelli og svara þar þörfum nemenda. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum og ef skólastarfið er ekki að svara þörfum þeirra er eðlilegt að samræða fari fram á milli skóla og heimilis, t.d. í foreldraviðtölum og viðtalstímum. Gott samstarf heimilis er lykilatriði í því að skólaganga barns gangi sem best hjá hverju barni.

Í einhverjum tilvikum geta foreldrar verið ósáttir við starfshætti skóla og foreldrar hafa þá rétt og skyldur til að leita lausna á vanda sem þeir telja vera til staðar. Foreldrar geta leitað til stjórnenda skóla eftir atvikum eða sent erindi til nemendaverndarráðs skólans. Sömuleiðis geta foreldrar nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar leitað til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs með málefni barna sinna telji þeir að þeim sé ekki nægilega vel sinnt í skólanum eða leitað ráða.

Foreldrar hafa einnig rétt á að kæra ákvarðanir um rétt og skyldu barna sinna sem teknar eru í skólanum á grundvelli margra atriða skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008, grein 47. Kærur eru kæranlegar til ráðherra menntamála en foreldrar geta sent kæru beint til ráðuneytis eða sent hana fyrst til fræðsluráðs Hafnarfjarðar (sem skólanefndar sveitarfélagsins um málefni grunnskóla í skilningi laga) til að fá afstöðu þess til

kæruefnisins (til samþykkis eða synjunar). Kærur snúast fyrst og fremst um ákvarðanatöku sem snúa að málefnum einstakra barna hverju sinni en skóli hefur víðtækt vald til að skipuleggja málefni skólastarfsins og kennsluna út frá almennum sjónarmiðum sem eru ekki kæranleg þegar þau snúa ekki sérstaklega að einstaka nemendum.

Hafi foreldrar ekki fengið lausn mála sinna í gegnum ofangreint kæruferli en loks möguleg kæruheimild til innanríkisráðuneytis á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga (nr. 138/2011).

30. Trúarbragðafrelsi og trúmál í skólastarfinu

Á Íslandi ríkir trúarbragðafrelsi og grunnskólinn tekur ekki afstöðu í trúarlegum málefnum. Grunnskólinn starfar eftir lögum þar sem markmiðsgrein grunnskólalaganna leggur skólunum til afstöðu í trúarlegum málefnum.

> Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu *fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.* (Lög um grunnskóla, 2008, 2. gr.)

Skólahefðir, sem margar eiga rætur að rekja til trúarlegra hátíðisdaga kristninnar, hafa þótt sjálfsagðar í skólastarfi. Hefðir geta reynst mis heppilegar þrátt fyrir sögulega tilvist og það eitt réttlætir ekki tilurð þeirra, hvort sem það er í skólastarfi eða annars. Ýmsar hefðir í skólum sem tengjast kristnum hátíðum eru því lagðar í hendur skólanna að velja og þær eru í sjálfu sér ekki andstæð lögum eða grunnskólastarfi. Hefðir í skólastarfi geta aukið umburðarlyndi fyrir ólíkum trúarlegum sjónarmiðum og áherslum sem nauðsynlegt getur verið fyrir nemendur að kynnast.

Starfsfólk skóla sinnir opinberum verkefnum og fylgir almennum viðmiðum og siðareglum um mannleg samskipti og umburðarlyndi óháð persónulegum skoðunum í samræmi við regluverk sem tengist opinberum stofnunum og starfsmönnum. Þeirra hlutverk er að skapa sátt í skólastarfi og getur því hvorki verið boðberar trúar eða trúarleysis í sínum störfum í grunnskóla hvað sem líður þeirra persónulegu skoðunum.

Í Hafnarfirði eru í gildi sérstakar reglur um samskipti við trúar- og lífsskoðunarfélög. Meginsjónarmið þeirra reglna er að nemendur grunnskólanna fái vernd gegn trúarlegri innrætingu en hafi jafnframt möguleika til að kynnast sjónarmiðum sem kynna gildi trúar líkt og þeim sem boða andstæð sjónarmið. Þá er það sjónarmið reglnanna að virða það að grunnskóli er samfélagsleg stofnun sem gerir ekki mun á milli trúarbragða í daglegu skólastarfi og virðir með því uppeldisrétt foreldra og persónulegar trúarskoðanir nemenda. Þrátt fyrir það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að grunnskóli miðlar samfélagslegum gildum og tekur þátt í að kynna ýmsar hefðir og venjur sem tengjast íslenskri menningu á hverjum tíma og þá kannski ekki síst kristnum menningaráhrifum sem mótað hafa íslenskt þjóðlíf um aldir. Það undirstrika m.a. lög um grunnskóla sem eru leiðarljós í skólastarfinu.

- Viðmiðunarreglur um samskipti leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar við trúar- og lífsskoðunarfélög.

31. Tryggingar í skólastarfi

Nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar eru tryggðir af bæjaryfirvöldum á hverjum tíma. Í því felst að nemendur í grunnskólum eru tryggðir vegna slysa sem þeir verða fyrir í grunnskólum, þ.e. í henni felst slysakostnaður, örorkukostnaður og dánarbætur sem bærinn semur um við sitt tryggingarfélag á hverjum tíma.

Hafnarfjarðarbær er með samning við TM um tryggingar skólabarna. Samningurinn snýr að slysum, dánarbótum og slysakostnaði í skóla, við gæslu í skóla og á leið í og úr skóla.

Nemi slysakostnaður einstaks slyss minna en sjálfsábyrgð sveitarfélagsins greiðir það sjálft umræddan slysakostnað án aðkomu tryggingarfélagsins. Slík mál fara beint til skólans og stjórnsýslu sveitarfélagsins.

32. Tölvu- og samskiptatækni í skóla

Í Hvaleyrarskóla er opið fyrir þráðlaust net fyrir nemendur. Til að komast inn á þráðlausa netið þurfa nemendur aðgengisorð sem þeir fá hjá umsjónarkennara sínum og geta eftir það komist inn á netið. Sérhver nemandi á þráðlausu neti verður þannig auðkenndur og um notkun nemenda á þráðlausa netinu gilda skólareglur og tölvureglur í skólanum.

Nemendur hafa fyrst og fremst aðgang að netinu til að stunda nám sitt og því eru takmarkanir á notkun netsins í öðrum tilgangi.



32.1. Reglur um tölvunotkun í skóla



Skólareglur gilda líka fyrir samskipti nemenda gegnum tölvur og umgengi um tækin. Nemendur eru hvattir til að vera ábyrgir á netinu og hafa í huga netorðin fimm.

Eins og í öðrum samskiptum þarf fólk að gæta þess hvað það segir og bera virðingu fyrir samborgurum sínum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar haft er í huga að það sem eitt sinn er farið á netið getur reynst ómögulegt að taka tilbaka. Þó að maður fjarlægi fljótlega efni sem hefði betur aldrei farið á netið er ekki hægt að treysta því að einhver annar hafi ekki hlaðið því niður eða tekið af því skjámynd.

32.2. Reglur um snjalltækja-/farsímanotkun í skóla

Notkun síma og snjalltækja sem ekki eru í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis er óheimil á skólatíma. Síma og snjalltæki í eigu eða umsjá skóla eða frístundaheimilis skal eingöngu nota í kennslufræðilegum tilgangi eða vegna stuðningsþarfa nemenda.

33. Umferðamál í og frá skóla (ganga, hjól og önnur farartæki)

Þegar barn byrjar í skóla þarf að kynna foreldrum/forráðamönnum barnsins aðkomu umferðar að skólanum. Slíkt dregur úr líkum á að hætta skapist vegna umferðar á álagstímum. Mikilvægt er að allir sem erindi eiga í skóla komist þangað á öruggan hátt gangandi, hjólandi og/eða akandi. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin eins og hægt er. Æskilegt er að bílastæði við skóla sé staðsett við skólabygginguna og merkt sérstaklega fyrir starfsfólk og foreldra. Gangbrautir skulu merktar þannig að sá sem ekur inn á bílastæðið sjái hvar þær eru. Nauðsynlegt er að taka á hraðakstri við skóla með bættri hönnun umferðarmannvirkja og liðsinni lögreglu.

33.1. Göngu- og hjólaleiðir barna í skólann

Æskilegt er að sem flest börn gangi eða hjóli í skólann en þannig skapast minni hætta af umferð ökutækja við skólann. Mikilvægt er að kynna árlega öruggar göngu- og hjólaleiðir og ábyrgð foreldra á öryggi barna á leið í og úr skóla. Ávallt skal gæta öryggissjónarmiða í þessum efnum. Æskilegt er að skólinn hafi frumkvæði að því að hvetja börn til að nota hjálm við hjólreiðar. Á vef samgöngustofu eru upplýsingar um öryggisbúnað vegna hjólreiða.

33.2. Akstur með aðföng og önnur umferð á skólalóðinni

Þar sem ekki er séraðkoma bíla með aðföng er mikilvægt að fara yfir hvar hentugast er að bílar komi að skólahúsnæðinu án þess að ógna öryggi barna. Kynna þarf fyrir bílstjórum eða merkja vel bestu og öruggustu leiðina fyrir þá til að koma með aðföng í skólann. Æskilegt er að aðstæður séu skipulagðar þannig að stór ökutæki þurfi ekki að aka afturábak á skólalóð eða þar sem vænta má barna.

33.3. Göngustígar og gangstéttar

Göngustígar og gangstéttar eiga að vera með slétt yfirborð. Ef meira en 2 sm mishæð er til staðar er hætta á falli. Ef hættulegar misfellur eru komnar í gangstéttar/göngustíga er mikilvægt að það sé lagað sem fyrst. Niðurföll á göngustígum/gangstéttum eiga að vera: Í sömu hæð og göngustígurinn/gangstéttin. Í lagi og hreinsuð reglulega til að koma í veg fyrir vatnstjón í byggingum og hálkumyndun að vetrarlagi. Með viðeigandi loki sem snýr rétt. Mikilvægt er að gert sé strax við stífluð niðurföll. Ef lok vantar á niðurfall eða það snýr öfugt er mikilvægt að laga það strax.

33.4. Hjól og línuskautar

Notkun hjóla, línu og/eða hjólaskauta eru ekki leyfð á skólalóðinni á skólatíma. Nemendur mega vera á hlaupahjólum og hjólabrettum á brettavellinum. Foreldrar geta leyft börnum sínum að koma á þessum tækjum í skólann meti þeir aðstæður öruggar hverju sinni

34. Útleiga (skápar, aðstaða, tæki og ábyrgð o.fl.)

Nemendur í 8.-10. bekk hafa kost á að fá nemendaskáp leigðan frá skólabyrjun til 5. júní. Leigan er 2000 kr fyrir árið. Ef nemendur skila skápunum á réttum tíma og í góðu ásigkomulagi þá fá þau 1000 kr endurgreiddar. Nemendur útvega sjálfir lás til að læsa sínum skáp. Skápnum er ekki úthlutað nema með samþykki og undirskrift forráðamanns. Gerist nemandi brotlegur varðandi notkun og umgengni um nemendaskáp missir hann sinn skáp og jafnvel rétt til að fá nemendaskáp í framtíðinni, auk þess sem hann fyrirgerir rétti sínum til endurgreiðslu.

35. Öryggismál í skóla, skólalóð og fasteignaumsjón

Skólabyggingin er hönnuð og stöðugt yfirfarin út frá byggingarreglugerðum sem miðar að því að vera örugg, tryggja útgönguleiðir við bruna og fyrirbyggja slys. Umsjón með húsnæðis skólans er á vegum Fasteignarfélags Hafnarfjarðar sem er í eigu bæjarins og er í umsjá sviðs umhverfis- og skipulagssviðs hjá bænum en ekki mennta- og lýðheilsusviði eða skólastjóra. Húsnæðið er ræst daglega til að tryggja hreinlæti undir yfirstjórn húsumsjónarmanns grunnskólans.

Skólinn starfar jafnframt eftir lögum og reglugerðum um opinbert húsnæði, skólahúsnæði sérstaklega, líkt og kveðið er á um en þau eru m.a. þessi:

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglugerð 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. (Ath! ef reglugerð breytist er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)

Þá starfar í skólanum öryggisnefnd, í samræmi við lög, sem vinnur að því að framfylgja að húsnæði skólans uppfylli öryggiskröfur.

Sömuleiðis er fylgst með því að húsnæðið uppfylli skilyrði brunavarna og reglulega er skólahúsnæðið yfirfarið út frá brunamálum og brunaæfingar haldar. Sjá nánar um forvarnaáætlun í IV. hluta starfsáætlunarinnar.

Á skólalóðinni gilda skólareglur. Skipulag og viðhald skólalóðarinnar er sömuleiðis í umsjá Fasteignafélags Hafnarfjarðar á umhverfis- og skipulagssviði bæjarins. Skólalóð lýtur opinberu regluverki og er reglulega yfirfarin og haldið við í því skyni að koma í veg fyrir að þar séu slysahættur. Sömuleiðis er skólalóðin reglulega yfirfarin og tekin út með hliðsjón af mögulegum aðskotahlutum sem ekki eiga að vera þar og geta valdið hættum.

III. hluti: Stoðþjónusta

(skólaþjónusta, félagsþjónusta og heilbrigðisþjónusta)

Stoðþjónusta vísar til sérstakrar þjónustu við grunnskólanemendur sem greind er í þrjú undirverkefni, þ.e. (i) skólaþjónustu sveitarfélags, (ii) félags-/fjölskyldaþjónustu sveitarfélags og ríkisvalds og (ii) heilbrigðisþjónustu ríkisvalds meðan á grunnskólanámi stendur.

60. Hlutverk skólaþjónustu sveitarfélags fyrir grunnskólanemendur

- Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi, óháð námslegri stöðu, þroska, heilsufari, uppruna eða öðrum einstaklingsbundnum aðstæðum. Grunnskólastarf skal taka mið af fjölbreyttum þörfum nemenda og stuðla að námslegum framförum, velferð og virkri þátttöku þeirra í skólasamfélaginu.
- Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur það hlutverk að styðja við nám, þroska og velferð nemenda og efla faglegt starf grunnskóla. Þjónustan tekur annars vegar til stuðnings við nemendur og foreldra þeirra og hins vegar til ráðgjafar og stuðnings við starfsfólk og starfsemi skólanna.
- Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, forvarnir og að bregðast við þörfum nemenda eins fljótt og kostur er. Stuðningur getur meðal annars falist í ráðgjöf, mati á stöðu og þörfum nemenda, sérfræðilegri aðstoð og samstarfi um viðeigandi úrræði.
- Við skipulag stuðnings er tekið mið af styrkleikum, þörfum og aðstæðum hvers nemanda. Stuðningur getur verið tímabundinn eða langvarandi og er endurskoðaður eftir því sem þarfir og aðstæður breytast. Nemendur sem þurfa auknar námslegar áskoranir eiga jafnframt rétt á námstækifærum við hæfi.
- Samstarf heimila, skóla og skólaþjónustu er mikilvæg forsenda þess að stuðningur skili árangri. Leitast skal við að tryggja samfellu í þjónustu, skýra ábyrgð og virka þátttöku nemenda og foreldra í ákvörðunum sem varða nám og velferð þeirra.
- Starf skólaþjónustu byggist meðal annars á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og gildandi aðalnámskrá grunnskóla.

60.1. Verkefni skólaþjónustunnar

Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur það hlutverk að styðja við nám, þroska og velferð nemenda og efla faglegt starf grunnskóla. Þjónustan beinist að nemendum, foreldrum og starfsfólki skóla og byggist á samstarfi ólíkra fagstétta með hagsmuni og þarfir nemenda að leiðarljósi.

Samkvæmt reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum eru helstu verkefni skólaþjónustunnar að:

1. Stuðla að velferð nemenda með markvissu forvarnarstarfi.
2. Meta stöðu og stuðningsþarfir nemenda eins snemma og kostur er og veita ráðgjöf vegna námslegra, félagslegra og sálrænna erfiðleika.
3. Byggja þjónustuna á heildstæðri sýn á aðstæður, þarfir og hagsmuni nemenda.
4. Veita starfsfólki skóla faglega ráðgjöf og stuðning við kennslu, starfshætti og þróun skólastarfs.
5. Styðja foreldra með ráðgjöf og fræðslu.
6. Tryggja viðeigandi túlkaþjónustu svo upplýsingar og ráðgjöf nýtist nemendum og foreldrum.
7. Stuðla að góðum tengslum og samfellu milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Skólaþjónustan vinnur í samstarfi við skóla, foreldra og aðra þjónustuaðila, svo sem félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við á. Þegar barn þarf þjónustu frá fleiri en einum aðila er lögð áhersla á

samhæfingu stuðnings og skýra ábyrgð í samræmi við lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Þjónusta við nemendur getur meðal annars falist í náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, talmeinaþjónustu, sérfræðilegu mati og ráðgjöf um nám, hegðun og félagslega stöðu. Jafnframt veitir skólaþjónustan foreldrum og starfsfólki skóla stuðning við að skipuleggja og innleiða viðeigandi úrræði.

Áhersla er lögð á að stuðningur byggist á þörfum nemenda og að gripið sé til viðeigandi aðgerða eins fljótt og kostur er. Markmiðið er að efla námslega og félagslega þátttöku nemenda og skapa þeim aðstæður til að ná árangri í skólastarfi.

60.2. Fagþjónustan innan skólaþjónustunnar

Hér verða kynnt helstu fagþjónustuverkefni sem heyra undir skólaþjónustu sveitarfélags. Kaflanum er skipt í sex undirkafla til einföldunar út frá eðli þjónustu og verkefna sem eru í gangi í afmörkuðum viðfangsefnum sem sérfræðiþjónustunni er ætlað að leysa. Þessi verkefni eru:

1. Nemendaverndarráð og farsældarteymi
2. Náms- og starfsráðgjöf.
3. Sálfræðiþjónusta.
4. PMTO-foreldrafærni.
5. Stuðningskennsla og sérúrræði.
6. Talmeinaþjónusta.

Nánari útlistun á þessum verkefnum kemur hér áfram við einstök fagverkefni skólaþjónustunnar.

60.2.1. Farsæld barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er að skapa umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar, sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Öll börn undir 18 ára aldri, og fjölskyldur þeirra, eiga að hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf er á.

Hlutverk tengiliðar er:

- að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi
- að rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn
- að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns
- að aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns
- að skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns
- að koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra
- að taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á

Þegar barn er við nám í leik-, grunn-, eða framhaldsskóla er tengiliður þjónustu í þágu farsældar barns starfsmaður skólans þar sem barnið er við nám eða leik. Tengiliður farsældar í Hvaleyrarskóla er Sigrún Einarsdóttir, sigrun@hvaleyrarskoli.is. Hér má lesa sér betur til um farsæld barna í Hafnarfirði Farsæld barna | Hafnarfjörður.

60.2.1.b Nemendaverndarráð og farsældarteymi

Eitt mikilvægasta verkfærið sem skólum er hér lagt til að hafa er nemendaverndarráð sem hluti reglugerðar um skólaþjónustu við leik- og grunnskóla, þ.e. V. kaflinn (greinar 15-20). Skólastjóra er skylt að halda úti nemendaverndarráði og skal það vera með samstarf við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld. Það er hlutverk og skylda nemendaverndarráðs að gæta hagsmuna barna og leita leiða til að tryggja að börnum líði sem best, t.d. með ýmiss konar forvarnafræðslu.

60.2.1.1. Hlutverk nemendaverndarráðs

Í reglugerðinni er sérstaklega skýrt hvert hlutverk nemendaverndarráðsins er.

> *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs. /*Reglugerð nr. 444/2019 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, gr. 17.)

Nemendaverndarráðið hefur því það meginverkefni að samhæfa vinnu með einstaka nemendur, jafnvel nemendahópa, þannig að þjónusta skólans nýtist nemendum sem best og þeir fái sem besta úrlausn sinna mála. Samhæfingin og eftirfylgd ákvarðana í því að nemendur fái þá vernd sem þeir þurfa er þannig meginverkefni nemendaverndarráðsins. Við grunnskóla Hafnarfjarðar starfar sérstakt vinnu-/lausnarteymi á vegum nemendaverndaráðs, brúarteymi, þar sem á sér stað samvinna og úrlausnarvinna starfsfólks skóla með skólaþjónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Sérstakar reglur gilda um þetta verklag og miðar að því að nýta sem best úrræði og færa nemendum sem mest gæði í allri þjónustu sem þeim er veitt, frá kennslu til persónulegs stuðnings og samvinnuaðgerða með fjölskyldum þeirra.

60.2.1.2. Starfsreglur og vinnubrögð

Á grunni reglugerðarinnar sem kynnir nemendaverndarráð skal skóli, eða sveitarfélag eftir atvikum, setja sér eigin starfs- og verklagsreglur til útfærslu á reglugerðinni til nánari starfshátta (gr. 20 í fyrrgreindri reglugerð). Fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar gilda samhæfðar reglur um starfsemi nemendaverndarráðs og brúarteymi í hverjum grunnskóla en hver skóli, undir ábyrgð skólastjóra, fylgir þeim og útfærir mögulega nánar út frá aðstæðum (t.d. stærð skóla og starfsmannahaldi)

Starfsreglurnar eru þannig ítarlegri ferlar fyrir starfshætti nemendaverndarráðsins en reglugerðin er og tekur því betur mið af starfsháttum og aðstæðum í skólum og sveitarfélögum (t.d. stærð þeirra og nemendafjölda). Sömuleiðis leggja starfsreglurnar áherslu á mikilvægi þess að í öllu ferlinu séu skýrar málsmeðferðarreglur þar sem skráning er mikilvægur þáttur í ferlinu því án þess hefur ekki átt sér stað fullnægjandi málsmeðferð ef ekki verða til gögn sem skýra á viðeigandi hátt eðli máls svo hægt er að taka það til afgreiðslu og fylgja afgreiðslu þess eftir. Skráðar upplýsingar, sem allar lúta reglum um gagnavarðveislu og trúnaðarskyldum, er grunnur stjórnsýslu í nemendaverndarráði. Nemendaverndarráð, og brúarteymi, í grunnskólum Hafnarfjarðar hittist á 1-2 vikna fresti yfir allt skólaárið.

Það er meginstefna skólaþjónustunnar að öll mál sem til hennar berist frá skólum skuli fyrst fara í gegnum nemendaverndarráðs skólans og þaðan í lausnarteymi farsældar. Í gegnum lausnarteymi farsældar vinnast mál til skóla- og fjölskylduþjónustu innan Hafnarfjarðar.

60.2.1.3. Samstarf við aðstandendur

Foreldrar geta sent inn erindi til nemendaverndarráðs síns skóla með tölvupósti til skólastjóra.

Starfsreglurnar leggja einnig áherslu á mikilvægi samstarfs og samráðs við foreldra/ aðstandendur sé málum þeirra vísað til nemendaverndarráðs. Í mörgum tilvikum er upphaf máls sem kemur til nemendaverndarráðs komið að tilstuðlan foreldra/aðstandenda. Starfsfólk skóla hefur þó sjálfstæðan rétt til að senda mál til nemendaverndarráðs og í sumum tilvikum ríkulegar starfsskyldur að tilkynna málefni nemenda sinna til ráðsins. Það á sérstaklega við um mál sem snúa að vanrækslu og ofbeldi hvers konar sem talið er að barn verði fyrir. Tilkynning máls til nemendaverndarráðs felur ekki endilega í sér dóm en samkvæmt barnaverndarlögum skal tilkynna allan grun um ofbeldi og vanrækslu til barnaverndaryfirvalda en það er síðan barnaverndaryfirvalda að meta hvort tilkynning eigi við rök að styðja eða ekki.

Þó skal hafa þann fyrirvara að í ákveðnum tilvikum er vikið frá foreldrasamráði hjá nemendaverndarráði ef tilkynning til ráðsins og úrvinnsla máls snýr að fjölskyldu nemanda og það sé ekki talið barninu í hag að slíkt samráð sé viðhaft fyrirfram. Þá er máli vísað til barnaverndaryfirvalda án vitneskju aðstandenda og þau taka sjálfstæðar ákvarðanir um framhald máls, sem gæti t.d. átt við í tilvikum sem snúa að vanrækslu eða kynferðislegu ofbeldi.

60.2.1.4. Teymissamstarf um einstaka nemendur og eftirfylgni

Nemendaverndarráð hefur ákvarðanavald í málefnum nemenda, vísar málum á viðeigandi ferli innan skóla og út fyrir hann eftir því sem við á. Í mörgum tilvikum getur verið nauðsynlegt að skólinn fylgi málefnum nemenda betur eftir innan skóla. Í sumum tilvikum eru stofnuð teymi um málefni einstakra nemenda þar sem aðilar sem tengjast barni vinna saman og hittast reglulega eins og talin er þörf á hverju sinni. Þessi teymi sitja gjarnan foreldri/-ar, fulltrúi/-ar skóla, fulltrúi/-ar skólaþjónustu og skóla- og fjölskylduþjónustu og utanaðkomandi sérfræðingar eftir atvikum. Markmið þessara samvinnuteyma er að fylgja eftir ákvörðunum og greiningum sérfræðinga til að vinna að því að börn fái mætt þörfum sínum og samhæfa þjónustuna við það. Eftirfylgni mála með einstök börn getur verið lykilatriði í því að skólar sinni verkefnum sínum hér, nýti ráðgjöf sérfræðinga og tryggi samvinnu við foreldra um nám og vellíðan nemenda í skólanum.

60.2.2. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundið verkefni allra grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla (2008, 13. gr.) og starfsheitið er lögverndað fyrir náms- og starfsráðgjafa að sinna þeirri þjónustu í grunnskólunum. Það er undirstrikað í aðalnámskrá grunnskóla.

> *Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af skólaþjónustu skóla. Náms- og starfsráðgjöf í grunnskóla felst í því að vinna með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Mikilvægt er að nemendur fái aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeint þeim við áframhaldandi nám og starf. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi.* (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 45.)

Það er því meginverkefni náms- og starfsráðgjafa að veita nemendum og aðstandendum eftir atvikum, ráðgjöf og stuðning í námi og frekari námsmöguleikum meðan á grunnskólanáminu stendur en einnig um möguleika sína eftir að grunnskólanámi lýkur. Þannig eru þeir virkir aðilar í að skipuleggja námsefniskynningar fyrir nemendur við lok grunnskóla.

Í grunnskólum Hafnarfjarðar eru 0,5-1,5 stöðugildi náms- og starfsráðgjafar í hverjum skóla og ræðst það af stærð skólans. Skólastjórnendur hvers grunnskóla ráða náms- og starfsráðgjafa til starfa innan hvers skóla og hafa þeir aðsetur í viðkomandi grunnskóla.

60.2.2.1 Náms- og starfsráðgjafi

Í Hvaleyrarskóla starfar náms- og starfsráðgjafi í fullu starfi. Hann vinnur náið með öðrum sérfræðingum skólans að því að standa vörð um velferð allra nemenda skólans.

Náms- og starfsráðgjafi Hvaleyrarskóla er Emilía Björg Kofoed Hansen.

Ráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002. Nánar um störf náms- og starfsráðgjafa og skólafélagsráðgjafa hér neðar.

Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverki náms- og starfsráðgjafa er stundum skipt í fjóra meginflokka: Fyrirbyggjandi, græðandi, fræðandi og þroskandi.

- Fyrirbyggjandi: Það grundvallast á því að skapa hverjum nemanda sem bestar aðstæður í skólanum og greiðan aðgang að aðstoðarmanni.
- Græðandi: Er trúnaðarmaður og málsvari nemenda og aðstoðar þá við lausn persónulegra vandamála sem hindra þá í námi.
- Fræðandi: Safnar og miðlar upplýsingum um nám og störf, annast náms- og starfsfræðslu eða aðstoðar þá sem sinna henni sem og fræðslu um námstækni. Hann sinnir tengslum við önnur skólastig og atvinnulíf.
- Þroskandi: Stuðlar að auknum skilningi nemenda á eigin stöðu og möguleikum í námi og starfi og þjálfar þá til sjálfsábyrgðar.

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- Persónuleg ráðgjöf miðar að því að veita nemendum stuðning svo að þeir nái settu marki í námi sínu og skólagangan nýtist sem best.
- Persónuleg vandamál geta haft þau áhrif að þau hamla nemandanum í námi. Vandamálin geta verið af ýmsum toga s.s. námsleg, félagsleg eða tengd samskiptum. Aðstoð náms- og starfsráðgjafa miðar að því að hjálpa nemendum að leita lausna.

Ólíkum nemendum henta ólíkir námsstílar. Markmið fræðslu og ráðgjafar í námstækni er að nemendur finni út hvaða leiðir skila þeim bestum árangri. Náms- og starfsráðgjafi leiðbeinir nemendum m.a. með:

- Að skipuleggja og meta eigin námsaðferðir og námsvenjur
- Skipulagningu á námi
- Minnis-, lestrar- og glósutækni
- Vinnulag í einstökum greinum
- Ritgerðarsmíð
- Skipulagningu á prófundirbúningi og próftöku

Hópráðgjöf og fræðsla

Náms- og starfsráðgjafi býður upp á fræðslu í stærri eða smærri hópum sem vinna að einstökum verkefnum.

60.2.3. Málefni innflytjenda og túlkaþjónusta

Sérstök þjónusta er við nemendur í grunnskólum sem flytjast til Íslands og koma úr öðru málumhverfi. Markmiðið er að hjálpa þeim að tileinka sér íslensku í nýju málumhverfi, hvort sem þeir eiga annað móðurmál en íslensku eða ekki. Málefni innflytjenda og túlkaþjónusta heyra undir kennslufulltrúa fjölmenningar á mennta- og lýðheilsusviði.

Í Hvaleyrarskóla starfa þrír kennarar í mismunandi stöðuhlutfalli í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT), Haukur Þór Þorvarðarson, Anna Elísabet Sævarsdóttir og Hildur Smith Ólafsdóttir. Þeir styðja nemendur með annað móðurmál en íslensku við að tileinka sér íslensku og fóta sig í nýju málumhverfi. Nýkomnir nemendur sem tala ekki íslensku geta einnig sótt 12 vikna byrjendanámskeið í Bjargi, sjá kafla 60.2.8.

Að öðru leyti heyrir þjónusta við nemendur með annað móðurmál en íslensku undir stoðþjónustu skólans (sjá kafla 60.2.6.1.1, Skipulag stoðþjónustu í Hvaleyrarskóla). Berglind Ósk Kristjánsdóttir er deildarstjóri stoðþjónustu.

Þórunn Harðardóttir skrifstofustjóri (thorunnha@hvaleyrarskoli.is) hefur umsjón með túlkaþjónustu fyrir nemendur og foreldra skólans.

60.2.3.1. Íslenskukennsla innflytjenda og Íslendinga sem hafa búið lengi erlendis

Börn með lögheimili í skólahverfi eiga rétt á að sækja hverfisskóla sinn og fá nám við hæfi. Í grunnskólum Hafnarfjarðar fá nemendur með annað móðurmál en íslensku skólavist eins fljótt og auðið er.

Nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku eða hafa búið lengi erlendis eiga rétt á sérstakri íslenskukennslu meðan þeir þurfa á henni að halda. Kennslan fer fram í öllum grunnskólum bæjarins og ber hver skóli ábyrgð á henni. Mennta- og lýðheilsusvið úthlutar grunnskólum kennslustundum til íslenskukennslunnar eftir sérstökum viðmiðum.

Þegar nýr nemandi kemur erlendis frá fylgir skólinn móttökuáætlun sinni (kafli 84, c-liður). Markmiðið er að skólagangan byrji vel og að skólinn hafi nægar upplýsingar um nemandann til að hann geti hafið námið á sem árangursríkastan hátt. Skólinn styðst jafnframt við handbók fyrir starfsfólk grunnskóla Hafnarfjarðar um innritun og móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku geta fengið undanþágu frá skyldunámi í dönsku (sjá Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 78)

60.2.3.2. Túlkaþjónusta

Foreldrar sem skilja ekki íslensku eiga rétt á túlkaþjónustu sér að kostnaðarlausu í formlegum samskiptum skóla og heimilis, t.d. í foreldraviðtölum, námsmatsviðtölum og á foreldrafundum. Skólinn greiðir kostnaðinn. Foreldrar eiga rétt á túlkaþjónustu svo lengi sem þeir geta ekki nýtt sér íslensku í samskiptum við skólann.

> „Skólaþjónustan skal styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í skólum, starfsfólk þeirra og foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Viðeigandi túlkaþjónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum, því er mikilvægt að aðgengi að slíkri þjónustu sé gott.“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 46)

Skólinn ræður túlka og skiptir eingöngu við viðurkennda túlka og túlkaþjónustur. Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk skólans nýti sér túlka til að koma sjónarmiðum sínum og upplýsingum á framfæri.

60.2.4. Skólabragur, hegðunarvandi, SMT-skólafærni og PMTO-foreldrafærni

Í Hafnarfirði hefur undir stjórn Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar verið unnin markviss vinna til að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka á erfiðri hegðun með aðferðum PMTO frá árinu 2000. Sú vinna byggir í grunninn á því að mikilvægt sé að heildstæð viðbrögð séu við hegðunarvanda nemenda, bæði milli heimilis (PMTO foreldrafærni) og skóla (SMT-skólafærni) þar sem samkvæmni er mikilvæg fyrir öll börn og skólastarfið. Þess vegna hefur Hafnarfjörður innleitt eitt samhæft vinnuferli í grunnskólum sveitarfélags til að vinna að góðum skólabrag, nefnt SMT-skólafærni. Hver skóli útfærir sína eigin útfærslu á SMT-skólafærni út frá almennum viðmiðunum en hver skóli þarf að fylgja ákveðnu innleiðingarferli til að innleiða aðferðina og teljast fullgildur SMT-skóli. Allir hafnfirsku skólarnir eru fullgildir SMT-skólar en þeir þurfa jafnframt að fylgja ákveðnu vinnuferli til að halda þeirri stöðu.

Fyrir verkefninu í Hafnarfirði fer verkefnisstjóri PMTO-foreldrafærni og SMT-skólafærni á Mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Hann stýrir námskeiðahaldi og handleiðslu við starfsfólk skóla og einnig starfi sem snýr að foreldrum (sjá hér aftar).

60.2.4.1. SMT-skólafærni

Í Hvaleyrarskóli starfar SMT teymi sem fundar einu sinni í mánuði. Í því sitja:

- Steinar Ó. Stephensen, deildarstjóri steinar@hvaleyrarskoli.is
- Vala Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri
- Emilía Björg Kofoed Hansen

SMT-skólafærni (einnig skammastafað PBIS á enska tungu sem stytting á „Positive Behavioural Interventions and Support“) stendur fyrir vinnubrögð og vinnuferla í skólastarfi sem miða að því að efla góðan skólabrag, stuðla að heppilegri vinnuró í skólastarfinu og bregðast á markvissan hátt við þeim nemendum sem sýna hegðunarvanda og gengur illa að fylgja reglum eða að vinna með öðrum börnum.

Í meginatriðum gengur vinnan út á það að byggja upp jákvæð samskipti og tengsl í skólastarfinu þar sem skýrar reglur, að halda mörk og hvatning/hrós eru lykilþættir í samskiptum. Sumum nemendum dugar þó ekki þessar grunnreglur og því taka við fleiri ferlar og frekari aðgerðir í samskiptum við þá nemendur sem sýna hegðunarvanda. Þá koma til sérstök verkfæri í samskiptum við þá nemendur, s.s. skólakort, einvera og sérstök hvatningarkerfi sem bæði er unnið með í skóla og heima.

60.2.4.2. Foreldraúrræðið PMTO-foreldrafærni

PMTO foreldrafærni er sérstakt verkefni innan skólaþjónustu sveitarfélagsins sem hófst á Íslandi í Hafnarfirði árið 2000 og hefur verið í innleiðingu og þróun síðan. Verkefnið hefur að meginefni að styðja foreldra nemenda í leik- og grunnskólum bæjarins þegar börn þeirra sýna einkenni hegðunarvanda og foreldrar þurfa stuðning, ráðgjöf eða meðferð vegna uppeldi barna sinna. PMTO foreldrafærni er þróað í Bandaríkjunum og var innleitt í Hafnarfjörð með stuðningi frá höfundunum en er nú orðið landsverkefni á Íslandi undir yfirstjórn Barna- og fjölskyldustofu á Íslandi. Í Hafnarfirði er verkefnið starfrækt innan mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs bæjarins og gerður hefur verið samstarfssamingur þessara sviða um verkefnið. Í stýrihópi um PMTO sitja starfsmenn þessara sviða.

Þjónusta PMTO í Hafnarfirði fyrir foreldra gerist í gegnum námskeið, hópmeðferð eða einstaklingsmeðferð sem miða að því að mæta þörfum foreldra. Þjónusta PMTO í Hafnarfirði fyrir foreldra gerist í gegnum þrjú

verkefni sem miða að því að mæta foreldrum þar sem þeir hafa þörf fyrir fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu með mismunandi prógrömmum sem eru í gangi. Þau eru:

1. *PMTO foreldranámskeið*. PMTO foreldranámskeið eru átta vikna hópnámskeið þar sem PMTO meðferðaraðilar kenna foreldrum einu sinni í viku og þeir vinna verkefni heima á milli tíma. Bandarískar rannsóknir sýna góðan árangur af slíkri fræðslu fyrir þennan hóp foreldra.
2. *PMTO hópmeðferð*. PMTO hópmeðferð (PTC) er 14 vikna hópmeðferð fyrir foreldra barna með hegðunarfrávik. Lögð er áhersla á ítarlega vinnu með verkfæri PMTO og sveiganleika til að mæta þörfum hverrar fjölskyldu. Reyndir meðferðaraðilar vinna með hópnum og foreldra vinna svo heima á milli tíma. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda.
3. *PMTO meðferð*. PMTO meðferð er úrræði fyrir foreldra barna með töluverð hegðunarfrávik. Lögð er áhersla á ítarlega vinnu með foreldrum og gert ráð fyrir sveigjanleika til að mæta þörfum hverrar fjölskyldu. Um er að ræða einstaklingsþjónustu sem felst m.a. í allt að 20 viðtölum hjá PMTO meðferðaraðila. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda.

Líkt og kynnt er hér að framan starfar PMTO foreldrafærni úrræðið í nánu samráði við leik- og grunnskóla bæjarins og barnaverndaryfirvöld innan fjölskylduþjónustu bæjarins. Starfsmenn sem sinna námskeiðahaldi og PMTO meðferð er menntaðir sálfræðingar og félagsráðgjafar með sérstaka þjálfun til viðbótar í fræðum PMTO. Nánari upplýsingar um PMTO foreldrafærni á landsvísu má finna á vef verkefnisins: http://www.pmto.is. SMT-skólafærni í grunnskólum Hafnarfjarðar byggir á hugmyndafræði PMTO foreldrafærni og miðar að því að samhæfa uppeldi og nám barna með samhæfðum uppeldisviðbrögðum í skóla og heima, en slíkt er sérlega mikilvægt hjá börnum sem sýna einkenni hegðunarvanda að náið samráð sé um aðgerðir til að draga úr hegðunarvanda barns svo það geti einbeitt sér að náminu í skólanum.

60.2.5. Sálfræðiþjónusta

Ingibjörg Magnúsdóttir skólasálfræðingur starfar í 40% starfi í Hvaleyrarskóla í forföllum fyrir Silju Rut Jónsdóttur. Þá starfa fleiri sálfræðingar í verktakavinnu við greiningar fyrir skólann.

Í aðalnámskrá kemur fram að markmið með skólaþjónustu sveitafélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Allir grunnskóla Hafnarfjarðar hafa aðgengi af sálfræðiþjónustu frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og við alla grunnskóla Hafnarfjarðar starfa skólasálfræðingar. Sálfræðiþjónusta er veitt nemendum í grunnskólum í samræmi við þarfir og aðstæður í hverjum skóla. Sálfræðiþjónusta er veitt á grundvelli beiðna frá skóla eða foreldrum en samþykki foreldra verður ávallt að liggja fyrir með undirskrift foreldra. Tilefni beiðna geta verið margvísleg en sérstök áhersla er lögð á snemmtækt mat og greiningu á stöðu nemanda vegna náms, hegðunar og sálrænna erfiðleika. Einnig er veittur stuðningur við nemendur, foreldra og starfsfólk skóla í formi ráðgjafar, fræðslu og eftirfylgni.

60.2.5.1. Hlutverk og verkaskipting sveitarfélags og ríkis um sálfræðiþjónustu

Sveitarfélög, þ.m.t. Hafnarfjarðarbær, sinnir greiningu og ráðgjöf fyrir börn á leik- og grunnskóla-aldri. Sveitarfélög eiga einnig að hafa frumkvæði að samstarfi við aðila sem annast sérhæfðara greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda s.s. við stofnanir eins og Barna- og unglingageðdeild Landsspítala (BUGL), Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunar (ÞHH) og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (GRR). Sérfræðingar sveitarfélags (sálfræðingar) senda tilvísanir áfram til þessara

stofnana með samþykki foreldra. Það er hins vegar á hendi ríkisins að veita sálfræðilega meðferð fyrir leik- og grunnskólabörn.

60.2.5.2. Greiningar og ráðgjöf (sveitarfélagið)

Samkvæmt reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (Reglugerð nr. 444/2019, gr. 11) geta foreldrar nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Helstu greiningar sem sálfræðingar skóla framkvæma eru, vitsmunaþroskagreiningar, greiningar á líðan og greiningar á hegðunarfrávikum. Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu geta lagt fram ósk um slíka sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Beina skal tilvísunum um slíka athugun eða greiningu til skólastjóra/nemendaverndarráðs skólans. Í kjölfar umsóknar tekur við vinna með starfsfólk grunnskólanna á viðeigandi tilvísunarform og þurfa bæði foreldrar og starfsfólk skóla að veita fullnægjandi upplýsingar með tilvísuninni. Starfsfólk skóla hefur aðgang að tilvísun á innra neti bæjarins (Læknum). Öll sálfræðiþjónusta sveitarfélagsins er foreldrum/heimilum að kostnaðarlausu.

Þegar athugun eða greiningu er lokið er gerð tillaga um viðeigandi úrræði með starfsfólki skóla s.s. með fræðslu eða ráðgjöf til kennara, foreldra, nemenda og nemendahópa. Eftirfylgni og mat á árangri er í höndum skólaþjónustu í samstarfi við viðkomandi skóla.

60.2.5.3. Sálfræðimeðferð (ríki og einkaaðilar)

Sálfræðileg meðferð er á vegum ríkisins en einnig geta foreldrar leitað til sjálfstætt starfandi sálfræðinga á einkareknum stofum en verða þá að bera kostnað af því sjálfir. Á heilsugæslustöðvunum (Firði, Sólvangi) starfa tveir sálfræðingar sem sinna börnum og foreldrum þeirra og kostnaður er í samræmi við gjaldskrá heilsugæslunnar. Mál berast til sálfræðinga heilsugæslu með tilvísunum frá heimilislæknum á heilsugæslu-stöðvunum.

60.2.6. Sérkennsla og sérúrræði

Með sérkennslu er átt við sérstakan stuðning við nemendur í skóla sem ýmist fer fram í almennum nemendahópum (bekkjum) eða í sérstökum námshópum undir leiðsögn sérkennara. Með sérkennslu er yfirleitt átt við að veita nemendum stuðning sem eiga í erfiðleikum með að fylgja almennri námskrá skóla.

> *Stuðningur við nemendur eða nemendahópa felst í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem ætlað er að mæta þörfum allra nemenda.*
>
> *Við skipulag stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa skal stuðla að því að hann fari fram innan skólans án aðgreiningar. Við sérstakar aðstæður, svo sem vegna dvalar barns á heilbrigðisstofnun eða í úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda, skal í því ljósi ákveða hvernig stuðningi verði háttað.*
>
> *Stuðningi við nemendur með sérþarfir skal sinnt af umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum kennurum eftir því sem við verður komið. Skólastjóri getur jafnframt ráðið aðra aðila til stuðnings nemendum telji hann það nauðsynlegt að fengnu samþykki sveitarstjórnar.* (Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, grein 8.)

Málefni sérkennslu, ásamt sérdeildum, heyra undir sérkennslufulltrúa grunnskóla á Skólaskrifstofunni.

- REGLUGERÐ nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla., breyting nr. (Ath! ef reglugerð er breytt er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)

60.2.6.1. Stuðningskennsla, stuðningur innan skóla og einstaklingsnámskrár

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal skólastarfið veita öllum nemendum nám og stuðning við hæfi og það nefnt stuðningskennsla þegar nemendur með sérþarfir fá sérstakan kennslustuðning, hvort heldur í almennum bekkjumeða sérstökum sérdeildum. Öll stuðningskennsla og kennsla í sérdeildum heyrir undir einstaka grunnskóla bæjarins sem bera þá ábyrgð á framkvæmd stuðningskennslunnar í grunnskólum. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar úthlutar fjármagni til stuðningskennslu skólanna út frá mati á þörfum.

Hver grunnskóli skipuleggur stuðningskennslu og stuðning innan hvers skóla og forgangsraðar verkefnum í samræmi við greiningar sem fylgja nemendum og skimanir sem gerðar eru í skóla. Grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað kennslustundum fyrir sérstakan stuðning á eftirfarandi hátt:

a. Almenn kennsluúthlutun til bekkjarkennslu allra nemenda.
b. Viðbótarkennsluúthlutun út frá margvíslegum félagslegum aðstæðum í skólum.
c. Ílagsúthlutun til að mæta nemendum í skólum með sérhæfðar þarfir.

Á grundvelli fjármagns sem skólar fá úthlutað skipuleggja þeir stuðningskennslu innan skóla. Nemendur með miklar sérþarfir fá sérstaklega einstaklingsnámskrá sem skilgreinir sérstaklega nám þeirra þar sem um frávik er að ræða frá aðalnámskrá. Miðað er við að einstaklingsnámskrá sé gerð fyrir hvert skólaár í senn en innan skólaársins sé séu unnar námsáætlanir sem taki til mislangs tíma hverju sinni út frá aðstæðum.

Telji foreldrar að börn þeirra hafi sérþarfir og þurfi á sérstökum stuðningi í námi en fá hann ekki að mati foreldra geta komið slíkri beiðni á framfæri við skólann. Erindið er tekið fyrir á næsta fundi í nemendaverndarráði skólans þar sem tekin er ákvörðun um meðferð erindisins. Foreldrar fá síðan skriflegt svar með rökstuðningi. Sótt er um sérstakan stuðning til viðkomandi skóla með tölvupósti til skólastjóra.

60.2.6.1.1 Skipulag stoðþjónustu í Hvaleyrarskóla

Í Hvaleyrarskóla er lögð áhersla á að mæta ólíkum náms- og stuðningsþörfum nemenda og skapa þeim aðstæður til að stunda nám við hæfi. Stoðþjónusta skólans miðar að því að efla námslega, félagslega og tilfinningalega velferð nemenda og stuðla að virkri þátttöku þeirra í skólastarfi.

Innan stoðþjónustu skólans starfa sérkennarar, kennarar sem sinna sérkennslu, þroskaþjálfar, sálfræðimenntaðir starfsmenn, náms- og starfsráðgjafi, skólafélagsráðgjafi og stuðningsfulltrúar.

Deildarstjóri stoðþjónustu, **Berglind Ósk Kristjánsdóttir**, hefur yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd stoðþjónustu skólans.

Netfang: berglindk@hvaleyrarskoli.is

Að vori leggja umsjónarkennarar fram upplýsingar um áætlaða sérkennslu og stuðningsþörf nemenda fyrir komandi skólaár. Við skipulag og úthlutun stuðnings er tekið mið af námslegri og félagslegri stöðu nemenda, niðurstöðum skimana og námsmats, fyrirliggjandi greiningargögnum þegar við á og öðrum upplýsingum sem varpa ljósi á stuðningsþarfir þeirra.

Stuðningsþarfir nemenda eru metnar reglulega og skipulag stoðþjónustu endurskoðað með hliðsjón af framförum, breyttum aðstæðum og niðurstöðum mats. Endurskoðun fer meðal annars fram í kjölfar skimana, við annaskipti og þegar nýjar upplýsingar eða breyttar þarfir kalla á að málin verði endurskoðuð.

Námsaðstoð fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.

Markhópur:

- Nemendur sem þurfa aukna eða sértæka aðstoð til að geta fylgt markmiðum síns árgangs í kjarnagreinum.
- Nemendur með náms- og/eða þroskaraskanir og geta, á grundvelli þess, ekki nýtt alfarið þau námstilboð sem bjóðast á heimasvæðum. Þeir fylgja ekki markmiðum árgangs í öllum greinum og vinna út frá sinni einstaklingsnámskrá.

Markmið:

- Að efla færni nemenda í ákveðnum námsgreinum og/eða þroskaþáttum í samræmi við metnar þarfir.
- Að efla úthald og einbeitingu við verkefnavinnu.
- Að efla félags- og jafningjafærni nemenda.
- Að auka færni nemenda í að takast á við aðstæður og kenna þeim að velja útgönguleiðir sem hæfa aðstæðum hverju sinni.

Leiðir: Nemendur fara í námsver, í ákveðnar kennslustundir á viku, þar sem þeir fá tækifæri til að vinna í litlum hópi með aðstoð sérkennara.

Námsaðstoð fyrir nemendur í 5.- 7. bekk

Markhópur:

- Nemendur sem þurfa aukna eða sértæka aðstoð til að geta fylgt markmiðum síns árgangs í kjarnagreinum.
- Nemendur með náms- og/eða þroskaraskanir og geta, á grundvelli þess, ekki nýtt alfarið þau námstilboð sem bjóðast á heimasvæðum. Þeir fylgja ekki markmiðum árgangs í öllum greinum og vinna út frá sinni einstaklingsnámskrá.

Markmið:

- Að efla færni nemenda í ákveðnum námsgreinum og/eða þroskaþáttum í samræmi við metnar þarfir.
- Að efla úthald og einbeitingu við verkefnavinnu.
- Að efla félags- og jafningjafærni nemenda.
- Að auka færni nemenda í að takast á við aðstæður og kenna þeim að velja útgönguleiðir sem hæfa aðstæðum hverju sinni.

Leiðir: Sérkennari kemur inn á kennslusvæði til að aðstoða ákveðna nemendur eða nemendur fara í námsver allt eftir aðstæðum. Þar stuðlar hann að bættum námsárangri hjá sínum markhóp í samvinnu við umsjónarkennara.

Námsaðstoð fyrir nemendur í 8.- 10. bekk

Markhópur:

- Nemendur sem þurfa aukna eða sértæka aðstoð til að geta fylgt markmiðum síns árgangs í kjarnagreinum.

Markmið:

- Að efla færni nemenda í ákveðnum námsgreinum og/eða þroskaþáttum í samræmi við metnar þarfir.
- Að efla úthald og einbeitingu við verkefnavinnu.

Leiðir: Sérkennari kemur inn á kennslusvæði til að aðstoða ákveðna nemendur eða nemendur fara í námsver allt eftir aðstæðum. Þar stuðlar hann að bættum námsárangri hjá sínum markhóp í samvinnu við umsjónarkennar

Aðstoð við nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Markhópur:

- Nemendur með annað móðurmál en íslensku og hafa litla eða enga færni í íslensku máli.

Markmið:

- Að þjálfa nemendur í íslensku máli.
- Að þróa þekkingargrunn og læsi.
- Að stuðla að félagslegri vellíðan nemenda.

Leiðir: Nemendur koma í námsver ákveðnar kennslustundir í viku þar sem áhersla er á kennslu í orðaforða, læsi og menningu. Unnið er í gegnum samræður, leiki spil og fleira. Kennari kemur inn á kennslusvæði til að aðstoða ákveðna nemendur. Þar stuðlar hann að bættum námsárangri hjá sínum markhóp í samvinnu við umsjónarkennara.

Nemendum í 1. bekk, sem hafa litla færni í íslensku, er boðið upp á heimanám eftir skóla.

Þroskaþjálfun

Þroskaþjálfar koma að þjálfun nemenda með fötlun í samstarfi við umsjónarkennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa. Þroskaþjálfar skipuleggja m.a. námsaðstæður, aðlaga námsmarkmið og námsgögn, meta þjálfunarárangur og endurskoða markmið ásamt samstarfsaðilum. Þeir hafa m.a. að leiðarljósi að styðja og efla samfélagslega þátttöku nemenda með fötlun og gæta hagsmuna þeirra.

Markhópur:

- Nemendur með fötlun
- Nemendur með flókin vanda
- Nemendur með slakan félagslegan þroska

Markmið:

- Að efla félags- og jafningjafærni nemenda
- Að auka færni nemenda í að takast á við aðstæður og kenna þeim að velja útgönguleiðir sem hæfa aðstæðum hverju sinni
- Efla sjálfshjálp og sjálfstæði nemenda
- Efla færni í daglegum athöfnum

Leiðir: Sjónrænt skipulag, félagsfærnisögur, TEACCH-aðferðir, Cat – kassinn, ART námskeið og fleira.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru kennurum til aðstoðar varðandi nemendur með fötlun og aðra nemendur sem þurfa sértæka aðstoð. Stuðningsfulltrúar fylgja nemendum eftir allan daginn eða hluta úr degi, fer eftir þörfum hvers og eins. Stuðningsfulltrúar vinna í samstarfi og undir leiðsögn kennara, sérkennara og þroskaþjálfa.

Markhópur:

- Nemendur með fötlun
- Nemendur með flókin vanda
- Nemendur með slakan félagslegan þroska

Markmið:

- Efla sjálfshjálp og sjálfstæði nemenda
- Styðja og leiðbeina nemendum í félagslegum samskiptum

60.2.6.2. Sérúrræði (sérdeildir og sérskólar): Starfsreglur og umsóknarferli

Með sérúrræði er hér átt við sérhæft umhverfi til náms við grunnskóla sem er opið nemendum úr Hafnarfirði með tilteknar raskanir (námslegar, félagslegar og/eða þroskalegar).

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal skólastarfið veita öllum nemendum nám og stuðning við hæfi og það nefnt stuðningskennsla þegar nemendur með sérþarfir fá sérstakan kennslustuðning. Öll stuðningskennsla og kennsla í sérdeildum heyrir undir einstaka grunnskóla Hafnarfjarðar sem bera þá ábyrgð á framkvæmdinni. Sérstakur stuðningur getur falið í sér breytingu á námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla, námsgögnum, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum. Stuðningurinn er skipulagður til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Lög um grunnskóla gera ráð fyrir að nemendur með sérþarfir fái viðeigandi kennslu og stuðning í heimaskóla en auk þess býður sveitarfélagið fram kennslu í sérúrræði. Við grunnskóla Hafnarfjarðar eru skipulögð nokkur sérúrræði sem eru nefndar sérdeildir. Við öll sérúrræði við grunnskóla Hafnarfjarðar starfa inntökuteymi sem velur nemendur í framhaldi af umsóknum foreldra. Fjöldi nemenda í sérúrræði ræðst af stærð hennar (húsnæði, mannafla) og val nemenda inn í deildina er háð mati inntökuteymis. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar úthlutar fjármagni til sérúræðis einu sinni á ári í samræmi við fjárhagsáætlun bæjarins. Skólastjóri viðkomandi grunnskóla er yfirmaður sérúrræðis í sínum skóla.

Umsókn um sérdeild er hægt að skila inn allt árið um kring, til kennslufulltrúa grunnskóla, á sérstakt eyðublað sem hægt er að fá hjá grunnskólunum eða kennslufulltrúa. Viðmiðið er að beiðni berist fyrir 1. apríl vegna inngöngu í sérdeildir fyrir komandi skólaár og ákvörðun um inntöku liggi fyrir eigi síðar en 1. maí er viðmiðið. Pláss í sérdeildir eru takmörkuð og geta verið mismörg eftir skólaárum, þ.e. hve margir ljúka skólagöngu eftir hvert skólaár. Umsókn skal rituð á sérstakt umsóknareyðublað frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og undirrituð af foreldrum. Umsóknir um sérúrræði þurfa að berast kennslufulltrúa á sérstöku umsóknarformi sem nálgast má í grunnskólunum.

Fjöldi og skipulag sérúrræða fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar sem eru skilgreind sérstaklega sem sérdeildir og fá því úthlutun til sín sem slíkar, er breytilegt frá einum tíma til annars, m.a. fjölda umsókna í þær sem alltaf eru háðar umsóknum foreldra. Í dag eru eftirfarandi sérúrræði/-deildir við grunnskóla Hafnarfjarðar:

- Sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir í Lækjarskóla (1. – 10. bekkur).
- Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu eða einhverfurófsröskun í Setbergsskóla (1. – 10. bekkur).
- Sérdeild fyrir nemendur með þroskaraskanir í Öldutúnsskóla (8. – 10. bekkur).
- Fjölgreinadeild fyrir nemendur með fjölþættan vanda í Menntasetrinu við Lækinn undir stjórn Hraunvallaskóla (5.-10. bekkur).

Nemendur sem eru í sérúrræðum fá skólaakstur séu þeir í sérdeild utan þeirra skólahverfis, þ.e. utan göngufæris. Skipulag aksturmála er í höndum skrifstofu mennta- og lýðsheilsusviðs Hafnarfjarðar, hjá kennslufulltrúa grunnskóla.

Þegar nemandi nýtur sérúrræðis skulu kennarar og aðrir fagaðilar ásamt nemanda og foreldrum hans gera tilfærsluáætlun um áform um frekara nám við hæfi í framhaldsskóla. Þessi undirbúningur skal hefjast í 9. bekk og lýkur þegar nemandi útskrifast úr grunnskóla með væntanlegt úrræði á framhaldsskólastigi staðfest. Snið tilfærsluáætlunar er að finna hér aftar í starfsáætluninni (sjá kafla 86 í IV. hluta starfsáætlunar) en útfærsla hennar er persónuleg og tengd einstaklingum.

Þá er einnig mögulegt að börn úr Hafnarfirði sæki sérskóla utan sveitarfélags vegna sérþarfa sinna. Umsókn sem byggir á ósk foreldra sem annast sjálfir að sækja um sérskóla fyrir börn sín. Kennslufulltrúi annast ráðgjöf varðandi umsóknir í sérskóla. Sérskólar eru Klettaskóli og Brúarskóli á vegum Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi sérskóli í Kópavogi, Arnarskóli. Aðgangur að sérskólum er háður samþykki viðkomandi skólayfirvalda þar en sæki börn með lögheimili í Hafnarfirði þá skóla greiðir Hafnarfjörður allan skóla- og ferðakostnað. Fái nemandi úr Hafnarfirði samþykki á skólavist í sérskóla þurfa foreldrar að fá staðfestingu þess af Hafnarfjarðarbæ með umsókn þess efnis á Míðum síðum á vef Hafnarfjarðar og er staðfest í framhaldinu af skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.

Grunnskólanemendur í Hafnarfirði sem sæka nám og kennslu í sérúrræði í Hafnarfirði utan skólahverfis eða sérskólum í Reykjavík eiga rétt á akstri í og úr skóla eða strætómiðum ef það hentar. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs hefur umsjón með þessum akstri.

60.2.6.3. Innherji og skert stundatafla

Í samráði við foreldra getur skóli breytt námsmarkmiðum, námsaðstæðum og kennsluaðferðum fyrir einstaka nemendur til lengri eða skemmri tíma. Ennfremur er heimilt að meta þátttöku nemenda í atvinnulífinu sem grunnskólanám (26. gr. laga nr. 91/2008). Í Hafnarfirði er þetta tilboð kallað „Innherji“. Inherji er samstarfsverkefni mennta- og lýðheilsusviðs og Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Þá er fá nemendur atvinnutilboð ½ til 1 dag á viku á sérstaklega völdum vinnustöðum, nemendur fá vinnuskólalaun fyrir vinnu sína og í lok annar/árs skriflega umsögn vinnuveitanda. Umsóknir um þátttöku í Innherja gerast fyrir milligöngu stjórnenda skólans og krefst umsóknar/samþykkis foreldra.

60.2.6.4. Langvinn veikindi og sjúkrakennsla

Nemandi, sem að mati læknis getur ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, á rétt á sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Ákvæði þetta tekur ekki til tilfallandi veikinda nemenda sem standa í stuttan tíma. Nemandi á rétt á sjúkrakennslu um leið og hann að mati læknis getur lagt stund á nám og skal lengd daglegrar eða vikulegrar sjúkrakennslu miðast við ástand hans og þrek. Markmið sjúkrakennslu er að nemandi missi sem minnst af kennslu og verði ekki af tækifærum til náms vegna slyss eða langvarandi veikinda. Sjúkrakennsla getur einnig komið til ef mæting nemanda í skólann er slitrótt vegna langvarandi veikinda. Það er alltaf á ábyrgð nemenda og aðstandenda þeirra, að halda áfram námsvinnu meðan á stuttum veikindaleyfum stendur. Ákvörðun um sjúkrakennslu fer fram í gegnum nemendaverndarráð.

60.2.6.5. Samstarf við leik- og framhaldsskóla

Grunnskólar Hafnarfjarðar hafa samstarf við leik- og framhaldsskóla í Hafnarfirði. Grunnskólar hafa sérstakt samstarf við leikskóla í sínu skólahverfi. Samstarfið felst í heimsóknum og samstarfsverkefnum. Þegar barn er að ljúka leikskólagöngu og hefja grunnskólanám (6 ára) fer í gang sérstakt samráðsferli milli leik- og

grunnskóla. Það felst í meginatriðum í því að leikskólar miðla upplýsingum um væntanlega nemendur til grunnskólans en sú upplýsingagjöf er ekki háð samþykki foreldra þar sem um lagaskyldu er að ræða. Þannig er á hverju ári haldnir sérstakir skilafundir milli leik- og grunnskóla í bænum með 6 ára börn þar sem kynnt eru börn í leikskólum sem hafa sérþarfir svo auka megi líkur á því að þau fái strax viðeigandi þjónustu í grunnskóla. Skilafundirnir eru skipulagðir af kennslufulltrúum fyrir leik- og grunnskóla á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.

Samstarf við framhaldsskólana felst í kynningu fyrir nemendur og foreldra á námsbrautum, inntökuskilyrðum og innritunarferli framhaldsskólanna. Í Hafnarfirði er mikið samstarf milli grunnskólanna, Flensborgar og Iðnskóla Hafnarfjarðar. Má segja að frá nóvember til apríl sé ákveðið ferli í gangi hjá nemendum í 10. bekk þar sem skólar og umsóknarferlið er kynnt. Nemendur sem sækja um starfsbrautir framhaldsskóla þurfa að sækja um í febrúar en forinnritun er hjá öðrum nemendum í 10. bekk í mars en lokainnritun er til 10. júní. Náms- og starfsráðgjafi skólans aðstoðar nemendur og foreldra við innritun eftir þörfum.

Sömuleiðis er sérstakt samstarf við framhaldsskóla í bænum fyrir grunnskólanemendur að taka framhaldsskólaáfanga meðan þeir eru enn í grunnskóla Þetta námsframboð miðar sérstaklega að nemendum sem ná góðum námsárangri og geta þannig flýtt fyrir í framhaldsskóla og fengið frekara nám við hæfi meðan það er enn í grunnskóla. Þetta samstarf fer fram eftir ákveðnu skipulagi sem samþykkt er af fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Aukið og samhæft samstarf við framhaldsskóla um framhaldsskólaáfanga meðan þeir eru enn í grunnskóla er ætlað að auka þjónustu við duglega nemendur grunnskólanna í bænum og gefa þeim fleiri tækifæri til að fá námi við hæfi eins og stefnan er með nám allra nemenda.

60.2.7. Talmeinaþjónusta

Talmeinafræðingar á vegum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs annast greiningar og ráðgjöf vegna talmeina nemenda í leik- og grunnskólum bæjarins og er sú þjónusta nemendum að kostnaðarlausu. Ef grunur vaknar um frávik í málþroska, framburði og/eða önnur talmein skal óskað eftir greiningu og/eða ráðgjöf talmeinafræðings. Ávallt skal liggja fyrir samþykki foreldra þegar máli barna er vísað til frekari greiningar hjá talmeinafræðingi og skulu tillögur um talmeinagreiningar samþykki í brúarteymi viðkomandi skóla.

Tillögur talmeinafræðings að íhlutun skulu byggðar á niðurstöðum greininga og er lögð áhersla á að bæði skóli og foreldrar séu virkir þátttakendur. Eðlilegt er að þar sem unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá fari tillögur talmeinfræðings um íhlutun inn í þá áætlun. Ef þörf krefur er vísað í frekari greiningu eða þjálfun hjá öðrum sérfræðingum. Þegar þörf er á þjálfun hjá talmeinfræðingi skal nemanda vísað í úrræði eftir eðli vandans og í samræmi við samkomulag um verkaskiptingu ábyrgðar hvað varðar talmeinaþjónustu fyrir börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam sem er í gangi milli ríkis og sveitarfélaga.

60.2.7.1. Hlutverk og verkaskipting sveitafélags og ríkis

Velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa gert með sér samkomulag um skiptingu ábyrgðar hvað varðar talmeinaþjónustu fyrir börn með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam. Skipting ábyrgðar vegna talþjálfunar barna í leik- og grunnskólum með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam er nánar tiltekin í 5. gr. umrædds samkomulags (sjá samkomulag frá 8. maí 2014). Á grunni þess fer fram verkaskipting vegna talþjálfunar sem annars vegar er veitt af Hafnarfjarðarbæ og hins vegar talþjálfunar sem veitt er af sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum og er niðurgreidd af SÍ.

60.2.7.2. Greiningar, ráðgjöf og námsíhlutun (sveitarfélagið)

Það er hlutverk sveitarfélagsins að sinna greiningu og ráðgjöf, sbr. reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019, með síðari breytingum. Einnig er það hlutverk sveitarfélaga að veita talþjálfun vegna barna með framburðarfrávik, málþroskafrávik og stam í samræmi við töflu í gr. 5 í samkomulagi því sem fjallað er um í 60.2.7.3. Ákvörðun um talmeinaþjónustu á vegum skólaþjónustunnar fer í gegnum brúarteymi skólans.

60.2.7.3. Talþjálfun og þátttaka Sjúkratrygginga Íslands (ríkið)

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) taka þátt í kostnaði við talþjálfun samkvæmt gildandi rammasamningi og í samræmi við reglugerð. Forsendur fyrir greiðsluþátttöku SÍ í talþjálfun er að fyrir liggi sjúkdómsgreining frá lækni og skrifleg þjálfunarbeiðni frá talmeinafræðingi sem starfar samkvæmt rammasamningi við SÍ. Í rammasamningnum er nánar kveðið á um hvaða talmein falla undir viðmið SÍ um greiðsluþátttöku.

- Reglugerð nr. 721/2009 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun. (Ath! ef reglugerð breytist er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)
- Reglugerð 1166/2007 um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga sem eru án samninga við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. (Ath! ef reglugerð breytist er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)

Áður en þjálfun hefst þarf að liggja fyrir beiðni læknis um talþjálfun. Þá beiðni skal afhenda talmeinafræðingi sem sér um að senda beiðnina til SÍ. Sé beiðni samþykkt fær hinn sjúkratryggði 20 skipti í talþjálfun á hverju 12 mánaða tímabili. Talmeinafræðingur þarf að sækja sérstaklega um heimild til SÍ vegna meðferðar umfram 20 skipti sé þess þörf. Greiðsluþátttaka SÍ fer eftir gildandi reglugerð um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og gefin er út af velferðarráðuneyti þar sem greiddur er 77% af kostnaði við nauðsynlega talþjálfun fyrstu 30 skiptin fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára. Foreldrar/forráðamenn greiða á móti 23% kostnaðar við talþjálfun.

60.2.8. Bjarg – deild fyrir nemendur er óskað hafa alþjóðlegrar verndar

Í Hvaleyrarskóla er starfrækt móttökudeild fyrir börn á grunnskólaaldri sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi. Deildin, sem hlaut nafnið Bjarg, var stofnuð vorið 2017. Vinnumálastofnun annast þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og vinnur með Hafnarfjarðarbæ að skólavist barnanna.

Í Bjargi eru nemendur í 1.–10. bekk og miðað er við að þeir séu að hámarki 10. Nemendur koma og fara allt skólaárið, oft með stuttum fyrirvara, og dvöl þeirra er misjafnlega löng. Mörg barnanna hafa upplifað stríð, flótta og missi og sum eiga að baki slitrótta skólagöngu eða enga. Markmiðið er að taka vel á móti þeim, skapa öryggi og traust og styðja þau smám saman inn í íslenskt skólastarf og samfélag. Unnið er út frá áfallamiðaðri nálgun.

Í Bjargi starfa deildarstjóri, kennarar og stuðningsfulltrúar. Hver nemandi á umsjónarkennara í Bjargi eftir stigum: 1.–4., 5.–7. og 8.–10. bekkur og jafnframt umsjónarbekk með jafnöldrum sínum.

Beiðni um skólavist í Bjargi berst frá kennslufulltrúa fjölmenningar á mennta- og lýðheilsusviði. Deildarstjóri Bjargs boðar foreldra og nemanda til innritunarviðtals með túlki. Þar er farið yfir fyrri skólagöngu, læsi á móðurmáli, sundfærni og líðan nemandans eftir samræmdu eyðublaði Hafnarfjarðarbæjar. Foreldrar fá helstu upplýsingar um skólann skriflega, m.a. bækling á ensku, spænsku eða arabísku, og skóladagatal. Að

viðtalinu loknu ákveða deildarstjóri Bjargs, deildarstjóri viðkomandi stigs og umsjónarkennarar í hvaða bekk nemandinn fer.

Fyrstu tvær til þrjár vikurnar eru nemendur aðeins í Bjargi og í skólanum til hádegis. Að því loknu stunda þeir fullt nám og fara með umsjónarbekk sínum í list- og verkgreinar og íþróttir. Nemendur í 1.–4. bekk fara í sund með bekknum ef þeir eru metnir færir um það, en eldri nemendur fá sérstaka sundtíma þar til þeir geta farið með bekknum. Umsjónarkennari bekkjarins velur tvo til þrjá bekkjarfélaga sem taka á móti nýja nemandanum og eru með honum í matsal og frímínútum fyrstu dagana.

Í Bjargi er lögð áhersla á íslensku, stærðfræði, lífsleikni og samfélagsfræði. Hver nemandi fær einstaklingsnámskrá sem tekur mið af aldri, fyrri skólagöngu og færni. Nemendur sem tala ekki íslensku byrja á 12 vikna námskeiði í grunnorðaforða, svokallaðri hringekju, þar sem kenndar eru tvær kennslustundir á dag sem ganga fyrir öðrum tímum. Kennt er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár í íslensku sem öðru tungumáli á forstigi og 1. stigi. Að loknu forstigi fá nemendur kennslu hjá ÍSAT-kennurum skólans (sjá kafla 60.2.3). Nýkomnir nemendur í öðrum bekkjum skólans sem hafa ekki íslensku að móðurmáli fá einnig pláss í hringekjunni eftir því sem rými leyfir. Námsmat er leiðsagnarmat á framförum í hlustun, töluðu máli, lestri og ritun og er skráð í Mentor.

Eftir því sem kjarkur og færni aukast sækja nemendur fleiri tíma með bekknum sínum, oft fyrst í stærðfræði og ensku. Hversu marga tíma og í hvaða greinum fer eftir getu hvers og eins. Þegar nemandi sækir grein að mestu í bekk ákveða kennari í Bjargi og bekkjarkennari hvor ber ábyrgð á námsmati í greininni. Fái nemandi alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi og fari í almennan grunnskóla gerir deildarstjóri Bjargs tilfærsluáætlun í samráði við nýja skólann.

Nemendur á mið- og elsta stigi eru tengdir við félagsmiðstöðina Verið og hvattir til þátttöku í starfi hennar.

Lögð er áhersla á að styðja foreldra við að kynnast íslensku skólakerfi og taka þátt í skólagöngu barna sinna. Túlkur er fenginn á fundi og mikilvægar upplýsingar fá foreldrar skriflega. Foreldrum er boðið í Bjarg tvisvar á vetri, í nóvember og mars, þar sem nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar.

Umsjónarkennari í Bjargi boðar foreldra á foreldrafundi og situr þá með bekkjarkennara.

Deildarstjóri Bjargs er Friðþjófur Helgi Karlsson, fridthjofurk@hvaleyrarskoli.is

60.3. Forvarnir

Með forvörnum í grunnskólum er átt við hvers konar fræðslu, ráðgjöf og handleiðslu, til handa nemendum og starfsfólki skóla, sem miðar að því að efla líkamlega, félagslega og andlega velferð einstaklinga til heilbrigðis og stuðla þannig að jákvæðum þroska þeirra til að ver(ð)a ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Gildi forvarna af ýmsu tagi felst í því að þær séu sjálfsögð viðfangsefni í kennslu enda mikilvægur þáttur í því að nemendur geti þroskað persónulega eiginleika sem hluta af námsferli sínu og til að þeir geti sömuleiðis notið sín í því félagslega umhverfi sem grunnskóli er. Það er ítrekað í aðalnámskrá grunnskóla:

> ***7.8 Forvarnir***
>
> *Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar forvarnir, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn, t.d. net- og spilafíkn. Mikilvægt er að allir grunnskólar komi sér upp forvarnaráætlun sem birt er í skólanámskrá. Í forvarnaráætlun skal m.a. vera áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefna í agastjórnun. Einnig skal koma fram með hvaða*

hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál koma upp. Kynna skal forvarnaráætlun skólans öllum aðilum skólasamfélagsins, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og birta í skólanámskrá. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 32.)

Forvarnir eru í þessum skilningi ekki sérstök námsgrein í skóla heldur miklu frekar verkefni allra námsgreina og hluti almennra starfshátta í skólastarfi grunnskóla með viðeigandi áætlunum og ferlum sem efla nemendur og vernda þá. Það er ítrekað sérstaklega í reglugerð nr. 1040/2011.

3. gr. Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla.

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni. (Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum).

Verkefni forvarna í skóla skulu unnin í nánu samráði, ekki síst milli skóla og foreldra, og félagsmálayfrivalda eftir atvikum.

60.3.1. Starfsviðmið skólaþjónustu um forvarnir

Skólaþjónusta sveitarfélags við grunnskóla hefur fengið sérstök verkefni í samhengi forvarna líkt og kveðið er á í reglugerð 444/2019.

3. gr. Hlutverk sveitarfélaga og framkvæmd skólaþjónustu.

... Við framkvæmd skólaþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á:

a. forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,

b. snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar.

Á grunni ofangreindar reglugerðar hefur skólaþjónusta sveitarfélagsins við grunnskóla í auknum mæli verið að styðja við forvarnir skólanna á margvíslegan hátt þótt meginverkefni forvarna sem fræðsluverkefni sé í höndum hvers skóla. Stuðningur skólaþjónustunnar er margvíslegur:

- Að halda utan um meginskipulag forvarna fyrir starfsfólk skóla ásamt skólastjórnendum þeirra.
- Að styðja við fræðslu til starfsfólks og nemenda skólanna undir stjórn skólastjórnenda.
- Að leggja grunnviðmið um forvarnaverkefni skólanna og starfshætti þeirra þar (hér áfram nefnd starfsviðmið um forvarnir).
- Að veita skólunum stuðning í málefnum einstakra nemenda og nemendahópa hvað afmarkaðar forvarnir áhrærir, sérstaklega hvað varðar úrlausn einstakra mála.

Á grunni ofangreindra verkefna skólaþjónustunnar í forvörnum er sérstök áhersla hennar að vinna að sérstökum starfsviðmiðum um forvarnir fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Í því felst að skólaþjónustan leggur ákveðin viðmið um forvarnir í grunnskólum með margvíslegum leiðbeiningum til starfsfólks skóla til að styðja það í daglegum verkefnum sínum í að viðhafa góðan skólabrag, vernda nemendur og auka vellíðan þeirra. Á hverjum tímapunkti er reynt að safna þessum viðmiðum saman í eina handbók fyrir starfsfólk skóla, sérstaklega skólastjórnendur, sem dreift er rafrænt til skólanna. Handbókina eins og hún lítur út á hverjum tíma er hægt að nálgast hér neðar:

60.3.2. Forvarnir sem fyrirbygging, viðbrögð, úrlausn og mat

Í forvarnarstarfi fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar er unnið eftir ákveðnu vinnulíkani í meginatriðum í öllum forvörnum sem er svo útfært sérstaklega fyrir einstök forvarnarverkefni þar sem ferlar geta verið örlítið frábrugðnir eftir tegund máls. Þetta meginferli forvarna er skýrt í eftirfarandi mynd:



Forvarnarferlið er þannig fjórskipt:

1. FYRIRBYGGING: Í því felst að skipuleggja skólastarf, námsumhverfi nemenda og veita starfsfólki og nemendum fræðslu eftir atvikum sem dragi úr líkum á því að vandi komi eða minnki sem mest áhrif hans. Gjarnan nefnt 1. stigs forvörn.
2. VIÐBRÖGÐ: Felur í sér að eiga tiltæk ákveðin viðbrögð þegar vandi/hætta steðjar að. Hlutverk þessa stigs er að stoppa vanda eða koma í veg fyrir frekara tjón. Gjarnan nefnt 2. stigs forvörn.
3. ÚRLAUSN: Stig úrlausnar felur í sér að leita lausna á vanda sem kominn er og velja aðferðir sem líklegar eru til að leysa hann fyrir sem flesta. Vinna að því að leysa vanda til frambúðar og vinna að því að frekari vandi verði ekki til staðar. Gjarnan nefnt 3. stigs forvörn.
4. MAT: Matsþátturinn er svo sjálfsskoðun í kjölfar þess að hafa gengið í gegnum allt ferlið eða sem undirbúningur í því að byrja ferlið upp á nýtt.

60.3.3. Forvarnaverkefni grunnskólanna

Hver forvarnaverkefni skólanna eru hefur síðan áhrif á það hvaða forvarnaferlar eru viðhafðir í grunnskólastarfi. Meginsjónarmið forvarna fyrir grunnskólana eru kynnt hér áfram í samræmi við áherslu starfsviðmiða um forvarnir fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Starfsviðmiðin ganga út frá því að nemandi sé miðpunktur forvarna þar sem fimm meginverkefni séu í brennidepli forvarna í skólastarfi, þ.e.

I. ***Nemandinn*** sjálfur, sem hægt er að greina í þrjú mismunandi verkefni:
    1. lýðheilsa (hollusta, hreyfing, líkamlegt heilbrigði),
    2. sjálfsrækt (sjálfsvernd og sjálfsstjórn og stuðningur í áföllum)
    3. vímuvarnir (forvarnir reykinga, áfengisneyslu og fíkniefnanotkunar).
II. ***Félagslegt umhverfi*** hans, sem er mikið verkefni gegn ógnunum ofbeldis í öllum myndum:
    4. Ofbeldisvarnir:
        (i) einelti,
        (ii) kynferðilegt ofbeldi,
        (iii) fordómar/mismunun,
        (iv) vanræksla.
III. ***Náttúrulegt umhverfi*** þar sem verkefnið lýtur að öryggi í skólastarfi:
    5. Öryggisvarnir:
        (i) náttúruhamfarir (óveður, eldgos, loftmengun, flóð o.þ.h.),

(ii) sjúkdómar og faraldrar (t.d. inflúensuheimsfaraldur),

(iii) slys,

(iv) bruni.

Þetta samhengi er skýrt í eftirfarandi mynd. Þetta samhengi tilgreinir jafnframt forvarnarverkefnið sem grunnskólarnir hafa í heild sinni gagnvart nemendum sínum.



Á grunni þessa forvarnarlíkans starfa skólar að forvörnum. Verkefnið er margþætt og flókið. Í tengslum við það vinna skólar frekari áætlanir um forvarnir (forvarnaáætlun, sjá hér aftar í starfsáætlun) og skipuleggja margvíslegt vinnulag (fræðslu, teymisvinnu o.fl.) og verklag (tilkynningar til nemendaverndarráðs o.fl.) sem þeim tengjast. Ítarlegri kynningu á forvörnum er að finna í handbókinni með starfsviðmiðin til frekari kynningar. Jafnframt kynnir hver skóli í skólanámskrá sinni þá föstu fræðslu sem hann stendur fyrir og tengist forvörnum. Þó getur alltaf verið að skráð gögn skóla (starfsáætlun og skólanámskrá) nái ekki til fullnustu að kynna þá starfsemi sem skóli stendur fyrir og gæti flokkast undir „forvarnir og velferð“ nemenda hverju sinni því oft þarf skóli að bregðast við aðstæðum með tilfallandi fræðslu fyrir afmarkaða nemendahópa án þess að slíkt hafi verið skráð fyrirfram. Frekari stefnu skólans á þessu sviði má þá sjá í skólanámskrá skólans og tengist grunnþáttum menntunar, sérstaklega grunnþættinum „heilbrigði og velferð“.

Hver skóli stýrir þá hvernig unnið er að forvörnum undir stjórn skólastjóra. Fræðsluþáttur forvarna er ýmist föst fræðsla í skóla og jafnvel tengd ákveðnum árgöngum á hverju ári. Einnig þekkist tilfallandi fræðsla sem er þá oft meira viðbrögð við sérstökum aðstæðum í einstaka skólum og jafnvel nemendahópum. En starfsemi forvarna í skólum er ekki síður að bregðast við vanda sem kemur upp og koma sem mest í veg fyrir frekari skaða. Af þeim sökum eru forvarnir í stöðugri þróun og breytingar á áherslum. Þannig hefur mikill árangur náðst í forvörnum tóbaks, áfengis og fíkniefna svo þær áherslur hafa um margt minnkað og færst á aðra þætti, s.s. forvarnir eineltis og kynferðislegs ofbeldis. Almenn kynning á forvarnarverkefnunum þremur (einstaklingur, félagsleg, náttúruleg) er kynnt hér í eftirfarandi töflu:

Tafla: Áherslur í einstaka forvarnaþáttum í grunnskólum Hafnarfjarðar þessi misserin

	Einstaklingur	**Félagslegt umhverfi**	**Náttúrulegt umhverfi**
Fyrirbygging 1. stig forvarna	Að styrkja sjálfsmynd einstaklings og efla hann til að lifa heilbrigðu líferni með markvíslegri fræðslu frá starfsfólki skóla og utanaðkomandi fræðurum.	Að skapa jákvæðan skólabrag, andrúmsloft umburðarlyndis, viðhafa skýrar skólareglur, hafa jákvæðar agareglur SMT-skólafærni, skýra eðli ofbeldis og kenna nemendum að bregðast	Að skapa aðstæður í skólum sem miði að því að draga úr líkum á slysum og búa til verkferla og æfa sem miða að því að eiga rétt viðbrögð ef hætta steðjar að.

	Einstaklingur	Félagslegt umhverfi	Náttúrulegt umhverfi
	Skólastarfið miðar að því að öllum nemendum geti liðið vel í skóla og þörfum þeirra sé mætt.	við áreitni og ofbeldi. **Ofbeldi er ekki liðið í grunnskólum bæjarins.**	**Allt er gert til að lágmarka að hættur valdi skaða í skólastarfi.** Sjá nánar Handbók frá mennta- og menningarmálaráðuneyti (2014).
Viðbrögð 2. stig forvarna	Að veita frekari fræðslu og stuðning við einstaka nemendur og nemendahópa eftir aðstæðum.	Að eiga skýr viðbrögð við öllu ofbeldi sem mætir nemendum og skóla þar sem tekið sé hart á ofbeldinu í hvaða mynd sem það birtist.	Að geta fljótt brugðist við aðstæðum sem upp koma til að draga sem mest úr skaða sem gæti hlotist.
Úrlausn 3. stig forvarna	Miðar að því að styðja við nemendur og veita sértæka hjálp þar sem mikill vandi kemur fram/ er til staðar – í sem nánasta samstarfi við aðstandendur.	Miðar að því að ofbeldi verði upprætt og einstaklingar verndaðir gagnvart því.	Miðar að því finna úrlausnir til frambúðar við vanda sem hefur sýnt sig og tryggja sem mest að líkur á frekari skaða sé hverfandi eða tjón verði sem allra minnst.
Mat	Reglulega gerðar rannsóknir og athuganir til að átta sig á stöðu og breytingum sem leiða til nauðsynjar þess að breyta umræddum forvarnarþætti til betri vegar. Dæmi um slíkt er rannsóknin RANNSÓKNIR & GREININGAR og SKÓLAPÚLSINN. Kynnt í fræðsluráði og skólastarfinu.	Reglulega gerðar rannsóknir og athuganir til að átta sig á stöðu og breytingum sem leiða til nauðsynjar þess að breyta umræddum forvarnarþætti til betri vegar. Dæmi um slíkt er rannsóknir RANNSÓKNIR & GREININGAR og SKÓLAPÚLSINN. Kynnt í fræðsluráði og skólastarfinu.	Reglulega gerðar rannsóknir og athuganir til að átta sig á stöðu og breytingum sem leiða til nauðsynjar þess að breyta umræddum forvarnarþætti til betri vegar. Dæmi um slíkt eru úttektir og æfingar, t.d. brunaæfingar.

Ofangreind samantekt í töflunni um stig forvarna eftir forvarnaverkefnum, sem eitt af mikilvægum verkefnum skólaþjónustunnar og það aukið í nýjasta regluverkinu, bendir til mikils og stórs verkefnis sem skólar standa frammi fyrir – í góðu samstarfi við fjölskyldur nemenda eins og með önnur verkefni skólastarfsins. Þannig er forvarnaverkefnið stöðugt að stækka eftir því sem samfélagið þróast og kröfur breytast. Grunnskólinn er því stöðugt að þróa eigin forvarnir, fjölga fræðsluþáttum, bæta eigið verklag og fjölga vinnuferlum (líkt og þessi starfsáætlun skýrir og sýnir fram á). Forvarnir grunnskólans halda áfram að þróast, fastir fræðsluþættir þess fá skýrari mynd í skólanámskrá en áður og annað verklag þróast líkt og sýnir sig í þessari starfsáætlun og þeim gögnum sem vísað er á. Upplýsingar um forvarnastarf á vegum skóla birtist því í skólanámskrá skóla, starfsáætlun skóla, fréttabréfum, skólavefjum, tölvupóstsendingum, fundum og öðrum samskiptaleiðum milli heimilis og skóla – og einnig frá skólaþjónustunni og sveitarfélaginu.

Foreldrar geta óskað aðkomu skóla að máli barna sinna, t.d. eineltis, með því að tilkynna til eineltisteymis skólans sem tekur málið fyrir og vinnur það eftir ferlu skólans sem snúa að samskskiptavanda og einelti, sjá hér: http://www.hvaleyrarskoli.is/stodthjonusta/eineltisaaetlun/.

60.3.4. Samstarf heimilis og skóla um forvarnir og forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar

Skólastarf grunnskóla er í heild sinni samstarfsverkefni skóla og heimilis. Skólar eiga í eðli sínu stóran þátt í menntunarverkefni nemenda sem lagalegt verkefni í því að styðja við uppeldishlutverk foreldra sem er mjög skýrt í lögum. Forvarnir eru samt líklega það verkefni sem krefst nánasta samstarfs heimila og skóla og mikils

trausts. Það verkefni getur ekki náð góðum árangri nema mikill trúnaður ríki þar á milli. Þannig getur hvorugur aðilinn ætlast til að hinn aðilinn sinni forvörnum eingöngu. Í því sambandi er foreldrafélag skólans mikilvægur samstarfs- og samráðsaðili í forvörnum. Samstarf heimilis og skóla getur þannig verið algjörlegt úrslitaatriði í því að forvarnir skóla beri viðeigandi eða fullnægjandi árangur, ekki síst ef greinilegur vandi er til staðar í skóla. Því er mikilvægt að allir aðilar vinni saman og leiti lausna í vanda en missi sig ekki í að leita sökudólga eða kenna hver öðrum um ástæður og/eða tilurð vanda. Það er ábyrgð allra sem að skólasamfélaginu standa (starfsfólk skóla, foreldra og nemenda).

Forvarnir eru einnig viðfangsefni sem sveitarfélagið Hafnarfjörður lætur sig varða. Í því samhengi hefur skólinn sérstaka stefnu um forvarnir sem hefur sömuleiðis tengsl við fjölskyldustefnu bæjarins. Hjá bænum starfar forvarnafulltrúi sem samhæfir forvarnaverkefni sem unnin eru á bæjarvísu og myndar þau sambönmd við skóla sem nauðsynleg eru á hverjum tíma og aðra aðila eftir atvikum, s.s. íþróttahreyfinguna og önnur sjálfstæð félagasamtök í bænum. Í því samhengi er einnig bent á forvarnarstarf sem unnið er í félags-miðstöðvum ÍTH í grunnskólunum (sjá kafla 25 hér framar). Sömuleiðis hefur forvarnafulltrúi umsjón með að útivistarreglum og öðrum mikilvægum opinberum fyrirmælum um forvarnir ungmenna, (s.s. um sölu á tóbaki og áfengi til ólögráða einstaklinga. Forvarnafulltrúi starfar í nánu samráði við lögreglu- og barnaverndar-yfirvöld og samhæfir forvarnastarf bæjarins.

Forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar er starfsmaður á mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Hann starfar í anda forvarnastefnu og fjölskyldustefnu Hafnarfjarðar. Í stefnunni er leitast við að forvarnastarfið nái til sem flestra þátta sem stuðla að heilbrigðu líferni íbúanna. Ekkert mannlegt er forvarnastarfinu óviðkomandi. Forvarnir eru í dag viðloðandi fjölmörg verkefni sem unnin eru í skólum, félagsmiðstöðvum, íþróttafélögum og víðar. Meginmarkmiðið er að minnka vímuefnaneyslu ungs fólks, auka almenna heilsueflingu og draga úr afbrotatíðni í Hafnarfirði.

- Fjölskyldustefna Hafnarfjarðar.
- Forvarnarstefna Hafnarfjarðar.
- Útivistartími barna.

60.3.5. Teymi til samhæfingar forvarna

Forvarnastarf getur verið flókið, sérstaklega í því samhengi þegar átök eru milli einstaklinga, þ.e. ofbeldi í einhverri mynd. Því hafa skólar í auknum mæli farið að mynda teymi innan skóla til að sinna afmörkuðum forvörnum í skólastarfinu. Þannig geta verið mynduð sérstök vinnuteymi. Hlutverk teymanna er að tryggja betri árangur í forvarnastarfinu þannig að skólakerfið í heild sinni taki ábyrgð á forvörnum og auki líkur á árangri í forvarnastarfinu.

Teymi sem eru starfrækt í skólanum eru:

- *Áfallateymi*: Vinnur við að samhæfa vinnubrögð í skóla þegar áföll mæta nemendum eða starfsfólki, t.d. andlát, slys eða önnur áföll.
- *Eineltisteymi*: Vinnur að því að taka á einstaka eineltismálum með sérstakri áherslu á að styðja við umsjónarkennara vegna nemenda þeirra sem verða fyrir einelti.
- *SMT-/Lausnateymi*: Vinnur að því að efla góðan skólabrag í skóla, innleiða verkfæri SMT, fylgja þeim eftir og styðja við einstaka kennara/bekki þar sem alvarlegur hegðunarvandi á sér stað.
- *Öryggisteymi*: Vinnur að því að tryggja að aðstæður og búnaður í skólastarfinu sé sem öruggast og samhæfa viðbrögð við slysum og öðrum þáttum sem geta ógnað öryggi í skóla.

- *Önnur teymi sem skóli hefur og sem tengjast forvörnum eru skráð hér áfram...*

60.3.6. Þjónusta og samstarf við félagasamtök og stofnanir vegna forvarna

Forvarnir eru verkefni sem skólar hafa samkvæmt lögum og reglugerðum. Skólaþjónusta sveitarfélags styður við forvarnarstarf skólanna. Sömuleiðis viðhafa skólar, í samstarfi við skólaþjónustuna eftir atvikum, margvíslegt samstarf við opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök um forvarnir og einstaklinga um forvarnir eins þau telja sér henta hverju sinni. Þannig er opinber krafa um samstarf við barnaverndaryfirvöld um vanrækslu og ofbeldi gagnvart nemendum (sjá kafla 61) og við heilbrigðisyfirvöld vegna nemenda með alvarlega geð- og heilsuvanda (sjá kafla 62). Þess utan er samstarf við ýmsar opinberar stofnanir sem hafa sérstök forvarnaverkefni á sinni könnu, s.s. Landlæknisembættið, sem hafa margt fram að færa. Þá er einnig samstarf við einkafyrirtæki um afmarkaða þætti í forvarnastarfi. Þannig er Hafnarfjörður í samstarfi við fyrirtækið *Rannsóknir& greining* um vímuefnarannsóknir meðal nemenda og viðhorf þeirra til skóla og eigin líðan sem gerð er árlega. Grunnskólunum er einnig mikilvægt að eiga samstarf við frjáls félagasamtök, bæði fast og í afmörkuðum verkefnum í tiltekinn tíma. Þannig er Hafnarfjörður með sérstakt samstarf við samtökin *Blátt áfram* um fræðslu fyrir starfsfólk bæjarins um forvarnir kynferðislegs ofbeldis, þ.e. þessi árin er stefnt að því að allir starfsmenn í grunnskólunum gangi í gegnum ákveðna grunnfræðslu um kynferðislegt ofbeldi sem mikilvæg forvörn í ofbeldisvörnum. Sömuleiðis hafa skólar leitað til sóknarpresta í bænum, og einnig til Rauða krossins, þegar áföll dynja yfir og sorgin bankar á skólahurðina. Allir þessir samstarfsaðilar, opinberar stofnanir, einkafyrirtæki og frjáls félagasamtök, eru mikilvægir samstarfsaðilar skóla í forvörnum og skólastarfið getur engan veginn verið án aðstoðar þessara aðila sem skólar meta sjálfstætt hverju sinni.

Rannsóknir Rannsóknir og greiningar fyrir Hafnarfjörð.

60.4. Trúnaðargögn, varðveisla, miðlun og persónuvernd

Starfsemi skólaþjónustunnar við nemendur í grunnskólum, og foreldra eftir atvikum og eðli máls hverju sinni, fylgir að meðhöndla viðkvæmar persónuupplýsingar um nemendur – og jafnvel aðstandendur. Talsvert opinbert regluverk er til um starfshætti starfsmanna sem meðhöndla upplýsingar, ekki síst persónulegar upplýsingar, um skjólstæðinga ríkisins og sveitarfélaga.

- Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 (ásamt síðari tíma breytingum).
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 (ásamt síðari tíma breytingum).
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993 (ásamt síðari tíma breytingum).
- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 (ásamt síðari tíma breytingum).
- Upplýsingalög nr. 140/2012 (ásamt síðari tíma breytingum).

Sömuleiðis á sér stað miðlun persónuupplýsinga á vettvangi skólaþjónustunnar milli leik- og grunnskóla eftir sérstökum verklagsreglum sem gilda í sveitarfélaginu en slíkt byggir þó á opinberum reglugerðum. Til viðbótar opinberu regluverki hafa foreldrar/aðstandendur sömuleiðis aðgang að öllum þeim upplýsingum sem til verða í skólaþjónustunni um börn sín, en þó með takmörkunum sem gilda í barnalögum og barnaverndarlögum á hverjum tíma.

- REGLUGERÐ nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla. (Ath! ef reglugerð er breytt er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)

- REGLUGERÐ nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. (Ath! ef reglugerð er breytt er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)

Starfsfólk skólanna og skólaþjónustu sveitarfélagsins þarf sérstaklega að vinna með viðkvæmar upplýsingar um nemendur og aðstanendur, skrá þær eftir atvikum og varðveita, bæði til vinnslu máls meðan það er í gangi en einnig til varanlegrar varðveislu sem opinber gögn sem lúta sérstökum varðveislureglum. Starfsfólk skólanna og skólaþjónustu ber að sýna trúnað og heiðarleika í þeirri upplýsingasöfnun um að hafa rétt eftir og skrá allar mikilvægar upplýsingar sem taldar eru barni í hag og því til verndar í samræmi við lög þar um.

Almennar reglur gilda um gagnavarðveislu hjá bænum en sérstakar um trúnaðargögn (t.d. greiningarskýrslur) skólanna og skólaþjónustunnar. Almennt gildir trúnaður um þær upplýsingar sem starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélagsins aflar sér í starfi, líkt og gildir almennt um trúnaðarupplýsingar starfsmanna sveitarfélaga, og sá trúnaður helst þótt starfsfólk láti af störfum. Ekki er heimilt að eyða gögnum sem verða til um nemendur í grunnskóla og hefur unnið nema í samræmi við lög/reglugerðir á hverjum tíma. Foreldrar geta hvenær sem er óskað eftir gögnum skólanna og sérfræðiþjónustunnar sem varða börn þeirra án kostnaðar, að því leyti sem slík gögn eru til en ekki er hægt að krefjast þess að búin séu til gögn sérstaklega vegna upplýsingaþarfar foreldra. Um afhendingu þeirra fer að stjórnsýslulögum. Sömuleiðis gilda ákveðnar reglur innan stjórnsýslu bæjarins um upplýsingagjöf til kjörinna bæjarfulltrúa.

Siðareglur fyrir starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar.

Verklagsreglur – Aðgengi bæjarfulltrúa að gögnum.

60.5. Yfirumsjón skólaþjónustu hjá Skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

Skólaþjónusta við grunnskóla Hafnarfjarðar lýtur stjórnsýslu frá Skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs sem stjórnsýsluskrifstofu fyrir fræðsluþjónustu bæjarins undir stjórn sviðsstjóra samkvæmt skipuriti bæjarins. Sviðsstjóri, fræðslustjóri, er yfirmaður skólaþjónustunnar á Skólaskrifstofunni sem greinist í skólaþjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt eftirfarandi þrískiptingu á verkefnum:

Hér lýkur umfjöllun um skólaþjónustu við nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar. Umfjöllunin er sameiginleg fyrir alla grunnskóla bæjarins. Með henni hefur verið reynt að gefa almennar en um leið nauðsynlegar upplýsingar til allra grunnskólaforeldra um rétt allra nemenda til skólaþjónustu í samræmi við (sér)þarfir sínar. Umfjöllunin getur þó ekki náð að lýsa öllum tilvikum eða verið það ítarleg að öll vafaatriði séu ljós. Þess vegna er vísað í ítarlegri upplýsingar um skólaþjónustuna, almennt séð, til starfsfólks skólaþjónustunnar á Skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar. En málefni einstakra nemenda og þjónusta við þau í sínum grunnskóla skulu rædd við stjórnendur skólans. Öllum vafaatriðum má vísa til skrifstofunnar á netfang hennar skolaskr@hafnarfjordur.is eða í síma 585 5800.

61. Félagsþjónusta

Með félags- og fjölskylduþjónustu við grunnskólabörn er átt við sérstaka vernd sem börn eigi rétt á að fá sökum stöðu sinnar í því að vera undir verndarvæng samfélagsins og ábyrgðar forráðamanna til að börn fái viðeigandi uppeldi og vernd gegn hvers konar ofbeldi og aðstæðum sem geta skaðað þroska þeirra og eðlilegar uppeldisaðstæður. Innan Hafnarfjarðar er þessari þjónustu sinnt af barna- og fjölskyldusviði bæjarins sem starfar í nánu samráði við skólastjórnendur grunnskóla, t.d. í gegnum nemendaverndarráð skólans (sjá kafla 60.2.2 hér framar). Barnaverndin hefur þó sjálfstætt hlutverk líkt og skólinn og starfar eftir eigin starfsreglum á grunni laga.

- Barnalög nr 76/2003 (ásamt síðari tíma viðbótum).
- Barnaverndarlög nr. 80/2002 (ásamt síðari tíma breytingum).
- Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Hvað sem líður íslenskum lögum um barnavernd byggir barnavernd sömuleiðis á alþjóðlegum sáttmálum og sjónarmiðum sem Ísland hefur skuldbundið sig að hlíta. Allur vafi um vernd barna skal vera þeim í hag hvað sem líður hefðum, reglum og starfsháttum á heimilum og í skóla.

- Barnasáttmáli SÞ (á íslensku) og íslenskur vefur um hann.

Á grunni alþjóðlegra sáttmála og íslensks regluverks starfa skóli barnsins þíns að barnavernd. Skólinn tekur alvarlega hlutverk sitt um að framfylgja ákvæðum um barnavernd þar sem vafamál eru skilgreind í þágu barns og hagsmuna þess í tilkynningum skóla til barnaverndar.

61.1. Barnavernd sveitarfélags – félagsþjónusta

Hlutverk barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Barnavernd leitast við að styrkja fjölskyldur í í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Verkefni barnaverndar er vinnsla mála skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002, félagsráðgjöf í tengslum við fjölskyldur og barnavernd, úttektir á fósturfjölskyldum og stuðningsfjölskyldum, sumardvalir barna og forvarnastarf. Starfsmenn barnaverndar, innan fjölskylduþjónustu bæjarins, vinna í umboði barnaverndarnefndar bæjarins í samræmi við lög á hverjum tíma.

Tilkynning til barnaverndarnefndar er ekki kæra heldur fremur beiðni um aðstoð fyrir viðkomandi barn eða fjölskyldu sem tilkynnandi telur að sé hjálparþurfi. Samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga hafa þeir sem starfa með börnum, þar með talið starfsmenn í grunnskólum, ríkari tilkynningarskyldu en almenningur. Á þeim grunni þarf ekki að koma á óvart að grunnskóli barnsins þíns tilkynnir, og skal tilkynna, hugsanleg atriði sem geta bent til þess að barn njóti ekki nægilegrar verndar. Tilkynning skóla til barnaverndar er þó aldrei sönnun því það er starfsmanna barnaverndar að sannreyna allar tilkynningar sem koma til barnaverndarinnar.

Hafa má eftirtalin atriði í huga þegar meta skal þörf fyrir að tilkynna um aðstæður barna og unglinga:

- Líkamleg og tilfinningaleg vanræksla.
- Líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi og misnotkun.
- Ung börn skilin eftir gæslulaus eða í umsjá annarra barna.
- Eldri börn skilin eftir gæslulaus langtímum saman og þurfa að sjá um sig sjálf.
- Léleg skólasókn, skólaskyldu ekki sinnt.

- Afbrot, árásargirni.
- Heilsugæslu eða læknisaðstoð ekki sinnt þrátt fyrir þörf.
- Endurtekin slys og óhöpp sem hægt hefði verið að fyrirbyggja.
- Endurteknir áverkar sem barn á erfitt með að útskýra.
- Vannæring.
- Lélegur fatnaður og umhirða sem samræmist ekki aðstæðum.
- Óeðlileg útivist og endurtekin brot á útivistarreglum.
- Áfengis- eða vímuefnaneysla foreldra.
- Almennt vanhæfi foreldra.

Atriði sem sérstaklega varða unglinga:

- Áfengis- og vímuefnaneysla.
- Slök skólasókn.
- Endurtekin afbrot.
- Ofbeldishegðun.
- Þunglyndi, geðræn vandkvæði, sjálfsvígshugleiðingar.

Sömuleiðis getur verið að barnaverndin sendi grunnskólabörn í fóstur fjarri heimahögum, þ.e. utan lögheimilissveitarfélags (Hafnarfjarðar). Í slíkum tilvikum er náið samráð við skólaþjónustu sveitarfélagsins í því að tryggja að börn í fóstri fái viðeigandi grunnskólagöngu í því sveitarfélagi sem fóstur á sér stað líkt og ef það væri í grunnskóla í Hafnarfirði. Um slíka framkvæmd gildir sérstök reglugerð.

- REGLUGERÐ nr. 547/2012 um skólagöngu fósturbarna í grunnskólum. (Ath! ef reglugerð er breytt er gefin út sérstök viðbót en fyrri reglugerð heldur sér án breytinga.)

61.2. Barna- og fjölskyldustofa og sérstök barnaverndarúrræði ríkisvalds

Félagsþjónusta við börn er ýmist veitt af sveitarfélaginu eða af ríkinu, samkvæmt verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Barna- og fjölskyldustofa sinnir þessum skyldum fyrir hönd ríkisins. Hún rekur og hefur umsjón með heimilum, stofnunum og sérhæfðum úrræðum fyrir börn og ungmenni og vinnur að gæðaþróun í þjónustu við börn.

Barna- og fjölskyldustofa veitir almenningi upplýsingar og fræðslu um barnavernd, m.a. um þær skyldur sem hvíla á almenningi samkvæmt barnaverndarlögum. Stofan kynnir einnig lögin reglulega fyrir starfsstéttum sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu.

Barnaverndarþjónusta sveitarfélags sækir um úrræði stofunnar fyrir börn og fjölskyldur sem hafa þegar fengið aðstoð í heimabyggð en þurfa frekari meðferð. Úrræðin geta breyst án fyrirvara og nýjustu upplýsingar eru á vef Barna- og fjölskyldustofu. Úrræðin eru nú þessi:

- **Stuðlar – neyðarvistun**: fyrir börn í bráðum vanda, að hámarki 14 daga í senn. Markmiðið er að stöðva skaðlega hegðun, tryggja öryggi barnsins og skapa svigrúm til lausnamiðaðrar vinnu. Lengd vistunar er ákveðin í samráði við barnaverndarþjónustu.
- **Meðferðarheimili**: fyrir börn á aldrinum 12–18 ára í vímuefnavanda, með alvarlegan hegðunarvanda eða afbrotahegðun, þegar meðferð heima hefur ekki dugað. Grunnmeðferð fer fram á Esju og tekur 8–12 vikur. Framhaldsmeðferð tekur allt að sex mánuði og fer fram á Bjargey (stúlkur) eða Lækjarbakka í Gunnarsholti (drengir). Barnaverndarþjónusta sækir um vistun í samráði við barn og forsjáraðila og meðferðarteymi Barna- og fjölskyldustofu tekur endanlega ákvörðun. Oft er fjölkerfameðferð (MST) reynd fyrst.

- **Stuðningsheimilið Blönduhlíð**: fyrir börn sem hafa lokið grunn- og framhaldsmeðferð en þurfa áfram stuðning og geta ekki búið hjá forsjáraðilum.
- **Barnahús**: sinnir málum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðisofbeldi, líkamlegu ofbeldi eða heimilisofbeldi. Þar fara fram könnunarviðtöl, skýrslutökur fyrir dómi, greining, meðferð og læknisskoðun á einum stað, barninu að kostnaðarlausu. Barnaverndarþjónusta óskar eftir þjónustunni og dómari getur óskað eftir að skýrslutaka fari fram í Barnahúsi.
- **Fjölkerfameðferð (MST)**: fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12–18 ára með alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda. Meðferðin fer fram á heimili fjölskyldunnar og tekur að jafnaði 3–5 mánuði. Áhersla er lögð á að efla foreldra og samstarf heimilis, skóla og annarra sem standa barninu nærri.
- **SÓK-meðferð**: sálfræðiþjónusta fyrir börn sem þurfa aðstoð vegna óviðeigandi eða skaðlegrar kynhegðunar. Meðferðin fer að mestu fram á stofu sálfræðings og foreldrar fá fræðslu. Forsjáraðilar þurfa að samþykkja þjónustuna.

Miðstöð PMTO á Íslandi er rekin af Reykjavíkurborg samkvæmt samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið frá febrúar 2026. Um PMTO-foreldrafærni í Hafnarfirði, sjá kafla 60.2.4.2.

Skólinn er í samstarfi við barnaverndaryfirvöld eftir því sem tilefni er til og lög heimila. Barnaverndarþjónusta Hafnarfjarðar er tengiliður skólans við Barna- og fjölskyldustofu og vísar málum einstakra nemenda þangað eftir mati á þörfum hverju sinni.

62. Heilbrigðisþjónusta

Með heilbrigðisþjónustu við grunnskólanemendur er vísað til þeirra þjónustu sem börnum stendur til boða af heilbrigðiskerfinu, hvort sem það er frá heilsugæslunni, Landsspítala eða einkastofum lækna.

Langveikum börnum, vottað af lækni í flestum tilvikum, stendur til boða sjúkrakennsla í grunnskólum. Sjúkrakennslan er skipulögð í nánu samstarfi við grunnskóla barnsins og skal ósk um slíkt berast til skólastjórnenda. Hvert sveitarfélag útfærir eigin viðmið um framkvæmd sjúkrakennslu grunnskólanemenda innan sveitarfélagsins. Sótt er um sjúkrakennslu á Mínar síður á vef Hafnarfjarðar.

62.1. Skólaheilsugæsla

Um skólaheilsugæslu í grunnskólum er farið eftir gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu. Um skipulag og fyrirkomulag skólaheilsugæslu í grunnskóla skal haft samráð við skólanefnd og skólastjóra. Skólastjóra ber að fylgjast með því að nemendur njóti skólaheilsugæslu í skólanum í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin hefur verið skv. 1. mgr. grunnskólalaganna.

Heilsugæsla Hvaleyrarskóla heyrir undir Heilsugæsluna Sólvang. Skólahjúkrunarfræðingur er Eva Þórey Sigurðardóttir, hvaleyrarskoli@heilsugaeslan.is. Viðvera hjúkrunarfræðings er sem hér segir:

- Þriðjudagar kl. 8:00 – 12:00
- Miðvikudagar kl. 8:00 – 15:00
- Fimmtudagar kl. 8.00 – 15:00

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

- Fyrsti bekkur: Viðtöl, sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.
- Fjórði bekkur: Viðtöl, sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.
- Sjöundi bekkur: Viðtöl, sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Bólusetning gegn leghálskrabbameini (2 sprautur).
- Níundi bekkur: Viðtöl, sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa.

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Skólaheilsugæsla fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli Landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar er haft samband við foreldra/ forráðamenn og bætt úr því.

Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir

Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Öll tækifæri sem gefast eru nýtt til að fræða nemendur og vekja þá til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilbrigði. Foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf skólaheilsugæslunnar varðandi vellíðan, andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins. Skólahjúkrunarfræðingar hafa samræmt sitt fræðsluefni til að nota við heilbrigðisfræðslu til

skólabarna. Þar er sú aðferð að læra í gegnum athafnir höfð að leiðarljósi og stuðst er við jákvæða nálgun þar sem áhersla er lögð á æskilega hegðun frekar en að beita hræðsluáróðri. Foreldrar/forráðamenn fá jafnframt send heim fréttabréf reglulega frá skólaheilsugæslunni sem eru þá kjörinn vettvangur til umræðna á heimilinu um viðkomandi málefni. Hvetjum við foreldra og nemendur til að nýta sér heimsíðu sem er tengd fræðsluefninu Heilsuvernd skólabarna.

Tannvernd

Enginn sérstakur tannlæknir tilheyrir grunnskólum. Því er mikilvægt að börn hafi skráðan ábyrgðartannlækni og fari í skoðanir skv. tilmælum síns tannlæknis.

Slys og veikindi

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt í skólanum, það er alfarið á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sinna því. Ef barn er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu/lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæslan viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Lyfjagjafir til barna á skólatíma

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra/forráðamanna en skólahjúkrunar-fræðingur og starfsfólk skóla sjá um lyfjagjöf á skólatíma. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlíngjafir sem barnið sér sjálft alfarið um.

Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólaheilsugæslu sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma.

62.1.1. Hlutverk og verkefni skólaheilsugæslu

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og er framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Starfsemi heilsuverndar skólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast heilsufarsskoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

62.1.2. Skipulag og þjónusta heilsugæslunnar við nemendur

Í meginatriðum eru þetta helstu verkefni heilsugæslunnar eins og þau snúa að þjónustu við nemendur í grunnskólunum:

- ***Skimun í heilsuvernd skólabarna***: Reglubundin skimun er í boði fyrir grunnskólabörn. Í 1. bekk er hæð, þyngd, sjón og heyrn mæld. Í 4. bekk er hæð, þyngd og sjón mæld og í 7. bekk hæð, þyngd, og sjón og í 9. bekk er hæð, þyngd og sjón mæld.
- ***Bólusetningar í heilsuvernd skólabarna***: Nemendum í 7. og 9. bekk er boðin bólusetning eins og tilmæli gera ráð fyrir. Í 7. bekk er bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt en í 9.

bekk er bólusett gegn mænusótt, barnaveiki, stífkrampa og kíghósta. Í öðrum bekkjum er börnum boðin bólusetning ef skólahjúkrunarfræðingar sjá að bólusetningar eru ekki fullnægjandi.

- ***Komur til hjúkrunarfræðinga***: Einn af mikilvægum þáttum í heilsuvernd skólabarna er opið aðgengi til hjúkrunarfræðings fyrir nemendur. Algengustu ástæður þess að nemendur leita til hjúkrunarfræðings eru ýmiss konar verkir, hrufluð húð og leit eftir ráðgjöf.
- ***Fræðsla í heilsuvernd skólabarna – forvörn***: Áætlað er að um 40% af heilsuvernd skólabarna sé fólgin í forvarnarstarfi. Þörf fyrir forvarnafræðslu til barnanna er mun meiri en svo að reglubundin fræðsla fyrir alla uppfylli hana en einnig önnur tilfallandi fræðsla. Þessi fræðsla getur verið í formi einstaklingsfræðslu, fræðslu til lítilla hópa eða í sumum tilvikum stórra hópa. Í mörgum tilvikum leiðir skólaskoðun hjúkrunarfræðings í ljós áhættuþætti hjá barni sem brugðist er við meðal annars með fræðslu til viðkomandi barns, fjölskyldu eða þeirra sem barnið umgengst.

62.2. Önnur heilbrigðisþjónusta við grunnskólanemendur

Ríkisvaldið annast alla heilbrigðisþjónustu við nemendur í grunnskólunum og er sú þjónusta ýmist leyst innan heilsugæslunnar eða Landspítalans.

Fyrir utan skólaheilsugæslu annast heilsugæslustöðvar þjónustu við grunnskólanemendur. Þannig veita læknar, hjúkrunarfræðingar og sálfræðingar á Firði og Sólvangi þjónustu eftir eigin verkferlum. Á vegum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er einnig starfrækt Geðheilsumiðstöð barna sem „veitir þjónustu vegna barna sem glíma við frávik eða aðra erfiðleika í þroska, hegðun eða líðan. Sinnt er greiningu, ráðgjöf, meðferð og fræðslu vegna röskunar hjá börnum allt að 18 ára aldri.“

Á vegum Landspítalans er heilbrigðisþjónusta fyrir börn og unglinga með geð- og þroskaröskun veitt af BUGL (Barna- og unglingageðdeild) sem veitir þjónustu bæði dagþjónustu á göngudeild og er einnig legudeild. Aðgengi að þjónustu BUGL er gegnum lækna á heilsugæslustöðvum.

Ráðgjafar og greiningarstöð (RGS) þjónustar börn með alvarlega þroskaröskun eða fötlun með greiningum, ráðgjöf og öðrum úrræðum sem miða að því að auka möguleika þeirra til sjálfstæðis allt lífið. Helsta fötlun sem leitað er með til RGS eru einhverfurófsröskun, þroskahömlun og hreyfihömlun. Ráðgjöf er veitt til skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum. Tilvísendur til RGS í grunnskólunum eru skólasálfræðingar skólanna.

Tengiliður skólaþjónustunnar á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar vegna samskipta við heilbrigðiskerfis er deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu.

IV. hluti: Áætlanir

Áætlanakynning

Hafa ber í huga að áætlanir í skólastarfi eru margar, margvíslegar að inntaki og jafnvel ólíkar í uppbyggingu. Allar áætlanir grunnskóla byggja á opinberu regluverki til almennra, opinberra stofnana en einnig eiga sumar þeirra við grunnskóla sérstaklega eða eingöngu (sbr. lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla á hverjum tíma). Oft eru óljós skil milli mismunandi áætlana sem kröfur eru gerðar um, þ.e. hver er raunverulegur fjöldi áætlana og hvað tilheyrir einni ákveðinni áætlun umfram einhverja aðra. Eða hvort ein „áætlun“ geti verið „innifalin“ í annarri. Utan áætlana eru þá ferlar sem skólinn vinnur eftir og er þá vísað í þá eftir atvikum, jafnvel kræk t í þá ef þeir eru opinberir á vefjum skólans.

Í starfsáætlun fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar eru skilgreindar níu tegundir „áætlana“ sem eiga að mynda eina heild út frá kröfum regluverksins til grunnskólanna (en undir þeim eru þá ólíkir og mismargir verkferlar sem eiga við einstakar áætlanir). Að hafa allar „áætlanir“ í einu plaggi, starfsáætlun grunnskóla, frekar en tveimur er niðurstaða langra samræðna í skólaumhverfinu í Hafnarfirði. Sá áætlanafjöldi, sem á að uppfylla viðmið um kröfur í aðalnámskrá grunnskóla (2011, 2013) um þær „áætlanir skóla“ sem skulu vera annað hvort hluti skólanámskrár eða starfsáætlunar þar sem „hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti.“ (bls. 65). Hafnfirska ákvörðunin er að birta allar „áætlanir“ í starfsáætlun (aðrar en „náms-/kennsluáætlanir“ sem eru þá hluti skólanámskrár eða tengjast henni) víkur þannig frá skipulagi aðalnámskrár þótt innihaldið sjálft eigi að vera í samræmi við kröfur hennar, þ.e. tilfærsla er á áætlunum milli skólanámskrár og starfsáætlunar sem gerður er í hagnýtum tilgangi frekar en af öðrum ástæðum.

Í skólanum leggur starfsfólk sig fram um að nám og kennsla skili árangri og til að styðja við það vinnur skólinn ýmsar áætlanir til að stuðla að því. Það er hafnfirsk ákvörðun að allar áætlanir sem skulu vera hluti af grunnskólastarfi (skv. aðalnámskrá grunnskóla, 2011) séu í starfsáætlun í stað þess að dreifa þeim ýmist á skólanámskrá eða starfsáætlun. Tilgangur þess er að auðvelda yfirsýn yfir áætlanagerðina annars vegar og hins vegar að afmarka skólanámskrána með áherslu á námsþætti skólastarfsins en starfsáætlunina á skipulag, umgjörð og almenna upplýsingamiðlun.

Áætlanir (viðkomandi skólaárs):

80. Forvarnaáætlun
81. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun
82. Náms- og kennsluáætlanir (kynning)
83. Mats-, símenntunar-, umbóta- og þróunaráætlun
84. Móttökuáætlun
85. Tilfærsluáætlun (kynning)

Hlutverk umræddra áætlana er margþætt óháð inntaki einstakra áætlana:

a. Að styðja við nám og kennslu nemenda svo velferð þeirra verði að leiðarljósi í öllu skólastarfinu.
b. Að sjá til að lög og reglugerðir um grunnskólastarf verði framfylgt til að stuðla að gæðum skólastarfins.
c. Að hjálpa starfsfólki skólanna að vinna skipulega að ýmsum fagmálum í skólunum.

Umræddar áætlanir sem eiga að vera í starfsáætlun eru kynntar hér nánar á næstu síðum.

80. Forvarnaáætlun

Forvarnir gegn ofbeldi og um vímuvarnir, sjálfsrækt, lýðheilsu og öryggisvarnir í skólastarfi.

Markmið forvarna í skólastarfi snúa að nemendum skólans í þeim tilgangi að skólastarfið skuli miða að því að vinna að velferð nemenda (og vinna þannig gegn harmi eða skaða sem þeir geta orðið fyrir og styðja þá þegar áföll verða).

Þessi forvarnaáætlun gildir fyrir alla nemendur skólans. Ýmsar áætlanir til forvarna í skólastarfi er hluti skyldu skóla til að vinna að velferð nemenda og er kveðið á um í Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 64). Byggja þær á lögum um grunnskóla (2008) með vísan í margar greinar laganna (t.d. greinar 2, 13, 14, 20 og 24). Í Hafnarfirði eru umræddar áætlanir settar saman í eina áætlun og hefur hún augljósa tengingu við grunnþætti menntunar sem hluti megináherslu í Aðalnámskrá grunnskóla um það hlutverk skóla að sinna heilbrigði og velferð allra nemenda skólans í viðtækum skilningi.

Skólanámskráin kynnir víða forvarnir og fræðslu um þær, meðal annars í tengslum við stefnu skólans um grunnþætti menntunar, áherslur grunnþáttanna í einstaka árgöngum og loks í kennslu einstakra námsgreina. Forvarnir eru samþættar skólastarfinu á margvíslegan hátt sem ekki er hægt að gera grein fyrir aðeins í þessari áætlun því fræðsla sem snýr að forvörnum er einnig hluti skólanámskrár og fjölmargra námsgreina, og reyndar allra sem hluti grunnþátta menntunar í nýrri aðalnámskrá grunnskóla. En á næstu síðum þessarar forvarnaáætlunar eru kynntar forvarnaráherslur og helstu forgangsverkefni á sviði forvarna í skólanum.

Öll verkefni, liðin eða væntanleg, á sviði forvarna eru kynnt undir mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun.

Ýmsar áætlanir geta fallið undir forvarnaáætlun, s.s. eineltisáætlun og áfallaætlun og eru því dæmi um verklag og verkferla innan forvarnaáætlunar frekar en að vera sjálfstæðar áætlanir. Því er í forvarnaáætlun vísað til margvíslegra verkferla sem unnið er eftir undir formerkjum „áfallaáætlunar“. Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar hefur jafnframt lagt grunnskólum bæjarins til almennar verklagsreglur til að fást við forvarnir sem eru hluti forvarnaviðmiða sem nálgast á hér. Ef skólinn er með eigin verklagsreglur til viðbótar (t.d. gagnvart einelti, bruna o.fl.) er vísað til þess í þessari forvarnaáætlun.

Stefnumörkun/stefnumótun í forvörnum

Löggjafinn og ráðuneyti: Lög-reglugerðir-reglur	Áhersluþættir forvarna í stefnumörkun löggjafans (Alþingi) og framkvæmdavalds (ráðuneyti mennta- og menningarmála): ▪ Að forvarnir séu hluti kjarna skólastarfs. ▪ Að forvarnir séu hluti sex grunnþátta menntunar sem skuli móta allar náms-greinar og daglega kennslu. ▪ Að forvarnir miði að vellíðan nemenda og þróun lýðræðislegs samfélags. ▪ Að skólaþjónusta sveitarfélags sé virk í málefnum forvarna. ▪ Að skólar móti sér stefnu í forvörnum og geri árlega forvarnaráætlun. ▪ Að skólar vinni sérstaklega gegn ofbeldi og vímuefnanotkun.
Skólastefna Hafnarfjarðar:	Skólastefna Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir: ▪ Að forvarnir séu virkar í öllum skólum og meðal allra nemenda í öllum árgöngum. ▪ Að unnið sé að margvíslegum forvarnarverkefnum til að stuðla að velferð nemenda og vinna gegn persónulegum harmi nemenda, s.s. gegn vímuefnanotkun og mannréttindabrotum. ▪ Að jákvæðum forvörnum sé sinnt sem styrkja og efla nemendur. ▪ Að forvarnir séu unnar á margvíslegum sviðum og sem heildtækastar.
Skrifstofa mennta- og lýðsheilsusviðs Hafnarfjarðar:	Stefnumörkun Skrifstofu mennta- og lýðsheilsusviðs Hafnarfjarðar felur í sér: ▪ Að útbúin séu starfsviðmið forvarna fyrir alla grunnskóla bæjarins sem hafi að geyma gæðaviðmið um forvarnarferla í skólum. ▪ Að forvarnir skólakerfisins séu samhæfðar með góðri nýtingu bjargráða. ▪ Að vinna að samráði við aðra forvarnaraðila. ▪ Að veita ráðgjöf og stuðning. ▪ Að hver skóli geri árlega forvarnaráætlun eftir forvarnarsniði sem Skóla-skrifstofan leggur til (þetta plagg).
Skóli:	Stefnumörkun skóla felur í sér: ▪ Að sinna forvörnum í daglegu skólastarfi og með sérstökum aðgerðum sem vinna að vellíðan og heilbrigði nemenda á hverjum tíma.

Forvarnaáherslur skólans

	Fyrirbygging	Viðbrögð	Úrvinnsla	Mat
Almennt	Lögð áhersla á að fyrirbyggja vanda með skipulagi sem kemur sem mest í veg fyrir hann, og veita starfsfólki og nemendum fræðslu.	Taka á vanda þegar hann kemur upp og reyna að draga sem mest úr skaða.	Reynist vandi flókinn er sér-hæfðum leiðum beitt uns viðunandi árangri er náð.	Metinn árangur og þörf fyrir breytingar til að ná betri árangri.
Einstaklingur:	Fyrirbygging	Viðbrögð	Úrvinnsla	Mat
Lýðheilsa	Leitast við að skapa menningu um hollustu og heilbrigði.	Nemendur fræddir og ýmis verkefni sem styðja markmið.	Unnið í sumum tilvikum með ákveðnum nemendahópum.	Metinn árangur og endurskilgreind markmið.
Sjálfsrækt	Átt góð samskipti við nemendur og frætt um jákvæð lífsgildi.	Nemendur studdir þegar áföll dynja yfir (verkferlar áfalla-hjálpar undir stjórn áfallaráðs skóla).	Veittur sérhæfður stuðningur ef við á, félagslegur og/eða persónulegur vandi.	Verkferlar lagfærðir eftir því sem þörf er á.
Vímuvarnir	Fræðsla um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna	Unnið með vanda í hópnum í samráði við fjölskyldur.	Unnið með félags-málayfirvöldum með einstaka nemendur í vanda.	Gerðar reglulegar mælingar á stöðu /árangri.
Félagslegt umhverfi:	Fyrirbygging	Viðbrögð	Úrvinnsla	Mat
Ofbeldisvarnir:	Unnið að góðum skólabrag og skýr stefna gegn ofbeldi.	Tekið á ofbeldi sem birtist og það stöðvað.	Unnið úr flóknum ofbeldismálum.	Metin þörf á frekari aðgerðum gegn ofbeldi.
einelti	Fræðsla til nemenda og starfsfólks.	Eineltistilkynningar rannsakaðar og einelti stöðvað. Mikið samráð við heimili.	Unnið með vanda sem ekki tekst að leysa strax uns tekst að ná utan um hann.	Reglulegar mælingar á líðan nemenda. Metin þörf á aðgerðum til að ná betri árangri.
kynferðislegt	Sérstök fræðsla fyrir starfsfólk í samstarfi við Blátt áfram.	Tilkynningar sendar til barnaverndar/lög-reglu eftir atvikum.	Úrlausn máls á vegum barna-verndar/lögreglu eftir atvikum.	Metnar nauðsynlegar aðgerðir fyrir aukna fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur.
mismunun	Almenn fræðsla sem tilheyrir skólanámskrá.	Tekið á samskipta-vanda.	Unnið með vanda sem ekki tekst að leysa strax uns tekst að ná utan um hann.	
vanræksla	Almenn fræðsla til starfsmanna til að greina hugsanlega vanrækslu.	Vanrækslutilkynningar til nemendaverndar-ráðs og þaðan til barnaverndar.	Unnið af barna-vernd – með samstarfi við skóla eftir því sem við á.	
Náttúrulegt umhverfi:	Fyrirbygging	Viðbrögð	Úrvinnsla	Mat
Öryggisvarnir	Skipulag og öryggisstöðlum fylgt og reglulega yfirfarnir. Fræðsla margvísleg.	Brugðist við og reynt að koma sem mest í veg fyrir skaða.		Metið hvort sérstök þörf sé að lagfæra eða

	Öryggisnefnd skóla.			breyta, skipulagi eða öryggisatriðum.

Fræðsluáherslur skólans eftir árgöngum

SVIÐ	Einstaklingur			Félagslegt umhverfi	Náttúrulegt umhverfi
BEKKIR	Lýðheilsa	Sjálfsrækt	Vímuvarnir	Ofbeldisvarnir	Öryggis-varnir
1. bekkur	Lífsstílsviðtal Líkaminn minn	Lífsleikni Byrjendalæsi Tjáning og framkoma		SMT – reglukennsla	Hjálma-fræðsla
2. bekkur	Verum saman Spor Tilfinningar	Lífsleikni Byrjendalæsi Tjáning og framkoma.		SMT – reglukennsla Börnin í hverfinu Velferðarvaktin	
3. bekkur	Verum saman. Verkefnabókin um 6H heilsunnar	Lífsleikni Byrjendalæsi. Tjáning og framkoma		SMT – reglukennsla Leyndarmálið – fræðslumynd	Eldvarnir (Slökkviliðið)
4. bekkur	Lífsstílsviðtal. Verum saman. Kvíði Slysavarnir	Tjáning og framkoma. Færðsla um einhverfu		SMT - reglukennsla	112 dagurinn
5. bekkur	Samskipti	Lífsleikniverkefni frá kennara Tjáning og framkoma Kvan Netnotkun barna og unglinga		SMT – reglukennsla ART Einstaklingasviðtöl –Olweus Kvan	
6. bekkur	Stattu með þér – Fræðslumynd Kynþroskinn Endurlífgun	Sjálfsmynd og hugarfar (Páll Óskar) Tjáning og framkoma Netnotkun barna og unglinga		SMT – reglukennsla ART Einstaklingasviðtöl –Olweus	
7. bekkur	Lífsstílsviðtal Bólusetning	Sjálfsmynd og hugarfar (Páll Óskar) Tjáning og framkoma Netnotkun barna og unglinga		SMT – reglukennsla. Einstaklingasviðtöl –Olweus Kvan	Leikstjórar
8. bekkur	Fáðu Já - Fræðslumynd / Leiðin áfram (kynning f. Þolendur) Hópþrýstingur Líkamsímynd	Námstækni Tjáning og framkoma. Fjármálafræðsla Forvarnafræðsla frá Samtökunum 78 Kynfærðsla – Netnotkun barna og unglinga	Heilbrigt líferni/Fræðsla um rafrettur - Jón Jónsson. Ég á eitt líf Veldu – vímuefnafræðsla Geðlestin	SMT – reglukennsla Samskipti Einstaklingasviðtöl -Olweus	
9. bekkur	Kynfræðsla stelpur/strákar	Leiðtogafærni Fjármálafræðsla	Forvarnar–dagurinn	SMT – Reglukennsla	

SVIÐ BEKKIR	Einstaklingur			Félagslegt umhverfi	Náttúrulegt umhverfi
	Lýðheilsa	Sjálfsrækt	Vímuvarnir	Ofbeldisvarnir	Öryggis-varnir
	Lífsstílsviðtal Kynheilbrigði	Tjáning og framkoma Netnotkun barna og unglinga	Ég á eitt líf Veldu - vímuefnafræðsla Geðlestin	Örugg saman Einstaklingasviðtöl – Olweus	
10. bekkur	Leiðin áfram (kynning f. Þolendur) Kynheilbrigði Geðheilbrigði Ábyrgð á eigin heilsu Endurlífgun	Leiðtogafærni Tjáning og framkoma Fjármálafræðsla Vertu ástfanginn af lífinu - Þorgrímur Þr. Kynfræðsla Netnotkun barna og unglinga	Ég á eitt líf Geðlestin	SMT – Reglukennsla Starfsfræðsla Örugg saman Einstaklingasviðtöl –Olweus.	

Nánari útfærsla á fræðslu sem snýr að forvörnum birtist svo í skólanámskrá skólans.

81. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Markmið og lagagrundvöllur

Í Hvaleyrarskóla eiga öll að hafa jöfn tækifæri til náms, starfa og þátttöku í skólasamfélaginu. Skólinn vinnur gegn mismunun og leitast við að greina og ryðja úr vegi hindrunum sem hafa áhrif á þátttöku, líðan og tækifæri nemenda og starfsfólks. Einkunnarorð skólans, **ábyrgð, kurteisi og samvinna**, endurspeglast í því hvernig starfsfólk og nemendur koma fram hvert við annað og taka þátt í að móta skólastarfið.

Áætlunin byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Í **5. gr.** er kveðið á um jafnréttisáætlun eða samþættingu jafnréttissjónarmiða í starfsmannastefnu hjá stofnunum þar sem starfa að jafnaði 25 eða fleiri. Þar skulu koma fram markmið og aðgerðir til að tryggja réttindi starfsfólks samkvæmt 6.–14. gr. Í **15. gr.** er kveðið á um að samþætta skuli kynja- og jafnréttissjónarmið við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Við framkvæmd áætlunarinnar tekur skólinn jafnframt mið af jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar. Alþingi

A. Jafnrétti starfsfólks

Markmið	Aðgerð og eftirfylgni	Ábyrgð og tími
Jöfn laun og kjör	Fara yfir laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf með mannauðs- og launaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Kanna skýringar á kynbundnum mun sem kemur fram og fylgja eftir leiðréttingum eftir því sem við á.	Skólastjóri í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Árlega.
Jöfn laun og kjör	Fara yfir laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf með mannauðs- og launaþjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Kanna skýringar á kynbundnum mun sem kemur fram og fylgja eftir leiðréttingum eftir því sem við á.	Skólastjóri í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Árlega.
Jöfn tækifæri í ráðningum og starfsþróun	Nota skýr og samræmd hæfniviðmið við ráðningar. Fara yfir kynjahlutföll í starfshópum og aðgengi starfsfólks að símenntun og starfsþróun.	Skólastjórnendur. Við ráðningar og í árlegum starfsþróunarsamtölum.
Samræming starfs og fjölskylduábyrgðar	Taka mið af fjölskylduaðstæðum og þörfum skólastarfsins við skipulag vinnutíma og verkefna. Ræða við starfsfólk um fyrirkomulag við endurkomu úr fæðingar- eða foreldraorlofi eða leyfi vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.	Skólastjórnendur. Við skipulag skólaárs og eftir þörfum.
Forvarnir gegn ofbeldi og áreitni	Kynna starfsfólki hvernig skólinn vinnur gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni. Gera skýrt hvert starfsfólk getur leitað og hvernig brugðist er við erindum. Fara árlega yfir hvort starfsfólk þekki leiðirnar.	Skólastjóri. Kynning í upphafi skólaárs og við móttöku nýs starfsfólks.

B. Jafnrétti í námi og skólastarfi

Markmið	Aðgerð og eftirfylgni	Ábyrgð og tími
Jafnréttis- og kynjafræðsla við hæfi	Gera grein fyrir því í kennsluáætlunum hvernig nemendur fá fræðslu um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Fara yfir framkvæmdina í lok skólaárs.	Kennarateymi og deildarstjórar. Við gerð kennsluáætlana og í lok skólaárs.
Kennslu- og námsgögn sem gæta jafnréttis	Skoða við val og endurskoðun námsgagna hvernig kyn og ólíkir hópar birtast í texta, myndum og verkefnum. Bregðast við ef efnið ýtir undir staðalímyndir eða mismunar nemendum.	Kennarateymi. Við val og endurskoðun námsgagna.
Jöfn tækifæri til náms- og starfsvals	Tryggja að allir nemendur fái fræðslu og ráðgjöf um sömu náms- og starfsmöguleika óháð kyni. Nota fjölbreytt dæmi og fyrirmyndir í starfsfræðslu.	Náms- og starfsráðgjafi og kennarar. Við starfsfræðslu, námsráðgjöf og kynningu valgreina.
Þátttaka og áhrif nemenda	Nýta bekkjarfundi, nemendaráð og kannanir á líðan til að greina hindranir í námi og félagslífi. Leita sjónarmiða nemenda við endurskoðun reglna og skipulags, meðal annars í samstarfi við Holtasel og Verið eftir því sem við á.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar og stjórnendur tómstundamiðstöðvar. Yfir skólaárið.
Öryggi og skýrar leiðir til að leita aðstoðar	Veita aldursmiðaða fræðslu um mörk, samþykki og virðingu. Kynna nemendum og foreldrum hvert þau geta leitað vegna kynbundins ofbeldis eða áreitni. Starfsfólk fylgir viðeigandi verkferlum skólans og tilkynnir til barnaverndarþjónustu þegar skilyrði tilkynningarskyldu eru uppfyllt.	Skólastjórnendur og kennarar í samstarfi við stoðþjónustu. Yfir skólaárið. Alþingi

Eftirfylgni

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Í lok skólaárs fara skólastjórnendur yfir hvaða aðgerðir komu til framkvæmda, hvað kom fram í samráði og könnunum og hvaða verkefni þarf að vinna áfram. Niðurstöður nýtast í innra mati og við gerð aðgerðaáætlunar næsta skólaárs. Við birtingu er gætt að trúnaði og persónuvernd.

82. Náms- og kennsluáætlanir

Áætlanir um nám og kennslu í grunnskólum

Námsáætlun er hér skilgreind sem áætlun um það nám sem gert er ráð fyrir að fram fari í einstaka námsgreinum í hverjum árgangi/bekk á einu skólaári. Sú námsáætlun kemur fram í skólanámskrá hvers skóla, er eiginlega skólanámskráin (svo „námskrá“ hefur hér merkinguna sem „áætlun um nám“). Námsáætlanir skiptast þannig eftir námssviðum sem eru skilgreind níu í aðalnámskrá. Eitt námssviðið, lykilhæfni, hefur engar kennslustundir skilgreindar sem námsgrein því kennsla hennar skal fara fram í öðrum námssviðum. Hin námssviðin átta eru íslenska, erlend tungumál, list- og verkgreinar, náttúrugreinar, samfélagsgreinar, skólaíþróttir, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Innan hvers námssviðs eru mismargar námsgreinar, sumar skilgreindar í aðalnámskrá (t.d. undir námssviðið skólaíþróttir eru tvær námsgreinar, íþróttir og sund) en aðrar ekki (t.d. fyrir námssviðið samfélagsgreinar eru ekki skilgreindar neinar ákveðnar námsgreinar í aðalnámskrá). Viðmiðunarstundaskrá hvers skóla skilgreinir síðan fjölda kennslustunda á hverri námsgrein út frá þeim viðmiðunum sem gefnar eru í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 51-53). Skólanámskrá hvers skóla skal endurspegla það nám sem stefnt er að fari fram í skólanum og stýrir kennslu í skólanum. Starfsáætlun kynnir svo það skipulag sem er í kringum námið. Skólanámskrá fer í staðfestingarferli hjá skólanefnd sveitarfélags með millikomu í skólaráði skólans. Það er sameiginleg stefna í grunnskólum Hafnarfjarðar um uppbyggingu skólanámskráa.

Skólanámskrá fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar lýtur ákveðnu sniði sem leitast við að fylgja kröfum aðalnámskrár (2011/2013). Í aðalnámskránni er lögð áhersla á grunnþætti í námi út frá hæfni (þekking + leikni + viðhorf) og hæfniviðmið (þekking + leikni > hæfni). Jafnframt er mikilvægt að kynna viðfangsefni í námi, kennsluaðferðir og námsmat. Þessir áhersluþættir þurfa síðan að birtast sér fyrir einstök námssvið, líkt og aðalnámskrá kynnir, og með einstökum námsgreinum

Kennsluáætlun er hér skilgreind sem útfærsla á námi í einstökum námsgreinum grunnskólans sem útfærir námið í nánari viðfangsefni sem hafa tímalega afmörkun með viðeigandi námsaðgerðum hjá nemanda (sem geta t.d. verið verkefnavinna, heimanám og skilafrestir). Kennsluáætlanir geta því verið margar í sömu námsgrein á einu skólaári (skipt eftir viku/mánuði/námsönn) og eru aðeins birtar nemendum og aðstandendum þeirra. Miðlun kennsluáætlana getur verið mismunandi eftir skólum og/eða námshópum, t.d. á pappír og/eða á rafrænan hátt í gegnum námsumsjónarkerfi skóla (dæmi um slíkt eru Mentor, Námfús og Moodle). Gert er ráð fyrir að í námsáætlunum berist skýr skilaboð til nemenda um vinnuframlag hans út frá markmiðum í náminu og hvaða hæfni sé verið að leitast við að ná í sérhverju viðfangsefni sem kennsluáætlanir kynna. Kennsluáætlanir lúta ekki sameiginlegu sniði í grunnskólum Hafnarfjarðar og geta jafnvel verið ólíkar að uppbyggingu eftir einstaka námsgreinum og aldursárum grunnskólans milli skóla og innan þeirra sömuleiðis. Skipulag um notkun kennsluáætlana er í höndum hvers skóla.

82.1 Áherslur Hvaleyrarskóla í gerð kennsluáætlana 2026–2027

Skólaárið 2026–2027 er sérstök áhersla lögð á gerð kennsluáætlana. Matskvarði grunnskóla breytist úr bókstöfum í tölur og skólar skilgreina vægi flokka hæfniviðmiða í skólanámskrá. Jafnframt eru kennsluáætlanir helsta verkfærið til að gera námsmarkmið og árangursviðmið leiðsagnarnáms sýnileg nemendum og foreldrum.

Breytingar á aðalnámskrá – matstákn og vægi flokka

Ráðherra tilkynnti 7. ágúst 2026 að tölustafir kæmu í stað bókstafa í lokamati. Innleiðingin fer fram í tveimur áföngum (aðalnámskrá.is):

- **2026–2027:** Við brautskráningu úr 10. bekk vorið 2027 eru einkunnir gefnar í heilum tölum á kvarðanum 4–10 samkvæmt auglýsingu nr. 1185/2026 um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla. Lokaeinkunn greinasviðs er vegið meðaltal einkunna fyrir flokka hæfniviðmiða og er námunduð að næstu heilu tölu. Hvaleyrarskóli ákveður vægi flokkanna eigi síðar en 31. janúar 2027 og birtir útfærsluna í endurskoðaðri skólanámskrá fyrir brautskráningu. Um vitnisburð nemenda sem stunda nám samkvæmt einstaklingsnámskrá fer samkvæmt kafla 9.7 í aðalnámskrá
- **2027–2028:** Vitnisburður við lok 4., 7. og 10. bekkjar er birtur með talnakvarða og vægi flokka skilgreint fyrir alla þessa árganga.

Breytingin snýr að birtingu árangurs í lokamati og vitnisburði. Hæfniviðmið og dæmi um námsmarkmið breytast ekki. Tölur eru ekki notaðar í leiðsagnarmati, sem byggir á samtali nemenda og kennara.

Sameiginleg uppbygging kennsluáætlana í Hvaleyrarskóla

Í vetur verður miðað við að kennsluáætlun fyrir hverja námslotu verði birt nemendum og foreldrum í námsumsjónarkerfi. Í Kennsluáætlun á eftir farandi að koma fram:

1. Hæfniviðmið aðalnámskrár sem unnið er með og flokkur hvers þeirra (vegna vægis flokka).
2. Námsmarkmið og árangursviðmið orðuð þannig að nemendur skilji þau (leiðsagnarnám).
3. Viðfangsefni, námsefni og tímarammi.
4. Kennsluaðferðir, m.a. samvinnunám, samþætting námsgreina og teymiskennsla þar sem hún á við.
5. Námsmat: hvernig staða nemenda er greind, hvernig endurgjöf fer fram og hvaða verkefni gilda í lokamati.
6. Aðlögun og stuðningur, m.a. fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál (námsmarkmið úr stuðningsefni ÍSAT) og nemendur með einstaklingsáætlun.

Verklag

- Kennsluáætlanir eru unnar í teymum árganga og faggreina. Sérkennarar og ÍSAT-kennarar taka þátt í gerð þeirra.
- Kennarar hafa stuðningsefni MMS til hliðsjónar: *Frá aðalnámskrá til námsáætlana*, *Þrjú skref í skipulagningu náms* og *Námsmarkmið*.
- Deildarstjórar fara yfir kennsluáætlanir sem er hluti af verkefninu: *Mat á kennslu og skipulagi* í kafla 83.
- Á yngsta stigi fylgja áætlanir í læsi aðferðum K-PALS og G-PALS í 1.–2. bekk og Byrjendalæsi í 3.–4. bekk.

83. Mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun

Form fyrir mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun fyrir grunnskóla í Hafnarfirði er unnið á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla (2011) um verkefni skóla og eru meðal annars þessi:

- Símenntun starfsmanna getur verið aflvaki slíkrar þekkingar sem á rætur í fræðilegri framvindu og rannsóknum. Stefna skóla og símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær (64).
- Í skólanámskrá skal gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat (bls. 61).
- Skólanefnd skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist grunnskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Þetta á bæði við um þá skóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Skólanefnd ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers skóla. Við matið má styðjast við margs konar upplýsingar. Þar má t.d. benda á upplýsingar um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á. (bls. 61)
- Samstarf og samhæfing eru lykilatriði í farsælu þróunarstarfi á sviði skólamála. Yfirvöld menntamála, sveitarstjórnir, skólaþjónusta, skólastjórnendur og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skólastarf sé í stöðugri endurskoðun og umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. Skólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Öll skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi. (bls. 63)
- Innra mati skóla er ætlað að stuðla að umbótum. Innra mat dregur fram styrkleika og veikleika og á þeim grunni er unnt að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að unnið sé að. Niðurstöður innra mats geta einnig verið hvati að þróunarstarfi í skólum. (bls. 64)
- Ný þekking er önnur uppspretta þróunarstafs. Símenntun starfsmanna getur verið aflvaki slíkrar þekkingar sem á rætur í fræðilegri framvindu og rannsóknum. Stefna skóla og símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær. (bls. 64)
- Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um... innra mat á árangri og gæðum, ... áætlanir um umbætur og þróunarstarf. (bls. 66)
- Í starfsáætlun skal m.a. birta upplýsingar um: ...símenntunaráætlun, ...viðfangsefni innra mats. (bls. 67)

Meginmarkmið mats-, símenntunar-, umbóta- og þróunaráætlun hjá grunnskólum Hafnarfjarðar er að vinna að því að bæta hæfni skóla/stofnana til að sinna verkefnum sínum í samræmi við opinbert regluverk (lög, reglugerðir, reglur og önnur fyrirmæli), styrkja staðbundið skipulag og vinna að góðri aðlögun stofnunar að stöðugt breyttum þjóðfélagsaðstæðum – eins og sérstaklega er kveðið á um í aðalnámskrá. Viðfangsefnið er að sinna stöðugri skólaþróun og fara fram með umbótaverkefni á grunni upplýsingasöfnunar um skólastarfið (innra mat). Í Hafnarfirði birtast aðrar áætlanir en áætlanir um nám og kennslu í starfsáætlun en ekki í skólanámskrá.

Það var niðurstaða langrar samræðu að sameina ætti og þyrfti mat innra skóla, símenntun, umbætur og þróunarstarf í eina áætlun sökum þess hve nátengd og samhæfð þessi viðfangsefni eru í skólastarfi.

Áætlunin skiptist í meginatriðum í þrjá hluta:

- Markmið: Stefnumótun um símenntun, umbætur, þróunarstarf og innra mat yfir í ytra mat sveitarfélags.
- Staða: Símenntun og innra mat (innra matsskýrsla skóla 2025 til 2026).
- Áætlun: Símenntunar- og þróunar-/umbótaverkefni í bígerð skólaárið 2026 til 2027.

1. Stefnumótun: mat, símenntun, umbóta-/þróunarstarf

1.1. Stefnumörkun um mat, símenntun, umbætur og þróunarstarf

Hafnarfjörður	*Áhersluþættir stefnumótunar varðandi mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar eru:* a. Að veita íbúum góða þjónustu og að nýbreytnistarf og umbætur verði mikilvæg verkefni í starfsemi þeirra til að bæta stöðugt þjónustuna við þá. b. Að símenntunaráætlun stofnunar er til að styðja við þær skyldur Hafnarfjarðarbæjar að sinna lögboðnum verkefnum sveitarfélaga og þróa þau. c. Að árleg símenntunaráætlanagerð er nauðsynleg í öllum stofnunum Hafnarfjarðarbæjar til að þær aðlagist stöðugt betur nýjum aðstæðum, kröfum og verkefnum. d. Að gerð árlegrar símenntunaráætlunar er vinnuregla hjá Hafnarfjarðarbæ til að styrkja mannauðsstjórnun í öllum stofnunum bæjarins.
Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar	*Áhersluþættir stefnumótunar varðandi mat, símenntun, þróunar- og umbótastarf innan mennta- og lýðheilsusviðs eru:* e. Að skólaþróun sé stöðugt verkefni til umbóta sem starfsfólk skólanna ber ábyrgð á undir forystu skólastjóra og kynning þess fari fram í árlegri *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun*. f. Að mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun skóla innan mennta- og lýðheilsusviðs taki mið af skólaárinu. g. Að Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar veiti sérstakan stuðning við eftirfylgni á *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun* skóla eftir þörfum hverju sinni. h. Að grunnskólar birti árlega *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun* í starfsáætlun sinni. i. Að *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun* byggi á: stefnu/markmið > stöðu (símenntarstarf og innra matsskýrsla) >áætlun. j. Að tekið sé mið af lögum og aðalnámskrá grunnskóla í matsstarfi, símenntunar-, þróunar- og umbótastarfi þar sem verkefnið er nátengt „innra mati skóla.“ k. Að Skólaskrifstofan standi fyrir sameiginlegri upplýsingaöflun um skólastarfið (nú Skólapúlsinn í innra mati og Skólavogin í ytra mati) til stuðnings við mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótastarf skólanna. l. Að Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs gefi skólanefnd bæjarins, nú fræðsluráði, reglulega upplýsingar um starfsemi einstakra skóla og þeirra saman. m. Að veiti Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar sérstakan stuðning við símenntun einstakra skóla skal það skráð í símenntunar- og skólaþróunaráætlun viðkomandi skólaár skólum að kostnaðarlausu. Sérstakur símenntunartími fyrir grunnskólakennara er á mánudögum frá kl. 14 til 17 sem nýta má innan ramma kjarasamninga um símenntun þeirra ef fræðsla er ekki veitt á öðrum föstum viðverutímum innan einstakra skóla. Sama á við um skólastjórnendur eftir hádegi á föstudögum.

Stefnumörkun um innra mat, símenntun, þróunar- og umbótastarf skóla, frh.:

Skólinn:	*Áhersluþættir stefnumótunar skólans varðandi mats-, símenntun, þróunar- og umbótastarf eru*: a. *Að stuðla að umbótum sem bæta skólastarfið og efla skólaþróun; nemendum, starfsmönnum og foreldrum til heilla.* b. *Að gefa upplýsingar um hverju þarf að breyta og hvað má bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnu sinni.* c. *Að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á nauðsynlegum umbótum.* d. *Að byggja ávallt á traustum upplýsingum.* e. *Að mats-, þróunar- og umbótastarf sé samofið daglegu skólastarfi.* f. *Að mats-, þróunar- og umbótastarf sé samstarfsmiðað og byggt á lýðræðislegum vinnubrögðum með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra.*

1.2 Markmið um innra mat, símenntun, umbætur og þróunarstarf

Meginmarkmið skóla:	Innra mat, þróunar- og umbótastarf í skólanum hefur að meginmarkmiði: i. *Að styðja við stefnu og áherslur Hvaleyrarskóla í öllu skólastarfi þar sem unnið er eftir einkunnarorðunum kurteisi, ábyrgð, samvinna.* ii. *Að skólanámskrá og kennsluáætlanir Hvaleyrarskóla endurspegli áherslur aðalnámskrár.* iii. *Að efla lestarkennslu og áhuga á lestri. Lögð verði lokahönd á heildstæða lestrarstefnu skólans og henni fylgt eftir.* iv. *Að efla teymisvinnu kennara og samstarf umsjónarkennara og sérkennara* v. *Að stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum með aukinni þekkingu á mismunandi kennsluaðferðum. Hafla leiðsagnarnám að leiðarljósi.* vi. *Að stuðla að heilsueflingu nemenda og starfsmanna í gegnum verkefnið Heilsueflandi grunnskóli.* vii. *Að námsmat sé í takt við nýja aðalnámskrá og að kennslan sé út frá hæfniviðmiðum.* viii. *Innleiðing á K-þals og G -þals í 1. og 2. bekk í samvinnu við alla skóla í Hafnarfirði* ix. *Að efla færni starfsmanna til að koma til móts við alla nemendur.* x. *Að styðja við eldri áherslur skólans; læsi, SMT, vinnu með gildi, hnattrænan skilning, þjónustu við samfélagið og að gera allt framúrskarandi vel.* xi. *Að gera skólann að aðlaðandi og hlýlegum vinnustað, þannig að nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum og þeir öðlist þá tilfinningu að hann sé öruggur samastaður í leik og starfi*
Starfsmarkmið skóla:	Innra mat, þróunar- og umbótastarf í skólanum hefur eftirfarandi starfsmarkmið til næstu (3ja) ára: a. *Að nemendur verði fyrir ofan meðaltal í niðurstöðum Skólapúlsins varðandi;* • *virkni, áhuga og árangur í námi*

	• *líðan, heilsu og sjálfsmynd* • samskipit, samstarf og skólabrag b. *Að starfsfólk verði fyrir ofan meðaltal í niðurstöðum Skólapúlsins varðandi;* • *starfsánægju og viðhorf* • *starfsumhverfi, mat og endurgjöf* • *metnað, frumkvæði og símenntun* c. *Að foreldrar verði fyrir ofan meðaltal í niðurstöðum Skólapúlsins varðandi* • *nám og kennslu barna sinna* • *velferð nemenda* • *aðstöðu og þjónustu* • *foreldrasamstarf og heimastuðning* d. *Að Matsferilspróf verði nýtt til að bæta námsárangur nemenda.*
Frekari umfjöllun um markmið, áherslur eða leiðir í innra mati, þróunar- og umbótastarfi:	a. Að nemendur séu ábyrgir, sjálfstæðir, sýni miklar framfarir og nái góðum árangri. b. Að nemendum líði vel, séu ánægðir og með sterka sjálfsmynd. c. Að nemendur búi við samvinnumiðað nám og frjór umræðuvettvangur nemenda og kennara sé til staðar, með áherslu á skapandi og gagnrýna hugsun. d. Áhersla á jákvætt skólaumhverfi þar sem allir starfsmenn leggja sig fram um að mynda uppbyggileg tengsl við nemendur og sín á milli. e. Ánægt, virkt og vel upplýst foreldrasamfélag

1.3. Matsframkvæmd - innra mat

Áherslur í innra mati taka bæði mið af áherslum sveitarfélagsins og skólans. Matið, hvort sem það er innra mat eða ytra mat sveitarfélags, miðast að því að gefa raunhæfar upplýsingar um skólastarfið. Matsstarf er í eðli sínu rannsóknarstarf, þ.e. gagnaöflum með áreiðanlegum aðferðum til að tryggja sem mestan trúverðugleika fyrir ákvarðanatöku. Á grunni upplýsinga eru fundin nauðsynleg umbótaverkefni sem styðja við þróunarverkefni í skólanum. Í aðalnámskrá er gert ráð fyrir að skólar skilgreini áherslur í innra mati. Skólum er frjálst að haga innra mati sínu á þann hátt sem best hentar því starfi sem á sér stað í skólanum. Innra matið byggir þó á ákveðnum grundvallarviðmiðum sem koma fram í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 36, reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum, nr. 658/2009, gr. 3 og aðalnámskrá grunnskóla (2011), bls. 20-21. Viðmiðin eru að matið sé markmiðsbundið, byggi á traustum og fjölbreyttum upplýsingum, sé samstarfsmiðað og byggi á lýðræðislegum vinnubrögðum, opinbert og umbótamiðað. Viðmið aðalnámskrár um innra

Viðmið aðalnámskrár um innra mat er framfylgt með eftirfarandi leiðum:

Viðmið	Lýsing
Markmiðsbundið	Miðar að því að heildarumfang matsstarfsins sé unnið eftir ákveðnu skipulagi út frá ákveðnum markmiðum, sem bæði eru almenn og sértæk. Framsetning þessarar áætlunar er ætlað til að sýna fram á að svo sé.
Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	Gerist með gagnaöflun þar sem reynt er að tryggja að gögnin séu traust og fjölbreytt. Í kafla 1.5 er kynnt hvernig gagnasöfnun er háttað, þ.e. hvaða aðferðir/leiðir eru notaðar til mælinga. Í öðrum kafla eru niðurstöður mælinganna á síðasta skólaári í samhengi við markmiðin.
Samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Innra mat skóla byggir á ferli (vinnubrögðum) og inntaki (mælingum og gögnum sem lýsa viðhorfum hagsmunaaðila). Enn fremur að allir aðilar skólasamfélagsins (starfsfólk skóla, nemendur, foreldrar) taki virkan þátt í matinu, bæði með því að leggja til gögn og vinna úr þeim með það að markmiði að umbætur fylgi í kjölfarið.
Opinbert	Innra mat skóla er birt í þessari skýrslu. Matsskýrslan er hluti af starfsáætlun skólanna. Starfsáætlunin er birt á vefsíðum þeirra.
Umbótamiðað	Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats á að skilgreina umbætur og skipuleggja þær í samvinnu við skólaráð. Í umbótaáætlun þarf að koma fram til hvaða aðgerða á að grípa og hver er ábyrgur fyrir þeim, hvenær framkvæmdar, hvernig og hvenær eigi að meta árangur að nýju.

1.4. Áherslur í innra mati skóla út í ytra mat sveitarfélags:

a. Áherslur laga, reglugerða og aðalnámskrár (úr innra í ytra mat):

- Að meta gæði skólastarfsins sem tækifæri til reglulegra umbóta.
- Að innra mat skóla sé samofið daglegu starfi.
- Að mælingar byggi á traustum upplýsingum.
- Að sveitarfélag sé virkt í mati á starfi grunnskólanna.

b. Áherslur sveitarfélagsins (úr innra í ytra mat):

- Að leggja mat á skólanámskrár og starfsáætlanir skóla svo þær uppfylli viðmið aðalnámskrár um gæði.
- Að fá mat á gæðum námsins með sérstakri áherslu á lestrarnám og lestrarkennslu.
- Að fá mat á gæðum út frá líðan nemenda og möguleg tækifæri til forvarna í skólastarfinu.
- Að fá mat á gæðum út frá sjónarmiðum hagsmunaaðila skólasamfélagsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk), á mikilvægum þáttum í skólastarfinu, sérstaklega stjórnun, líðan og upplýsingagjöf.

- Að leggja til samhæfð verkfæri í innra mati skóla svo þeir geti borið starfsemi sína saman við aðra skóla bæjarins og landsins alls á samræmdum forsendum (Skólapúlsinn).
- Að fá mat á gæði náms og námsmats.
- Að fá mat á lestrarnám og lestrarkennslu.

c. Áherslur skólans (í innra mati):

- Mat á framförum og stöðu nemenda í lestri út frá viðmiðum lestrarstefnu Hafnarfjarðar
- Mat á ánægju nemenda með skólann og kennsluhætti • Mat á vellíðan nemenda í skólanum
- Viðhorfskönnun nemenda í 2.-10. bekk til ýmissa þátta í skólastarfinu (Skólapúlsinn).
- Viðhorfskönnun foreldra nemenda í 1.-10. bekk til ýmissa þátta í skólastarfinu (Skólapúlsinn).
- Viðhorfskönnun starfsmanna til ýmissa þátta í skólastarfinu (Skólapúlsinn).
- Mat eftir starfsmannasamtöl einu sinni á ári.
- Mat á framgangi og stöðu SMT-skólafærni (SET listi SMT).
- Mat eftir námsamtöl sem eru tvisvar á ári.
- Mat eftir nýliðasamtöl

1.5. Mat, verkáætlun

Eftirfarandi er verkáætlun um innra mat skólans á skólaárinu, þ.e. gagnasöfnun, matsumræða, matsákvarðanir og skýrslugerð. Matið hefur þann megintilgang að lyfta upp á yfirborðið því sem vel tekst til, að finna nauðsynleg umbótaverkefni og stuðla að skólaþróun.

Mánuður	Verkefni
Ágúst	• Matsteymi fundar og fer yfir þróunar- og umbótarverkefni síðasta árs
September	• Innra mats-, þróunar og umbótaáætlun kynnt starfsfólki • Lesfimipróf í 2. – 10. bekk • Námsmat – leiðsagnarmat • Nemendakönnun 6. - 10. bekk, Skólapúlsinn
Október	• Innra mats-, þróunar og umbótaáætlun kynnt í skólaráði • Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum • Framburðarskimun 1.bekkur Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum. • Matsferill – leið til læsis. 1. bekkur • Logos skimun nemenda í 6. bekk. • Skólanámskrá lögð fram til staðfestingar í fræðsluráði. • Starfsmannafundir með nýju starfsfólki. • Skólapúlsinn nemendakönnun í 2. til 5. bekk • Skólapúlsinn nemendakönnun í 6. til 10.bekk • Innlit í kennslustofur og endurgjöf • Námsmat - leiðsagnarmat
Nóvember	• Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum. • Starfsþróunarfundir kennara í hópum.

- Vímuvarnarkönnun Rannsóknar & Greiningar síðasta skólaárs kynnt.
- Logos skimun nemenda í 6. bekk.
- Innlit í kennslustofur og endurgjöf
- Námsmat - leiðsagnarmat

Desember
- Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum.
- Innlit í kennslustundir.

Janúar
- Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum.
- Nemendakönnun (Skólapúlsinn).
- Matsferill – lesfimi. 1. – 10. bekkur.
- Logos skimun nemenda í 3. bekk.
- Innlit í kennslustundir.
- Stöðumat nemenda í öllum árgöngum.

Febrúar
- Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum.
- Nemendakönnun (Skólapúlsinn).
- Foreldrakönnun (Skólapúlsinn).
- Innlit í kennslustundir.
- Vímuvarnarkönnun Rannsóknar & Greiningar.
- Logos skimun nemenda í 3. bekk.
- Foreldrakönnun Skólapúlsins, lögð fyrir annað hvert ár

Mars
- Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum.
- Starfsmannakönnun (Skólapúlsinn).
- Nemendakönnun (Skólapúlsinn).
- Innlit í kennslustundir.
- Stöðu- og framvinduþróf í lesskilningi og stærðfræði í 4.-10. bekk.
- Starfsmannasamtöl.
- Skólanámskráin í umsagnarferli skólaráðs.

Apríl
- Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum.
- Logos skimun nemenda í 8. bekk.
- Innlit í kennslustundir.
- Mat á samstarfi leik- og grunnskóla.
- Skólapúlsinn nemendakönnun í 1. til 5. bekk
- Skólapúlsinn nemendakönnun í 6 til 10. bekk
- SMT þríhyrningur lagður fyrir

Maí
- Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum.
- Nemendakönnun (Skólapúlsinn).
- Skólapúlsniðurstöður kynntar skólaráði.
- Matsferill – lesfimi. 1. – 10. bekkur.

- Logos skimun nemenda í 8. bekk.
- Innlit í kennslustundir.

Júní
- Lokamat nemenda í öllum árgöngum.
- Matsumræða starfsmannahóps og umbótatillögur fyrir næsta skólaár.
- Innra mats-, þróunar- og umbótaáætlun unnin af skólastjórnendum.

Gert er ráð fyrir að ofangreint matsferli, almennt fyrir Hafnarfjörð og sértækt fyrir skólann, sé unnið undir verkstjórn skólastjóra og í viðeigandi samráðshópi eftir atvikum (matsteymi, skólastjórnendur, skólaráð).

1.6. Innra mat, þriggja ára áætlun

þriggja ára matsáætlun skólans sem nær til allra þátta í skólanámskrá og starfsáætlun

Matsþættir	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Athuganir:			
1. Stjórnun	x	x	
2. Nám og kennsla	x		x
3. Innra mat	x		
Skólaþættir:			
1. Teymisvinna	x	x	
2. Álagsþættir	x		
3. Nemendaánægja	x		x

2. Staða – mats, símenntunar-, umbóta- og þróunarstarf í gangi

Eftirfarandi kafli er innra matsskýrsla skóla fyrir skólaárið 2025 - 2026 sem skiptist í fjóra hluta:

2.1. Símenntun skólaársins 2025 til 2026.

2.2. Umbótaverkefni sem voru í gangi og staða þeirra.

2.3. Viðhorf aðila skólasamfélagsins (Skólapúlsinn og önnur matsgögn) í innra matsskýrslu skóla.

2.4. Mælingar/árangur í skólastarfinu í innra matsskýrslu skóla.

Á grunni samantektar á stöðu, vinna skólar áætlun um nauðsynleg umbótaverkefni fyrir næsta skólaár. Sjá þriðja kafla.

2.1. Símenntun í gangi og staða hennar

a. Verkefnaskrá – yfirlit um Hér eru kynntar niðurstöður af símenntunarverkefnum skólaársins 2025 til 2026

Framkvæmd símenntunarverkefni - ALLIR	Klst.	Fjöldi þáttt.
Leiðsagnarnám		
Innleiðing nýrra hæfniviðmiða Aðalnámskrár		
Skyndihjálp		
Fræðsla um móttöku barna með fjölbreyttan bakgrunn af erlendum uppruna		

Framkvæmd símenntunarverkefni - ALLIR	Klst.	Fjöldi þáttt.
SMT – fræðsla fyrir allt starfsfólk		

Framkvæmd símenntunarverkefni - HÓPAR	Klst.	Fjöldi þáttt.
Skyndihjálparnámskeið fyrir sundkennara	**7**	
Kynning á LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR fyrir nýja kennara	**2**	
Fræðslan Verndarar barna fyrir nýja starfsmenn	**4**	
Námskeið í jafningjahandleiðslu (stjórnendur)	**4**	
Heilsueflandi skólar í Hafnrfirði, málstofa	**2**	
Forvarnafræðsla um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni fyrir nýja starfsmenn	**6**	
Tengiliðanámskeið læsis	**6**	
Grunnþjálfun í notkun iPad	**12**	
Skólastjórnun, skólaþróun og upplýsingatækni	**2**	
Fræðslufundir um UT kennsluráðgjöf	**9**	
Stjórnendaþjálfun	**10**	
PALS kennaranámskeið	**3**	
Handleiðsla fyrir SMT – teymi. Skólaskrifstofan skipulagði	**8**	
Leiðtoganámskeið í Byrjendalæsi á vegum Skólaþróunar Háskólans á Akureyri	**16**	
Fræðslufundir sem studdu við framkvæmd á Stóru upplestarkeppninni í skólum fyrir kennara í 7. bekk og aðra áhugasama. Skólaskrifstofan skipulagði.	**3**	
Stóra upplestrarkeppnin	**3**	
Litla upplestrarkeppnin	**3**	
SMT fræðsla fyrir nýtt starsfólk grunnskóla.		
Nýliðafundur – námskeið með nýjum starfsmönnum samkvæmt móttökuáætlun skólans.	**2**	
SKÓR ráðstefna. Stjórnendur skólans.	**8**	
Ráðstefna SÍ fyrir stjórnendur	**10**	
Fjölbreyttir kennsluhættir í fjölmenningarlegu skólasamfélagi	**4**	
- *verkefnislýsing* (fyrirlestur, námskeið, ráðstefna, námsferð, o.þ.u.l.)		

2.2. Umbótaverkefni í gangi og staða þeirra

Hér eru kynntar niðurstöður af þróunar- og umbótaverkefnum skólaársins 2025 til 2026, hvort sem þau voru unnin eða ekki, eins og þau voru skilgreind í síðustu áætlun og í sömu röð og þar.

Heiti	1. **Þróunar- og umbótaverkefnið ný hæfniviðmið**
Inntak verkefnis	Forgangsraða nýjum hæfniviðmiðum
Staða í lok skólaárs	i. ***Í hverju fólst verkefnið, hvað var gert?***

Heiti	1. **Þróunar- og umbótaverkefnið ný hæfniviðmið**
(lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	Kennarar fóru yfir ný hæfniviðmið og forgangsröðuðu í hverjum árgangi. ii. ***Hvernig tókst verkefnaframkvæmd?*** Ágætlega, vantar þó betra samræmi milli stiga. iii. ***Er verkefni lokið, hvað stendur eftir og hvernig er framhaldið fyrirhugað?*** Verkefninu er ekki lokið. iv. ***Hver er árangur verkefnisins í heild (og hvaða mælingar/gögn staðfesta það)?*** Í vinnslu
Heiti	4. **Þróunar- og umbótaverkefnið Leiðsagnarnám**
Inntak verkefnis	Að efla leiðsagnarnám innan skólans.
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	i ***Í hverju fólst verkefnið, hvað var gert?*** ii. ***Hvernig tókst verkefnaframkvæmd?*** iii. ***Er verkefni lokið, hvað stendur eftir og hvernig er framhaldið fyrirhugað?*** iv. ***Hver er árangur verkefnisins í heild (og hvaða mælingar/gögn staðfesta það)?***

Samantekt þróunar- og umbótaverkefna skólaársins 2025-2026

Almennt gekk vel að fylgja eftir þróunar og umbótaverkefnum sem voru undir á skólaárinu.

2.3. Matsgögn og mælingar

2.3.a. Viðhorfin í skólasamfélaginu - Skólapúlsinn

Eftirfarandi inniheldur samanburð á markmiðum/árangursviðmiðum Hvaleyrarskóla og landsmeðaltali úr könnunum Skólapúlsins. Gögnin hafa verið uppfærð með nýjustu fyrirlögnum:

- Nemendur: Nemendakönnun 6.–10. bekkjar 2025–2026 (164 svarendur, 95,9% svarhlutfall) og Nemendakönnun 2.–5. bekkjar 2025–2026 (124 svarendur, 94,7% svarhlutfall).
- Foreldrar: Foreldrakönnun grunnskóla febrúar–mars 2025 (79 svarendur, 66,4% svarhlutfall).
- Starfsfólk og kennarar: Starfsánægjukönnun grunnskóla mars–apríl 2026 (31 svarendur, 63,3% svarhlutfall).

i. Nemendur (6.–10. bekkur)

Matsþættir Skólapúlsins	Rauntala skólans 2025–26	Lands-meðaltal 2025–26	Staða gagnvart landi
Námið			
Ánægja af lestri (6.–10. b.)	**4,5**	4,3	+0,2 (yfir landsmeðaltali)
Þrautseigja í námi	**4,6**	4,6	0,0 (á landsmeðaltali)
Áhugi á stærðfræði	**4,9**	4,7	+0,2 (yfir landsmeðaltali)
Ánægja af náttúrufræði	**4,6**	4,6	0,0 (á landsmeðaltali)
Trú á eigin vinnubrögð í námi	**4,8**	4,8	0,0 (á landsmeðaltali)
Trú á eigin námsgetu	**5,0**	4,9	+0,1 (yfir landsmeðaltali)
Hlutfall nemenda með snjallsíma	**75,6%**	73,3%	+2,3%
Símanotkun á skólatíma (klst./dag)	**0,3 klst.**	0,4 klst.	-0,1 klst. (jákvætt)
Líðan og heilsa			
Sjálfsálit	**4,3**	4,4	-0,1
Stjórn á eigin lífi	**4,5**	4,4	+0,1
Vellíðan	**4,6**	4,6	0,0 (á landsmeðaltali)
Einelti (kvarði)	**5,6**	5,7	-0,1
Tíðni eineltis (% sl. 30 daga)	**16,9%**	15,8%	+1,1%
Í mat í skólanum (% nemenda)	**62,5%**	75,0%	-12,5% (undir landi)
Skóla- og bekkjarandi			
Samsömun við nemendahópinn	**5,0**	4,9	+0,1
Samband nemenda við kennara	**5,0**	4,9	+0,1
Agi í kennslustundum	**5,6**	4,9	+0,7 (marktækt yfir landi)
Virk þátttaka í kennslustundum	**5,2**	4,9	+0,3
Tíðni leiðsagnarmats	**5,0**	4,9	+0,1

Nemendakönnun (2.–5. bekkur)

Könnun á yngri stigum (lögð fyrir í október 2025)

Matsþættir (2.–5. bekkur)	Skólinn 2025–26	Landið 2025–26	Breyting frá fyrri mælingu skólans	Mismunur við land
Ánægja af lestri (heild 2.–5. b.)	**4,4**	4,8	-0,3	-0,4 (lægra en landið)
- 2. bekkur (sérstök rýni)	**3,5**	5,0	-1,2	-1,5 (marktækt lægra)
- 3. bekkur	**5,1**	5,1	+1,0	0,0
- 4. bekkur	**4,5**	4,7	-0,9	-0,2
- 5. bekkur	**4,8**	4,5	+0,6	+0,3
Ánægja með skólann (2.–5. b.)	**5,0**	5,2	-0,1	-0,2
Vellíðan í skólanum (2.–5. b.)	**4,7**	5,2	-0,1	-0,5 (marktækt lægra)
Ánægja með matinn í skólanum (% jákvæðir)	**52,1%**	79,5%	-30,0%	-27,4% (veruleg lækkun)

Önnur matsgögn skólans sem varða nemendur

Skólinn hefur lagt fyrir tengslakannanir fyrir ár Flenborgarskólagangana minnst tvisvar á ári, umsjónakennarar ásamt náms- og starfsráðgjafa leggja þær fyrir og vinna úr niðurstöðum þeirra. Kennarar taka síðan alla nemendur skólans í viðtal einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Í þessum viðtölum fylgjum við svipaðri uppsetningu og Olweusar viðtölin voru. Þá fundar starfsfólk tvisvar til þrisvar sinnum á ári og fer yfir stöðu mála, ræðir ákveðin viðfangsefni á hverjum fundi, þessir fundir eru sérstaklega tileinkaðir í þessi viðfangsefni og því ekkert annað á dagskrá þegar þeir eru. Þetta eru viðfangsefni er t.d. snúa að einelti, samskiptum nemenda og skipulagi bekkjarfunda. Til er í skólanum verkefnabanki fyrir nemendafundi/bekkjarfundi. Skólabragurinn kappkostar að einkennast af hlýju, einlægum áhuga, ákveðnum römmum gegn óviðunandi hegðun og að fullorðnir komi fram af myndugleika.

ii. Foreldrar

Matsþættir Skólapúlsins	Rauntala skólans 2025	Landsmeðaltal 2025	Miðað við landsmeðaltal
Nám og kennsla			
Ánægja foreldra með nám og kennslu	**5,3**	5,1	+0,2 (yfir landsmeðaltali)
Ánægja foreldra með stjórnun skólans (% vel)	**98,5%**	90,1%	+8,4% (mjög jákvætt)
Hæfileg þyngd námsefnis (% hæfilegt)	**79,2%**	80,7%	-1,5%
Hæfilegur agi í skólanum (% hæfilegur)	**70,0%**	66,4%	+3,6% (yfir landi)
Foreldrar upplýstir um stefnu og námskrá	**75,3%**	70,4%	+4,9%

Matsþættir Skólapúlsins	Rauntala skólans 2025	Landsmeðaltal 2025	Miðað við landsmeðaltal
Velferð nemenda			
Ánægja m. samskipti starfsfólks við nemendur	**4,5**	4,8	-0,3
Ánægja m. hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	**88,9%**	88,5%	+0,4%
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra	**94,7%**	92,0%	+2,7%
Líðan nemenda í kennslustundum	**94,6%**	91,1%	+3,5%
Líðan nemenda í frímínútum	**93,2%**	90,1%	+3,1%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	**9,5%**	9,0%	+0,5%
Ánægja foreldra með úrvinnslu á eineltismálum	**50,0%**	57,7%	-7,7%
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu eineltismála	**66,7%**	56,2%	+10,5% (veruleg bót)
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	**79,5%**	77,1%	+2,4%
Meðaltímabil eineltis	**1,2**	1,5	-0,3 (styttra en landið)
Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma	**40,0%**	44,5%	-4,5% (78,6% vilja bann/strangar reglur)
Aðstaða og þjónusta			
Ánægja með aðstöðu í skólanum	**5,5**	5,6	-0,1
Ánægja með tómstundaþjónustu / frístund	**4,9**	5,2	-0,3
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu	**73,3%**	66,6%	+6,7%
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	**80,6%**	72,7%	+7,9% (yfir landi)
Notkun á mötuneyti (% nemenda)	**97,3%**	96,3%	+1,0%
Foreldrasamstarf			
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	**4,8**	4,7	+0,1
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	**61,9%**	55,3%	+6,6%
Leitað eftir tillögum frá foreldrum	**72,0%**	66,1%	+5,9%
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	**100,0%**	93,3%	+6,7% (100% ánægja)

Matsþættir Skólapúlsins	Rauntala skólans 2025	Landsmeðaltal 2025	Miðað við landsmeðaltal
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar	**63,3%**	53,6%	+9,7% (yfir landi)
Mikilvægi þess að gera námsáætlun	**92,7%**	87,4%	+5,3%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	**86,8%**	77,4%	+9,4% (marktækt yfir landi)
Heimastuðningur			
Virkni foreldra í námi barna sinna	**5,6**	4,9	+0,7 (marktækt yfir landi)
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra	**4,9**	4,5	+0,4
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	**71,0%**	73,3%	-2,3%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám (>15 mín.)	**68,6%**	55,1%	+13,5% (marktækt yfir landi)
Væntingar foreldra um háskólanám	**74,1%**	76,9%	-2,8%
Væntingar foreldra um iðnnám	**18,5%**	13,6%	+4,9%

iiia. Kennarar

Niðurstöður starfsánægjukönnunar Skólapúlsins voru uppfærðar í apríl 2026 (31 svarendur, 63,3% svarhlutfall).

Matsþættir Skólapúlsins	Rauntala skólans 2026	Landsmeðaltal 2026	Miðað við landsmeðaltal
Starfsfólk og stjórnun			
Ræktun mannauðs	**4,5**	5,1	-0,6 (marktækt undir landi)
Stuðningur frá næsta yfirmanni	**4,8**	5,2	-0,4
Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	**4,5**	5,2	-0,7
Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	**4,3**	5,1	-0,8 (marktækt undir landi)
Kennarastarfið			
Ánægja með kennarastarfið	**4,5**	5,3	-0,8 (batnar frá 2018 en undir landi)
Trú kennara á eigin getu	**4,9**	5,0	-0,1
Upplýsingamiðlun til foreldra	**4,9**	5,0	-0,1
Áætlaður tími nemenda í heimavinnu á viku	**40,2 mín**	41,0 mín	-0,8 mín (í takt við landið)

Matsþættir Skólapúlsins	Rauntala skólans 2026	Landsmeðaltal 2026	Miðað við landsmeðaltal
Undirbúningur kennslu í skólanum (% í skóla)	**72,0%**	67,2%	+4,8% (yfir landi)
Öllum bekknum kennt í einu	**47,6%**	51,1%	-3,5%
Einstaklingsvinna í bekk	**16,0%**	31,8%	-15,8% (undir landi)
Einstaklingsmiðuð kennsla (% kennara)	**58,3%**	53,9%	+4,4% (mikil aukning)
Áhersla á námsmat með hefðbundnum prófum	**20,8%**	20,0%	+0,8%
Áhersla á námsmat með öðru en prófum	**84,0%**	78,5%	+5,5% (mjög há áhersla)
Starfsumhverfi kennara			
Stuðningur v. nem. með námserfiðleika	**4,3**	5,2	-0,9 (marktækt undir landi)
Stuðningur v. hegðunarörðugleika nemenda	**4,2**	5,3	-1,1 (marktækt undir landi)
Faglegur stuðningur skólastjórnenda við kennara	**4,4**	5,1	-0,7
Samráð um kennslu	**5,8**	5,5	+0,3 (yfir landsmeðaltali)
Samvinna um kennslu	**5,9**	5,5	+0,4 (yfir landsmeðaltali)
Símenntun kennara			
Fjöldi daga í símenntun sl. ár (>5 dagar)	**61,9%**	45,9%	+16,0% (verulega yfir landi)
Símenntunarþörf kennara (kvarði)	**5,5**	5,2	+0,3 (aukin þörf)
Hlutfall kennara sem vilja meiri símenntun	**47,6%**	49,6%	-2,0%

iv. Samantekt á helstu breytingum og áhersluatriðum

Helstu styrkleikar samkvæmt nýjum könnunum:

1. Foreldrasamstarf og viðmót: 100% foreldra eru ánægðir með síðasta foreldraviðtal og ánægja með heimasíðu skólans er 86,8% (samanborið við 77,4% á landsvísu). Virkni foreldra í námi (5,6) og heimanámsaðstoð (68,6%) eru marktækt yfir landsmeðaltali.
2. Skóla- og kennsluandi nemenda: Agi í kennslustundum hjá eldri nemendum (5,6) og virk þátttaka (5,2) eru yfir landsmeðaltali. Áhugi á stærðfræði mælist 4,9 (landið 4,7).
3. Fagleg samvinna og símenntun kennara: Samvinna um kennslu mælist 5,9 og samráð 5,8 (bæði yfir landi 5,5). Kennarar leggja mikla áherslu á fjölbreytt námsmat með öðru en hefðbundnum prófum (84,0% á móti 78,5% á landsvísu) og einstaklingsmiðuð kennsla hefur aukist í 58,3%.

Helstu áskoranir og umbótaefni:

4. Stuðningur við kennara vegna sérþarfa: Marktækur munur kemur fram á stuðningi við kennara vegna hegðunarörðugleika (4,2 hjá skólanum á móti 5,3 á landsvísu) og vegna námserfiðleika (4,3 á móti 5,2).
5. Ánægja nemenda með matinn í skólanum: Ánægja með matinn meðal nemenda í 2.–5. bekk lækkaði úr 82,1% (2024) niður í 52,1% (haust 2025), eða um 30 prósentustig. Á unglingastigi borða aðeins 62,5% nemenda matinn í skólanum miðað við 75,0% á landsvísu.
6. Lestraránægja í 2. bekk**.** Í könnun Skólapúlsins haustið 2025 mældist ánægja af lestri í 2. bekk 3,5 stig, samanborið við 5,0 stig á landsvísu. Meðaltal drengja í bekknum var 3,2 stig. Niðurstöðurnar gefa tilefni til að kanna hvað vekur áhuga nemenda á lestri og efla lestraránægju í yngstu bekkjunum.
7. Stjórnunar- og mannauðsþættir: Ræktun mannauðs mælist 4,5 (landið 5,1) og valdeflandi forysta næsta yfirmanns mælist 4,3 (landið 5,1).

IV. 2.3.b. Vinnustaðagreining – starfsfólk Hvaleyrarskóla

Vinnustaðagreining Hafnarfjarðarbæjar var unnin var af Prósenti í febrúar–mars 2026 (54 þátttakendur, 81% svarhlutfall). Heildarstarfsánægja hefur hækkað umtalsvert milli ára og mælist nú 7,6, sem er yfir meðaltali Hafnarfjarðarbæjar (7,5) og Mennta- og lýðheilsusviðs (7,4).

Þáttur / Mælikvarði	Hvaleyrarskóli 2026	Skólinn 2025	Hafnarfjörður 2026
Starfið (sjálfstæði, inntak, árangur)	**8,8**	8,1	8,4
Hollusta og vilji til að leggja á sig	**9,0**	8,6	8,9
Samstarf (faglegt, félagslegt, andi)	**8,7**	8,1	8,3
Næsti yfirmaður (hæfni, stuðningur)	**8,6**	8,1	8,4
Tryggð við vinnustaðinn	**8,3**	7,1	8,3
Starfsánægja (heildareinkunn)	**7,6**	6,8	7,5
Starfsþróun og nám í starfi	**7,2**	6,5	7,1
Laun og kjör	**7,3**	6,5	7,7
Starfsskilyrði (heildarmat)	**6,0**	5,7	6,3
– Þar af: Vinnuálag	**4,6**	4,0	4,5
Árangur starfsmannasamtala	**6,0**	-	6,5
Ánægja með skref eftir síðustu könnun	**6,2**	-	6,7

2.3.b. Matsferill – skimanir, framvindu- og stöðupróf

i. Niðurstöður úr stöðuprófi í stærðfræði mars 2026



Mælitala 1-7
Frammistaða lakari en jafnaldra. 21% á landsvísu.

Mælitala 8-12
Frammistaða svipuð og jafnaldra. 58% á landsvísu.

Mælitala 13-19
Frammistaða betri en jafnaldra. 21% á landsvísu.

ii. Niðurstöður úr stöðuprófi í lesskilningi mars 2026





Mælitala 1-7
Frammistaða lakari en jafnaldra. 21% á landsvísu.

Mælitala 8-12
Frammistaða svipuð og jafnaldra. 58% á landsvísu.

Mælitala 13-19
Frammistaða betri en jafnaldra. 21% á landsvísu.

iii. Lesfimi – matsferill



Mælitala 1-7
Frammistaða lakari en jafnaldra. 21% á landsvísu.

Mælitala 8-12
Frammistaða svipuð og jafnaldra. 58% á landsvísu.

Mælitala 13-19
Frammistaða betri en jafnaldra. 21% á landsvísu.

3. Símenntun og umbóta- og þróunarverkefni í bígerð

Hér er kynnt símenntun og umbóta- og þróunarverkefni sem skólinn stefnir að skólaárið 2026–2027. Verkefnin byggja á niðurstöðum innra mats 2025–2026, breytingum á aðalnámskrá grunnskóla og áherslum Hafnarfjarðarbæjar. Úr Menntastefnu Hafnarfjarðar verður lögð áhersla á leiðarljósið **samvinnu** í vetur: samstarf heimilis og skóla, teymisvinnu og lýðræðislega þátttöku barna, samfellu milli skólastiga og samvinnu alls skólasamfélagsins í þágu barna. Hafnarfjörður fékk viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag í ágúst 2025 og nýr innleiðingarhringur er hafinn; verkefnin styðja við hann og við Heilsueflandi grunnskóla. Læsisstefna Hafnarfjarðar verður jafnframt endurskoðuð í vetur.

a. Verkefnaskrá. Hér er áætlun um símenntunarverkefni skólaárið 2026 til 2027

SÍMENNTUNARVERKEFNI – ALLIR	Markhópur	Tími	Klst.	Fjöldi þáttt.
Leiðsagnarnám – framhald (námsmenning, námsmarkmið og árangursviðmið, endurgjöf, valdefling nemenda)	Allir kennarar	Allt skólaárið		
Ný matstákn, vægi flokka og gerð kennsluáætlana	Allir kennarar	Ágúst–janúar		
Teymisvinna og teymiskennsla – starfsþróunarfundir í teymum	Allir kennarar	Allt skólaárið		
Vinnustofa með Dr. Karen Bluth: Sjálfssamkennd og núvitund í skólastarfi	Allt starfsfólk	[dags.]		
SMT-fræðsla	Allt starfsfólk	Ágúst og jafnóðum		
Skyndihjálp	Allt starfsfólk	[dags.]		
Sameiginleg fræðsla allra skóla í Hafnarfirði	Allt starfsfólk	Ágúst		

SÍMENNTUNARVERKEFNI – HÓPAR	Markhópur	Tími	Klst.	Fjöldi þáttt.
Kynning á innleiðingu K- og G-PALS í 1.–2. bekk	Stjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu og yngsta stigs	11. ágúst	1	
Starfsþróunarnámskeið: Innleiðing K- og G-PALS, fyrsti hluti	Umsjónarkennarar, sérkennarar, ÍSAT-kennarar og stuðningsfulltrúar í 1.–2. b.	19. ágúst	4	
Fundur PALS-leiðtoga skólanna	PALS-leiðtogi skólans	31. ágúst	1	
PALS-námskeið fyrir kennara í 2.–6. bekk	Kennarar í 2.–6. b. og sérkennarar	7. sept.	2	
Starfsþróunarnámskeið: Innleiðing K- og G-PALS, annar hluti (leiðsögn)	Sami hópur og í fyrsta hluta	21. sept.	1	
Markviss kennsla námsorðaforða, LÍNO-2	Kennarar í 7.–10. b. og sérkennarar	19. okt.	1,5	
Samráðsfundir læsisteyma og starfsfólks skólabókasafna (tveir)	Læsisteymi og bókasafn	14. sept. og 9. nóv.	2	
Byrjendalæsi – handleiðsla og eftirfylgd	Kennarar í 3.–4. b.	Allt skólaárið		

SÍMENNTUNARVERKEFNI – HÓPAR	Markhópur	Tími	Klst.	Fjöldi þáttt.
Innleiðingarfundir MMS um matstákn og vægi flokka	Innleiðingarteymi skólans	25. ág.–23. sept. og 5.–15. okt.		
Stuðningsefni við hæfniviðmið í íslensku sem öðru tungumáli og ÍSATmat	Starfsfólk Bjargs og ÍSAT-námsvers	Nóvember og áfram		
Námskeið fyrir nýliða að hausti (mennta- og lýðheilsusvið, SMT, Lestur er lífsins leikur, Barnvænt samfélag, farsæld o.fl.)	Nýtt starfsfólk	Ágúst		
Atferlismótandi vinna með nemendum (Atli Magnússon klínískur atferlisfræðingur)	Kennarar og stuðningsfulltrúar	[dags.]		
Heilsueflandi grunnskóli – fundir tengiliða	Heilsuteymi	[dags.]		
Skyndihjálparnámskeið fyrir sundkennara	Sundkennarar	[dags.]		
UTÍS online	Áhugasamir kennarar	[dags.]		
Læsisráðstefna HA	Læsisteymi	[dags.]		
SKÓR, fræðslufundur	Stjórnendur	[dags.]		
Námsstefna SÍ	Stjórnendur	Október		

Frekari útlistun á símenntun 2026 til 2027:

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli innra mati skóla og setur fram í símenntunaráætlun skólans sem hann kynnir fyrir kennurum.

Kennurum bera að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í símenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Símenntun sem hluti af 102/126/150 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Kennarar eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Þeir taka virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þörf krefur. Þeir taka einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunarskólans t.d. með því að koma með tillögur um námskeið/fræðslufundi. Aðrir starfsmenn setja fram óskir um símenntun og starfsþróun í starfssamtölum að vori. Í framhaldi af þeim setur skólastjóri fram áætlun um tillögur að námskeiðum fyrir aðra starfsmenn.

Skólaárið 2026 til 2027 – áherslur

Símenntunartími grunnskólakennara í Hafnarfirði verður áfram á mánudögum frá kl. 14 til 16 skólaárið 2026 til 2027 skipulagt með einstaka fundum og námskeiðum af skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Þetta eru

ýmist skyldunámskeið eða valnámskeið fyrir afmarkaða starfsmannahópa eða allt starfsfólk grunnskólanna í bænum. Það eru námskeið og viðfangsefni sem varða áhersluþætti skrifstofunnar (skólaþjónustunnar) og/eða Skólastefnu Hafnarfjarðar. Heildarumfang þessarar fræðslu (sem skyldu) fyrir starfsmenn er alltaf innan við þriðjungur þess símenntunartíma sem þeir skulu sinna samkvæmt kjarasamningum. Allir skólar í Hafnarfirði munu á árinu innleiða PALS lestrarkennslu í 1. og 2. bekk og verður því símenntun frá Mennta- og lýðheilsusviði með áherslu á það í vetur.

Megináherslur símenntunar í Hvaleyrarskóla í vetur eru fimm: **læsi** (K- og G-PALS, Byrjendalæsi og orðaforði), **námsmat og kennsluáætlanir** (talnakvarði og vægi flokka), **leiðsagnarnám**, **teymisvinna** og **líðan** (sjálfssamkennd, núvitund og SMT). Fræðsla innan skóla fer að mestu fram á starfsmannafundum og í teymum svo hver kennari geti tengt hana eigin kennslu.

b. Verkefnaskrá – áætlun um þróunar-og umbótaverkefni 2026 – 2027

Verkefnin eru flokkuð í fjóra flokka. Tímasetning hvers verkefnis eftir mánuðum er í framkvæmdaáætlun (3d).

1. Umbótaverkefni sem tengjast námi og kennslu

Heiti	**1.1 Breytingar á aðalnámskrá – matstákn og vægi flokka**
Inntak	Innleiðing talnakvarða 1–10 í lokamati og vægi flokka hæfniviðmiða
Ábyrgð	Innleiðingarteymi skólans (skólastjórn og deildarstjórar)
Markmið	10. bekkur fái vitnisburð með talnakvarða vorið 2027 og vægi flokka í 10. bekk sé birt í skólanámskrá. Undirbúningur 4. og 7. bekkjar fyrir vorið 2028.
Áherslur og viðfangsefni	Kennarar á unglingastigi forgangsraða hæfniviðmiðum og leggja til vægi flokka. Talnakvarði notaður í lokamati á unglingastigi í vetur. Nemendur og foreldrar fá kynningu á nýjum kvarða. Vægisákvörðun skilað til ráðuneytis.
Mælikvarði	Vægi birt í skólanámskrá fyrir 10. janúar 2027. Vitnisburður 10. bekkjar gefinn með talnakvarða í júní 2027.
Verkáætlun	Ág.–okt.: innleiðingarfundir MMS. Nóv.–des.: vægi ákveðið í faggreinateymum. Jan.: skólanámskrá og kynning fyrir foreldrum. Maí–júní: lokamat og vitnisburður.

Heiti	**1.2 Gerð kennsluáætlana**
Inntak	Sameiginleg uppbygging kennsluáætlana, sjá kafla 82.1
Ábyrgð	Deildarstjórar og teymi árganga og faggreina
Markmið	Allar námsgreinar hafi kennsluáætlun í Mentor með hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum, árangursviðmiðum og lýsingu á námsmati.

Heiti	1.2 Gerð kennsluáætlana
Áherslur og viðfangsefni	Kennarar vinna áætlanir saman í teymum og nýta stuðningsefni MMS. Kennarar verða færir um að gera námslotur og meta í gegnum hæfnikort í Mentor.
Mælikvarði	Hlutfall námsgreina með kennsluáætlun í Mentor; rýni deildarstjóra að hausti og í janúar.
Verkáætlun	Ág.: kennsla í Mentor og námslotum. Sept.: áætlanir haustannar birtar. Jan.: rýni og áætlanir vorannar. Maí: mat á verkefninu.

Heiti	1.3 Leiðsagnarnám – framhald
Inntak	Festa í sessi þá vinnu sem hófst með námskeiði Nönnu K. Christiansen í sex hleðslum: námsmenning, námsmarkmið og árangursviðmið, að greina stöðu nemenda, endurgjöf, valdefling nemenda og mat á stöðunni
Ábyrgð	Skólastjórn og teymi
Markmið	Leiðsagnarnám sé sameiginlegur rammi í öllum árgöngum. Nemendur viti hvert þeir stefna, hvar þeir eru staddir og hvernig þeir komast þangað.
Áherslur og viðfangsefni	Námsmarkmið og árangursviðmið sýnileg í hverri kennslustund. Munnleg endurgjöf og samtöl við nemendur. Nemendur taki þátt í sjálfsmati og jafningjamati. Kennarar deila reynslu í teymum og með jafningjaheimsóknum.
Mælikvarði	Skólapúls nemenda (virk þátttaka í kennslustundum, samband við kennara). Innlit stjórnenda.
Verkáætlun	Ein hleðsla rifjuð upp á starfsmannafundi í hverjum mánuði. Jafningjaheimsóknir á vorönn.

Heiti	1.4 Læsi: K-PALS og G-PALS í 1.–2. bekk og Byrjendalæsi í 3.–4. bekk
Inntak	Innleiðing K- og G-PALS í 1.–2. bekk í samvinnu við alla grunnskóla Hafnarfjarðar. Byrjendalæsi verður áfram í 3.–4. bekk.
Ábyrgð	Deildarstjóri yngsta stigs, PALS-leiðtogi skólans og læsisteymi
Markmið	Að þjálfa samtímis hóp barna í stafaþekkingu og lestri með jafningjamiðaðri aðferð. 75% nemenda nái lágmarksviðmiðum MMS í lesfimi.
Áherslur og viðfangsefni	K- og G-PALS kennt reglulega í öllum bekkjum 1.–2. árgangs, með þátttöku sérkennara, ÍSAT-kennara og stuðningsfulltrúa. Byrjendalæsi með eftirfylgd og handleiðslu.

Heiti	1.4 Læsi: K-PALS og G-PALS í 1.–2. bekk og Byrjendalæsi í 3.–4. bekk
Mælikvarði	Matsferill (lesfimi í janúar og maí), framvinda milli mælinga.
Verkáætlun	Ág.–sept.: námskeið og leiðsögn. Okt.–maí: kennsla og innlit PALS-leiðtoga. Júní: mat á innleiðingu.

Heiti	1.5 Orðaforðaverkefni
Inntak	Markviss kennsla námsorðaforða (orð í lagi 2 af LÍNO-2) í 7.–10. bekk eftir kennsluleiðbeiningum rannsóknarverkefnisins Íslenskur námsorðaforði (HÍ), og orðaforðavinna í öllum árgöngum. Haustið 2025 var Hvaleyrarskóli samanburðarskóli: nemendur tóku for- og eftirpróf án kennslu og tóku litlum eða engum framförum. Í 10. bekk var hlutfall réttra svara í forprófi 51,6% (allir skólar 58,3%), en eftir sex vikna íhlutun náðu íhlutunarskólar 68,6%
Ábyrgð	Læsisteymi og deildarstjórar
Markmið	Að efla orðaforða og lesskilning nemenda, ekki síst nemenda með íslensku sem annað tungumál.
Áherslur og viðfangsefni	Sex vikna lota í 7.–10. bekk: 10 orð á viku, upplestur og umræða, Frayer-líkan, eyðufylling og ritun. Síðan unnið áfram með 26 texta og verkefni sem eru ókeypis á vef og þýdd á sex tungumál (nýtist ÍSAT-nemendum). Kennarar fylgja leiðbeiningunum markvisst, enda náðu þeir nemendur mestum árangri. Á yngri stigum eru lykilorð hvers viðfangsefnis skilgreind í kennsluáætlunum.
Mælikvarði	Íslenska námsorðaforðaprófið fyrir og eftir lotuna, borið saman við niðurstöður haustsins 2025. Matsferill (lesskilningur í mars).
Verkáætlun	Okt.: námskeið LÍNO-2. Nóv.: forpróf og skipulag í teymum. Jan.–feb.: sex vikna lota. Mars: eftirpróf. Apríl–maí: framhaldsverkefni. Júní: mat.

Heiti	1.6 Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT) – áframhaldandi vinna
Inntak	Nýting stuðningsefnis við hæfniviðmið í ÍSAT (kafli 19.5 í aðalnámskrá, forstig og þrjú stig) og ÍSATmats
Ábyrgð	Deildarstjóri stoðþjónustu, ÍSAT-kennarar og starfsfólk Bjargs
Markmið	Sameiginlegt tungumál um stöðu nemenda og skýr námsmarkmið í áætlunum og námsmati.
Áherslur og viðfangsefni	Staða nemenda metin með ÍSATmati. Námsmarkmið úr stuðningsefninu notað í einstaklingsáætlunum og kennsluáætlunum. Umsjónarkennarar fá kynningu á efninu.

Heiti	1.6 Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT) – áframhaldandi vinna
Mælikvarði	Hlutfall ÍSAT-nemenda með skráða stöðu og námsmarkmið; framvinda milli matslóta.
Verkáætlun	Nóv.: kynning fyrir starfsfólki Bjargs og ÍSAT-námsvers. Des.–jan.: stöðumat. Vor: kynning fyrir umsjónarkennurum og endurmat.

Heiti	1.7 Samþætting námsgreina
Inntak	Þemamiðuð samþætting námsgreina, fyrst á unglingastigi
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri og teymi unglingastigs
Markmið	Nemendur vinni þvert á námsgreinar að merkingarbærum viðfangsefnum og lykilhæfni sé metin í raunverkefnum.
Áherslur og viðfangsefni	A.m.k. eitt samþætt þemaverkefni á hverri önn í 8.–10. bekk. Sérkennarar eru hluti af teymunum. Hæfniviðmið þeirra greina sem samþættar eru skráð í kennsluáætlun.
Mælikvarði	Fjöldi samþættra verkefna; SVÓT-greining kennara og viðhorf nemenda í lok annar.
Verkáætlun	Haust: þema valin og skipulögð. Lok hvorrar annar: SVÓT-mat.

Heiti	1.8 Endurskoðun læsisstefnu Hafnarfjarðar
Inntak	Þátttaka í endurskoðun sameiginlegrar læsisstefnu grunnskóla Hafnarfjarðar og aðlögun læsisstefnu skólans að henni
Ábyrgð	Skólastjórn og læsisteymi, í samstarfi við verkefnastjóra læsis hjá mennta- og lýðheilsusviði
Markmið	Að læsisstefnan endurspegli nýjar áherslur: K- og G-PALS, Byrjendalæsi, námsorðaforða, Matsferil og ÍSAT.
Áherslur og viðfangsefni	Læsisteymi tekur saman reynslu skólans og niðurstöður mælinga og kemur á framfæri á samráðsfundum læsisteyma. Kennarar á öllum stigum fá tækifæri til að gefa umsögn um drög.
Mælikvarði	Endurskoðuð stefna liggur fyrir og læsisstefna skólans uppfærð í samræmi.
Verkáætlun	[Tímarammi frá mennta- og lýðheilsusviði.] Haust: samráðsfundir. Vor: umsögn og uppfærsla á læsisstefnu skólans.

2. Umbótaverkefni sem tengjast starfsfólki og teymisvinnu

Heiti	**2.1 Teymisvinna og teymiskennsla**
Inntak	Haustið 2025 hófst teymiskennsla í 8. bekk í opnu rými: tveir umsjónarkennarar báru sameiginlega ábyrgð á kennslu, skipulagi og námsmati, og alltaf voru þrír kennarar með árganginn. Kennt var í námslotum og þemaverkefnum þar sem bóklegar greinar voru samþættar og námsmarkmið gerð sýnileg í Mentor. Mat nemenda og foreldra vorið 2026 var jákvætt (greinargerð til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, 60 klst.). Í vetur er árgöngum bætt við
Ábyrgð	Skólastjórnendur og deildarstjórar
Markmið	Teymin vinni saman að skipulagi, kennslu og námsmati í þágu nemenda, og sérkennarar séu hluti af árgangateymum fremur en að vinna einir með nemendur utan hóps.
Áherslur og viðfangsefni	Hvert teymi gerir teymissáttmála að hausti (hlutverk, fundartími, verkaskipting). Fastir teymisfundir í stundaskrá. Sameiginlegar kennsluáætlanir. Samræmd stundaskrá teymiskennslu í 8.–10. bekk. Stuðningur í formi fræðslu, jafningjastuðnings og innlits stjórnenda á teymisfundi.
Mælikvarði	Hópsamtöl stjórnenda við teymin í janúar og maí. Skólapúls starfsmanna (starfsánægja, samstarf). Matslóður „Teymisvinna“ í þriggja ára matsáætlun 2026–2027.
Verkáætlun	Ág.: teymissáttmálar. Sept.–maí: teymisfundir á tveggja vikna fresti. Jan. og maí: hópsamtöl. Júní: skýrsla um teymiskennslu.

Heiti	**2.2 Mat á kennslu og skipulagi**
Inntak	Innlit í kennslustundir og eftirfylgd kennsluáætlana
Ábyrgð	Skólastjórn
Markmið	Að gera góðan skóla enn betri og styrkja kennara í starfi.
Áherslur og viðfangsefni	Stjórnendur fara í innlit og ræða við kennara samdægurs um hvað var gott og hvað má betur fara. Í vetur er sérstaklega horft til sýnilegra námsmarkmiða og endurgjafar (leiðsagnarnám).
Mælikvarði	Fjöldi innlita; samantekt á endurgjöf í lok annar.
Verkáætlun	Okt.–nóv. og feb.–apríl.

3. Umbótaverkefni sem tengjast líðan, heilsu og réttindum barna

Heiti	**3.1 Heilsueflandi grunnskóli**
Inntak	Áframhaldandi innleiðing Heilsueflandi grunnskóla (Embætti landlæknis)
Ábyrgð	Heilsuteymi
Markmið	Að bæta heilsu, hreyfingu og líðan nemenda og starfsmanna.
Áherslur og viðfangsefni	Heilsuteymi fer yfir uppfærða gátlista á heilsueflandi.is og velur áherslþætti vetrarins. Áhersla á hreyfingu og leiki í frímínútum (tengist símafríi), næringu og geðrækt. Verkefnin Skjálaus samvera og Golfklúbbur í Holtaseli styðja við þetta.
Mælikvarði	Gátlistar heilsueflandi.is. Skólapúls: hlutfall nemenda í 6.–10. bekk sem borða í mötuneyti var 62,5% 2025–2026 (landsmeðaltal 75,0%).
Verkáætlun	Allt skólaárið; staða metin í gátlistum að vori.

Heiti	**3.2 Sjálfssamkennd og núvitund**
Inntak	Vinnustofa með Dr. Karen Bluth, höfundi Mindful Self-Compassion for Teens (áður Making Friends with Yourself), og eftirfylgd í skólastarfi
Ábyrgð	Skólastjórn, náms- og starfsráðgjafi
Markmið	Starfsfólk öðlist verkfæri til að efla sjálfssamkennd og seiglu nemenda og eigin velférð.
Áherslur og viðfangsefni	Stuttar æfingar í sjálfssamkennd og núvitund nýttar í umsjónartímum, einkum á mið- og unglingastigi. Tengist námsmenningu leiðsagnarnáms (seigla, að læra af mistökum).
Mælikvarði	Skólapúls nemenda: sjálfsálit (4,3 í skólanum, 4,4 á landsvísu 2025–2026) og vellíðan.
Verkáætlun	Vinnustofa [dags.]; eftirfylgd á starfsmannafundum.

Heiti	**3.3 SMT-skólafærni**
Inntak	Efling verkfæra SMT og lausnateymis SMT
Ábyrgð	Stjórnendur og SMT-teymi
Markmið	Kennarar nýti verkfæri SMT og lausnateymi við erfið nemendamál.

Heiti	3.3 SMT-skólafærni
Áherslur og viðfangsefni	SMT-fræðsla í upphafi skólaárs og jafnt og þétt yfir veturinn. Reglutafla uppfærð vegna símafrís.
Mælikvarði	Fjöldi mála í lausnateymi; SET-listi og SMT-þrhíhyrningur.
Verkáætlun	Allt skólaárið; þríhyrningur lagður fyrir í apríl.

Heiti	3.4 Barnvænt sveitarfélag – raddir og réttindi barna
Inntak	Þátttaka í nýjum innleiðingarhring Hafnarfjarðar sem Barnvæns sveitarfélags (viðurkenning UNICEF í ágúst 2025) og innleiðing Barnasáttmálans í skólastarfi. Grunnþættir: þekking á réttindum barna, það sem barni er fyrir bestu, jafnræði, þátttaka barna og barnvæn nálgun
Ábyrgð	Skólastjórn, umsjónarmaður nemendafélags
Markmið	Nemendur hafi raunveruleg áhrif á mál sem varða þá, í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.
Áherslur og viðfangsefni	Fræðsla um Barnasáttmálann í öllum árgöngum (barnasattmali.is). Nemendur taka þátt í spurningakönnun bæjarins og barna- og ungmennaþingi. Samráð við nemendur um skólareglur og símafrí. Tveir fulltrúar nemenda í skólaráði. Nemendaþing að vori.
Mælikvarði	Fjöldi mála sem nemendur fó áhrif á; viðhorf nemenda á nemendaþingi.
Verkáætlun	Haust: fræðsla og kosning í nemendaráð. Vetur: samráð. Vor: nemendaþing.

Heiti	3.5 Farsæld nemenda og skólasókn
Inntak	Lausnarteymi farsældar (Brúarteymi) og endurskoðað ástundunarkerfi
Ábyrgð	Skólastjórn, deildarstjóri stoðþjónustu og deildarstjórar
Markmið	Að koma fyrr að málum nemenda í vanda og vinna markvisst með skólaforðun.
Áherslur og viðfangsefni	Brúarteymi aðlagað að skólasamfélaginu. Kennarar fylgjast með ástundun og grípa inn í samkvæmt reglum og verkferlum Hafnarfjarðarbæjar.
Mælikvarði	Fjöldi mála í lausnarteymi; ástundun borin saman milli ára.

Heiti	3.5 Farsæld nemenda og skólasókn
Verkáætlun	Allt skólaárið.

4. Umbótaverkefni sem tengjast stjórnun, skipulagi og innra mati

Heiti	4.1 Endurskoðun innra mats
Inntak	Nýtt skipulag innra mats, með innra mat Lundarskóla á Akureyri til hliðsjónar
Ábyrgð	Skólastjóri og matsteymi
Markmið	Innra mat sé markvisst, samofið skólastarfinu og drifkraftur umbóta, með þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra.
Áherslur og viðfangsefni	Matsteymi skipað: einn kennari af hverju stigi, deildarstjórar og skólastjóri, í samstarfi við skólaráð. Innra matið byggir á þremur þáttum: gæðaviðmiðum, mati á stefnum skólans (SMT, læsisstefna, Heilsueflandi grunnskóli) og eftirfylgni umbóta. Langtímaáætlun og ársáætlun um mat. Umbótaverkefnum fylgt eftir þangað til þeim lýkur og þau flutt milli ára ef þau klárast ekki.
Mælikvarði	Skýrsla um innra mat birt á vef skólans í júní (sbr. 36. gr. laga um grunnskóla).
Verkáætlun	Nóv.–des.: matsteymi skipað og drög að langtímaáætlun. Jan.–maí: mat skv. ársáætlun. Júní: skýrsla og umbótaáætlun 2027–2028.

Heiti	4.2 Úrvinnsla skimana og prófa
Inntak	Matsferill, Logos og aðrar skimanir
Ábyrgð	Stoðþjónusta og deildarstjórar
Markmið	Að rýnt sé til gagns í niðurstöður og þær leiði til aðgerða í kennslu.
Áherslur og viðfangsefni	Teymið hittist eftir hverja skimun eða próf og vinnur með kennurum að úrbótum. Eftirfylgd fyrir nemendur með mælitölu 7 eða lægri í Matsferli.
Mælikvarði	Skráð úrræði eftir hverja mælingu; framvinda nemenda.
Verkáætlun	Eftir mælingar í sept., jan., mars og maí.

Heiti	4.3 Innleiðing Menntastefnu Hafnarfjarðar – samvinna
Inntak	Áhersla vetrarins er leiðarljósið samvinna
Ábyrgð	Skólastjórn
Markmið	Samvinna einkenni allt skólastarfið, í samræmi við menntastefnuna.
Áherslur og viðfangsefni	Samstarf heimilis og skóla (haustfundir, námsviðtöl, foreldrafélag). Teymisvinna starfsfólks (2.1). Lýðræðisleg þátttaka barna (3.4). Samfella milli skólastiga (leikskóla- og framhaldsskólasamstarf) og Brúin að íþróttum.
Mælikvarði	Skólapúls foreldra (foreldrasamstarf) og starfsmanna.
Verkáætlun	Allt skólaárið.

Heiti	4.4 Verkefnaskrá skólaársins
Inntak	Yfirlit verkefna skólaársins
Ábyrgð	Skólastjórn
Markmið	Verkefnaskrá tilbúin við upphaf skólaárs og endurskoðuð í janúar.
Áherslur og viðfangsefni	Verkefni sett á mánuði (sjá framkvæmdaáætlun 3d).
Mælikvarði	SVÓT-mat í lok skólaárs.
Verkáætlun	Ágúst og janúar.

3c. Verkefni styrkt af Menntasjóði Hafnarfjarðar 2026–2027

Eftirfarandi starfsfólk Hvaleyrarskóla fékk úthlutað styrk frá Menntasjóði Hafnarfjarðar fyrir skólaárið. Verkefnin tengjast áherslum skólans og eru metin í innra mati.

Verkefni	Ábyrgð	Inntak og markmið	Tengist
Hugsandi skólastofa	Arnar Sigurjónsson	Að efla hugsun, þraðsegju og samvinnu nemenda við lausn verkefna	Leiðsagnarnám (1.3), kennsluáætlanir (1.2)
Skjálaus samvera – fleiri samverustundir	Haukur Þór Þorvarðarson	Að fjölga samverustundum án skjáa og efla samskipti nemenda	Heilsueflandi grunnskóli (3.1), símafrí

Verkefni	Ábyrgð	Inntak og markmið	Tengist
Golfklúbbur í Holtaseli	Margrét Heiða Magnúsdóttir og Svandís R. Guðmundsdóttir	Hreyfing og félagsleg þátttaka barna í frístundastarfi	Heilsueflandi grunnskóli (3.1)
Að lýsa upp myrku veturna á skapandi hátt: Skuggaleikhús sem tilfinningatjáning fyrir börn	Theodoros Achilleas Proikas	Skapandi tjáning tilfinninga í gegnum skuggaleikhús	Líðan (3.2), sköpun í Menntastefnu Hafnarfjarðar
Brúin að íþróttum	Samstarfsverkefni Skarðshlíðarskóla, Hraunvallaskóla, Hvaleyrarskóla og Knattspyrnufélagsins Hauka	Að auðvelda börnum aðgengi að skipulögðu íþróttastarfi	Samvinna (4.3), Heilsueflandi grunnskóli (3.1)

Hver styrkþegi skilar stuttri lýsingu á framvindu í janúar og lokasamantekt í maí, sem nýtist í skýrslu um innra mat.

3d. Framkvæmdaáætlun 2026–2027

Taflan sýnir hvenær unnið er að hverju verkefni. x = unnið að verkefninu, ● = áfangi eða skil.

Verkefni	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apr.	maí	jún.
1.1 Matstákn og vægi flokka	x	x	x	x	x	●	x	x	x	x	●
1.2 Gerð kennsluáætlana	x	●	x	x	x	●	x	x	x	●	
1.3 Leiðsagnarnám		x	x	x	x	x	x	x	x	x	
1.4 K-/G-PALS og Byrjendalæsi	●	●	x	x	x	●	x	x	x	●	●
1.5 Orðaforðaverkefni			●	●		x	x	●	x	x	●
1.6 ÍSAT				●	x	x	x	x	x	●	

Verkefni	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apr.	maí	jún.
1.7 Samþætting námsgreina	x	x	x	x	●	x	x	x	x	●	
1.8 Endurskoðun læsisstefnu		●	x	●	x	x	x	x	x	●	
2.1 Teymisvinna og teymiskennsla	●	x	x	x	x	●	x	x	x	●	●
2.2 Mat á kennslu og skipulagi			x	x			x	x	x		
3.1 Heilsueflandi grunnskóli	x	x	x	x	x	x	x	x	x	●	
3.2 Sjálfssamkennd og núvitund						x	x	x	x	x	
3.3 SMT	●	x	x	x	x	x	x	x	●	x	
3.4 Barnvænt sveitarfélag		x	x	x	x	x	x	x	x	●	
3.5 Farsæld og skólasókn	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
4.1 Endurskoðun innra mats				●	●	x	x	x	x	x	●
4.2 Úrvinnsla skimana og prófa		●				●		●		●	
4.3 Menntastefna – samvinna	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
4.4 Verkefnaskrá skólaársins	●					●					●

Verkefni	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mars	apr.	maí	jún.
3c Styrkt verkefni Menntasjóðs	x	x	x	x	x	●	x	x	x	●	

Helstu skil: skólanámskrá með vægi flokka 10. bekkjar fyrir 10. janúar 2027; vitnisburður 10. bekkjar með talnakvarða í júní 2027; skýrsla um innra mat og umbótaáætlun 2027–2028 í júní 2027.

3e. Áherslur um umbætur til þriggja ára

(Kemur í stað núverandi töflu. Línur um upplýsingatækni, Matsferil, stuðning við nemendur og úrvinnslu skimana eru óbreyttar og eru ekki endurteknar hér.)

Verkefni	Markmið skóla 2026–2027	Markmið skóla 2027–2028	Markmið skóla 2028–2029
Breytingar á aðalnámskrá	Vægi flokka í 10. bekk í skólanámskrá fyrir 10. janúar. 10. bekkur fær vitnisburð með talnakvarða vorið 2027.	Vægi flokka skilgreint fyrir 4., 7. og 10. bekk. Vitnisburður með talnakvarða vorið 2028.	Verklag fest í sessi og matsverkefni rýnd.
Kennsluáætlanir	Sameiginleg uppbygging tekin upp; allar námsgreinar á unglingastigi með kennsluáætlun í Mentor.	Allar námsgreinar í öllum árgöngum.	Rýni og endurskoðun á uppbyggingu.
Leiðsagnarnám	Fest í sessi; sýnileg námsmarkmið og árangursviðmið, jafningjamat nemenda.	Jafningjaheimsóknir kennara og aukin þátttaka nemenda í námsmati.	Hluti af daglegu starfi; metið í innra mati.
Læsi	K- og G-PALS innleitt í 1.–2. bekk, Byrjendalæsi áfram í 3.–4. bekk. Endurskoðun læsisstefnu. 75% nemenda nái lágmarksviðmiðum MMS.	Læsisstefna skólans uppfærð eftir endurskoðaðri stefnu bæjarins. 80% nái lágmarksviðmiðum.	80% nái lágmarksviðmiðum.
Orðaforði	Sex vikna LÍNO-2-lota í 7.–10. bekk, for- og eftirpróf.	Orðaforðavinna á miðstigi bætt við.	Orðaforðavinna í öllum námsgreinum.
ÍSAT	Stuðningsefni og ÍSATmat tekin í notkun hjá Bjargi og ÍSAT-námsveri.	Umsjónarkennarar nýti námsmarkmið ÍSAT í kennsluáætlunum.	Fest í sessi.

Verkefni	Markmið skóla 2026–2027	Markmið skóla 2027–2028	Markmið skóla 2028–2029
Teymiskennsla og samþætting	Árgöngum bætt við teymiskennslu í kjölfar 8. bekkjar 2025–2026. Samþætt þemaverkefni á önn í 8.–10. bekk.	Teymiskennsla á öllu unglingastigi og fleiri árgöngum á miðstigi.	Teymiskennsla í öllum árgöngum.
Heilsuefling og líðan	Uppfærðir gátlistar Heilsueflandi grunnskóla, sjálfssamkennd og núvitund, símafrí.	Hlutfall nemenda í mötuneyti nálgist landsmeðaltal.	Viðhaldið og metið.
SMT	Verkfæri SMT og lausnateymi efld.	Viðhaldið og styrkt.	Viðhaldið og styrkt.
Barnvænt sveitarfélag	Fræðsla um Barnasáttmálann og samráð við nemendur.	Nemendaþing árlegt; nemendur koma að innra mati.	Fest í sessi.
Lausnarteymi farsældar	Innleiðing verkferla farsældar.	Áframhaldandi innleiðing.	Fest í sessi.
Innra mat	Matsteymi og langtímaáætlun; skýrsla í júní.	Mat skv. langtímaáætlun; stefnur skólans metnar.	Heildarmat á þriggja ára áætlun í júní 2029.
Mat á kennslu og skipulagi	Innlit með áherslu á leiðsagnarnám og kennsluáætlanir; endurgjöf samdægurs.	Fleiri þættir metnir.	Jafningjamat kennara.

Viðauki

Eftirfarandi er efnisyfirlit um viðmið um gæði í skólastarfi sem notuð eru til ytra mats á grunnskólum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. (Hér er bætt við tveimur þáttum I 2.4. og II 3.3.) Viðmiðin voru unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga og lauk þeirri vinnu í árslok 2012. Sjá www.samband.is Í ysta reit til hægri í töflum um matsþætti í Skólapúlsinum (kafla 2.2.) eru tilgreindar tölur sem eiga við matsþætti í þessu yfirliti.

Svið I - Stjórnun	**Svið II – Nám og kennsla**	**Svið III - Innra mat grunnskóla**
I.1. Fagleg forysta I	*II.1. Nám og námsaðstæður*	*III.1. Framkvæmd innra mats*
1.1. Stjórnandinn sem leiðtogi I.1.2. Stjórnun stofnunar I.1.3. Faglegt samstarf I.1.4. Skólaþróun	II.1.1. Inntak og árangur II.1.2. Skipulag náms og námsumhverfi II.1.3. Kennsluhættir og gæði kennslu II.1.4. Námshættir og námsvitund	III.1.1. Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi III.1.2. Innra mat er markmiðsbundið III.1.3. Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum III.1.4. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum
I.2. Stefnumótun og skipulag	*II.2. Þátttaka og ábyrgð nemenda*	*III.2. Umbótastarf í kjölfar innra mats*
I.2.1. Starfsáætlun og skólanámskrá I.2.2. Skóladagur nemenda I.2.3. Verklagsreglur og áætlanir I.2.4. Önnur þjónusta	II.2.1. Lýðræðisleg vinnubrögð II.2.2. Ábyrgð og þátttaka	III.2.1. Innra mat er opinbert III.2.2. Innra mat er umbótamiðað
I.3. Samskipti heimila og skóla	*II.3. Námsaðlögun*	
I.3.1. Skólaráð, foreldrafélag I.3.2. Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	II.3.1. Nám við hæfi allra nemenda II.3.2. Stuðningur við nám II.3.3. Líðan nemenda	

84. Móttökuáætlun

Áætlun um móttöku nemenda í grunnskóla.

Kynning

Móttökuáætlun er skilgreind í 16. grein laga um grunnskóla frá 2008 og kveður á um að skólar/sveitarfélög skuli eiga áætlun um móttöku nemenda:

> 16. gr. ***Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku***.
>
> Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá. Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.
>
> Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Þá er sérstaklega kveðið um gerð móttökuáætlunar með ákveðnu innihaldi skv. reglugerð 585/2010, 9. grein, sérstaklega vegna nemenda sem hafa sérþarfir:

> 9. gr. ***Móttökuáætlun***.
>
> Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans.

Mótttökuverkefnið

Það er skylda skólans að sjá til þess að mæta þörfum nemenda og nota til þess skilgreindar aðferðir og vinnubrögð til að taka á móti nýjum nemendum sem koma í skólann, mismunandi eftir nemendahópum sem eru eftirfarandi:

a. nemendur sem hefja grunnskólagöngu við 6 ára aldur
b. nemendur sem skipta um skóla eftir að grunnskólaganga hefst
c. nemendur sem að hefja nám á Íslandi eftir að hafa búið í útlöndum eða hafa annað móðurmál en íslensku
d. nemendur sem hafa sérþarfir.

Móttökuráð

Í skólanum er móttökuráð sem ber ábyrgð á móttökuáætlun skólans undir stjórn skólastjóra, og er stjórnendateymi skólans eins og skólinn hefur skilgreint það (nema sérstakt móttökuráð hafi verið skilgreint og þá skal það kynnt sérstaklega). Verkefni varðandi móttöku einstakra nemendahópa, með verklagi sem því tengist, er unnin af ýmsum starfsmönnum skóla eftir atvikum og skilgreindum verkefnum þeirra þar um.

Stefnumörkun/stefnumótun varðandi móttöku nemenda í grunnskóla

Löggjafinn og ráðuneyti: Lög-reglugerðir-reglur	Áhersluþættir forvarna í stefnumörkun löggjafans (Alþingi) og framkvæmdavalds (ráðuneyti mennta- og menningarmála): ➢ Að sérhver skóli sé með móttökuáætlun með viðeigandi verklagsreglum. ➢ Að útbúin sé móttökuáætlun fyrir ákveðna nemendahópa sem þurfa sérstaklega stuðning í námi.
Skólastefna Hafnarfjarðar:	Skólastefna Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir: - Að vel sé tekið á móti öllum nemendum sem hefja nám í grunnskólum Hafnarfjarðar.
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar:	Stefnumörkun Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar felur í sér: ✓ Að viðhafa skýrar reglur um innritun í grunnskóla þar sem hver skóli gerir móttökuáætlun. ✓ Að gefa út sérstakan bækling fyrir foreldra 6 ára barna í bænum. ✓ Að styðja við skóla hvað varðar móttöku einstakra nemendahópa eftir atvikum, t.d. með ráðgjöf, upplýsingum (t.d. á vef) og/eða verklagsreglum.
Móttökuáætlun skóla:	a. Stefnumörkun skóla varðandi upphaf grunnskólanáms (6 ára nemendur) felur í sér: • Að viðhafa skýrar reglur um innritun í grunnskóla þar sem hver skóli gerir áætlun varðandi móttöku barna við upphaf grunnskóla. • Að færa foreldrum 6 ára nemenda nauðsynlegar upplýsingar um upphaf grunnskólanáms, s.s. að afhenda þeim bækling fyrir foreldra 6 ára barna. b. Stefnumörkun skóla varðandi nemendur sem koma í skólann einhvern tíma á grunnskólaaldri eftir upphaf (7-16 ár) felur í sér: • Að taka vel á móti öllum nemendum sem koma hvenær sem er á grunnskólaaldri og gera þeim kleift að taka fullan og virkan þátt í skólastarfinu. c. Stefnumörkun skóla varðandi nemendur sem koma erlendis frá/ annað móðurmál en íslensku felur í sér: • Að veita þeim sérstaka þjónustu varðandi íslenskunám í samræmi við reglur. • Að nýta túlkaþjónustu eftir þörfum til að tryggja að fullnægjandi upplýsinga-miðlun sé til staðar. • Að vinna að því að foreldrar nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku séu vel tengdir í skólastarfinu. • Að vinna að því að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái einnig kennslu í móðurmáli sínu og stuðning við það af hálfu skóla. d. Stefnumörkun skóla varðandi móttöku nemenda með sérþarfir felur í sér: • Að upplýsingamiðlun hafi átt sér stað við leikskóla nemanda hafi sérþarfir verið skilgreindar áður en í grunnskóla er komið. • Að nýta vinnu með einstaka nemendur með sérþarfir í tilfærsluáætlun í tengslum við lok grunnskólastarfs. • Að þjónusta skólaþjónustu við grunnskóla styðji vel við starfsfólk skóla að þjónusta börn með sérþarfir. • Að bjóða upp á sem sérhæfðasta þjónustu við börn með sérþarfir innan bæjarins, hvort heldur með sérúrræðum innan hvers skóla eða innan bæjarins í heild sinni.

Staða og mat – verkefnastaða frá liðnu starfsári

Hér skulu kynntar niðurstöður af nýverkefnum sem tengjast móttöku nemenda frá síðasta ári, hvort þau voru unnin eða að hve miklu leyti, eins og þau voru skilgreind í síðustu móttökuáætlun og í sömu röð og þar er að finna.

Heiti	1. **Að taka vel á móti nýjum nemendum**
Inntak verkefnis	Nemanda og aðstandendum hans er boðið á fund þar sem viðeigandi upplýsingar eru veittar frá skóla og kallað eftir upplýsingum frá aðstandendum um nemanda. Gengið er um skólann og sagt frá skólastarfinu.
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	i. ***Hvernig tókst verkefnaframkvæmd?*** Framkvæmdin tókst vel og er komin til að vera. ii. ***Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það?*** Verkefninu er lokið en haldið áfram samkvæmt verkferli. iii. ***Hvernig tókst til?*** Verkefnið tókst vel og bæði nemendum og foreldrum finnst vel tekið á móti sér.

Heiti	1. **Að mæta þörfum nýrra nemenda sem best**
Inntak verkefnis	Myndað er teymi þar sem foreldrar, umsjónarkennari, deildarstjóri ásamt fagfólki sem hentar hverju sinni hittast og fara yfir mál nemandans. Teymið hittit síðan reglulega yfir veturinn til að fara yfir stöðu mála,
Staða í lok skólaárs (lokið, ólokið og þá framhald, hvernig tókst til o.s.frv.)	i. ***Hvernig tókst verkefnaframkvæmd?*** Framkvæmdin tókst vel og er komin til að vera. ii. ***Er verkefni lokið eða hvað er eftir til að halda áfram með það?*** Verkefninu er lokið en haldið áfram samkvæmt verkferli. iii. ***Hvernig tókst til?*** Verkefnið tókst vel og skilar árangril

Samantekt móttökuáætlunar síðasta starfsárs í heild sinni

Þau verkefni sem voru framkvæmd skiluðu góðum árangri og ánægju þeirra sem að komu þ.e. starfsfólk skólans, foreldra og/eða nemenda. Verkefnin og verkferlar hafa fest sig í sessi.

Vinna samkvæmt móttökuáætlun gekk vel og er orðin fastmótuð í skólastarfinu.

Aðgerðaáætlun

Hér skulu tilgreind öll verkefni á sviði móttökuáætlana sem stofnun/skóli stefnir að á viðkomandi starfsári, hvort sem það snýr að stjórnsýslu, daglegum samskiptum starfsmanna eða fræðslustarfsemi fyrir starfsmenn.

Varðandi fjármögnun einstakra verkefna er slíkt verkefni á borði hvers stjórnanda. Skyldur til að sinna verkefnum eru óháð sérstökum fjárveitingum og því hluti starfsskyldna þeirra. Séu einstök verkefni það ítarleg að þau krefjist sérstakra fjármuna er aðeins farið í þau að stofnun/skóla takist að útvega fjármagn í þau sjálfur, t.d. úr (skóla)þróunarsjóðum (Sprotasjóður), sjóðum ESB og EFTA eða öðrum sjóðum sem íslenskir skólar hafa aðgang að.

Verkefnaskrá – áætlun um verkefni lýst á einfaldan og skýran hátt

i: Móttaka 6 ára barna

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að veita foreldrum greinargóða kynningu á starfinu í Hvaleyrarskóla og því sem er framundan í námi og starfi barna þeirra næstu 10 árin.	Vorskóli haldinn í maí þar sem verðandi nemendur fá að mæta í skólann og upplifa einn skóladag. Foreldrar fá greinargóða kynningu á meðan frá skólastjóra. Foreldrar fá nánari kynningu á skólastarfinu í september þar sem kennarar, deildarstjóri yngsta stigs, hjúkrunarfræðingur o.fl. koma að máli. Verðandi nemendur koma í 2 heimsóknir yfir veturinn (nóvember og apríl)	Deildarstjóri yngsta stigs, aðstoðarskólastjóri og skólastjóri.	September Nóvember, apríl og maí ár hvert.

ii. Móttaka nemenda sem koma nýir inn á skólaárinu.

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að taka vel á móti nýjum nemendum og veita þeim og aðstandendum þeirra góða kynningu á skólastarfi og áherslum Hvaleyrarskóla.	Nemanda og aðstandendum hans er boðið á fund þar sem viðeigandi upplýsingar eru veittar frá skóla og kallað eftir upplýsingum frá aðstandendum um nemanda. Gengið er um skólann og sagt frá skólastarfinu.	Deildarstjóri viðeigandi stigs.	Allt skólaárið.

iii. Móttaka nemenda með sérþarfir.

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að taka vel á móti nýjum nemendum og veita þeim og aðstandendum þeirra góða kynningu á skólastarfi og áherslum Hvaleyrarskóla. **Einnig að mæta þörfum viðkomandi nemanda á sem bestan máta.**	Ef nemandinn er að byrja í 1. bekk hefst aðgerðaráætlun vorið áður þar sem deildarstjóri stoðþjónustu fer á fund í leikskólanum með starfsfólki leikskólans og foreldrum/forráðamönnum nemandans og farið er yfir stöðu hans s.s. styrkleika, veikleika og félagslega stöðu ásamt væntingum foreldra/forráðamanna. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar til að geta mætt þörfum nemandans frá fyrsta degi. Er þar m.a. hugað að aðgengi, hjálpartækjum, ráðgjöf og fræðslu fyrir starfsmenn ef þörf krefur og fleiru sem tengist þörfum hvers og eins. Í sumum tilfellum fer deildarstjóri stoðþjónustu/þroskaþjálfi og fylgist með nemandanum og starfsfólki hans að störfum í leikskólanum. Að hausti, fyrir skólabyrjun, eru foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund í skólanum með deildarstjóra stoðþjónustu, umsjónarkennara og öðrum þeim sem ástæða þykir til hverju sinni, t.d. stuðningsfulltrúa, sérkennara, þroskaþjálfa, sérgreinakennara og forstöðumanni heilsdagsskóla. Í samvinnu við foreldra/forráðamenn er ákveðið hvaða aðrir sérfræðingar, sem komið hafa að nemandanum, eru boðaðir á fundinn. Myndað er teymi sem fundar síðan reglulega yfir veturinn. Ef nemandi er að koma úr öðrum grunnskóla er haldinn samskonar fundur með starfsfólki fyrrum skóla og foreldrum. Foreldrar/forráðamenn hitta það fagfólk og þá starfsmenn sem koma að nemandanum og fá upplýsingar um þá sérþjónustu sem þegar hefur verið skipulögð og hlutverk hvers og eins.	Deildarstjóri stoðþjónustu	Allt skólaárið.

iv. Móttaka nemenda með íslensku sem annað tungumál.

Markmið (Hvað?)	Aðgerð (Hvernig?)	Ábyrgð (Hver?)	Tímarammi (Hvenær?)
Að taka vel á móti nýjum nemendum og veita þeim og aðstandendum þeirra góða kynningu á skólastarfi og áherslum Hvaleyrarskóla. **Einnig að mæta þörfum viðkomandi nemanda á sem bestan máta.**	Foreldrar ásamt nemanda eru boðaðir í viðtal í skólann áður en skólinn hefst á haustin til að hitta umsjónarkennara og fá allar helstu upplýsingar um skólann. Túlkur er hafður með í viðtalinu. Á fundinum fá foreldrar aðstoð við að fylla út innritunargögn og/eða önnur gögn sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar um nemandann. Óskað er eftir afhendingu gagna (s.s. einkunnir, ólusetningarvottorð, greiningargögn o.fl.) ef þau eru til staðar. Foreldrum eru veittar þær upplýsingar um skólann sem mikilvægt er að þau hafi, t.d. tilkynningaskylda vegna veikinda, skólatími, fyrirkomulag varðandi mat, nesti, frímínútur, sérgreinar o.fl. Spurningum foreldra er svarað. Í lok fundar er foreldrum og nemanda sýndur skólinn og kennslusvæðin	Umsjónarmaður nýbúakennslu í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu	Allt skólaárið.

Heiti	**Að taka vel á móti nýjum nemendum**										
Inntak verkefnis	Nemanda og aðstandendum hans er boðið á fund þar sem viðeigandi upplýsingar eru veittar frá skóla og kallað eftir upplýsingum frá aðstandendum um nemanda. Gengið er um skólann og sagt frá skólastarfinu.										
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	i. **Markmið verkefnis**: Efla jákvæð tengsl heimilis og skóla frá fyrsta skóladegi. ii. **Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram**: Bætt líðan nemenda og námsumhverfi. iii. **Verkáætlun** (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Allt skólaárið þegar nýr nemandi bætist í hópinn.										
Mánuður	***ágúst***	***sept.***	***okt.***	***nóv.***	***des.***	***jan.***	***feb.***	***mars***	***apríl***	***maí***	***júní***
Vinnuframlag											

Heiti	**Að mæta þörfum nýrra nemenda sem best**										
Inntak verkefnis	Myndað er teymi þar sem foreldrar, umsjónarkennari, deildarstjóri ásamt fagfólki sem hentar hverju sinni hittast og fara yfir mál nemandans. Teymið hittit síðan reglulega yfir veturinn til að fara yfir stöðu mála.										
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	i. **Markmið verkefnis**: Efla jákvæð tengsl heimilis og skóla frá fyrsta skóladegi. Ásamt því að þjónusta nemendur eftir þörfum hver og eins. ii. **Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram**: Bætt líðan nemenda og námsumhverfi. iii. **Verkáætlun** (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Allt skólaárið þegar nýr nemandi bætist í hópinn.										
Mánuður	***ágúst***	***sept.***	***okt.***	***nóv.***	***des.***	***jan.***	***feb.***	***mars***	***apríl***	***maí***	***júní***
Vinnuframlag											

VIÐAUKI:

a. Verklagsreglur vegna nemenda sem hefja grunnskólagöngu við 6 ára aldur

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda við upphaf grunnskóla (6 ára / 1. bekkur):

- Foreldrar skrá nemendur í sinn hverfisskóla gegnum *Mínar síður* á vef bæjarins þar sem lögheimiliskráning barns ræður hverfisskólaskipulagi. Óski foreldri eftir skóla öðrum en hverfiskóla þarf að sækja um það sérstaklega á Mínum síðum og fer skólastjóri þess skóla sem sótt er um með ákvörðunarvaldið. Allar umsóknir og breytingar á skólavist skulu fara fram í gegnum Mínar síður.
- Nýskráning fyrir 1. bekk gerist í byrjun árs ár hvert og sé auglýst af Skólaskrifstofunni.
- Foreldrar fá afhent frá skóla sérstakan bækling Skólaskrifstofu fyrir aðstandendur 6 ára nemenda og heldur viðeigandi námskeið og fundi fyrir foreldra í tengslum við skólaupphafið
- Skóli raðar nemendum í bekki og velur þær aðferðir sem notaðar eru við þá röðun.

2. Skipulag/framkvæmd:

Væntanlegir 1. bekkingar koma í heimsóknir veturinn áður en þeir hefja grunnskólagöngu. Markmiðið með heimsóknunum er að:

- auðvelda leikskólanemendum að fara yfir á grunnskólastigið
- gefa grunnskólanemendum lengri aðlögunartíma
- minnka kvíða og spennu foreldra og nemenda
- auka skilning leikskólakennara og grunnskólakennara á starfi hvor annars

Í fyrstu heimsókn fá nemendur kynningu á skólahúsnæðinu og skólalóðinni. Í annarri heimsókn taka þeir þátt í vinnu og leik með 1.bekkingum og væntanlegum bekkjarfélögum úr Hvaleyrarskóla (sjá nánar í kaflanum um samstarf leik- og grunnskóla). Tilgangur heimsóknarinnar er að gefa þeim kost á að hitta nemendur sem byrja í 1. bekk, vinna skólaverkefni undir handleiðslu grunnskólakennara, fara í frímínútur og kynnast skólanum betur. Í maí og síðan í september er foreldrum 1. bekkinga boðið á námskeið um skólastarf, foreldrafélag og hlutverk foreldra í skólastarfi. Með námskeiðinu er verið að leggja grunn að góðu samstarfi heimilis og skóla. Ákaflega mikilvægt er að foreldrar mæti á námskeiðið

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Sérhver skóli skal árlega meta eigin framkvæmd á skipulagi og kennslu 1. bekkinga í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

b. Verklagsreglur vegna nemenda sem koma nýir í skólann eftir að grunnskólaganga hefst hvenær sem er skólaársins

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda sem hefja nám í skólanum síðar en við upphaf grunnskóla:

- Foreldrar sækja um skólavist á Mínum síðum á vef bæjarins.
- Skóli raðar nemendum í bekki og velur þær aðferðir sem notaðar eru við þá röðun.
- Þegar nýr nemandi er skráður í skólann er honum og foreldrum hans boðið að koma í heimsókn í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim, eða fulltrúi þeirra ef slíkt á við, og kynna skólastarfið og sýna þeim húsnæðið.
- Almennur undirbúningur frá hendi umsjónarkennara: Nemandi mætir fyrst utan skólatíma ásamt foreldrum sínum og hittir væntanlegan umsjónarkennara. Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum atriðum. Umsónarkennari þarf að:
  - Afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, trúarbrögð, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal umsjónarkennari benda foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Umsjónarkennari fylgist með því að þær upplýsingar komist til skila.
  - Gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði.
  - Afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og benda þeim á hvar frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans).
  - Gera foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum.
  - Veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, nestismál, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
  - Fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda.
  - Skipa nemandanum í viðeigandi hóp í sérgreinum og láta annað starfsfólk vita af nýjum nemanda.
  - Segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum.
  - Sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann.
  - Láta bekkjarfulltrúa fá upplýsingar um að nýir samstarfsforeldrar hafi bæst í hópinn.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd móttöku við nemendur sem hefja nám í skólanum síðar en við upphaf grunnskóla.

- Umsjónarkennari leitast við að hafa samband við heimili nýrra nemenda þegar ein til tvær vikur eru liðnar af skólatímanum. Þá gefst tækifæri til að ræða líðan nemandans og upplifun hans og foreldra af skólanum.

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Sérhver skóli skal árlega meta eigin framkvæmd á skipulagi og móttöku nýrra nemenda í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

c. Verklagsreglur vegna nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku (en gæti einnig átt við að hluta nemendur að hefja nám á Íslandi eftir að hafa búið í útlöndum alla sína ævi)

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda með sem þurfa sérstakan stuðning í íslenskunámi eftir að hafa búið í útlöndum eða hafa annað móðurmál en íslensku:

- Sú meginregla er í gangi að nemendur sem koma frá útlöndum og/eða eru með annað móðurmál en íslensku fara í heimaskóla sinn ef þau eru á aldrinum 6-9 ára þegar þau hefja grunnskólanám í bænum en eldri nemendur með annað móðurmál en íslensku geta farið í móttökudeild í Lækjarskóla (sjá sér reglur um móttökudeild) í ákveðinn tíma áður en þau hefja nám í heimaskóla.
- Gert er ráð fyrir að nemandi sem óski eftir skólavist fái hana sem allra fyrst, eigi síðar en viku eftir að sótt er um hverfisskóla/móttökudeild en ekki meir en tvær vikur ef sótt er um annan skóla en hverfisskóla.
- Starfsfólk grunnskóla Hafnarfjarðar á möguleika á ráðgjöf frá móttökudeild vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Hafnarfjörður er með sérstakan upplýsingavef fyrir foreldra/aðstandendur nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku með grunnupplýsingar um grunnskólastarfið í bænum.
- Sérstök handbók er fyrir starfsfólk í grunnskólum Hafnarfjarðar sem leiðbeinir um innritun og móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Skólinn er með móttökuferli þar sem sérstaklega er tekið á móti nemanda/aðstandendum, skóli og umsjónarbekkur kynntur. Skólastarfið er undirbúið með viðtali og skoðun á skóla þar sem sóttar eru ákveðnar grunnupplýsingar um nemanda og kynnt samstarf skólans við heimilið. Þátttakendur í móttökuviðtali eru alltaf umsjónarkennari og a.m.k. einn annar fulltrúi skóla (t.d. starfs- og námsráðgjafi, deildarstjóri o.s.frv.)
    - Markmið móttökuviðtalsins er tvíþætt, annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólann þ.á.m. um hvað nemandinn skal hafa með í skólann, hvað foreldrar þurfa að útvega s.s.skólatösku, íþróttaföt, sundföt o.s.frv. um nesti, hádegismat, frístundastarf og foreldrafélagið. Einnig um hvað skólinn útvegar s.s. nemendabækur, bókasafnsbækur, orðabækur og nemendaskápa.
    - Veita skal foreldrum upplýsingar um starfshætti skólans, skólareglur og hefðir (skólasókn, umgengni og agamál/SMT-skólafærni, klæðnað, notkun farsíma, reykingar og áfengi, útivist m.a. í frímínútum, skemmtanir í skóla- og frístundastarfi og útivistarreglur barna: www.bb.is), næringu og heilsu, samstarf skóla og skólaforeldra, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og annað íþrótta- og æskulýðsstarf í hverfinu. Einnig er mikilvægt að upplýsa foreldra um ábyrgð og skyldur foreldra í íslensku skólakerfi enda getur það verið gerólíkt því sem foreldrarnir hafa vanist. Loks skal upplýsa foreldra um viðbrögð við óveðri.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd kennslu og stuðnings við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku í skólanum. Skóli finnur nemanda bekk og undirbýr bekkjarfélaga fyrir komu hans

a. Samstarf um skipulag kennslu, aðbúnað og aðstöðu:

- Umsjónarkennari hefur umsjón með móttöku nemenda með annað móðurmál í sinn bekk og heldur utan um nám þeirra að öllu leyti (nema eitthvað annað hafi verið ákveðið í einstaka tilfellum, t.d. að sérkennari hafi þá ábyrgð).

- Við íslenskunám skal huga að áherslum aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls. 106-108) um „íslensku sem annað tungumál“ þar sem allir kennarar sem kenna nemanda bera ábyrgð en ekki bara umsjónarkennari eða íslenskukennari.
- Aðstaða og aðbúnaður til íslenskukennslu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms.

b. Notkun hjálpartækja og stuðningur til félagslegrar virkni og þátttöku:

- Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fl.
- Í öllu skólastarfi er miðað að því að nemandi með annað móðurmál en íslensku geti tekið þátt í félagsstarfi í skólanum líkt og aðrir nemendur árgangs/bekkjar.

c. Einstaklingsnámskrá, kennsluhættir og námsmat:

- Nemandi með annað móðurmál en íslensku fær sérstuðning í íslenskunámi í samræmi við reglur bæjarins. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni þar sem tekið er mið af námsstöðu nemanda. Kennslan getur farið fram með eða án stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar.
- Í einhverjum tilvikum getur nemandi með annað móðurmál en íslensku fengið undanþágu frá kennslu í sumum námsgreinum. Slíkar undanþágur eru unnar í samræmi við undanþágureglur í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 75-79, sérstaklega kafla 18.8 á bls. 78-79).

d. Hlutverk umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila:

- Deildarstjóri sérkennslu skal meta hvort þörf er á sérstöku samráði vegna kennslu einstakra nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku og setja þá á laggirnar teymi ef slíkt á við, þ.e. ef íslenskunámið gengur verr en ætla mætti. Fyrir teymisfundi foreldrafundi, með fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið skólaþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

e. Samstarf við foreldra:

- Samstarf við foreldra eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum námsumsjónarkerfi, með tölvupósti auk samstarfsfunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru. Það er gert ráð fyrir að skóli nýti sér alltaf túlkaþjónustu í foreldraviðtölum þar sem foreldrar skilja ekki íslensku.
- Fyrir túlkaða foreldrafundi, með fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið skólaþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Reglulega fari fram mat á árangri einstakra nemenda í íslenskunámi sínu og skólagöngu.
- Árlega skal meta eigin framkvæmd á skipulagi og kennslu nemenda með sérþarfir í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

d. Verklagsreglur vegna nemenda sem hafa sérþarfir.

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda með sérþarfir:

- Stefnt er að því að um alla nemendur sem hafa ljósar skilgreindar sérþarfir áður en hann hefur nám í skólanum fái skóli vitneskju um slíkt áður en skólaganga hefst. Sú frumskylda hvílir á foreldrum að kynna slíkt eins og við á.
- Milli leik- og grunnskóla í Hafnarfirði er í gangi sérstakt samstarf þar sem leikskóli miðlar til grunnskóla öllum þeim upplýsingum sem þeir hafa um einstaka nemendur sem hafa sérþarfir áður en grunnskólagangan hefst.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd sérkennslu og stuðnings við nemendur með sérþarfir eins og það er innan skóla með sérúrræði fyrir nemendur skólans en gilda ekki um sérdeildir innan skólans (ef slíkt á við) og eru fyrir nemendur hvaðanæva úr bænum (sjá reglur um sérdeildir þar um).

a. Samstarf um skipulag kennslu, aðbúnað og aðstöðu:

- Deildarstjóri sérkennslu/sérdeildar hefur umsjón með móttöku nemenda með sérþarfir í skólann. Ef nemandinn er skráður í almennan bekk ber umsjónarkennari ábyrgð á samstarfi við sérkennara og foreldra, ef nemandi er skráður í sérúrræði eða sækir kennslu til sérkennara x% eða meira hlutfall er sérkennari valinn sem umsjónarkennari barnsins.
- Aðstaða og aðbúnaður til sérkennslu er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms.

b. Notkun hjálpartækja og stuðningur til félagslegrar virkni og þátttöku:

- Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fl.
- Deildarstjóri sérkennslu/sérdeildar hefur forystu um samstarf er við félagsmiðstöðina í skólanum og fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um félagsstarf fyrir nemendur með sérþarfir. Deildarstjóri kynnir nemendur með sérþarfir fyrir starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar og leiðbeinir þeim varðandi sérþarfir nemenda. Leitast skal samt við að allir nemendur skólans í markhópi félagsmiðstöðvarinnar geti sótt félagsstarf þangað. Sérstakt félagsstarf fyrir nemendur með sérþarfir getur verið upphaf og aðlögun að almenna starfinu. Í vettvangsferðum og lengri ferðum, s.s. ferðum í skólabúðir, er sérstaklega gætt að því að allir nemendur viðkomandi árgangs geti tekið þátt.

c. Einstaklingsnámskrá, kennsluhættir og námsmat:

- Nemandi með skilgreindar sérþarfir skal hafa einstaklingsnámskrá að hluta eða öllu leyti eftir faglegu mati skóla. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár þar sem tekið er mið af greiningum/þroskamati viðkomandi nemenda, óskum foreldra og mati starfsmanna á hverjum tíma (sjá gátlista þar um). Í einstaklingsnámskrá skal tiltekið um hæfni-viðmið/námsmarkmið, námsaðstæður, námsefni, námsmat og aðrar aðstæður í skólanum s.s. frímínútur og matartíma. Kennslan getur farið fram með eða án stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar. Námsmat er til þess að fylgjast með hvernig nemanda tekst að mæta markmiðum einstaklingsnámskrár og örva nemendur til framfara.

Vitnisburður getur verið bæði með tölum og orðum en umsögn þarf að fylgja með til hvatningar og stuðnings. Nemendur með sérþarfir fá vitnisburð birtan með svipuðum hætti og aðrir nemendur skólans í samræmi við einstaklingsnámskrána.

d. Hlutverk umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila:

- Í meginatriðum byggir kennsla nemenda með sérþarfir á samráði og teymisvinnu undir stjórn skóla. Mikilvægir samstarfsaðilar um nám nemenda með sérþarfir eru starfsfólk skólaþjónustu, starfsfólk félagskerfis (t.d. starfsfólk barnaverndar og Barnaverndarstofu) og starfsfólk heilbrigðiskerfis (t.d. starfsfólk GRR, BUGL, ÞHH) eftir því sem við á hverju sinni. Deildarstjóri annast stjórnun í þeim teymum sem eru mynduð vegna nemenda með sérþarfir.

e. Samstarf við foreldra:

- Samstarf við foreldra utan teyma eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum námsumsjónar-kerfi, með tölvupósti auk samstarfsfunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru.
- Fyrir alla teymisfundi sem haldnir eru með foreldrum, og fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið skólaþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Reglulega fari fram mat á árangri einstakra nemenda í námi sínu og skólagöngu. Það mat skal koma fram í endurskoðun einstaklingsnámskráa eftir því sem við á.
- Sérhver skóli skal árlega meta eigin framkvæmd á skipulagi og kennslu nemenda með sérþarfir í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

86. Tilfærsluáætlun

Áætlun um tilfærslu nemenda með sérþarfir úr grunnskóla í framhaldsskóla.

Kynning

Markmið tilfærsluáætlunar er að undirbúa val á og yfirfærslu í framhaldsskóla samanber 17. grein reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 444/2019, á grundvelli 17. greinar laga um grunnskóla (2008):

> 17. grein: ***Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun***.
>
> Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Enn fremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

Tilfærsluáætlun er útbúin fyrir þá nemendur sem grunnskóli og foreldrar meta að þurfi sérúrræði í framhaldsskóla. Til greina koma allir nemendur í sérdeildum/sérúrræðum við grunnskóla Hafnarfjarðar og aðrir nemendur skólanna eftir atvikum. Til staðar þarf að vera greining sérfræðings um alvarleg frávik í þroska og námi. Umsjónarkennari, deildarstjóri / fagstjóri sérkennslu ásamt deildarstjóra unglingastigs og/eða náms- og starfsráðgjafi koma að undirbúningi og ákvörðun um tilfærsluáætlun fyrir einstaka nemendur. Í hverju tilviki þarf að tiltaka hver ber ábyrgð á gerð og framkvæmd tilfærsluáætlunar.

Almennur tímarammi fyrir tilfærsluáætlun einstakra nemenda:

9. bekkur:

Mánuður	Ákvarðanir
apríl	Fundað í skóla og farið yfir fyrir hvaða nemendur gera þarf tilfærsluáætlun. Settur ábyrgðaraðili fyrir hvern nemanda.
maí	Fundað með foreldrum og farið yfir drög að áætlun. Markmiðið að fá fram hugmyndir og óskir foreldra. Yfirfara greiningarmál og stöðu nemenda. Hafa meðal annars eftirfarandi í huga: - Er þörf á nýrri greiningu? - Hverjar eru hugmyndir nemanda / foreldra um framhaldsnám? - Hver er sjálfsmynd nemanda?

10. bekkur:

Mánuður	Ákvarðanir
ágúst	Tilfærsluáætlun samin. Í henni skulu vera upplýsingar um skólagöngu, núverandi aðstæður og stöðu nemandans og áform hans um frekara nám. Enn fremur aðrar upplýsingar sem geta skipt máli varðandi nám sem gæti hentað nemandanum í framhaldsskóla. Hér má gjarnan vísa til röksemda úr einstaklingsnámskrám og greiningum. Fundur með nemanda og foreldrum. Tilfærsluáætlun staðfest af skóla og foreldrum með undirskrift. Gengið frá tilvísun vegna greininga ef þarf.
september	Greiningarvinna hefst. Möguleikar í framhaldsskólum kannaðir.
október	Fundur með foreldrum og nemanda. Möguleikar í framhaldsskólum kynntir. Ákvörðun tekin um heimsóknir í framhaldsskóla. Heimsóknir hefjast í framhaldsskóla.
nóvember	Greiningarvinnu lýkur.
desember	Heimsóknum í framhaldsskóla lýkur.
febrúar	Foreldrar ganga frá umsókn um almenna braut eða sérúrræði í framhaldsskóla.
júní	Nemandi er útskrifaður úr grunnskóla og fær nauðsynlegt námsmat fyrir framhalds-skólanám.

Lokaorð

Starfsáætlun Hvaleyrarskóla veitir upplýsingar sem styðja við nám og kennslu í skólanum.

Hlutverk starfsáætlunar er því að miðla hagnýtum upplýsingum um framkvæmd skólastarfsins á hverjum tíma, til foreldra, nemenda og starfsfólks. Þannig er starfsáætlun upplýsingaveita fyrir alla sem að skólastarfinu koma.

Hafnarfirði í nóvember 2026.

Kristinn Guðlaugsson